

AÐALSKIPULAG AKUREYRAR

2018 – 2030



GREINARGERÐ, DRÖG LAGFÆRÐ MEÐ HLIÐSJÓN AF UMSÖGNUM

19. ÁGÚST 2017

EFNISYFIRLIT

EFNISYFIRLIT.....	2
INNGANGUR.....	5
1. FRAMTÍÐARSÝN OG MARKMIÐ.....	9
1.1. Akureyri FRAMTÍÐARINNAR.....	9
1.2 ÞRÓUN BYGGÐARINNAR.....	12
1.2. MARKMIÐ.....	15
1.2.1. Markmið - byggð.....	15
1.2.2 Markmið - atvinnulíf.....	16
1.2.3. Markmið - samgöngur og veitukerfi.....	18
1.2.4 Markmið umhverfi.....	20
1.2.5 Markmið menning og samfélagsþjónusta.....	22
1.3 MEGINÁHERSLUR AÐALSKIPULAGSINS HRÍSEY OG GRÍMSEY.....	24
1.3.1. Áherslur - byggð.....	24
1.3.2 Áherslur - atvinnulíf.....	24
1.3.3. Áherslur - samgöngur og veitukerfi.....	24
1.3.4 Áherslur umhverfi.....	25
1.3.5 Áherslur - menning og samfélagsþjónusta.....	25
1.4 Samantekt á niðurstöðum mats á umhverfisáhrifum aðalskipulagsins.....	26
1.5. Tengsl markmiða við skipulagið.....	28
1.6. Valkostir um byggðarþróun.....	29
2. SKIPULAGSTILLAGA.....	31
2.1 Landnotkunarflokkar og skipulagsákvæði.....	31
2.1.1 Íbúðarbyggð.....	31
2.1.2 Miðbær og miðsvæði (M).....	36
2.1.3 Verslun og þjónusta (VÞ).....	37
2.1.4 Samfélagsþjónusta (S).....	38
2.1.5 Athafnasvæði (AT).....	40
2.1.6 Iðnaðarsvæði (I).....	41
2.1.7 Hafnarsvæði (H).....	42
2.1.8 Flugvellir (FV).....	43
2.1.9 Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E).....	45
2.1.10 Frístundabyggð (F).....	45
2.1.11 Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF).....	47
2.1.12 Íþróttasvæði (ÍÞ).....	47

2.1.13 Kirkjugarðar og grafreitir (K).....	49
2.1.14 Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL)	49
2.1.15 Opin svæði (OP).....	50
2.1.16 Óbyggð svæði (ÓB)	51
2.1.17 Vötn, ár og sjór (V).....	53
2.1.18 Strandsvæði (ST).....	53
2.1.19 Vatnsbólusvæði (VB).....	54
2.1.20 Svæði undir náttúruvá (NV).....	55
2.1.21 Varúðarsvæði (VA).....	55
2.1.22 Landbúnaðarsvæði (L)	56
2.1.23 Menningarminjar.....	56
2.1.24 Friðlýst svæði.....	58
2.1.25 Hverfisverndarsvæði	60
2.1.26 Vegir, götur og stígar	68
2.1.27 Veitur: Fráveita, vatnsveita, hitaveita, rafmagn, fjarskipti.....	71
2.1.28. Úrgangsmál.....	74
2.1.29. Ákvæði fyrir alla landnotkunarflokka	75
2.2 Skipulagsupprættir	76
2.3 Samræmi við Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012 - 2024.....	79
2.4 SAMRÆMI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR.....	81
2.4.1 Landsskipulag	81
2.4.2 Samgönguáætlun og vegáætlun.....	82
2.4.3 Náttúruverndaráætlun	83
2.4.4 Kerfisáætlun	83
2.4.5 Áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.....	84
2.4.6 Áætlanir sveitarfélagsins	84
3. FORSENDUR	85
3.1 AFMARKANDI ÞÆTTIR	85
3.1.1 Lög og reglugerðir.....	85
3.1.2 Lögsagnarumdæmi	85
3.1.3 Eignarhald á landi	86
3.2 Mannfjöldi og húsnæðismál	87
3.2.1 Íbúápróun	87
3.2.2 Aldursskipting.....	88
3.2.3 Þörf fyrir nýtt íbúðarhúsnæði.....	91

3.2.4 Aldursdreifing fyrir nýtt húsnæði	91
3.2.5 Landrýmisþörf fyrir íbúðarhúsnæði.....	92
3.3 Miðbærinn.....	93
3.4 Atvinnumál	95
3.4.1 Atvinnugreinar.....	95
3.4.2 Þarfir atvinnulísfins.....	97
3.4.3 Ferðapjónusta.....	97
3.4.4 Atvinnusvæði.....	99
3.5. Umhverfismál	100
3.5.1 Umhverfismál í aðalskipulaginu	100
3.5.2 Daglegt umhverfi.....	102
3.5.3 Landslag, náttúrufar og náttúruvá.....	103
3.6. SAMGÖNGUR	109
3.6.1 Umhverfissvænir og samgöngur	109
3.6.2 Gatnakerfi.....	109
3.6.3 Göngu-, hjóleiða- og reiðstígar	113
3.6.4 Almenningsamgöngur.....	114
3.6.4 Umferðaröryggi	115
3.6.5 Hljóðvist.....	116
3.6.6 Hafnir.....	116
3.6.7 Flugvöllur	116
3.7 MINJAVERND.....	118
3.7.1 Fornminjar og náttúruminjar	118
3.7.2 Verndun húsa og hverfahluta.....	119
3.8. Samfélagsþjónusta	121
3.8.1. Fræðslumál.....	121
3.8.2. Félagþjónusta.....	125
3.8.3 Heilbrigðisþjónusta.....	127
3.8.4. Menning	127
3.8.5. Íþróttir og útivist.....	129
3.8.6. Kirkjur, kirkjugarðar, trú- og lífsskoðunarfélög	130
HEIMILDIR	133

INNGANGUR

Almennt um skipulag

Skipulag er áætlun sem ætlað er að stýra ferli, flæði eða röð atburða til þess að ná æskilegum niðurstöðum eða markmiðum. Með því er sköpuð framtíðarsýn fyrir samfélagið, uppbyggingu þess og framtíðarþróun. Það byggir á staðreyndum og skilgreinir markmið og stefnu um þróun samfélagsins. Það skapar ramma fyrir deiliskipulag og skammtímaákvæðanir og það er rammi fyrir aðgerðir sem eru nauðsynlegar fyrir framkvæmdir.

Líta má á borgir og bæi með aðliggjandi svæðum sem kerfi samsett úr mörgum þáttum sem eru innbyrðis háðir. Skipulag byggir á þekkingu á samverkan þessara þátta þar sem breytingar á einum þætti geta haft áhrif á aðra þætti og jafnvel valdið keðjuverkun sem skilar sér í áhrifum á enn aðra þætti svæðisins. Þar má nefna umhverfislega, félagslega, menningarlega og hagræna þætti, og almennt er stefnt að búsetuvænu og félagslega réttlátu umhverfi sem er virkt í hagrænum skilningi og umhverfislega ásættanlegt. Skipulag snertir því fjölbætta hagsmuni fólks og fyrirtækja þannig að nauðsynlegt er að sem mest samstaða sé um gerð þess og eftirfylgni. Það er því mikilvægt að sem flestir fái tækifæri til að koma að og hafa áhrif á mótun skipulagsins. Mikilvægt er að skipulag taki mið af mismunandi þörfum ólíkra samfélagshópa, þar sem við á, og má þar til dæmis nefna hreyfihamlaða og sjónskerta auk ólíkra aldurshópa.

Í töflunni hér á eftir er yfirlit yfir helstu þarfir íbúa, atvinnulífs og samfélagsins sem eru grundvöllur að markmiðasetningu skipulagsins.

<i>Þarfir íbúa</i>	<i>Þarfir atvinnulífs</i>	<i>Samfélagið í heild</i>
Umhverfisgæði: aðgangur að útivistar- og náttúrusvæðum, umhverfi laust við hávaða og mengun	Rekstrarþættir: framboð á húsnæði og/eða lóðum til nýbygginga, orkuframboð, gæði gatnakerfis, veitukerfa o.þ.h.	Umhverfi: Verndun umhverfis, vistkerfa og varðveisla auðlinda
Félagsleg gæði: atvinna, efnahagslegt, félagslegt og líkamlegt öryggi, framboð á góðu, vel staðsettu, hagkvæmu og fjölbreyttu húsnæði sem hentar ólíkum fjölskylduskeiðum, góðar aðgengilegar verslanir og þjónusta og menntunarmöguleikar.	Tengsl: nálægð eða tengsl við fyrirtæki með svipaða starfsemi, nálægð við þjónustufyrirtæki. Þróunarstarf: aðgangur að rannsóknarstofnunum og háskóla	Lýðheilsa: velferð og heilsa þegnanna
Samgöngur: vistvænar, öruggar, fjölbreyttar og þægilegar samgöngur innanbæjar og við aðra landshluta, þ.m.t. almenningsamgöngur og gott aðgengi allra að þeim	Samgöngur: aðgangur að stofnvegakerfi, flugvelli, höfn og fjarskiptakerfum	Kostnaður: kostnaður við að ná framtíðarmarkmiðum og fórnarkostnaður ef þau nást ekki
Menning og afþreying: aðstaða til íþróttaiðkunar og útivistar, aðgangur að listasöfnum, leikhúsum, tónleikasölum o.fl.	Skipulag: skýr skipulagsákvæði sem taka tillit til þarfa fyrirtækjanna.	Ytri tengsl: hagsmunir nágrannasvæða
	Umhverfi: ytri ímynd, gott umhverfi o.fl.	

Helstu þarfir íbúa, atvinnulífs og samfélagsins

Nýtt aðalskipulag

Aðalskipulag Akureyrar var staðfest árið 2006 og eru liðin 11 ár frá því. Árið 2010 voru samþykkt ný skipulagslög og árið 2012 ný skipulagsreglugerð. Þetta breytir að nokkru leyti innihaldi og framsetningu aðalskipulagáætlana frá fyrri lögum og reglugerðum. Helstu breytingarnar eru í því fólgnar að lögin setja ekki lengur ákvæði um einstaka landnotkunarflokk heldur er sveitarfélögum ætlað að setja fram slík ákvæði. Ekki er heldur um að ræða blandaða notkun á landnotkunarreitum heldur eru sett sérákvæði ef um slíkt er að ræða. Meðal annarra breytinga ber að nefna að samkvæmt lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 skal nú meta umhverfisáhrif stefnumiða skipulagsins auk umhverfisáhrifa skipulagsins í heild. Með þessu á að tryggja að skoðaðir séu mismunandi kostir við skipulagsvinnuna og gerð grein fyrir hugsanlegum umhverfisáhrifum strax á skipulagsstigi. Áhrif markmiða eru skoðuð með tilliti til áhrifa á umhverfið og þeir kostir, sem valdir eru, rökstuddir í því ljósi.

Þrátt fyrir þessar breytingar er þetta nýja aðalskipulag að mestu byggt á grunni skipulagsins frá 2005 hvað áherslur og stefnumið varðar. Í aðalskipulagi Akureyrar er sem fyrr lögð áhersla á að móta heildstæða mynd af bæjarfélaginu með stefnumörkun á grundvelli allra málaflokka, ásamt sérstakri áherslu á útivistar- og umhverfismál. Sett eru fram markmið um þá málaflokka sem skipulagið snýr að, þ.e. byggð, atvinnulífi, samgöngum, umhverfi, menningu og samfélagsþjónustu. Lögð er áhersla á að skýra tengsl milli málaflokkanna til að stuðla að samræmdri og heilsteyptri uppbyggingu og rekstri bæjarins.

Samhliða vinnu við aðalskipulagið er unninn rammahluti aðalskipulags fyrir Oddeyri. Það skipulag er samhljóða Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 en nánari útfærsla á því í samræmi við 4. málsgrein 28. greinar skipulagslaga nr. 123/2010. Þó svo að rammahlutinn hljóti staðfestingu á undan aðalskipulaginu fellur hann ekki úr gildi heldur skoðast sem nánari útfærsla aðalskipulagsins hvað varðar Oddeyrina.

Skipulagssvæðið

Skipulagssvæðið er allt lögsagnarumdæmi Akureyrar, alls um 130 km². Þar af er Hrísey 7,5 km² og Grímsey 5,3 km². Hrísey og Grímsey eru landfræðilega aðskildar frá öðru landi Akureyrarkaupstaðar og markast umfjöllun um þann hluta skipulagsins af því en umfjöllun um þær er samt sem áður hluti af heildarskipulaginu og hluti af greinargerðinni. Í gildi er aðalskipulag fyrir Hríseyjarhrepp 1988-2008 sem unnið var af Skipulagi ríkisins. Við endurskoðun aðalskipulags Akureyrar árið 2005 var Hrísey undanskilin þar sem sameining Hríseyjarhrepps við Akureyrarkaupstað var nýtilkomin. Unnin var tillaga að aðalskipulagi árið 2012 en hún hlaut aldrei fullnaðarafgreiðslu. Aðalskipulag fyrir Grímsey 1996-2016 verður fellt úr gildi við gildistöku nýs aðalskipulags fyrir sveitarfélagið.

Viðfangsefni aðalskipulagsins

Aðalskipulagið markar framtíðarsýn um hvernig samfélagið á að þróast á næstu árum: hver markmið okkar eru, hvernig við ætlum að ná þeim og hvaða kostnað það hefur í för með sér. Með því segjum við hvers konar umhverfi við viljum búa í, hvernig við viljum fara að því að skapa það umhverfi og hverju við þurfum hugsanlega að fórna í staðinn. Aðalskipulag snýst um fólk, fólkíð sem býr í bænum, og það umhverfi sem það lifir í. Það snýst líka um fyrirtæki, hvers konar fyrirtæki við viljum laða að okkur til að skapa atvinnu og tekjur fyrir bæjarfélagið og til að taka þátt í að skapa umhverfi okkar. Það snýst líka um fjármagn því án fjármagns getum við ekki byggt þann bæ sem við óskum.

Aðalskipulag Akureyrar 2018 - 2030 sýnir stefnu um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál Akureyrar út skipulagstímabilið. Það sýnir hvernig byggðinni er ætlað að þróast og

veitir upplýsingar fyrir þá, sem hyggja á búsetu eða framkvæmdir, um hvaða möguleikar eru fyrir hendi og hverjir kostir sveitarfélagsins eru.

Mikilvægt er að aðalskipulagið sé auðlæsilegt og aðgengilegt gagnvart upplýsingum varðandi landgæði, lóðaframboð, þjónustukerfi o.fl. Greinargerðin lýsir stefnumörkun, áætlaðri uppbyggingu, forsendum skipulagsins og umhverfismati og til að auðvelda lestur hennar eru kaflarnir settir fram í þeirri röð. Þeir aðilar sem mestan áhuga hafa á stefnu sveitarfélagsins og sjálfum aðalskipulagsuppdrættinum geta þá á auðveldan hátt kynnt sér það í kafla 1 og á aðalskipulagsuppdrættinum sem sýnir landnotkun einstakra svæða. Hafi þeir áhuga á að kynna sér nánar skipulagstillöguna lesa þeir kafla 2. Vilji þeir vita meira um landfræðilegar, félagslegar, umhverfislegar og efnahagslegar forsendur lesa þeir kafla 3 og vilji þeir loks einnig kynna sér umhverfismatið lesa þeir kafla 4.

Aðalskipulaginu er einnig ætlað að tryggja réttaröryggi í meðferð skipulags- og byggingarmála þannig að réttur einstaklinga og lögaðila sé tryggður þótt hagur heildarinnar sé hafður að leiðarljósi. Með skipulagi eru réttindi og kvaðir skilgreind til að forðast hagsmunaárekstra.

Loks er aðalskipulagið grundvöllur fyrir ýmis samskipti ríkis og sveitarfélaga og liggur til grundvallar fyrir ýmsa grunngerð, svo sem vegaf framkvæmdir, veitur og stofnanir, og með skipulagi er tryggður faglegur undirbúningur mannvirkjagerðar og virkt eftirlit með því að kröfum um öryggi, endingu, útlit og hagkvæmni bygginga og annarra mannvirkja sé fullnægt.

Framsetning aðalskipulagsins

Framsetning Aðalskipulags Akureyrar 2018 - 2030 er um margt frábrugðin framsetningu greinargerðar með Aðalskipulagi Akureyrar 2005 - 2018. Það skýrist meðal annars af breyttri skipulagslöggjöf og löggjöf um umhverfismál sem tók gildi eftir gerð eldra skipulagsins.

Nú er byrjað á sérkafla um framtíðarsýn um bæjarmyndina, búsetuumhverfi, uppbyggingu, atvinnulíf, umhverfi sveitarfélagsins, menntun og menningu, útivist og upplýsingamiðlun. Á grundvelli þessarar framtíðarsýnar eru síðan sett markmið fyrir byggð, atvinnulíf, samgöngur og veitukerfi, umhverfi, menningu og samfélagsþjónustu. Á eftir hverju markmiði koma áherslur, sem skýra markmiðið nánar, og loks framkvæmd sem sýnir leiðir til að ná hverju markmiði. Til samræmis við lög um umhverfismat áætlaða nr. 105/2006 kemur mat á umhverfisáhrifum á eftir hverjum markmiðakafla og í lok allra kaflanna er samantekt á umhverfisáhrifum markmiðanna í heild sinni.

Kaflinn um landnotkunarflokkana er mikið breyttur frá eldra skipulagi. Fyrst má nefna að í skipulagsreglugerð nr. 112/2010 er skiptingu í landnotkunarflokka breytt frá því sem áður var og er skiptingu reglugerðarinnar hér fylgt. Þá er horfið frá staðgreinakerfi því sem búið var til fyrir eldra skipulagið en númerakerfi reglugerðarinnar notað. Til að auðvelda lestur kaflans og tilvísun til landnotkunarkorts er ætíð fylgt röðinni Miðbær, Innbær, Oddeyri, Gleráreyrar, Norðurbrekka, Suðurbrekka, Gerðahverfi, Lundahverfi, Naustahverfi, Holtahverfi, Nesjahverfi, Hlíðahverfi, Síðuhverfi, Giljahverfi, svæði ofan byggðar, Hrísey og Grímsey.

Á eftir landnotkunarkaflanum kemur nú ítarlegur kafli um forsendur skipulagsins sem byggir á heimildaleit, bæði skriflegum heimildum og viðtölum við einstaklinga innan bæjarkerfisins og utan.

Hríseyjarhreppur sameinaðist Akureyrarbæ þann 1. ágúst árið 2004 í kjölfar íbúakosningar um sameiningu. Aðalskipulag var unnið fyrir Hríseyjarhrepp 1998-2008. Vinna við gerð aðalskipulagsbreytingar vegna Hríseyjar hófst í byrjun árs 2009 og átti upphaflega að vinnast sem

sjálfstætt skipulag. Þeirri vinnu lauk ekki en sú tillaga, sem þá var unnin af X2 Hönnun, er hér með uppfærslum felld inn í Aðalskipulag Akureyrar 2018-2030.

25. apríl 2009 fór fram kosning í Grímsey og á Akureyri um hvort sveitarfélögin tvö ættu að sameinast og var það samþykkt með meirihluta atkvæða á báðum stöðum. Unnið var aðalskipulag fyrir Grímseyjarhrepp 1996-2016 en aðalskipulag fyrir Grímsey verður nú hluti af Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030.

Aðalskipulaginu fylgir umhverfisskýrsla í samræmi við lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Þá fylgir aðalskipulaginu skrá með ljósmyndum og hnitum yfir friðlýst hús, aldursfriðuð hús, hús byggð fyrir árið 1925 og hús byggð 1926-1930.

1. FRAMTÍÐARSÝN OG MARKMIÐ

1.1. AKUREYRI FRAMTÍÐARINNAR

Akureyri

Akureyri árið 2017 er allstór bær sem býður upp á flesta þá búsetukosti sem völ er á hérlendis. Akureyri er næststærsta þéttbýlissvæði Íslands og miðstöð verslunar, þjónustu, mennta- og menningarlífs og samgangna á Norðurlandi og skapar mótvægi við höfuðborgarsvæðið. Það er vilji bæjaryfirvalda að efla enn þessa stöðu bæjarins. Fagurfræði, bæjarmynd, umhverfismál, efnahagslegir og félagslegir þættir eru þar í fyrirrúmi.

Akureyri er vaxandi bær og er gert ráð fyrir að íbúum fjölgi úr rúmlega 18 þúsund í 21 þúsund íbúa á skipulagstímabilinu. Þetta skapar þörf fyrir 160-220 nýjar íbúðir á ári að meðaltali á skipulagstímabilinu. Þessu eru gerð skil í kafla 3.3 Mannfjöldi og húsnæðismál.

Aðalskipulagið stuðlar að hagkvæmri uppbyggingu bæjarfélagsins, skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, varðveislu náttúru og menningarverðmæta og vinnur gegn umhverfisspjöllum og ofnýtingu með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Akureyri hefur markað skýra stefnu í umhverfismálum og við uppbyggingu bæjarins skal gæta umhverfis- og náttúruverndarsjónarmiða. Tryggja skal varðveislu náttúru- og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll, mengun lofts og vatns og ofnýtingu eða óhóflegt álag á vistkerfi í sveitarfélaginu.

Akureyri á sér fagurt bæjarstæði og Guðjón Samúelsson, húsameistari ríkisins, sem vann fyrsta skipulag fyrir Akureyri árið 1927 ásamt Guðmundi Hannessyni landlækni, taldi strandlínuna þá fegurstu á landinu. Þau hús sem mynduðu þessa strandlínu hafa varðveist að miklu leyti og ljá henni enn í dag fegurð þótt strandlínan hafi lengst. Þarna eru elstu hlutar bæjarins vel varðveittir og eftir því sem byggðin þróaðist upp brekkuna hélst svipmótið lítið breytt. Gróðursæld er mikil og trjágróður setur mikinn svip á bæjarmyndina. Byggðin meðfram ströndinni og upp af henni fellur vel að aflíðandi landslagi eldri hluta bæjarins og mikill trjágróður styrkir þessa mynd enn fremur.

Í aðalskipulaginu er áfram lögð áhersla á eflingu og uppbyggingu miðbæjarins svo og þéttingu íbúðarbyggðar með það að markmiði að bæta bæjarmynd og búsetuumhverfi og gefa kost á fjölbreyttum búsetukostum í vönduðu, fjölbreyttu og lifandi umhverfi. Á Akureyri verði áfram fallett og vandað bæjarumhverfi. Styrkja skal bæjarmynd Akureyrar og leggja áherslu á sérkenni bæjarins með vandaðri hönnun og varðveislu hvers konar menningarminja. Á Akureyri á að vera öruggt og fjölskylduvænt búsetuumhverfi með miklum lífsgæðum og góðum lífsskilyrðum bæjarbúa þar sem allir geta fundið húsnæði og umhverfi við sitt hæfi.

Á Akureyri er fjölbreytt úrval af verslun og þjónustu, fjölbreyttir menntunarmöguleikar, öflugt menningarlíf, fjölbreyttir möguleikar til tólstundaiðju og íþróttaiðkunar og góð félagsleg þjónusta. Hér eru leikhús, menningarhús, háskóli, tveir framhaldsskólar, grunnskólar og dagvistun, myndlistaskóli og tónlistarskóli. Flest er hér sem fyrirtæki þarfnast, fjölbreytt þjónustufyrirtæki, gott framboð af húsnæði og lóðum til nýbygginga, gott og fjölþætt samgöngukerfi og veitukerfi og aðgangur að þjónustu og starfsmenntuðu vinnuafli. Góð aðstaða er til útivistar og íþróttaiðkunar, eitt besta skíðasvæði landsins og áhersla er á að hér verði áfram fjölbreyttir möguleikar til útivistar, bæði innan byggðar og utan.

Akureyri er miðstöð ferðaþjónustu á Norðurlandi og áhersla er á að hér séu áfram fjölþættir atvinnumöguleikar, fjölbreytt atvinnulíf með þróttmikilli nýsköpun auk hefðbundinna atvinnugreina.

Lögð skal áhersla á nægilegt framboð af vel skipulögðum atvinnusvæðum fyrir margvíslega starfsemi, góðum samþættum samgöngum og umhverfisvænum og hagkvæmum veitukerfum. Með hjálp nútíma upplýsingamiðlunar skal þess gætt að almenningur hafi góðan aðgang að upplýsingum um stefnumarkandi ákvarðanir og framkvæmdir sem áætlaðar eru á vegum bæjarfélagsins.

Samgöngukerfi bæjarins er greiðfært og oftast er hægt að velja á milli nokkurra leiða til að ferðast milli hverfa innan bæjarins. Vegalengdir eru stuttar og mikil áhersla er á fjölþætta samgöngumáta svo sem almenningsamgöngur og að auka möguleika á að ferðast gangandi eða hjólandi milli staða.

Hrísey

Hrísey liggur norðarlega í Eyjafirði á móts við Dalvík. Hrísey er önnur stærsta eyjan við Ísland, um 7,5 km² að stærð, 6,5 km löng og breiðust sunnan til, um 2,3 km, en nyrðri hlutinn er allt að helmingi mjórri. Norðanvert er eyjan hæst þar sem heitir Bratti, um 110 m.y.s. þar sem stendur viti sem reistur var árið 1920. Vitinn er einn af sjö friðuðum vitum á Íslandi. Austanvert við ströndina eru víðast klettur, um 30 m háir. Ströndin norðan til er töluvert fjölbreytt með bergbríku og smávíkum. Eyjan er að mestu leyti grasi og lyngi vaxin í mólendi en vestan til er mýrlendi nokkuð. Fjölbreytt fuglalíf er í og við Hrísey. Norðurhluti Hríseyjar, Ystabæjarland, er alfriðað land í einkaeign. Hrísey er oft kölluð „Perla Eyjafjarðar“.

Fjölbreytt fuglalíf er í og við Hrísey og verpa þar tæplega 40 fuglategundir. Eitt af sérkennum í náttúrufari eyjarinnar er aðsetur og varp rjúpunnar en hún er friðuð þar í samræmi við sérstakt samkomulag eyjabúa sjálfra. Þá er um helmingur af landsvæði Hríseyjar á náttúruminjaskrá en um er að ræða norðurhluta Hríseyjar, land Miðbæjar og Ystabæjar. Ástæða þess að svæðið er á náttúruminjaskrá er að á svæðinu er fjölskrúðugur gróður og mikið fuglalíf. Aðalskráning fornleifa var gerð fyrir Hrísey árið 1998 og skv. henni eru 45 staðir í Hrísey sem teljast til fornleifa og eru þessir staðir víða um eyjuna.

Vatnsból Hríseyjar eru tvö og eru þau staðsett norðan þéttbýlisins en þar er ein borhola neysluvatns ásamt einum brunni. Jarðhiti er í eygni og hitaveita. Borholurnar eru við ströndina um 1 km norðan við þorpið. Í Hrísey eru laugar í flæðarmálinu sem voru um 50°C áður en vinnsla hófst. Við Laugakamb á norðurenda eyjarinnar er laug sem fer á kaf í flóði, hitinn þar er yfir 60°C.

Hrísey er vinsæll ferðamannastaður. Í Hrísey er m.a. hægt að fara í gönguferðir og útsýni er til fjallahringsins um Eyjafjörð. Hægt er að taka þátt í vagnferð með leiðsögn eða vitaferð, skoða hús Hákarla-Jörundar, njóta friðsældarinnar og fuglalífsins o.m.fl. Til Hríseyjar gengur ferjan Sævar á einnar til tveggja stunda fresti frá Árskógssandi.

Grímsey

Grímsey er nyrsta byggða eyja við Ísland og frá eyjunni er fögur fjallasýn frá suðvestri til suðausturs. Grímsey liggur á heimskautsbaug, 41 km frá norðurströnd Íslands (Gjögurtá). Hún er 5,3 ferkílómetrar að flatarmáli og 5,5 km að lengd. Eyjan er mynduð úr grágrýti frá síðari hluta ísaldar og myndar það víða afar fallett stuðlaberg. Grímsey hallar frá austri til vesturs. Að austan ganga há björg í sjó fram og er bjargbrúnin 105 m yfir sjó þar sem hún er hæst. Að vestan er eyjan lægri. Nokkur dalverpi eru sunnan til á eyjunni. Þunn jarðvegsskán er á eyjunni sem er víðast 1,2 til 1,5 metrar en dýpst 4,5 metrar. Grímsey er algróin, mest þýft graslendi og mólendi. Jarðvegur í Grímsey er yfirleitt sæmilega fallinn til ræktunar og í meðallagi frjósamur. Trjágróður á mjög erfitt uppdráttar, helst er að vissar tegundir víðis geti bjargast þar í húsgörðum.

Aðalatvinnuvegur eyjarbúa er fiskveiðar og fiskverkun. Landbúnaður til heimilisnota hefur verið stundaður frá upphafi en mjög hefur dregið úr honum á síðustu árum og hefur kúabúskapur nú lagst af. Í Grímsey er verslun, tvö gistiheimili, veitingastaður, handverkshús, kaffihús, sundlaug, félagsheimili og tjaldsvæði. Grímsey er vinsæll ferðamannastaður. Heimskautsbaugurinn sker þvert í gegnum Grímsey frá vestri til austurs um norðurhluta hennar og það er mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn að hafa staðið á og farið norður fyrir heimskautsbaug. Norðan við heimsskautsbauginn er sólin yfir sjóndeildarhringnum allan sólahringinn einu sinni á ári við sumarsólstöður þann 21. júní. Þann dag er sólin sjáanleg allan sólahringinn en á hinn bóginn sést ekkert til sólar við vetrarsólhvörf þann 21. desember. Þá er sólin fyrir neðan sjóndeildarhringinn allan sólahringinn.

Þar sem hvorki er náttúruleg uppspretta af heitu vatni og ekki hafa verið skoðaðar til hlítar aðrar náttúruvænar leiðir til að framleiða rafmagn í Grímsey, er notuð til þess dísilrafstöð. Árið 1973 var byggð vindmylla og gerð tilraun til þess að nýta vindorku. Sú tilraun mistókst þar sem vindmyllan bilaði stuttu eftir að hún var byggð. Hægt er að sjá það sem eftir stendur af vindmyllunni uppi á hæð á suðvesturhluta eyjunnar.

Styrkja þarf sjóvarnargarða og fyrirbyggja landbrot við vitann og gæti það kallað á aðgerðir þar til að verja land.

1.2 ÞRÓUN BYGGÐARINNAR

Akureyri

Góð hafnarskilyrði frá náttúrunnar hendi hafa frá upphafi byggðar verið grundvöllur þéttbýlismyndunar á Akureyri. Hinn forni verslunarstaður Eyjafjarðar var að Gásum, norðar í firðinum, frá landnámsöld og allt fram undir 1400 en þar var gott og öruggt skipalægi þar til Hörgá fyllti það með framburði. Talið er að rekja megi upphaf byggðar á Akureyri allt til 16. aldar en danskir kaupmenn fengu einkaleyfi til verslunar árið 1602 á Akureyrinni, sem mynduð var af framburði Búðarlæks, en hún var ein af nokkrum eyrum sem sköguðu út í Pollinn áður en ráðist var í landfyllingar. Talið er að upphaf þéttbýlismyndunar tengist þessum verslunarumsvifum. Varanleg búseta hófst árið 1778 þegar fyrsta íbúðarhúsið var reist á staðnum. Fram til ársins 1835 má heita að öll byggðin hafi verið á sjálfri Akureyrinni. Eftir það óx bærinn og nýir íbúar settust að í Fjörunni og Gilinu. 1786 fékk bærinn kaupstaðarréttindi, missti kaupstaðarréttindin 1836, en náði þeim aftur 1862. Oddeyrin var sérstök byggð en sameinaðist Akureyri árið 1866. Byggð þar óx mjög hratt á árunum 1890-1900, m.a. byggðust nokkur stór hús við Strandgötuna (Klemens Jónsson, 1948). Kaupfélag Eyfirðinga átti mikinn þátt í vexti bæjarins, á vegum þess voru rekin mörg iðnfyrirtæki í bænum sem mörg sérhæfðu sig í úrvinnslu landbúnaðarafurða.




Mynd 1. Aðalstræti 20, fyrrum hús Höepfnarsverslunar, byggt 1897. Ljósmynd B.J.

Á 19. öld voru litlar bátabryggjur eða flotbryggjur settar upp á vorin og teknar í land á haustin. Í lok aldarinnar, þegar verslun og útgerð var tekin að dafna, létu kaupmenn og útgerðarmenn sjálfir byggja sínar trébryggjur. Hafnarsjóður var stofnaður á vegum sveitarfélagsins 1882 og tekin hafnargjöld af þeim skipum sem komu til Akureyrar. Árið 1888 stóðu bæjarfélagið og hafnarsjóður fyrir því að gerðar voru tvær bryggjur, önnur á Oddeyri og hin á Akureyri. Höepfnarsbryggja telst vera fyrsta eiginlega bryggjan á Akureyri en steinsteypt bryggja var fullgerð árið 1890. Hún var síðar stækkuð og önnur bryggja byggð norðan hennar. Bryggjan sem byggð var inn af Oddeyri var trébryggja. Árið

1903 var steinbryggjan lengd, settur á hana bryggjuhaus sem var gerður úr skrokki af frönsku fiskiskipi sem var keypt sérstaklega fyrir þessa aðgerð. Þá var einnig hafin smíði á bryggju á Torfunefi sem var gerð með uppfyllingu og staurapili. Í ágúst 1905 var svo bryggjan vígð en ekki tókst betur til en svo að daginn eftir vígsluna sprakk staurapilið undan eigin þunga. Þá var Thorvald Krabbe verkfræðingur fenginn til að endurhanna bryggjuna og árið 1907 var lokið við smíði hennar sem var gerð eftir tillögu hans með timburpili, eins og var í fyrri bryggjunni, og í það var sett fyllingarefni.

Skömmu fyrir aldamótin 1900 var lagður vegur sem tengdi byggðina við Oddeyrina og einnig vegur suður Fjöruna. Fram að því lá sjórinn upp að brekkurótum en nú var farið að fylla upp sjóinn með efni úr brekkunum og mynduðust þá byggingarlóðir. Sama ástand mun hafa verið þar sem nú er Hafnarstræti, þar þurfti að sæta sjávarföllum til að komast af Oddeyri inn á Akureyri. Nokkuð samfelld byggð hefur verið undir brekkunni og á Oddeyrinni í rúm 100 ár og mörg upphaflegu húsanna standa enn.

Á árunum upp úr 1900 þróaðist byggðin upp Brekkuna, þegar byggðin fór að teygja sig upp eftir Brekkugötunni og Spítalaveg, og síðar eftir Oddeyrargötunni upp úr 1920. Eyrarlandsvegur fór að byggjast upp úr 1930 og Þingvallastræti og Helgamagrastræti um svipað leyti. Um 1950 var byggðin komin upp að Þórunnarstræti og bygging einbýlishúsa var þá hafin í Mýrunum á Norðurbrekkunni. Um svipað leyti var komin byggð meðfram Höfðahlíð og Stórholti í Glerárþorpi sem sameinaðist Akureyrarkaupstað árið 1955. Upp úr þessu breiddist byggð til norðurs og suðurs á Ytri Brekku og Syðri Brekku, upp úr 1960 teygði byggðin sig upp fyrir Mýrarveg og hefur síðan þanist til vesturs og suðurs vestur að Glerá og suður undir Naustaborgir. Enn er mikil þörf fyrir nýjar íbúðir og atvinnuhúsnæði og er það verkefni aðalskipulagsins að beina vexti bæjarins á þær brautir sem hentugastar þykja. Fjallað er um það í kafla 1.4 Þróun byggðarinnar.



Mynd 2. Þróun byggðar á Akureyri (Loftmyndir ehf. 2016).

Bygging flugvallar hófst árið 1951 og var völlumurinn tekinn í notkun 1955 sem malarvöllur. 1961 var flugstöðvarbyggingin á flugvellinum opnuð og völlumurinn malbikaður 1967. Áður var notaður flugvöllur á Melgerðismelum í Eyjafirði en einnig lentu sjóflugvélar á Akureyrarpalli. Áætlunarflug hófst milli Akureyrar og Reykjavíkur árið 1937. Árið 2009 var flugbrautin lengd og er nú 2.400 metrar.

Hrísey

Þéttbýliskjarni fór að byggjast upp syðst á Hrísey snemma á 20. öldinni og fjölgaði íbúum nokkuð hratt vegna aukinnar útgerðar við Eyjafjörð. Árið 1945 náði fólksfjöldinn í Hrísey hámarki en þá bjuggu þar um 350 íbúar. Uppúr því fór íbúum að fækka vegna minni umsvifa í útgerð og sveiflaðist íbúafjöldinn fram til ársins 2000 á milli 200-300 íbúa. Í ársbyrjun 2010 bjuggu 186 íbúar í Hrísey en hafði fækkað niður í 154 íbúa 1. janúar 2016. Kynjaskipting hefur verið nokkuð jöfn og er svo enn. Einkenni byggðar í Hrísey er tiltölulega þétt og lágreist einbýlishúsabyggð. Meðalþéttleiki byggðar er um 8-10 íbúðir pr. ha en byggð íbúðarsvæði eru um 8,5 ha.

Grímsey

Byggð hefur verið í Grímsey frá landnámi. Jón biskup Ögmundsson vígði kirkju í eyjunni snemma á elleftu öld. Grímseyjarkirkja þótti góð til áheita. Vitinn í Grímsey var byggður árið 1937. Hann er á suðaustur horni eyjunnar og er á meðal merkustu bygginga hennar. Höfnin og byggðin hafa þróast vestan til á eyjunni þar sem hún er einna lægst. Tvö hús hafa verið byggð síðan 1996 og síðast var byggt í eyjunni um 2006. Í Grímsey bjuggu 66 íbúar 1. janúar 2016.

1.3. MARKMIÐ

Markmið sem sett eru fram í þessum kafla eiga einkum við um Akureyri.

1.3.1. Markmið - byggð

Markmið: *Skapa skal fallegt og vandað búsetuumhverfi í samræmi við byggingarlistastefnu Akureyrar. Sérkenni bæjarins skulu varðveitt og meginrættir bæjarmyndarinnar styrktir með áherslu á fallega og heildstæða bæjarmynd.*

Áhersla: Leggja skal áherslu á að styrkja meginrætti byggðarinnar sem skartar einu fegursta bæjarstæði landsins. Aðlaðandi bæjarumhverfi hefur mikla þýðingu fyrir Akureyri, sem stað til búsetu og atvinnustarfsemi. Byggingarlist er eitt helsta skoðunarefni ferðamanna hvar sem er í heiminum. Því er mikilvægt að leggja áherslu á góða hönnun og að horft sé til framtíðar og hagsmuna komandi kynslóða. Bæjarmyndin mótast af byggð frá ýmsum tímum og mikilvægt er að tengslum við fortíðina og upprunann sé haldið með varðveislu þess sem hefur byggingalistar-, sögu- og menningarlegt gildi.

Framkvæmd: Þessu markmiði verði náð með vandaðri skipulagsvinnu, aðlögun að eldri byggð og verndun náttúru- og menningarminja. Við deiliskipulag eldri hverfa skulu skilmálar miða að því að styðja og styrkja byggðamynstur og yfirbragð þeirra og hámarka gæði byggðarinnar á öllum árstímum með fjölbreyttu litavali, byggingarstíl, legu og frágangi gatna. Við gerð skipulags- og byggingarskilmála skal það haft að leiðarljósi að bjóða vandað og eftirsóknarvert búsetuumhverfi, tengsl við náttúru, góða byggingarlist, umferðaröryggi og umhverfismál. Við deiliskipulag eldri hverfa skal þess gætt að breytingar á byggingum og nýbyggingar falli vel inn í þá götummynd/bæjarmynd sem fyrir er. Það skal m.a. meta út frá áhrifum á yfirbragð byggðar, umferð, bílastæðapörf, útsýni og skuggamyndun.

Markmið: *Ný íbúðar- og atvinnusvæði skulu mynda samfellda þéttbýlisheild í samspili við umhverfi og náttúru með hagkvæmni og búsetugæði að leiðarljósi.*

Áhersla: Ný íbúðar- og atvinnusvæði skulu vera í háum gæðaflokki þar sem tekið verði mið af hagkvæmni og umhverfissjónarmiðum, m.a. með verndun náttúruminja og viðhaldi vistkerfa sem og gæðum og eiginleikum þéttar byggðar. Mörk þéttbýlis og óbyggðs lands skulu falla á eðlilegan hátt að staðháttum og landslagi.

Framkvæmd: Tryggja skal fjölbreytt framboð húsagerða í nýjum hverfum. Við skipulagningu nýrra hverfa skal tryggja að í þeim séu ávallt til úthlutunar lóðir fyrir helstu gerðir húsa, þ.e. einbýlishús, raðhús/parhús og fjölbýlishús. Stefnt skal að því að hlutfall af hverri húsagerð tryggi fjölbreytni og endurspegli jafnframt eftirspurn eftir hverri húsagerð á hverjum tíma. Leigu- og búseturéttaríbúðum, sem reknar eru af neytendafélögum og án hagnaðarkröfu (NFP), verði gefinn skilgreindur forgangur og dreifist sem mest milli svæða. Vanda skal skipulag og skilmálagarð fyrir ný hverfi og tryggja þannig gæði mannvirkja og umhverfis.

Markmið: *Vanda skal hönnun bygginga og umhverfis við aðkomuleiðir að miðbænum.*

Áhersla: Tryggja skal tengsl miðbæjar við umhverfi og náttúru með grænum leiðum sem ganga inn að miðbænum frá nærliggjandi byggð og skapa aðlaðandi leiðir að og frá miðbænum.

Framkvæmd: Vanda skal sérstaklega allan frágang og hönnun mannvirkja og umhverfis við Glerárgötu og Drottningarbraut. Þar má nefna ræktun gróðurbelta og viðhald þeirra sem fyrir eru. Merkingar og leiðarvísar við helstu aðkomuleiðir verði bættar. Hugað skal að ímynd Akureyrar við hönnun þessara merkinga.

Markmið: *Núverandi byggð skal þétt þar sem það á við, m.a. með endurskipulagningu vannýtttra svæða.*

Áhersla: Stefnt skal að því að sem flestir geti stundað atvinnu og iðju sína innan göngu- eða hjólréiðafjarlægðar. Lögð skal áhersla á þau verðmæti sem felast í því að stór hluti þéttbýlisins er í göngufjarlægð frá miðbænum. Fullnýta skal byggingarmöguleika á þeim svæðum áður en uppbygging

hefst á svæðum sem lengra eru í burtu. Við endurskipulagningu byggðar skal leita að kostum til þéttingar byggðar og stuðlað að endurnýtingu vannýtttra lóða og svæða með starfsemi sem lokið hefur hlutverki sínu. Mikilvægt er að allar lóðir innan þéttbýlis í bæjarlandinu fái skilgreint hlutverk þó svo að ekki eigi að byggja á þeim.

Framkvæmd: Styttri vegalengdir milli íbúðar- og atvinnusvæða fást með þéttleika og góðu skipulagi leiða. Því skal hafa landnýtingu góða og stefnt að því að bærinn breiði ekki óþarflega úr sér og horfa til þess að leiðir gangandi og hjólandi séu skipulagðar með þarfir notenda að leiðarljósi. Við skipulag nýrra hverfa skal stefnt að blöndun íbúðarbyggðar og þjónustu- og atvinnustarfsemi eftir því sem aðstæður leyfa. Jafnframt skal þess gætt að náþyli við atvinnustarfsemi verði ekki truflandi fyrir íbúa. Hlutfall og tegundir atvinnustarfsemi í íbúðahverfum verður ákvarðað í deiliskipulagi. Hugað verði að bættri nýtingu og skipulagi gamalla atvinnuhverfa, þau verði metin með tilliti til þessa og gerð áætlun um endurskoðun eða gerð deiliskipulags eftir því sem við á.

Umhverfisáhrif markmiða um byggð

Markmið um byggð hafa jákvæð en að nokkru óviss áhrif á landslag og ásýnd en bæði jákvæð og neikvæð áhrif á aðra þætti. Vægi jákvæðu áhrifanna eru oftast metin veruleg en vægi neikvæðu áhrifanna er alls staðar metin talsverð.

Þannig munu áhrifin verða jákvæð á íbúðapróun, byggt umhverfi, menningarminjar og efnisleg verðmæti. Þessi áhrif eru líkleg til að verða bein og varanleg og vægi þeirra talsvert eða verulegt hvað varðar hagræna og félagslega þætti. Utanaðkomandi þættir, svo sem almennt efnahagsástand, valda því að óvissa ríkir um vægi áhrifanna á suma umhverfisþætti eða undirþætti.

Náttúrufarslegir þættir verða fyrir nokkrum neikvæðum áhrifum og eru helstu áhrifin vegna röskunar á vistkerfum þar sem opið land er tekið undir byggð. Þar er um að ræða óafturkræf neikvæð áhrif. Þétting byggðar dregur þó úr vaxtarhraða á áður óbyggðum svæðum þannig að í heild verða áhrifin minni en ella. Einnig verður andrúmsloft fyrir talsverðum neikvæðum áhrifum þar sem gróðurlendi minnkar og mengun eykst vegna aukinnar umferðar, aukinnar byggðar og aukinnar atvinnustarfsemi.

Jákvæð áhrif eru talin hafa meira vægi en neikvæð þegar heildaráhrif eru metin. Í heild er talið að umhverfisáhrif af markmiðum um byggð feli ekki í sér veruleg neikvæð umhverfisáhrif í skilningi laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana og tilskipunar 2001/42/EB. Neikvæð áhrif á vistkerfi og andrúmsloft eru talin vegin upp með jákvæðum áhrifum á aðra umhverfisþætti.

1.3.2 Markmið - atvinnulíf

Markmið: *Meginstoðir atvinnulífsins verði áfram sterkar. Byggt verði á þeim styrk sem fyrir er og nýjar atvinnugreinar efldar.*

Áhersla: Áhersla verði á opinbera þjónustu, sjávarútveg, matvælaframleiðslu og annan iðnað, skólustarfsemi, ferðaþjónustu, upplýsingatækni og vöru- og farþegaflutninga.

Framkvæmd: Tengsl atvinnulífs og háskóla verði eflað með nýsköpun og rannsóknnum í takt við þróun atvinnulífsins. Í skipulagi verði stutt við aðstöðu fyrir frumkvöðlastarfsemi og tengsl Háskólans á Akureyri við þá aðstöðu og samfélagið í heild sinni.

Markmið: *Nýsköpun og nýjar atvinnugreinar hafi góð skilyrði til að vaxa og dafna á Akureyri.*

Áhersla: Hér er ekki síst átt við þekkingargreinar sem krefjast menntunar og sköpunar svo sem hönnun, tæknifyrirtæki, forritunaryrirtæki og fyrirtæki sem eru afrakstur vísindarannsókna. Aðlaðandi bæjarmynd og vel hönnuð hverfi í seilingarfjarlægð frá miðbæ skipta hér miklu.

Framkvæmd: Tengsl atvinnulífs og háskóla verði eflað til að örva þessa starfsemi auk þess sem önnur skilyrði verði eins góð og unnt er. Í skipulagi verði stutt við aðstöðu fyrir frumkvöðlastarfsemi og tengsl Háskólans á Akureyri við þá aðstöðu og samfélagið í heild sinni.

Markmið: *Efla skal ímynd Akureyrar sem eftirsóknarverðs bæjarfélags fyrir fyrirtæki.*

Áhersla: Áfram skal stefnt að fjölbreyttu atvinnulífi sem nýtur tengsla við gott og samhæft samgöngukerfi og gott búsetuumhverfi til að laða fyrirtæki og starfsfólk til bæjarins. Tekið skal mið af þörfum allra atvinnugreina í aðalskipulagi og deiliskipulagi miðbæjar og atvinnusvæða. Þar verði m.a. gert ráð fyrir húsnæði og umhverfi sem hentar nýsköpunarfyrirtækjum og hátæknistörfum.

Framkvæmd: Með flokkun atvinnusvæða verði tekið mið af mismunandi þörfum og umhverfisáhrifum atvinnusvæða. Skipulag miði almennt að vönduðum frágangi umhverfis á atvinnusvæðum. Akureyri höfði til atvinnufyrirtækja sem leggja áherslu á gott umhverfi, góða nýtingu hráefnis og auðlinda og góða umgengni.

Markmið: *Stefnt skal að fjölbreyttu framboði á atvinnulóðum og flokkun atvinnusvæða eftir eðli og rýmisþörfum atvinnustarfsemi.*

Áhersla: Mikilvægt er að sem flest fyrirtæki finni svæði sem henta þeirra kröfum. Með því að flokka saman skylda starfsemi, þannig að hvert fyrirtæki geti valið sér það umhverfi sem því hentar best, er dregið úr líkum á neikvæðum áhrifum á milli fyrirtækja með óskylda starfsemi.

Framkvæmd: Settur verði upp gagnabanki um nýbyggingar og breytingar á atvinnuhúsnæði grundvallaður á starfsemi, umfangi hennar og tegund, og stærð húsnæðis, starfsmannafjölda og dreifingu um bæinn þannig að ávallt liggi fyrir upplýsingar sem nýtast við gerð skipulags.

- Á athafnasvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir atvinnustarfsemi, þar sem lítil hætta er á mengun, svo sem léttum iðnaði, vörugæmslum, hreinlegum verkstæðum og umboðs- og heildverslunum. Skilmálar um verslun á slíkum svæðum skulu taka mið af markmiðum um eflingu og uppbyggingu miðbæjar þannig að ekki verði heimil smásöluverslun á athafnasvæðum sem betur ætti heima í miðbæ eða á svæðum fyrir verslun og þjónustu.

- Á iðnaðarsvæðum skal m.a. gera ráð fyrir þyngri iðnaði sem getur haft neikvæð umhverfisáhrif. Starfsemi, sem kann að hafa truflandi áhrif á íbúðarbyggð, verði vel aðskilin frá íbúðarsvæðum, til dæmis með athafnasvæðum. Svæði fyrir slíka starfsemi verði fyrst og fremst í útjaðri byggðarinnar.

Markmið: *Akureyri verði áfram miðstöð verslunar og þjónustu í landshlutanum.*

Áhersla: Tryggja skal aðstöðu fyrir verslun og þjónustu og aðgengi fyrir ólíka samgöngumáta.

Framkvæmd: Á verslunar- og þjónustusvæðum verði gert ráð fyrir hvers kyns verslun og þjónustu, sem þjónar einstökum bæjarhverfum eða bæjarhlutum, svo og fyrirtækjum á sviðum sem vegna gerðar eða umfangs eiga ekki heima í miðbæ. Svæðin skulu vera aðgengileg jafnt akandi, gangandi og hjólandi vegfarendum og vel tengd almenningssamgöngum.

Markmið: *Styrkja skal miðbæ Akureyrar sem öflugan kjarna og miðstöð þjónustu og ferðamála í bænum.*

Áhersla: Lögð skal rækt við þá sérstöðu sem miðbærinn hefur og hann styrktur með verslun, þjónustu og menningarstarfsemi auk íbúðarbyggðar þannig að hann þjóni vel hlutverki sínu. Bærinn skal verða miðstöð samgangna í landshlutanum og sá staður þar sem fólk getur valið og/eða skipt milli samgöngumáta gegnum vel samþætt samgöngukerfi.

Framkvæmd: Þessu markmiði verði náð með markvissri samvinnu bæjaryfirvalda og hagsmunaaðila í miðbænum. Staðsetning nýrrar verslunarstarfsemi í bænum verði skoðuð með tilliti til þessa markmiðs. Lögð verði áhersla á aðlaðandi bæjarmynd og heilsteypt yfirbragð miðbæjarins.

Markmið: *Stefnt skal að því að Akureyri verði einn eftirsóttasti ferðamannabær landsins.*

Áhersla: Skapa skal framsæknum fyrirtækjum í ferðaþjónustu góða aðstöðu til vaxtar og sóknar á sérsviðum þeirra. Með uppbyggingu verslunar, þjónustu og samþættra samgangna verði miðbær Akureyrar eftirsóttur viðkomustaður innlendra sem erlendra ferðamanna.

Framkvæmd: Í þessu sambandi er mikilvægt að vinna náið með ferðamálayfirvöldum að uppbyggingu áfangastaða og fylgja markvisst eftir Ferðamálastefnu Akureyrar með ímyndarsköpun, árlegri útgáfu ferðamannabæklinga og markvissri uppbyggingu vefsíðu. Lögð verði áhersla á aðgengi og að upplýsingar liggi alltaf fyrir.

Markmið: *Akureyri leggi áfram áherslu á fjölþætta hafnarstarfsemi og verði áfram miðstöð hafnsækinnar starfsemi. Þar verði góð aðstaða fyrir starfsemi tengda sjávarútvegi og aðra hafnsækna starfsemi svo sem ferðaþjónustu.*

Áhersla: Höfninni verði tryggt landrými til þróunar núverandi svæða. Samgöngur að og frá hafnarsvæðinu fyrir vöru- og fólksflutninga verði greiðar. Aðstaða til frístundasiglinga og skemmtisiglinga fyrir ferðamenn verði eflað á gamla hafnarsvæðinu.

Framkvæmd: Aðalskipulag og deiliskipulag verði unnið í náninni samvinnu við hafnaryfirvöld.

Umhverfisáhrif markmiða um atvinnulíf

Markmið í atvinnumálum hafa bæði jákvæð og neikvæð umhverfisáhrif á land, landslag og ásýnd og hagræna þætti. Áhrif á náttúru- og menningarminjar eru jákvæð en þó metin að nokkru leyti óviss. Vægi áhrifanna eru oftast metin talsverð en hagrænir og samfélagslegir þættir verða fyrir verulegum jákvæðum áhrifum.

Markmið í atvinnumálum hafa neikvæð umhverfisáhrif á vatn, sjó og andrúmsloft og einnig á heilsu og öryggi. Vægi áhrifanna eru metin vera talsverð.

Neikvæð áhrif eru talin hafa heldur meira vægi en jákvæð þegar heildaráhrif eru metin. Atvinnumál eru þó ekki talin valda verulegum neikvæðum umhverfisáhrifum í skilningi tilskipunar 2001/42/EC.

Þannig munu áhrifin verða jákvæð á eflingu miðbæjarins, eflingu atvinnulífs og þar með á efnisleg verðmæti. Þessi áhrif eru líkleg til að verða bein og varanleg og vægi þeirra talsvert og jafnvel verulegt hvað varðar hagræna þætti. Utanaðkomandi þættir svo sem almennt efnahagsástand valda því að óvissa ríkir um vægi áhrifanna á suma umhverfisþætti eða undirþætti.

Neikvæðu áhrifin á land og landslag eru óafturkræf þar sem svæðin verða ekki endursköpuð í sömu mynd. Neikvæðu áhrifin á land, sjó og heilsu eru að hluta afturkræf ef beitt er mótvægisáðgerðum, sem tilgreindar eru hér að ofan.

Þessi áhrif eru líkleg til að snerta umtalsverðan fjölda fólks og geta orðið veruleg í skilningi tilskipunar 2001/42/EC. Einhver óvissa er um vægi þeirra þar sem þau ráðast að einhverju leyti af utanaðkomandi þáttum, til að mynda af almennu efnahagsástandi og afkomu fyrirtækja.

1.3.3. Markmið - samgöngur og veitukerfi

Markmið: *Samgöngur til bæjarins og frá honum, hvort heldur er á landi, í lofti eða á sjó, verði greiðar, samþætta og öruggar.*

Áhersla: Við skipulag og útfærslu gatnakerfisins skal áhersla lögð á greiðfæra umferð á stofn- og tengibrautum þannig að þær anni því umferðarmagni sem þeim er ætlað. Akureyrarflugvöllur verði eflaður sem miðstöð flugsamgangna á Norðurlandi og geti áfram þjónað sem millilandaflugvöllur og varaflugvöllur fyrir alþjóðaflugvöllinn í Keflavík. Til að tryggja flugöryggi verði engar raflínur eða aðrar

hindranir í aðflugsstefnu hans. Akureyrarhöfn eflist áfram í þjónustu við skemmtiferðaskip og bjóði öðru atvinnulífi fullnægjandi þjónustu.

Framkvæmd: Útfærsla samgöngukerfisins verði unnin í nánu samstarfi við Vegagerðina, Isavia og hafnaryfirvöld með skilvirkni, samþættingu ólíkra samgöngumáta og öryggi þessara kerfa að leiðarljósi. Skoðuð verði útfærsla og staðsetning samgöngumiðstöðvar sem geti m.a. þjónað sem miðstöð almenningsamgangna fyrir Akureyrarbæ og landshlutann í heild sinni.

Markmið: *Gæði umferðarkerfisins sem þjónustukerfis verði tryggð.*

Áhersla: Tryggðar verði samfelldar, samþætтар og öruggar samgönguleiðir fyrir akandi, gangandi og hjólandi vegfarendur. Áhersla verði lögð á að hámarka öryggi og vellíðan fólks í umferðinni og leita skal leiða til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af völdum bifreiðanotkunar. Samgöngukerfið tryggi hagkvæmar leiðir milli staða og auðveld skipti milli samgöngumáta til að stuðla að lægri ferðakostnaði og minni mengun.

Framkvæmd: Samhliða byggingu nýrra hverfa og þéttingu byggðar verði gengið frá götum, stígum, gangstéttum og umhverfi gatna. Skipulagi nýrra hverfa skal hagað þannig að aðrar samgöngur en einkabíllinn verði góður valkostur fyrir íbúana svo sem almenningsamgöngur, göngur og hjólreiðar. Vanda skal allan frágang gatna og bifreiðastæða. Lögð skal áhersla á vistgötur, aðgreiningu mismunandi tegunda umferðar og aðrar aðgerðir í íbúðahverfum sem hafi í för með sér lægri ökuhraða og aukið öryggi. Útbúin verði stæði fyrir stórar bifreiðar og vinnuvélar á athafnasvæðum og öðrum viðeigandi stöðum þannig að auðvelt verði að framfylgja banni við stöðu þeirra og óþarfa umferð í íbúðarhverfum.

- Göngu- og hjólaleiðir verði sniðnar að þörfum notenda þeirra. Áfram verði unnið að uppbyggingu reiðleiða og leitast skal við að komast hjá hagsmunaárekstrum ólíkra útivistarhópa t.d. með aðgreiningu reiðvega frá gönguleiðum. Unnið verði áfram að tengingu göngu- og hjólastíga við nágrannasveitarfélögin.

Markmið: *Umferðarkerfið skal mæta ströngustu kröfum um öryggi.*

Áhersla: M.a. skal tryggja skólabörnum öruggar gönguleiðir milli heimila og skóla.

Framkvæmd: Aðskilja skal gönguleiðir frá bílaumferð þar sem þess er kostur og þar sem rými leyfir skilji a.m.k. 2 metrar þær frá götu. Stefnt skal að því að þveranir á stofn- og tengibrautir verði með umferðarljósum, göngubrúm eða undirgöngum þar sem því verður við komið. Séð verði fyrir viðeigandi lýsingu á helstu gönguleiðum þannig að öryggi vegfarenda verði tryggt. Unnið verði að því að umferð og þungaflutningar í gegn um bæinn hafi sem minnst neikvæð áhrif á bæjarumhverfið hvað varðar umferðaröryggi og hávaða- og loftmengun frá umferð innan bæjar. Leitast verði við að beina þungaumferð á stofn- og tengibrautir fjarri íbúðarhverfum.

Markmið: *Almenningsamgöngur verði eflar með forgangi strætisvagna á meginleiðum.*

Áhersla: Séð verði til þess að kerfi almenningsamgangna svari þörfum íbúa á hverjum tíma og verði raunhæfur valkostur við einkabíllinn í reglubundnum og daglegum ferðum.

Framkvæmd: Tekið verði tillit til almenningsamgangna strax við upphaf skipulagsvinnu með forgangi þeirra þar sem það er unnt.

Markmið: *Veitukerfi bæjarins þjóni íbúum og atvinnulífi á hagkvæman hátt en verði ávallt byggð á verndun þeirra vistkerfa sem nýtt eru.*

Áhersla: Tryggt verði nægt vatn til neyslu, hitunar og iðnaðarnota á sem hagkvæmastan hátt. Tryggð verði næg og örugg raforka til einkaneyslu og iðnaðarnota á sem hagkvæmastan hátt. Tryggt skal að fráveituvatn valdi ekki mengun sjávar.

Framkvæmd: Vernda skal vatnsból Akureyrar gegn allri mengun. Allar hugmyndir um mannvirki í Hlíðarfjalli og Glerárdal skal gaumgæfa vel áður en þau eru leyfð á meðan þar er vatnstökusvæði. Krafa er að allar raflínur verði lagðar í jörð þar sem mögulegt er. Við lagningu raflína og strengja verði engin óþarfa röskun og gengið sé vel frá landinu og það grætt upp. Mikilvægt er að staðargróður sé notaður við uppgræðslu. Lögð verði þrýstilögn og byggðar dælustöðvar meðfram strandlengjunni að nýrri útrás við Sandgerðisbót. Byggð verði hreinsistöð fráveitu þar sem hreinsað skólþ fer út á fullnægjandi þynningarsvæði.

Umhverfisáhrif markmiða um samgöngur og veitukerfi

Markmið um samgöngur og veitukerfi hafa jákvæð áhrif á land og vistkerfi. Jákvæðu áhrifin felast í brottfalli tengibrautar frá fyrra skipulagi sem fyrirhuguð var frá Síðuhverfi, ofan byggðarinnar og að Hlíðarfjallsvegi, og áherslu á að veitukerfi byggji á verndun vistkerfa. Hvor tveggja áhrifin eru afturkræf ef síðar verður ákveðið að byggja tengibrautina og hætt verður áherslu á verndun vistkerfa. Áhrifin á umhverfis og menningarminjar eru óviss þar sem rannsókn hefur ekki farið fram. Áhrif á aðra þætti eru bæði jákvæð og neikvæð. Jákvæðu áhrifin á landslag og ásýnd stafa af brottfalli tengibrautarinnar og því að ekki verða lagðar raflínur í lofti en neikvæðu áhrifin stafa af raski við lagningu jarðstrengja. Allt eru þetta afturkræf áhrif. Jákvæð áhrif á vatn og andrúmsloft, heilsu og öryggi stafa af markmiðum um að minnka vægi einkabílsins og aðgerðum í öryggismálum en neikvæðu áhrifin af fjölgun bíla og þar með auknum útblæstri og slyshættu. Áhrifin eru öll afturkræf. Jákvæð áhrif á hagræna þætti stafa af eflingu flugvallarins og þjónustu við skemmtiferðaskip en neikvæðu áhrifin af umferðarslysum og kostnaði vegna þeirra.

Í heildina eru jákvæð áhrif talin veruleg en neikvæð áhrif talsverð. Niðurstaðan er því sú að markmið í samgöngumálum eru ekki talin hafa í för með sér veruleg neikvæð umhverfisáhrif í skilningi tilskipunar 2001/42/EC.

1.3.4 Markmið – umhverfi

Markmið: Skapa skal íbúum og fyrirtækjum öruggt og heilnæmt umhverfi.

Áhersla: Markvisst skal unnið að því að viðhalda gæðum náttúru, vernda vistkerfi og skapa íbúum heilnæmt, öruggt og gott búsetuumhverfi í anda Staðardagskrár 21. Skipulagið skal miða að því að koma í veg fyrir og takmarka, eftir því sem unnt er, að almenningur verði fyrir líkams- eða heilsutjóni eða að umhverfi eða eignir verði fyrir tjóni af völdum náttúruhamfara, af mannavöldum, vegna farsóttu eða af öðrum ástæðum.

Framkvæmd: Náttúruverndarsvæði verði afmörkuð í skipulagi. Við uppgræðslu í landi bæjarins skulu markmið sjálfbærrar þróunar höfð að leiðarljósi. Af fremsta megni skal komist hjá hvers kyns mengun svo sem loftmengun, hávaðamengun og mengun vatna og lækja og mengun frá fráveitum. Auka skal eftirlit með loftgæðum og með mengun lofts, jarðvegs, grunnvatns og yfirborðsvatns. Leggja skal áherslu á blágrænar ofanvatnslausnir sem eru sjálfbær leið náttúrunnar við meðferð regnvatns. Stefnt skal að aukinni notkun rafbíla og notkun metans sem eldsneytis. Hleðslustöðvar verði í nýjum fjölbýlishúsum og gert verði ráð fyrir möguleika til hleðslu rafbíla við ný íbúðarhús og í eldri íbúðahverfum þar sem því verður við komið. Allri fráveitu í bæjarlandinu skal beint í hreinsistöð bæjarins þar sem útrás fráveitu skal liggja a.m.k. 5 m niður fyrir stórstraumsfjöromörk í samræmi við reglugerð um fráveitur og skólþ nr. 798/1999 m.s.br. Markvisst skal unnið að því að umhverfi og lóðir í bænum verði snyrtilegar, hvort sem er á athafna- og iðnaðarsvæðum eða í íbúðahverfum. Rétt er að endurskoða með reglulegum hætti umhverfisstefnu bæjarins m.a. hvað varðar sorphirðu og skipulag endurvinnslu.

Markmið: Stuðlað skal að umhverfi sem hvetur til útiveru á öllum árstímum.

Áhersla: Styrkja skal aðgengi að upplandi bæjarins, útivistarsvæðum og náttúru án þess að gengið sé á gæði landsins og óspilltar náttúru. Mikilvægt er að útivistarsvæði séu fjölbreytt að gerð þannig að allir finni vettvang til útivistar við sitt hæfi.

Framkvæmd: Við umhverfismótun og hönnun gatna, garða, gönguleiða og torga skal tekið mið af veðurfari allra árstíða með það fyrir augum að þau nýtist til útiveru allt árið. Unnið skal að því að tengja byggðina við sjóinn og tryggja gott aðgengi að ströndinni sem og að upplandinu. Tryggja skal aðgengi allra að útivistarsvæðunum. Við þéttingu byggðar skal þess gætt að ekki verði gengið á nauðsynleg eða ómetanleg útivistarsvæði og ósnortna náttúru.

Markmið: *Hafa skal sjálfbæra þróun að leiðarljósi við skipulag byggðar. Árvekni skal gæta í nýtingu náttúruauðlinda.*

Áhersla: Ákvarðanir um nýtingu lands og náttúrugæða og umgengni og viðhorf til þessara þátta skulu miðast við að hagsmunir komandi kynslóða verði ekki skertir þannig að þær geti notið sömu lífsgæða og við. Vernda skal óspillta náttúru og vistkerfi í landi Akureyrar til að núverandi og komandi kynslóðir fái notið þeirra og nýtt til útivistar og fræðslu. Vinna skal verndaráætlanir í þeim tilgangi.

Framkvæmd: Í skipulags- og framkvæmdaáætlunum skal eftir því sem við á gera grein fyrir umhverfisþáttum, svo sem jarðfræði og landslagi. Gerð skal áætlun um nýtingu jarðefna og efnisvinnslu þannig að gætt verði hagkvæmni og umhverfissjónarmiða. Gengið skal frá efnistökusvæðum þegar nýtingu þeirra lýkur og umhverfi þeirra bætt og fegrað með endurgerð og uppgræðslu lands til fyrra horfs. Safna skal saman tiltækum upplýsingum um náttúrufar í landi bæjarins og afla upplýsinga sem skortir til að fá megi heildstæða mynd af því í þeim tilgangi að auðvelda stefnumótun í náttúruvernd, gerð verndaráætlana og skipulag verndunar. Markvisst skal unnið að því að auka umhverfisvitund bæjarbúa í þeim tilgangi að auka virðingu fyrir náttúru og umhverfi til hagsbóta fyrir náttúruna, bæjarfélagið og íbúa. Unnar skulu kannanir á náttúrufari sem notaðar verði til stefnumörkunar í umhverfis- og skipulagsmálum.

- Leita skal leiða til að minnka sorp og auka endurvinnslu og endurnýtingu. Sorp skal flokka markvisst í þessum tilgangi.

– Stefnt skal að auknum hlut vistvæns eldsneytis og það er framtíðarverkefni Akureyrarkaupstaðar að auka notkun metans, lífdísils, rafmagns eða annarra vistvænna orkugjafa almenningsvagna og annarra farartækja bæjarins. Allir strætisvagnar bæjarins skulu að jafnaði ganga fyrir vistvænu eldsneyti á skipulagastímabilinu.

Markmið: *Skapa skal íbúum bæjarins heilnæmt og ómengað umhverfi.*

Áhersla: Taka skal tillit til loftgæða við skipulags- og framkvæmdaáætlanir og draga úr útblæstri mengandi lofttegunda. Vernda skal gæði neysluvatns. Samfelld, vandað og öruggt stígakerfi liggja um bæjarlandið allt, þar á meðal um útivistarsvæði og opin svæði, og verði tengt stígakerfum nágrennasveitarfélaga. Stígakerfið gegni bæði hlutverki fyrir samgöngur innanbæjar sem utan og sem almennur útivistar- og íþróttavettvangur til eflingar heilsu bæjarbúa.

Framkvæmd: Í skipulags- og framkvæmdaáætlunum skal eftir því sem við á gera grein fyrir umhverfisþáttum svo sem loftgæðum og vatnsbúskap.

- Með skipulagi og uppbyggingu vandaðs göngu- og hjólreiðastígakerfi og með vistvænum orkugjöfum skal unnið að því að draga úr neikvæðum áhrifum bílaumferðar. Unnið verði sérstakt heildarskipulag fyrir stígakerfi bæjarins og unnin framkvæmdaáætlun á grundvelli þess. Unnið skal áfram að undirbúningi og lagningu útivistarstíga í upplandi bæjarins. Hugað skal að ólíkum þörfum eftir ástíðum, t.d. brautum sem hentað geti skíðagöngufólki. Hugað skal sérstaklega að því að vanda frágang og umhirðu göngu- og hjólastíga. Áhersla skal lögð á skógrækt í bænum og í kraga umhverfis

hann, Græna treflinum, til að binda koltvísýring. Stuðla skal að reglubundnum loftgæðarannsóknnum og því að hljóðvist samræmist ákvæðum reglugerða.

- Efla skal eftirlit með ástandi yfirborðsvatns og koma í veg fyrir mengun þess með aðgerðum við uppsprettu mengunar. Varðveita skal lífríki í og við vatnasvæði og styrkja gildi lækja, ár og strandsvæða fyrir útivist og tómstundaiðju og sem hluta af bæjarmyndinni.

Markmið: *Stuðla skal að viðhaldi líffræðilegrar fjölbreytni með verndun margs konar vistkerfa og kjörlendis dýra og plantna.*

Áhersla: Vernda skal merkileg gróðurlendi og vistkerfi með skilgreiningu verndarsvæða og opinna svæða ofan byggðar. Vernda skal náttúruleg gróðurlendi og vistkerfi utan skógræktarsvæða í kraganum, m.a. á Glerárdal, koma í veg fyrir eyðingu sérstæðra og friðlýstra plantna og vinna skal gegn gróður- og jarðvegseyðingu. Mikilvægt er að staðargróður sé notaður við uppgræðslu. Tryggja skal fjölbreytni fuglalífs með verndun mikilvægra fæðu- og varpstaða fugla.

Framkvæmd: Í skipulags- og framkvæmdaáætlunum skal eftir því sem við á gera grein fyrir gróðurfari og dýralífi og meta áhrif mismunandi kosta. Efla ber kerfisbundna söfnun upplýsinga um einstaka umhverfisþætti.

Umhverfisáhrif markmiða um umhverfi

Umhverfisáhrif markmiða um umhverfi eru að flestu leyti talsvert eða verulega jákvæð en í nokkrum tilvikum óveruleg. Jákvæð áhrif á náttúruminjar stafa af markmiði um afmörkun náttúruverndarsvæða, jákvæð áhrif á vistkerfi, vatn og sjó stafa meðal annars af markmiðum um að vernda vistkerfi, bæta loftgæði og hreinsa frárennsli. Jákvæð áhrif á hagræna þætti stafa af því markmiði að takmarka líkams- og heilsutjón svo og umhverfis- og eignatjón. Allt eru þetta afturkræf áhrif.

Markmið um umhverfi miða öll að því að vernda og bæta það og eru því jákvæð í skilningi tilskipunar 2001/42/EC.

1.3.5 Markmið – menning og samfélagsþjónusta

Markmið: *Viðhalda skal tengslum við sögu og menningararf með verndunaráætlunum fyrir mannvirki og fornminjar.*

Áhersla: Stefna í minjavernd og húsverndarmálum verði hluti af aðalskipulaginu.

Framkvæmd: Unnið skal áfram að fornleifaskráningu á öllu landi Akureyrar og merkingu minja um eldri tíma (t.d. gamlar þjóðleiðir, vörður, gömul landamerki o.fl.) og unnið verði áfram að örnefnaskráningu í bæjarlandinu. Unnið skal áfram að húsaskráningu sem verði stefnumarkandi fyrir deiliskipulag eldri hverfa. Sett verði ákvæði um hverfisvernd á hverfi, húsaraðir eða þyrpingar sem bera sérstök einkenni í byggingarsögu Akureyrar. Gerð verði sérstök skrá yfir byggingar og svæði með varðveislugildi ásamt yngri minjum sem tengjast sögu bæjarins, þótt þær séu ekki friðaðar, og sett verði ákvæði um hverfisvernd á grundvelli hennar.

Markmið: *Menningarstofnanir bæjarins verði áfram þróttmiklar og Akureyri verði áfram þekkt fyrir mikið framboð menningar- og listviðburða.*

Áhersla: Menningarstofnanir höfði til og séu aðgengilegar öllum aldurs- og þjóðfélagshópum, óháð efnahag og hreyfigetu.

Framkvæmd: Þetta verður m.a. gert með því að samtvinna menningar- og listastarfsemi inn í starf skóla og félagsstarf á vegum Akureyrarkaupstaðar. Til að vinna að þessu markmiði verði upplýsingaþjónusta bæjarins í stöðugri þróun og tryggt að auðvelt verði að ná í upplýsingar á vef Akureyrarkaupstaðar og koma þangað ábendingum til bæjaryfirvalda.

Markmið: Uppbygging nýrra íbúðarhverfa skal miðast við að gönguleiðir að skólum séu greiðfærar og ekki of langar.

Áhersla: Skipulag íbúðarhverfa skal taka mið af stærð og staðsetningu grunnskóla. Gönguleiðir að þeim skulu vera greiðfærar, öruggar og skipulagðar með þarfir notenda í huga.

Framkvæmd: Til að tryggja öryggi grunnskólabarna verða öruggar gönguleiðir til skóla kortlagðar og kynntar börnum og foreldrum. Öll börn sem hafa aldur til skulu eiga þess kost að hjóla með öruggum hætti í skólann og í skólunum skal vera örugg aðstaða til að geyma reiðhjól.

Markmið: Uppbygging leikskóla í nýjum íbúðarhverfum skal miðast við að til sé nægilegt leikskólarými í hverju skólahverfi.

Áhersla: Miðað verði við að börn á leikskólaaldri skuli eiga kost á leikskólavistun.

Framkvæmd: Meta skal þörfina á leikskólahúsnæði út frá áætlaðri uppbyggingu hverfa og staðsetning og stærð leikskóla ákveðin í aðalskipulaginu í samræmi við það.

Markmið: Tryggja skal aðstöðu fyrir íþrótt- og æskulýðsstarfsemi og gott aðgengi allra að henni.

Áhersla: Uppbygging íþróttamannvirkja skal svara skilgreindum lágmarksþörfum íþróttafélaga, almennings og skóla. Séð skal fyrir almennum útivistarsvæðum og nauðsynlegum leiksvæðum og boltavöllum fyrir börn og unglunga í og við íbúðarhverfi bæjarins. Einnig skal tryggja góða aðstöðu til tómstundaiðkunar við skóla bæjarins.

Framkvæmd: Tryggt verði að ávallt sé í boði góð þjónusta fyrir íbúa og þeir hafi fjölbreytt tækifæri til menntunar og tómstundaiðu og allir geti tekið þátt í og notið menningarstarfsemi.

Markmið: Félagsþjónusta skal staðsett þannig að aðgengi almennings að henni sé tryggt.

Áhersla: Gera skal ráð fyrir félagslegu húsnæði í skipulagi íbúðarbyggðar og aðstöðu til félags- og tómstundastarfa. Aðgengi fatlaðra að þjónustustofnunum Akureyrar skal ætíð vera greitt.

Framkvæmd: Þetta skal m.a. gert með almenningssamgöngum og greiðum stíga- og gatnatengingum sem mæti þörfum hreyfihamlaðra, barna og eldri borgara. Almennar félagslegar íbúðir skulu dreifast sem mest um hverfi bæjarins og þjónustuíbúðum verði komið fyrir sem næst núverandi þjónustukjörnum þar sem samlegðaráhrif þjónustukjarna eru mikil.

Umhverfisáhrif markmiða um menningu og samfélagsþjónustu

Markmið í menningu- og samfélagsþjónustu eru metin hafa jákvæð umhverfisáhrif á flesta umhverfisþætti. Með framfylgd markmiðanna er komið til móts við þörf íbúa fyrir margvíslega þjónustu og afþreyingu og um leið er líklegt að Akureyri verði enn áhugaverðari og betri búsetukostur en áður.

Markmið í menningu og samfélagsþjónustu eru því ekki talin hafa í för með sér veruleg neikvæð umhverfisáhrif í skilningi tilskipunar 2001/42/EC.

1.4 MEGINÁHERSLUR AÐALSKIPULAGSINS – HRÍSEY OG GRÍMSEY

Þau af framangreindum markmiðum sem eru almenns eðlis eiga einnig við um Hrísey og Grímsey en vegna landfræðilegrar sérstöðu þeirra er hér sérstakur kafli um megináherslur hvað þær varðar.

Hrísey og Grímsey verði vistvænar eyjar sem leggi áherslu á fjölskylduvænt umhverfi, fjölbreytt náttúru- og útivistarsvæði og hátt þjónustustig. Gert er ráð fyrir að sjálfbær þróun verði leiðarljós við skipulag og framkvæmdir.

Megináherslur eru:

- Að stuðla að fjölskylduvænu samfélagi þar sem íbúum líður vel, í sátt hver við annan og umhverfið.
- Að stuðla að fjölbreyttu mannlífi með margvíslegum tækifærum til fjölbreyttra athafna og útiveru.
- Að bjóða íbúum góð skilyrði og laða að fólk til búsetu í eyjunum.
- Að stuðla að góðri og fjölbreyttri þjónustu og afþreyingu.
- Að stuðla að markvissri upbyggingu.
- Að efla atvinnulíf.
- Að renna styrkari stoðum undir ferðaþjónustu sem byggir á sérstöðu eyjanna.
- Að stuðla að góðum samgöngum til og frá eyjunum.
- Að standa vörð um vernd grunnvatns sem nytjavatns fyrir íbúa og fyrir atvinnustarfsemi.
- Að stuðla að aðlaðandi, heilsusamlegu og vel skipulögðu umhverfi.
- Að stuðla að sjálfbæru samfélagi þar sem nýting lands, auðlinda og mannauðs sé í samræmi við markmið um sjálfbæra þróun.

1.4.1. Áherslur - byggð

- Íbúar eyjanna njóti bestu lífsgæða í fögru og öruggu umhverfi þar sem íbúðir og íbúðarhverfi uppfylli þarfir íbúa á mismunandi aldri.
- Stefnt er að því að efla enn frekar þéttbýliskjarnana en að uppbygging íbúðarsvæða utan þeirra verði takmörkuð.
- Tryggt verði fjölbreytt framboð íbúðarlóða og að þéttbýlismyndun verði sem samfelldust, m.a. til að tryggja góða nýtingu lagna- og gatnakerfis, auðvelda þjónustu við byggðina og til að skapa samfelldara yfirbragð þéttbýlis.
- Gönguleiðir verði þéttar og greiðar svo að jafnaði sé auðvelt að komast gangandi eða hjólandi um hverfin og út í náttúruna.

1.4.2 Áherslur - atvinnulíf

- Að viðhalda og byggja upp verslunar- og þjónustusvæði í eyjunum.
- Að stuðla að auknum atvinnutækifærum á sviði verslunar- og þjónustu.
- Að auka þjónustu og afþreyingu fyrir ferðamenn.
- Að stuðla að uppbyggingu athafnasvæða til að renna styrkari stoðum undir byggð.
- Að viðhalda þeim höfnum í þéttbýlinu sem fyrir eru.
- Að efla hafnsækna starfsemi við núverandi hafnir.
- Að efla þjónustu við trillur og skemmtibáta við núverandi hafnir.

1.4.3. Áherslur - samgöngur og veitukerfi

- Við skipulag samgangna innan þéttbýlis hafi gangandi og hjólandi vegfarendur forgang.
- Eyjarnar allar utan hellulagðra gatna verði skilgreindar sem 30 km/klst. hverfi.

- Til að auka frekar öryggi gangandi vegfarenda er stefnt að því að allar húsagötur í þéttbýlinu (hellulagðar götur) verði skilgreindar sem vistgötur með 15 km/klst. hámarkshraða.
- Stefnt er að öflugum almenningssamgöngum með ferju til og frá eyjunum og áframhaldandi flugsamgöngum við Grímsey.
- Íbúar eyjanna skulu ávallt hafa greiðan aðgang að nægilegu neysluvatni í hæsta gæðaflokki.
- Orkunotkun í eyjunum valdi eins litlu álagi á náttúruna og kostur er.
- Gera almennar úrbætur á fráveitukerfi til að tryggja íbúum hreinlegt umhverfi og fjörur.
- Mengun fráveituvatns verði haldið í lágmarki. Uppfylltar séu kröfur um fráveitur og skolp varðandi hreinsun á skolpi áður en því er veitt til sjávar.
- Stefnt er að því að íbúum verði á hverjum tíma gefinn kostur á hágæða fjarskiptakerfum.

1.4.4 Áherslur – umhverfi

- Íbúum eyjanna verði tryggð fjölbreytt aðstaða til útiveru, náttúruskoðunar og íþrótt- og tómstundastarfs.
- Við skipulag opinna svæða verði hugað að því að draga fram náttúrufarslega og sögulega sérstöðu eyjanna.
- Efla skal starfsemi á sviði útivistar og ferðaþjónustu í eyjunum.
- Viðhalda skal þeim svæðum fyrir frístundabyggð sem fyrir eru í eyjunum.
- Uppbygging nýrra húsa á frístundasvæðum verði í samræmi við þá byggð sem fyrir er.
- Á þeim svæðum sem eru mikilvæg fyrir útivist og náttúruskoðun skal gera ráð fyrir merkingum og góðu aðgengi eftir því sem aðstæður leyfa.
- Fylgst verði náið með sjóvarnargörðum í eyjunum og þeim viðhaldið þannig að þeir teljist fullnægjandi varnir gegn ágangi sjávar.
- Metin verði þörf á aðgerðum vegna landbrots af völdum sjávargangs.
- Tryggt skal að ávallt sé til nægilegt vatn fyrir vatnsveitur í eyjunum.
- Efnisnám spilli ekki lífríki, náttúru- og menningarminjum, landslagi og útivistarsvæðum. Efnisnáma skal skynsamlega nýtt og í samræmi við hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar.
- Leita skal hagkvæmra leiða til að draga úr magni úrgangs til förgunar.
- Unnið verði að endurnýtingu og endurvinnslu þar sem það er mögulegt.
- Áhersla skal lögð á jarðgerð lífræns úrgangs.

1.4.5 Áherslur - menning og samfélagsþjónusta

- Opinber þjónusta verði eflid fyrir íbúa eyjanna, m.a. á sviði skólamála til að renna styrkari stoðum undir byggð.
- Lögð verði áhersla á kraftmikið íþrótt- og tómstundastarf með góðri aðstöðu.
- Aukin verði samvinnu á sviði þjónustumála innan sveitarfélagsins og við nágrennasveitarfélög.

1.5 SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM MATS Á UMHVERFISÁHRIFUM AÐALSKIPULAGSINS

Markmið	Helstu áhrif	Mótvægisáðgerðir	Niðurstaða
Byggð	<p>Pétt byggð Minni landnotkun Vandað búsetu-umhverfi Falleg bæjarmynd Friðlýsing svæða Hverfisvernd byggðar Verndun vistkerfa Skjólmyndun Aukið mannlíf Fjölbreyttar íbúðagerðir, Meiri landnotkun Röskun náttúruminja Röskun vistkerfa Loftmengun Staðbundin mengun á þéttingarsvæðum</p>	<p>Vönduð skipulagsvinna Draga úr vægi einkabílsins Efla almenningsamgöngur Áhersla á göngu og hjóleiðar Verndun skóglendis ofan Innbæjar</p>	<p>Jákvæð áhrif eru talin hafa meira vægi en neikvæð þegar heildaráhrif eru metin. Neikvæð áhrif á vistkerfi og andrúmsloft eru talin vegin upp með jákvæðum áhrifum á aðra umhverfisþætti.</p> <p>Í heild er talið að umhverfisáhrif af markmiðum um byggð hafi ekki í för með sér veruleg neikvæð umhverfisáhrif í skilningi laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana og tilskipunar 2001/42/EB.</p>
Atvinnumál	<p>Styrking mibæjar Áhugi á að vernda minjar Meira mannlíf Styrkara atvinnulíf Auknar tekjur Gengið á græn svæði Skyggt á fallega húsaröð Aukið frárennsli Aukið afrennsli af götum Kostnaður við grunngerð</p>	<p>Vandaðir skipulagsskilmálar Hafa atvinnusvæðin snyrtileg Takmarka röskun grænna svæða Hreinsistöð fráveitu Skóða að leiða afrennsli af aðalumferðaræðum burt Gæta hagkvæmni við uppbyggingu grunngerðar.</p>	<p>Neikvæð áhrif eru talin hafa heldur meira vægi en jákvæð þegar heildaráhrif eru metin. Áhrif á náttúru- og menningarmínjar eru jákvæð en þó metin að nokkru leyti óviss. Hagræni og samfélagslegir þættir verða fyrir verulegum jákvæðum áhrifum. Markmið í atvinnumálum hafa neikvæð umhverfisáhrif á vatn, sjó og andrúmsloft og einnig á heilsu og öryggi. Vægi áhrifanna eru metin vera talsverð.</p> <p>Atvinnumál eru þó ekki talin valda verulegum neikvæðum umhverfisáhrifum í skilningi tilskipunar 2001/42/EC.</p>
Samgöngur	<p>Minna land undir tengibrautir Loftlínur hverfa Minjum hugsanlega hlíft Vistkerfum hugsanlega hlíft Bætt umferðaröryggi Betri almenningsamgöngur Betra stígakerfi Bættar flugsamgöngur Betri samgöngur á sjó Röskun lands vegna jarðstrengja Aukin umferð Verri hljóðvist Meiri mengun lofts Meira afrennsli af götum Skert umferðaröryggi</p>	<p>Takmarka vinnusvæði við lagningu jarðstrengja Vanda frágang svæðisins Draga úr vægi einkabílsins Styrkir til hljóðeinangrunar Skóða að leiða afrennsli af aðalumferðaræðum burt Bæta öryggi á gatnamótum og við skóla</p>	<p>Markmið um samgöngur og veitukerfi hafa jákvæð áhrif á land og vistkerfi sem felast í brottfalli tengibrautar frá fyrra skipulagi og áherslu á að veitukerfi byggi á verndun vistkerfa. Áhrifin á umhverfis- og menningarmínjar eru óviss, Neikvæð áhrif á landslag og ásýnd stafa af raski við lagningu jarðstrengja. Jákvæð áhrif á vatn og andrúmsloft, heilsu og öryggi stafa af markmiðum um að minnka vægi einkabílsins og aðgerðum í öryggismálum en neikvæðu áhrifin af fjölgun bíla og þar með auknum útblæstri og slyshættu. Jákvæð áhrif á hagræna þætti stafa af eflingu flugvallarins og þjónustu við skemmtiferðaskip, en neikvæðu áhrifin af umferðarslysum og kostnaði vegna þeirra.</p> <p>Í heildina eru jákvæð áhrif talin veruleg en neikvæð áhrif talsverð. Niðurstaðan er því sú að markmið í samgöngumálum eru ekki talin hafa í för með sér veruleg neikvæð umhverfisáhrif í skilningi tilskipunar 2001/42/EC.</p>
Markmið	Helstu áhrif	Mótvægisáðgerðir	Niðurstaða
Umhverfi	<p>Minjum hlíft Vistkerfum hlíft Minni bílaumferð Minni mengun Hvatning til útiveru Minna líkams- og heilsutjón</p>	<p>Nota deiliskipulag markvisst til að draga úr umhverfisáhrifum</p>	<p>Áhrif markmiða um umhverfi eru að flestu leyti talsvert eða verulega jákvæð. Jákvæð áhrif á náttúrumínjar stafa af markmiði um afmörkun náttúruverndarsvæða, jákvæð áhrif á vistkerfi, vatn og sjó stafa meðal annars af markmiðum um að vernda vistkerfi og bæta loftgæði og hreinsa frárennsli. Jákvæð áhrif á hagræna þætti stafa af því markmiði að takmarka líkams- og heilsutjón auk umhverfis- og eignatjóns.</p> <p>Markmið um umhverfi hafa því ekki í för með sér veruleg neikvæð umhverfisáhrif í skilningi tilskipunar 2001/42/EC.</p>

Menning samfélagsþjónusta	Betri útivistarsvæði Verndun eldri byggðar Verndun fornminja Hverfisvernd húsaða Próttmiklar menningarstofnanir Bætt tómstundaaðstaða Bætt félagsþjónusta Kostnaður við fornleifaskráningu Heftir verðmæta uppbyggingu	Ekki metin þörf á mótvægisáðgerðum.	Markmið í menningu og samfélagsþjónustu eru metin hafa jákvæð áhrif á flesta umhverfisþætti. Með framfylgd markmiðanna er komið til móts við þörf íbúa fyrir margvíslega þjónustu og afþreyingu og um leið er líklegt að Akureyri verði enn áhugaverðari og betri búsetukostur en áður. Markmið í menningu og samfélagsþjónustu eru því ekki talin hafa í för með sér veruleg neikvæð umhverfisáhrif í skilningi tilskipunar 2001/42/EC.
--------------------------------------	---	--	--

Grænt = jákvæð áhrif

Rautt = neikvæð áhrif

++ áhrif stefnumiðs á viðmið umhverfisþáttar eru talin vera veruleg jákvæð

+ áhrif stefnumiðs á viðmið umhverfisþáttar eru talin vera talsverð jákvæð

0 umhverfisáhrif stefnumiðs eru talin óveruleg

- áhrif stefnumiðs á viðmið umhverfisþáttar eru talin vera talsverð neikvæð

-- áhrif stefnumiðs á viðmið umhverfisþáttar eru talin vera veruleg neikvæð

Ó áhrif stefnumiðs á viðmið umhverfisþáttar eru óljós

Niðurstaða.

Markmið aðalskipulags Akureyrar hafa bæði neikvæð og jákvæð umhverfisáhrif. Í flestum tilfellum eru jákvæðu áhrifin metin vera talsverð að vægi en einnig eru greind veruleg jákvæð áhrif á landslag og ásýnd, náttúru- og menningarminjar, vistkerfi, vatn og loft og heilsu og öryggi. Neikvæð áhrif greinast að einhverju leyti á alla þætti en eru aldrei metin sem veruleg og með mótvægisáðgerðum má draga úr vægi þeirra og auka jákvæð áhrif. Áhrifin geta einnig verið óljós, til að mynda er erfitt að meta áhrif af aukinni iðnaðarstarfsemi á loftgæði á meðan ekki er vitað hvers konar ný starfsemi mun koma á iðnaðarsvæðin. Ennfremur geta samlegðaráhrif orðið talsverð og bætast þá ofan á áhrif frá einstökum mengunarvöldum. Neikvæð umhverfisáhrif geta því orðið veruleg þó ekki hafi þau verið greind við þær forsendur sem nú liggja til grundvallar.

Niðurstaða matsins er því að markmið aðalskipulags Akureyrar hafi ekki í för með sér umtalsverð neikvæð umhverfisáhrif í skilningi tilskipunar 2001/42/EC.

1.6. TENGSL MARKMIÐA VIÐ SKIPULAGIÐ

Aðalskipulag er ekki einungis uppdráttur sem sýnir landnotkun að einhverjum ákveðnum tíma liðnum heldur er það rammi um það hvernig haga skuli uppbyggingu samfélagsins til að skapa það umhverfi sem við viljum búa í. Markmiðin hafa því ekki einungis tengsl við skipulagsuppdráttinn heldur eru þau leiðarvísir fyrir alla deiliskipulagsgerð og uppbyggingu innan sveitarfélagsins. Aðalskipulagið setur ekki einungis landfræðileg og talnaleg mörk heldur er það einnig forskrift um það hvernig deiliskipulagi og hönnun skuli háttað. Markmiðunum verður því fyrst og fremst náð með vönduðu deiliskipulagi og hönnun mannvirkja og umhverfis sem hafi markmið aðalskipulagsins að leiðarljósi.

1.7. VALKOSTIR UM BYGGÐARÞRÓUN

Akureyri

Í samræmi við Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018 hefur íbúðarbyggðin þróast til vesturs og suðurs. Þróunarmöguleikar fyrir nýbyggingarsvæði til vesturs eru að mestu fullnýttir vegna hæðar yfir sjávarmáli.

Þrír aðalvalkostir fyrir framtíðarþróun byggðarinnar eru til suðurs, til norðurs og þétting núverandi byggðar.

Þróunarmöguleikar fyrir nýbyggingarsvæði til suðurs eru miklir og Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018 sýnir áframhaldandi uppbyggingu Naustahverfis sem getur nægt að mestu fyrir uppbyggingu íbúðarhverfa næstu ár eða áratugi.

Nokkrir möguleikar eru fyrir nýbyggingarsvæði til norðurs og í Aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018 er sýnt hverfi austan Krossanesbrautar og annað norðan Síðuhverfis sem nær að sveitarfélagamörkum Akureyrar og Hörgársveitar. Svæðisskipulag Eyjafjarðar gerir ráð fyrir að byggðin þróist til norðurs, sjá kafla 3.3 um samræmi við svæðisskipulagið.

Miklir möguleikar eru fyrir þéttingu byggðar og munu þeir að mestu nægja út skipulagstímabilið.

Ókostur við þróun íbúðarhverfa til suðurs er að þau svæði eru fjærst atvinnusvæðum í miðbæ og í norðurhluta bæjarins. Betri kostur er að nýta hverfi í norðurhluta bæjarins og besti kosturinn er þétting byggðar sem nýtir best þá grunngerð sem fyrir er og stuðlar að styttri vegalengdum milli íbúða annars vegar og atvinnu og þjónustu hins vegar. Sú leið sem valin er í nýju aðalskipulagi er að takmarka uppbyggingu íbúðarhverfa til suðurs en beina þróun á þéttingarsvæði og til norðurs.

Í markmiðum skipulagsins er kveðið á um að núverandi byggð skuli þétt þar sem það á við, m.a. með endurskipulagningu vannýttra svæða. Leitast verði við að fullnýta byggingarmöguleika svæða nálægt miðbænum áður en uppbygging hefst á svæðum sem lengra eru í burtu. Við endurskipulagningu byggðar verði leitað að leiðum til þéttingar byggðar og stuðlað að endurnýtingu vannýttra lóða og svæða með starfsemi sem lokið hefur sínu hlutverki.

Á nokkrum stöðum eru ónýttir þéttingarmöguleikar. Þar má telja svæði við Hofsbót í miðbæ Akureyrar samkvæmt miðbæjarskipulagi Akureyrar, svæði við Melgerðisás, svæði meðfram Krossanesbraut, svæði meðfram Borgarbraut og svæði vestan Gerðahverfis milli svæðis Háskólans og Pálmholts, sjá nánar í kafla 2.2.1 Íbúðarbyggð. Í aðalskipulaginu 2005-2018 er það svæði ætlað fyrir blöndu þjónustustofnana og opins svæðis til sérstakra nota fyrir háskólasvæði og útivistarsvæði. Þar sem mörk notkunarflata innan þessa svæðis eru óskilgreind og umfang svæðisins byggist ekki á áætlun um uppbyggingu eða landnotkun Háskólans má skoða aðra notkun þess en það hentar vel fyrir íbúðarbyggð og tengingar við gatnakerfið eru fyrir hendi.

Varðandi atvinnusvæði gerir aðalskipulagið 2005-2018 ráð fyrir uppbyggingu athafna- og iðnaðarsvæða til norðurs, á Gleráreyrum, út með Hörgárbraut og í Krossanesbót og er þeirri stefnu haldið í þessu aðalskipulagi. Þó svo að æskilegt væri að auka atvinnusvæði til suðurs, t.d. með því að taka hluta Naustahverfis fyrir slík svæði, er tenging þeirra við samgöngukerfið ekki eins góð og svarar því ekki þörfum atvinnusvæða að því leyti. Ekki er gert ráð fyrir mikilli uppbyggingu á hafnarsvæðinu, samanber stefnumörkun svæðisskipulagsins. Aðalskipulag Hörgársveitar gerir ráð fyrir iðnaðarsvæði hinum megin sveitarfélagamarkanna og er mikilvægt að samvinna sé milli sveitarfélaganna um eðli þess iðnaðar þannig að uppbyggingarmöguleikar íbúðarsvæðisins séu ekki skertir.

Hrísey

Ekki er gert ráð fyrir að þörf sé fyrir nýbyggingarsvæði í Hrísey umfram þau sem eru í gildandi aðalskipulagi Hríseyjar frá 1988.

Grímsey

Ekki er gert ráð fyrir að þörf sé fyrir nýbyggingarsvæði í Grímsey umfram þau sem eru í gildandi aðalskipulagi Grímseyjar frá 1996.

2. SKIPULAGSTILLAGA

2.1 LANDNOTKUNARFLOKKAR OG SKIPULAGSÁKVÆÐI

Tillögur um notkun lands byggjast á skilgreiningum skipulagsreglugerðar nr. 9/2013. Nánar verður kveðið á um landnotkun og nýtingu lands í deiliskipulagsskilmálum einstakra hverfa. Afmörkun reita eftir landnotkun fer eftir lóðamörkum.

2.1.1 Íbúðarbyggð

Almenn ákvæði:

Á öllum íbúðarsvæðum gilda þau ákvæði að þar skal fyrst og fremst gera ráð fyrir íbúðarhúsnæði. Þar má þó einnig gera ráð fyrir starfsemi sem eðlilegt er að þar sé til þjónustu við íbúa viðkomandi hverfis, svo sem verslunum, þjónustustarfsemi og leiksvæðum, einnig hreinlegum iðnaði eða starfsemi sem muni ekki valda óþægindum vegna mengunar eða umferðar. Gæta skal sérstaklega að búsetuhagsmunum íbúa varðandi nágrenni við slíka starfsemi. Bensínafgreiðslur eru ekki heimilar í íbúðarhverfum. Á íbúðarsvæðum eru leiksvæði sýnd með sér merkingu L. Rekstrarleyfis skyld skammtímaleiga og heimagisting í fjölbýlishúsum er aðeins heimil að fyrir liggja skriflegt samþykki allra meðeigenda í húsinu. Í íbúðarhverfum er það ávallt skilyrði að húseigandi hafi þar einnig skráða búsetu. Orlofsíbúðir eru þó undanskildar. Mögulegt er að skilgreina hlutfall gistieininga á hverjum íbúðarreit í deiliskipulagi. Heimild um íbúðarhúsnæði, sem sérstaklega er ætlað til útleigu ferðamanna, skal skilgreinast sérstaklega í deiliskipulagi.

Skýring: Heimagisting er gisting á einkaheimili leigusala eða í annarri fasteign sem hann hefur til persónulegra nota og er í hans eigu. Starfsemin telst heyra undir atvinnurekstur standi gistingin lengur en 90 daga á ári og er þá rekstrarleyfis skyld. Skammtímaleiga er leiga sem stendur skemur en 30 daga.

Sérákvæði: Á íbúðarreitum ÍB1, ÍB2, ÍB3, ÍB4, ÍB6, ÍB10, ÍB12 og ÍB24 merktum með * gilda sérstakar kvaðir eða heimildir.

Í töflum hér á eftir er blanda íbúðagerða táknað með e=einbýlishús, r=raðhús og parhús og f=fjölbýlishús. Hlutfall þeirra í prósentum er táknað með tölu aftan við skástrik. Þessar tölur eru til viðmiðunar en ekki bindandi fyrir deiliskipulag.

Nr.	Heiti	Svæði	Stærð ha	Lýsing og sérákvæði reita
ÍB1*	Fjaran, Lækjargil, Spítalastígur	Innbær	18,3	Eldri byggð með varðveislugildi ásamt nýrri byggð. <i>Sérákvæði: Á svæðinu er elsti hluti byggðar á Akureyri. Halda skal yfirbragði svæðisins og nýbyggingar og breytingar einstakra húsa skulu vera í samræmi við aðliggjandi húsaraðir, sjá enn fremur kafla 2.1.25 Hverfisverndarsvæði. Á svæði sem afmarkast af Hafnarstræti, Aðalstræti og Drottningarbraut er verslunar- og þjónustuhúsnæði heimilt á lóðum sem þar eru fyrir.</i>
Nr.	Heiti	Svæði	Stærð ha	Lýsing og sérákvæði reita

ÍB 2*	Oddeyrin	Oddeyri	21,5	Eldri byggð með varðveislugildi ásamt nýrri byggð. Þétting möguleg. <i>Sérákvæði: Á svæðinu er elsti hluti byggðar á Akureyri. Halda skal yfirbragði svæðisins og nýbyggingar og breytingar einstakra húsa skulu vera í samræmi við aðliggjandi húsaraðir, sjá kafla 2.1.25 Hverfisverndarsvæði.</i>
ÍB 3*	Ytri Brekka austur	Norðurbrekka	17,9	Smágerð íbúðarbyggð, aðallega frá 1930-1970. <i>Sérákvæði: Á svæðinu eru húsaraðir frá fyrri hluta og miðbiki 20. aldarinnar. Halda skal yfirbragði svæðisins og nýbyggingar og breytingar einstakra húsa skulu vera í samræmi við aðliggjandi húsaraðir, sjá enn fremur kafla 2.1.25 Hverfisverndarsvæði.</i>
ÍB4*	Ytri Brekka vestur	Norðurbrekka	23,0	Smágerð íbúðarbyggð, aðallega frá 1950-1970. Þétting áformuð, 85 íbúðir í fjölbýlishúsum. <i>Sérákvæði: Á svæðinu eru húsaraðir frá fyrri hluta og miðbiki 20. aldarinnar. Halda skal yfirbragði svæðisins og nýbyggingar og breytingar einstakra húsa skulu vera í samræmi við aðliggjandi húsaraðir, sjá enn fremur kafla 2.1.25 Hverfisverndarsvæði, Hverfisvernd byggðar.</i>
ÍB5	Klettaborg	Norðurbrekka	4,5	Nýleg byggð, smágerð.
ÍB6*	Svæði austan Háskólans á Akureyri	Sólborg	1,5	Óbyggt svæði, ódeiliskipulagt. Þétting áformuð. <i>Sérákvæði: Svæðið er ætlað fyrir íbúðir stúdenta og kennara.</i>
ÍB7	Svæði norðan og austan MA	Suðurbrekka	3,9	Smágerð íbúðarbyggð frá ýmsum tímum.
ÍB8	Syðri Brekka og Eyrarlandsholt	Suðurbrekka/ Lundahverfi	47,0	Smágerð íbúðarbyggð, fjölbýlishús nyrst. Byggt eftir 1960. Þétting áformuð, 10+ íbúðir í raðhúsum.
ÍB9	Kotár- og Setbergssvæði	Gerðahverfi	11,1	Smágerð íbúðarbyggð. Byggt eftir 1960. Þétting áformuð, 5 einbýlishús.
ÍB10	Hverfi ofan Dalsbrautar	Gerðahverfi	14,1	Smágerð íbúðarbyggð, nýleg.
ÍB11*	Kotárborgir	Gerðahverfi	5,0	Þéttingarsvæði, ódeiliskipulagt. 100-150 íbúðir, blönduð byggð. <i>Sérákvæði: Byggðin skal felld að landslagi og svæði á náttúruminjaskrá við Glerá. Klappir verði óhreyfðar eins og kostur er. Endanleg tala íbúða miðast við þá útfærslu og verður ákveðin í deiliskipulagi.</i>
Nr.	Heiti	Svæði	Stærð ha	Lýsing og sérákvæði reita

ÍB12	Lundarsvæði	Lundahverfi	34,5	Blönduð íbúðarbyggð, nýleg.
ÍB13*	Naustahverfi 1 og 2	Naustahverfi	53,5	Íbúðarbyggð af blandaðri gerð, nýleg. Þétting áformuð, 40 íbúðir í raðhúsum. Sérákvæði: Á svæði við Tjarnartún/Naustagötu eru einnig geymslur fyrir Minjasafn Akureyrar og verður byggingarreitir fyrir stækkun hússins óbreyttur.
ÍB14	Hagahverfi	Naustahverfi	19,4	Íbúðarbyggð af blandaðri gerð, í byggingu.
ÍB15	Austan Naustabrautar	Naustahverfi	11,3	Nýbyggingarsvæði, íbúðarbyggð af blandaðri gerð, óbyggt, ódeiliskipulagt.
ÍB16	Holtahverfi, Glerásvæði	Holtahverfi	4,4	Smágerð íbúðarbyggð frá árunum 1950-1980.
ÍB17	Svæði norðan Hörgárbrautar	Holtahverfi	11,0	Smágerð íbúðarbyggð frá árunum 1950-1980.
ÍB18	Svæði norðan Krossanesbrautar	Holtahverfi	7,0	Einstök hús, að mestu óbyggt svæði, ódeiliskipulagt. Þétting byggðar, u.þ.b. 150 íbúðir, blönduð byggð.
ÍB19	Svæði vestan Hörgárbrautar, Glerásvæði	Hlíðahverfi	19,0	Blönduð íbúðarbyggð frá ýmsum tímum.
ÍB20	Svæði austan Hlíðarbrautar	Hlíðahverfi	25,9	Blönduð íbúðarbyggð frá ýmsum tímum. Þétting áformuð, 125 íbúðir, blönduð byggð.
ÍB21	Síðuhverfi	Síðuhverfi	64,7	Blönduð íbúðarbyggð og þéttingarsvæði. Þétting áformuð, 30 íbúðir í raðhúsum.
ÍB22	Giljahverfi	Giljahverfi	40,7	Blönduð íbúðarbyggð og þéttingarsvæði.
ÍB23	Svæði norðan Síðubrautar og vestan Borgarbrautar	Norðan byggðar	51,4	Nýbyggingarsvæði, óbyggt og ódeiliskipulagt.
ÍB24	Hesjuvellir	Ofan byggðar	-	Íbúðarhús.
	Samtals Akureyri		510,6	
ÍB25*	Svæði frá Selaklöpp að Stekkjarnefi	Hrísey	16,1	Smágerð byggð frá ýmsum tímum. Á núverandi íbúðarsvæði í þéttbýlinu eru einnig heimilar þjónustustofnanir.
*	Samtals Hrísey		16,1	<i>Nokkur stök hús utan íbúðarsvæða í Hrísey eru innan óbyggðra svæða og ekki merkt sérstaklega.</i>
ÍB26	Svæði við Hafnargötu	Grímsey	4,2	Smágerð íbúðarbyggð frá ýmsum tímum.
ÍB27	Svæði við Holtagötu	Grímsey	2,6	Smágerð íbúðarbyggð frá ýmsum tímum.
	Samtals Grímsey		6,8	

Tafla 3. Yfirlit yfir íbúðarsvæði.


Nýbyggingarsvæði ÍB

Einu nýbyggingarsvæði tímabilsins eru Hagahverfi, sem nú er í byggingu, auk svæða austan Naustabrautar og norðan Síðubrautar. Ekki er fyrirhugað að halda áfram með þriðja áfanga Naustahverfis að öðru leyti.


Heiti	Svæði	Stærð ha	Íbúðategundir viðmið	Þéttleiki	Fjöldi íbúða
Hagahverfi ÍB13	Naustahverfi	19,4			540
Svæði austan Naustabrautar ÍB14	Naustahverfi	11,3	e/20, r/40, f/40	26*	85
Svæði norðan Síðubrautar og vestan Borgarbrautar ÍB22	Síðuhverfi	51,4	e/20, r/40, f/40	26*	1340
SAMTALS		82,1			1965

Tafla 1. Yfirlit yfir nýbyggingarsvæði

* Sjá útreikning þéttleika í kafla 3.3.5



Íbúðarsvæði aðalskipulagsins



Þéttlingarsvæði og nýbyggingarsvæði

Þéttlingarsvæði

Þéttling íbúðarbyggðar er möguleg innan eldri hluta Akureyrar á óbyggðum svæðum innan byggðarinnar, við endurskipulagningu svæða með úrelta starfsemi eða starfsemi sem er ekki lengur þörf fyrir eða betur staðsett annars staðar. Auk þess er þéttling möguleg á einstökum lóðum utan þessara svæða og hugsanlega má þetta byggð með hækkun einstakra fjölbýlishúsa. Hvort tveggja þarfnast sérstakrar skoðunar í hverju tilviki.

Heiti	Svæði	Stærð ha	Íbúðategundir til viðmiðunar	Þéttleiki	Fjöldi íbúða viðmiðunartölur
2 Skipagata, bílastæði o.fl.	Miðbær	Sbr. deili-skipulag	f/100	Sbr. deili-skipulag	70-100
2 Akureyrarvöllur, þróunarsvæði	Miðbær	Hluti svæðis	f/100 (2-3 hæðir) næst Smáragötu og Glerárgötu	30*	100-150
Hvannavallareitur, þróunarsvæði	Oddeyri, svæði VP3	Hluti svæðis	Efri hæðir VP húsa	-	60

Furuvellir, endurnýting svæðis, þróunarsvæði	Oddeyri, svæði VP5	Hluti svæðis	Efri hæðir VP húsa	-	75
Heiti	Svæði	Stærð ha	Íbúðategundir til viðmiðunar	Þéttleiki	Fjöldi íbúða viðmiðunartölur
Hjalteyrargata-Laufásgata, endurnýting svæðis, þróunarsvæði	Oddeyri, svæði AT1	Hluti svæðis	Efri hæðir AT húsa	-	100
Svæði ofan Glerártorgs, autt svæði, ódeiliskipulagt	Ytri brekka vestur ÍB4	0,9	f/100	95	85
Svæði austan Háskólasvæðis, autt svæði, ódeiliskipulagt	Norðurbrekka, tengt ÍB5	1,5	e/20, r/40, f/40	26	40
Svæði sunnan Háskólans	S20	2,0	r/f	-	60
Tjaldsvæðisreitir, þróunarsvæði	Suðurbrekka, tengt ÍB8	2,1	-	20**	?
Svæði Dalsbraut/Hamragerði, autt svæði meðfram Dalsbraut	Gerðahverfi, tengt ÍB8	0,6	5 einbýlishús	-	5
Svæði Dalsbraut/Stóragerði, autt svæði meðfram Dalsbraut	Gerðahverfi, tengist ÍB9	0,8	12 íbúðir, raðhús	-	12
Kotárborgir, autt svæði, ódeiliskipulagt	Gerðahverfi	5,0	e/30, r/50, f/20	22	100-150
KA-svæði, æfingavöllur, ódeiliskipulagt	Lundahverfi, tengt ÍB10	0,9	r/100	20	25
Naust 3, áður safnasvæði, að mestu óbyggt, ódeiliskipulagt	Naustahverfi, tengt ÍB12	2,0	r/80, e/20	20	40
Krossanesbraut, að mestu óbyggt, ódeiliskipulagt	Holtahverfi ÍB17	7,0	e/20, r/40, f/40	26	150
Melgerðisás, Skarðshlíð	Hlíðahverfi, tengist ÍB18	Sbr. deiliskipulag	e/5, f/95	Sbr. deiliskipulag	100
Skarðshlíð, æfingavöllur o.fl.	Hlíðahverfi, tengt ÍB19	Sbr. deiliskipulag	e/5, f/95	Sbr. deiliskipulag	55
Vestursíða, lítil svæði dreifð, ódeiliskipulagt	Síðuhverfi, tengt ÍB20	0,9	r/100	20	20
SAMTALS					1100-1230

Tafla 2. Yfirlit yfir þéttingarsvæði

* Lág fjölbýlishúsabyggð sem skyggir ekki alveg á byggð við Brekkugötu

** Hér er gert ráð fyrir þéttleika raðhúsabyggðar 20 íb/ha

Við tímasetningu og forgangsröðun svæðanna er farið eftir stöðu þeirra í aðalskipulags- og deiliskipulagsferli, aðgengileika/kostnaði og hvort einhverjar hindranir seinki notkun þeirra. Miðað er við að á hverju tímabili sé íbúðapörf uppfyllt, sbr. kafla 3.2.3. Gert er ráð fyrir að uppbygging svæðanna geti staðið yfir sem hér segir:

2017-2019: Hagahverfi, Melgerðisás. Samtals um 640 íbúðir.

Fyrri hluti skipulagstímabilsins: Svæði austan Krossanesbrautar, svæði ofan Glerártorgs, svæði norðan Síðubrautar og vestan Borgarbrautar. Svæði við Naust 3, Hrafnagilsstræti/Byggðavegur, svæði Dalsbraut/Hamragerði, svæði Dalsbraut/Stóragerði, Skarðshlíð, Vestursíða. Samtals 2040 íbúðir.

Síðari hluti skipulagstímabilsins: Skipagata, Akureyrarvöllur, KA æfingavöllur, Kotárborgir, svæði austan Naustabrautar. Samtals 400-500 íbúðir.

Ótímasett eru: Hvannavallareitur, Furuvellir og Hjalteyrargata/Laufásgata þar sem þar er um að ræða breytingu eða endurbyggingu húsnæðis sem er í eigu einstaklinga. Einnig svæði Háskólans en tímasetning ákveðst af Háskólaráði. Samtals um 380-510 íbúðir.

Alls 3060-3190 íbúðir.

2.1.2 Miðbær og miðsvæði (M)

Almenn ákvæði:

Á miðsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi og stjórnsýslu sem þjónar heilu landsvæði, bænum í heild sinni eða fleiri en einu bæjarhverfi, s.s. verslunum, skrifstofum, þjónustustofnunum, veitinga- og gistihúsum, menningarstofnunum, bílastæðahúsum og hreinlegum iðnaði. Þar sem aðstæður leyfa má gera ráð fyrir íbúðarhúsnæði, sérstaklega á efri hæðum bygginga. Á hluta miðbæjarsvæðisins er elsti hluti byggðar á Akureyri. Halda skal yfirbragði þess og nýbyggingar og breytingar einstakra húsa skulu vera í samræmi við aðliggjandi húsaðir, sjá enn fremur kafla 2.1.25 Hverfisverndarsvæði. Þar sem sýnt er að ekki sé hægt að uppfylla bílastæðakröfur innan lóðar má sækja um til skipulagsyfivalda að uppfylla þær á almennum bílastæðum á miðsvæðinu gegn greiðslu sérstaks gjalds í bílastæðasjóð eða leigu á fastleigustæðum, til dæmis í væntanlegu bílastæðahúsi.



Reitaskipting miðbæjarins (vantar að bæta Leikhúsflötinni hér inn),

Merking	Heiti	Stærð ha	Lýsing og sérákvæði reita
M1	Miðbær Akureyrar	27,5	Miðbær Akureyrar og nánasta bakland, Akureyrarvöllur og æfingavöllur, flöt neðan Leikhúss. <i>Sérákvæði: Á reit 2 í deiliskipulagi miðbæjar frá 2014 er almennt ekki heimilt að breyta verslunar- og skrifstofurými í gistirými, sjá kort hér að ofan. Á Reit 4 skal byggð hagað þannig að hún myndi fagra aðkomu að miðbæjarsvæðinu ásamt sýn frá Glerárgötu á íbúðarhúsabyggðina við Brekkugötu.</i>
	Hrísey og Grímsey		Ekki eru skilgreind sérstök miðsvæði í Hrísey og Grímsey.

Tafla 4. Yfirlit yfir miðsvæði .

2.1.3 Verslun og þjónusta (VP)

Almenn ákvæði: Svæði þar sem gert er ráð fyrir verslun og þjónustu, þ.m.t. hótélum, gistiheimilum, gistiskálum, veitingahúsum og skemmtistöðum. Á verslunar- og þjónustusvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir verslunum og þjónustustarfsemi sem á ekki heima á miðsvæði.

Sérákvæði: Á reitum merktum með * gilda sérstakar kvaðir eða heimildir. Þar sem bensínstöðvar eru leyfðar er það tekið fram.

Merking	Heiti	Svæði	Stærð ha	Lýsing og sérákvæði reita
VP1*	Bensínstöð við Leiruveg	Innbær	1,3	Verslun og <i>bensínstöð</i> .
VP2*	Húsaröð við Strandgötu	Oddeyri	1,5	Verslanir og íbúðir. <i>Sérákvæði: Íbúðir eru heimilar á efri hæðum húsa.</i>
VP3*	Svæði við Eyrarveg, Glerárgötu/Hvannavelli og Tryggvabraut	Oddeyri	3,5	Veitingastaður, verslanir, þjónusta og íbúðir. <i>Sérákvæði: Íbúðir eru heimilar á efri hæðum húsa.</i>
VP4*	Verslunarlóð við Furuvelli/Hjalteyrarbraut	Oddeyri	1,1	Verslun (Hagkaup), <i>bensínafgreiðsla</i> .
VP5*	Svæði við Furuvelli	Oddeyri	4,3	Verslanir og þjónustufyrirtæki. <i>Sérákvæði: Íbúðir eru heimilar á efri hæðum húsa sunnan götunnar en heimilt er að hafa aðra starfsemi sem hefur ekki neikvæð áhrif á umhverfið norðan götunnar.</i>
VP6*	Glerártorg og Gleráreyrar	Gleráreyrar	7,4	Verslunarmiðstöð, <i>bensínafgreiðsla</i> og verkstæði. <i>Sérákvæði: Heimilt er að hafa verkstæði á jöðrum svæðisins.</i>
VP7	Svæði við Þórunnarstræti/Pingvallastræti	Suðurbrekka	1,1	Hótel
VP8	Verslunarlóð við Byggðaveg/Hrafnagilsstræti	Suðurbrekka	0,2	Verslun
VP9*	Kaupangur v/Mýrarveg	Gerðahverfi	1,2	Verslunarmiðstöð og <i>bensínafgreiðsla</i> .
VP10	Hrísalundur	Lundahverfi	1,5	Verslanir.
VP11	Svæði við Miðhúsaveg	Lundahverfi	0,3	Metanstöð
VP12	Kjarnagata/Brekatún	Naustahverfi	2,0	Verslanir, Bónus o.fl.
VP13	Naustagata	Naustahverfi	0,5	Verslanalóð skv. deiliskipulagi
VP14	Kjarnalundur	Naustahverfi	2,1	Hótel.
VP15*	Við Drottningarbraut	Við flugvöll	0,1	Bílaleiga, <i>bensínafgreiðsla</i> .
VP16*	Undirhlíð/Hörgárbraut	Holtahverfi/Hlíðahverfi	1,8	Verslanir, iðnaður, <i>bensínstöð</i> .
VP17*	Hörgárbraut/Hlíðabraut	Holtahverfi	0,4	Verslun og <i>bensínstöð</i> .
VP18	Sunnuhlíð	Hlíðahverfi	0,9	Verslunarmiðstöð
VP19*	Hlíðarbraut/Borgarbraut	Giljahverfi	0,4	Verslun og <i>bensínstöð</i> .
	Samtals Akureyri		31,6	

Merking	Heiti	Svæði	Stærð ha	Lýsing og sérákvæði reita
VP20	Svæði við Sjávangötu	Hrísey	0,5	Verslun og þjónusta, ferðaþjónusta og safnastarfsemi.
VP21	Svæði við Ægisgötu	Hrísey	0,8	Verslun og þjónusta, ferðaþjónusta og safnastarfsemi
	Samtals Hrísey		1,3	
VP22	Vallargata	Grímsey	0,2	Verslun, veitingastaður
VP23	Við flugvöll	Grímsey	0,1	Gistiheimili.
	Samtals Grímsey		0,3	

Tafla 5. Yfirlit yfir verslunar- og þjónustusvæði

2.1.4 Samfélagsþjónusta (S)

Almenn ákvæði

Á þessum svæðum skulu vera stofnanir og fyrirtæki sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, svo sem menntastofnanir, heilbrigðisstofnanir, menningarstofnanir, félagslegar stofnanir, aðrar þjónustustofnanir ríkisins, sveitarfélagsins eða annarra aðila, trúarstofnanir og félagsheimili. Ekki skal gera ráð fyrir annarri atvinnustarfsemi á þessum svæðum og almennt skal ekki gera ráð fyrir íbúðum nema húsvarðaríbúðum í einstökum tilvikum.

Sérákvæði: Á reitum merktum með * gilda sérstakar kvaðir eða heimildir.

Merking	Heiti	Svæði	Stærð ha	Lýsing og sérákvæði reita
S1*	Krókeyri	Innbær	5,4	Safnasvæði. <i>Sérákvæði: Svæðið er eingöngu ætlað fyrir safnastarfsemi.</i>
S2	Drottingarbraut við flugvöll	Innbær	1,2	Slökkvistöð
S3*	Minjasafn	Innbær	1,1	Safnasvæði. <i>Sérákvæði: Svæðið er eingöngu ætlað fyrir safnastarfsemi.</i>
S4	Iðavöllur	Oddeyri	0,5	Leikskóli
S5	Oddeyrarskóli	Oddeyri	1,7	Grunnskóli
S6	Tryggvabraut/Árstígur	Gleráreyrar	0,8	Slökkvistöð
S7	Oddeyrgata/ Gilsbakkavegur	Norðurbrekka	0,2	Félagsheimili Frímúrara
S8	Helgamagrastræti	Norðurbrekka	0,6	Leikskólinn Hólmasól
S/9	Þórunnarstræti/ Brekkgata	Norðurbrekka	0,6	Lögreglustöð
S10	Byggðavegur/ Þórunnarstræti	Norðurbrekka	0,7	Félagsheimili, trúfélög
S11	Klettaborg	Norðurbrekka	0,2	Félagsheimili/trúfélög
S12	Lóð við Þórunnarstræti	Norðurbrekka	0,2	Dagvistun
S13	Eyjarlandsvegur/ Skólastígur	Suðurbrekka	5,0	Kirkja, grunnskóli, félagsstofnun
S14	Hrafnagilsstræti/ Eyjarlandsvegur	Suðurbrekka	4,9	Menntaskólinn á Akureyri
S15	Spítalavegur	Suðurbrekka	7,9	Sjúkrahúsið á Akureyri
S16	Eyjarlandsvegur	Suðurbrekka	0,1	Kaþólska kirkjan
S17	Austurbyggð	Suðurbrekka	2,6	Öldrunarheimili

Merking	Heiti	Svæði	Stærð ha	Lýsing og sérákvæði reita
S18	Hringteigur/Mýrarvegur	Suðurbrekka	6,5	Verkmenntaskólinn á Akureyri
S19	Sólborg	Gerðahverfi	10,0	Háskólinn á Akureyri
S20	Sunnan Háskólans	Sólborg	2,0	Háskólinn á Akureyri. Heimilt er að byggja íbúðir tengdar starfsmönnum og nemendum háskólans.
S21	Skógarlundur/ Prastarlundur	Lundahverfi	1,0	Hæfingarstöð og þjónustukjarni
S22	Dalsbraut/Hlíðarlundur	Lundahverfi	3,1	Grunnskóli og leikskóli
S23	Kjarnagata/Hólmatún	Naustahverfi	3,1	Grunnskóli og leikskóli
S24	Naustagata	Leikskólalóð	0,6	Lóð til síðari nota
S25	Þverholt	Holtahverfi	0,2	Leikskóli
S26	Skarðshlíð	Hlíðahverfi	0,7	Kirkja, safnaðarheimili og leikskóli
S27	Höfðahlíð	Hlíðahverfi	3,3	Grunnskóli
S28	Bugðusiða	Síðuhverfi	0,7	Kirkja og leikskóli
S29	Bugðusiða	Síðuhverfi	1,0	Þjarg, endurhæfingarstöð
S30	Bugðusiða	Síðuhverfi	3,7	Grunnskóli, leikskóli og íþróttahús
S31	Vestursíða	Síðuhverfi	3,7	Hjúkrunarheimili
S32	Hulduheimar	Síðuhverfi	0,7	Leikskóli
S33	Kiðagil	Giljahverfi	3,6	Grunnskóli og leikskóli
S34*	Tröllagil	Giljahverfi	0,5	Leikskóli o.fl. <i>Sérákvæði: Íbúðir eru heimilar á efri hæðum hússins.</i>
S35	Lögmannshlíð	Ofan byggðar	0,3	Kirkja
S36	Miðhúsavegur	Ofan byggðar	4,9	Svæðismiðstöð Vegagerðarinnar og dýraspítali.
	Samtals Akureyri		83,3	
S37	Hólabraut/Austurvegur	Hrísey	1,7	Grunn- og leikskóli, íþr.miðstöð, heilsugæsla, íb. aldraðra, skrifst.
S38	Austurvegur, Sæborg	Hrísey	0,2	Leikhússtarfsemi
S39	Austurvegur	Hrísey	0,3	Hríseyjarkirkja
S40	Norðurvegur	Hrísey	0,1	Pósthús og sparisjóður
S41	Ægisdagata	Hrísey	0,1	Slökkvistöð og aðstaða björgunarsveitar
S42	Norðurvegur	Hrísey	1,0	Hús Hákarla-Jörundar, byggðasafn
S43	Austurvegur	Hrísey	0,2	Holt, hús Öldu Halldórsdóttur, vísir að byggðasafni
S44	Hríseyjarviti, hringtákn	Hrísey	-	Viti
	Samtals Hrísey		3,7	
S45	Vallargata	Grimsey	0,6	Grunnskóli, íþróttahús
S46	Miðgarðar	Grimsey	0,2	Kirkja
S47	Grimseyjarviti, hringtákn	Grimsey	-	Viti
	Samtals Grimsey		0,8	

Tafla 6. Yfirlit yfir svæði fyrir samfélagsþjónustu.

2.1.5 Athafnasvæði (AT)

Athafnasvæði eru flokkuð eftir því hvaða atvinnustarfsemi er ætluð innan þeirra. Þessi flokkun byggir meðal annars á því að flokka saman skylda starfsemi þannig að hvert fyrirtæki geti valið sér það umhverfi sem því hentar best og komið sé í veg fyrir neikvæð umhverfisáhrif á milli fyrirtækja. Á athafnasvæðum er atvinnustarfsemi sem hefur minnst neikvæð áhrif á umhverfið.

Almenn ákvæði:

Á athafnasvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hættu er á mengun og ekki verður ætlað að muni valda óþægindum vegna lyktar, hávaða eða óþrifnaðar, svo sem létum iðnaði, vöruheimslym, hreinlegum verkstæðum og umboðs- og heildverslunum. Almennt eru ekki heimil íbúðir á athafnasvæðum nema þar sem sérákvæði reita leyfa. Þó er unnt að gera ráð fyrir íbúðum tengdum starfsemi fyrirtækja, svo sem húsvaðaríbúðum og starfsmannaíbúðum sbr. 3 mgr. 1. gr. laga um lögheimili nr. 21/1990 m.s.br. Ekki er gert ráð fyrir starfsemi sem þarfnast mikils rýmis eða hefur í för með sér þungaflutninga.

Sérákvæði: Á reitum merktum með * gilda sérstakar kvaðir eða heimildir.

Merking	Heiti	Svæði	Stærð ha	Lýsing og sérákvæði reita
AT1*	Svæði milli Hjalteyrargötu og Laufásögðu, suðurhluti	Oddeyri	4,2	Fjölbreytt starfsemi. <i>Sérákvæði: Eingöngu starfsemi sem hefur ekki neikvæð umhverfisáhrif. Leyfilegt að hafa íbúðir á efri hæðum húsa.</i>
AT2	Svæði milli Hjalteyrargötu og Laufásögðu, norðurhluti	Oddeyri	1,7	Fjölbreytt atvinnustarfsemi, verkstæði og sérhæfð verslun
AT3	Svæði norðan Tryggvabrautar	Oddeyri	3,4	Fjölbreytt atvinnustarfsemi, verkstæði og sérhæfð verslun
AT4	Óseyri/ Krossanesbraut	Óseyri	7,4	Fjölbreytt atvinnustarfsemi, verkstæði og sérhæfð verslun
AT5	Krossaneshagi 1. og 2. áfangi	Nesjahverfi	46,7	Fjölbreytt atvinnustarfsemi, verkstæði og sérhæfð verslun. Að hluta óbyggt.
AT6	Krossaneshagi 3. áfangi	Nesjahverfi	9,5	Óbyggt.
AT7	Svæði austan Austursíðu	Síðuhverfi	14,1	Fjölbreytt atvinnustarfsemi, verkstæði og sérhæfð verslun
AT8	Sjafnargata	Norðan Síðuhverfis	7,1	Byggingarfélag, að mestu óbyggt.
AT9	Hrísalundur	Lundahverfi	0,9	Brauðgerð o.fl.
AT10	Rangárvellir	Ofan byggðar	4,0	Svæði Norðurorku
AT11	Hlíðarendi	Ofan byggðar	1,8	Atvinnustarfsemi, íbúðarhús
AT12	Svæði við Súluveg/ Þingvallastræti	Ofan byggðar	1,7	Steypustöð sem víkur á fyrri hluta skipulagstímabilsins. Í staðinn kemur græn orkuframleiðsla.
AT13	Svæði við Miðhúsaveg	Ofan byggðar	0,8	Verkval, ýmis athafnastarfsemi

AT14	Réttarhvammur við Miðhúsaveg	Ofan byggðar	2,2	Móttökustöð fyrir flokkaðan úrgang
Merking	Heiti	Svæði	Stærð ha	Lýsing og sérákvæði reita
AT15	Réttarhvammur við Miðhúsaveg	Ofan byggðar	1,7	Efnislosun, efnisgeymsla, engar varanlegar byggingar
AT16	Hlíðarfjallsvegur	Ofan byggðar	6,5	Óbyggt
	Samtals Akureyri		113,7	
AT17	Svæði við Hjallaveg	Hrísey	1,6	Áhaldahús, flokkunarstöð
AT18	Svæði við Hafnargötu	Hrísey	0,5	Hrísiðn
AT19	Hvatastaðir	Hrísey	2,0	Einagrunarstöð gæludýra
	Samtals Hrísey		4,1	
AT20	Svæði fyrir miðjum austurhluta eyjarinnar	Grímsey	0,4	Fjarskiptamastur
	Samtals Grímsey		0,4	

Tafla 7. Yfirlit yfir athafnasvæði.

2.1.6 Iðnaðarsvæði (I)

Á iðnaðarsvæðum er gert ráð fyrir þyngri iðnaði sem getur haft neikvæð umhverfisáhrif. Þó svo að sameiginleg ákvæði séu fyrir þessi svæði getur verið hentugt að flokka þau nánar með sérákvæðum, annars vegar svæði fyrir léttari iðnað og atvinnustarfsemi sem hefur óverulega mengandi áhrif á umhverfi sitt, svo sem ýmis konar verkstæði, framleiðsluiðnað, endurvinnslu og prentþjónustu. Hins vegar eru svæði fyrir þyngri iðnað sem getur haft neikvæð umhverfisáhrif og er háður lögum og reglum um mengunarvarnir. Þó er gerð krafa um góða umgengni almennt á iðnaðarsvæðum.

Almenn ákvæði:

Á iðnaðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir umfangsmikilli iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér en þó ekki óþrífnað, s.s. verksmiðjum, virkjunum, tengivirkjum, veitustöðvum, skólþælu- og hreinsistöðvum, birgðastöðvum fyrir olíur og móttökustöðvum fyrir úrgang. Íbúðir eru almennt ekki heimilar á iðnaðarsvæðum nema húsvarðaríbúðir í undantekningartilvikum.

Merking	Heiti	Svæði	Stærð ha	Lýsing
I1	Lóð við Furuvelli	Oddeyri	0,9	Bruggverksmiðja
I2	Svæði við Árstíg	Gleráreyrar	2,2	Ýmis iðnaðarstarfsemi
I3	Spennistöð við Þingvallastræti	Suðurbrekka	0,2	Aðveitustöð rafveitu
I4	Þingvallastræti/Súluvegur	Lundahverfi	-	Dælustöð vatnsveitu
I5	Svæði við Miðhúsaveg	Lundahverfi	3,9	Mjólkurstöð
I6	Svæði við Mímisbraut	Lundahverfi	1,0	Dælustöð og vatnsgeymir vatnsveitu.
I7	Svæði norðan Óseyrarhafnar	Óseyri	1,2	Dælu- og hreinsistöð fráveitu, óbyggt.
I8	Svæði norðan Krossanes	Krossanes	7,9	Að mestu óbyggt
I9	Glerárvirkjun	Hlíðahverfi	0,2	Stífla og stöðvarhús

I10	Kollugerði/Borgarsíða	Giljahverfi	0,3	Aðveitustöð rafveitu
Merking	Heiti	Svæði	Stærð ha	Lýsing og sérákvæði reita
I11	Rangárvellir	Ofan byggðar	3,4	Aðveitustöð rafveitu
I12	Rangárvellir	Ofan byggðar	2,6	Gámabjónustan
I13	Rangárvellir	Ofan byggðar	-	Dreifistöð rafveitu
I14	Hlíðarfjallsvegur	Ofan byggðar	-	Vatnsgeymar vatnsveitu
I15	Hlíðarfjallsvegur við Torfadal	Ofan byggðar	0,8	Vatnsveitumannvirki
I16	Kífsá	Ofan byggðar	1,2	Tengivirki raforku
I17	Við Miðhúsaklappir	Ofan byggðar	-	Vatnsgeymir hitaveitu
I18	Súluvegur	Ofan byggðar	-	Vatnsgeymir vatnsveitu, hreinsibúnaður fyrir metan.
I19	Súluvegur	Ofan byggðar	2,6	Malbikunarstöð.
I20	Súluvegur	Ofan byggðar	-	Borhola hitaveitu, hringtákn
I21	Glerá/Réttarhvammur	Ofan byggðar	-	Glerárvirkjun efri, stöðvarhús
I22	Glerárdalur	Ofan byggðar	1,0	Glerárvirkjun efri, stífla og uppstöðulón
	Samtals Akureyri		29,4	
I23	Hafnargata	Hrísey	0,1	Aðveitustöð rafveitu
I24	Lambhagavegur	Hrísey	-	Aðveitustöð rafveitu, hringtákn
I25	Saltnes	Hrísey	-	Borhola hitaveitu, hringtákn
I26	Norðan þéttbýlis	Hrísey	-	Dælustöð vatnsveitu, hringtákn
I27	Við golfvöll	Hrísey	-	Dælustöð vatnsveitu, hringtákn
I28	Við golfvöll	Hrísey	-	Vatnsgeymir, hringtákn
I29	Sjávargata	Hrísey	-	Dælustöð fráveitu, hringtákn
	Samtals Hrísey		0,1	
I30	Svæði upp af höfninni	Grímsey	2,2	Iðnaður, olíubirgðastöð
I31	Austan suðurenda flugbrautar	Grímsey	-	Vatnstankur, hringtákn
I32	Sunnan flugbrautar	Grímsey	-	Dælustöð vatnsveitu, hringtákn
I33	Austan flugbrautar	Grímsey	-	Dælustöð vatnsveitu, hringtákn
I34	Austan Sandvíkurtjarnar	Grímsey	-	Dælustöð vatnsveitu, hringtákn
	Samtals Grímsey		2,2	

Tafla 8. Yfirlit yfir iðnaðarsvæði.

2.1.7 Hafnarsvæði (H)

Almenn ákvæði:

Á hafnarsvæðum tengist landnotkun fyrst og fremst hafnsækinni starfsemi sem hvorki verður ætlað að muni valda óþægindum vegna lyktar, hávaða eða óþrifnaðar: mannvirkjum og tækjum til móttöku skipa og báta, lestunar og losunar þeirra, viðlegu, geymslu vöru, móttöku og afgreiðslu þessarar vöru, móttöku og brottfarar farþega, fiskvinnslu og starfsemi tengdri sjóflutningum og skipasmíði eða viðgerðum. Almenn skal ekki gera ráð fyrir íbúðum á hafnarsvæðum.

Um hafnir gilda auk þess lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, lög nr. 33/2004 og í reglugerð nr. 1200/2014 um móttöku á úrgangi og farmleifum frá skipum, auk ákvæða í þeim viðaukum við MARPOL samninginn sem Ísland hefur staðfest.

Sérákvæði: Á reitum merktum með * gilda sérstakar kvaðir eða heimildir.

Merking	Heiti	Svæði	Stærð ha	Lýsing og sérákvæði reita
H1	Torfunefshöfn/ Hofsbót	Miðbær	2,8	Viðlegukantar og aðstaða farþegaskipa. Aðstaða fyrir smábáta og skemmtibáta. Aðstaða fyrir hafnsækna ferðaþjónustu.
H2*	Hafnarsvæði við Leiruveg	Innbær	7,7	Smábátahöfn. <i>Sérákvæði: Stærð landfyllingar getur orðið allt að 30.000 m². Hluti hennar verði í beinu framhaldi flugbrautar til að rúma ljósakrossa fyrir aðflug. Vegna nálægðar við flugbraut er ekki gert ráð fyrir mannvirkjum sem ná upp í öryggisflöt flugbrautar. Ekki eru afmarkaðir byggingarfletir en deiliskipulag svæðisins skal vinna í nánú samstarfi við nágretta, siglingaklúbbinn Nökkva. Áður er framkvæmdir hefjast verði framkvæmdar rannsóknir á lífríki grunnsævis á framkvæmdasvæðinu.</i>
H3	Hafnarsvæði á Oddeyrartanga	Oddeyri	44,3	Vöruhöfn, gámasvæði, matvælaiðnaður, fiskihöfn, hafnsækin starfsemi og iðnaður. <i>Sérákvæði: Á svæðinu er heimild fyrir iðnað.</i>
H4	Sandgerðisbót	Óseyri	6,6	Smábátahöfn
H5	Hafnarsvæði í Krossanesi	Krossanes	17,1	Fiskihöfn, olúbirgðastöð, athafnasvæði fyrir hafnsækna starfsemi.
	Samtals Akureyri		78,5	
Merking	Heiti	Svæði	Stærð ha	Lýsing
H6	Hríseyjarhöfn	Hrísey	2,1	Hafnarsvæði. <i>Sérákvæði: Á hluta svæðisins eru nokkrar íbúðir og gert er ráð fyrir uppbyggingu verslunar og þjónustu, sér í lagi í tengslum við ferðaþjónustu.</i>
H7	Grímseyjarhöfn	Grímsey	2,2	Hafnarsvæði
	Heildarstærð		76,2	

Tafla 9. Yfirlit yfir hafnarsvæði.

2.1.8 Flugvellir (FV).

Almenn ákvæði:

Svæði á láði eða legi þar sem heimilaðar eru byggingar, flugbrautir og búnaður sem eru ætluð til afnota við komu, brottför og hreyfingar loftfara á jörðu niðri og starfsemi tengda flugrekstri.

Merking	Heiti		Stærð ha	Lýsing
FV1	Akureyrarflugvöllur	Innbær	165	Öryggissvæði flugvallar
FV2	Hríseyjarflugvöllur	Hrísey	5,5	Öryggissvæði flugvallar
FV3	Grímseyjarflugvöllur	Grímsey	10,2	Öryggissvæði flugvallar

	Heildarstærð		181	
--	---------------------	--	------------	--

Tafla 10. Yfirlit yfir flugvelli.

2.1.9 Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E)

Almenn ákvæði

Svæði þar sem ráðgert er að taka, vinna eða losa jarðefni. Efnistökusvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er efnistaka eða efnisvinnsla svo sem malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða vikurnám. Efnislosunarsvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er landfylling eða losun jarðefna sem eru hrein og ómengðuð svo sem jarðefni sem til falla vegna byggingarframkvæmda.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 er öll efnistaka á landi og af eða úr hafsbotni innan netlaga (hugtkakið netlög merkir sjárbotn 115 metra út frá stórstraumsfjöruborði landareignar) háð framkvæmdaleyfi viðkomandi sveitarstjórnar, þ.e. bæjarstjórnar Akureyrar. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt skal liggja fyrir áætlun um væntanlega efnistöku þar sem m.a. er gerð grein fyrir magni og gerð efnis, vinnslutíma og frágangi efnistökusvæðis að lokinni vinnslu. Rekstraraðili efnisnáms skal hafa starfsleyfi, útgefið af Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra, í samræmi við reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Í deiliskipulagi skal gera grein fyrir þeirri efnistöku sem fram hefur farið og/eða er fyrirhuguð á svæðinu og öðru sem þurfa þykir s.s. landslagi, efnismagni og vinnslutíma, landmótun og frágangi svæðis að lokinni vinnslu og fyrirhuguðum eða mögulegum síðari notum svæðisins. Námuvinnsla verður takmörkuð við þau svæði sem nú eru í notkun til að vernda sem mest óbyggt land í nágrenni bæjarins. Jafnframt verður gengið frá þeim námum sem eru ekki lengur í notkun.

Einstök svæði:

Náma við Daggarklett í Hrísey

Náman er staðsett austan byggðarinnar og hefur svæðið bæði verið nýtt sem náma og fyrir efnislosun jarðvegs. Gengið hefur verið frá námunni jafnóðum.

Merking	Heiti		Stærð ha	Lýsing
E1	Dammurinn, lónið ofan Glerárstíflu.		-	Innan svæðis á náttúruminjasrá. Efnistaka úr uppistöðulóni Glerárvirkjunar. Nýttur framburður Glerár sem botnfellur í lóninu.
Merking	Heiti		Stærð ha	Lýsing
E2	Svæði á Glerárdal, áður sorpurðun		2,7	Losun fínefnis sem nýtt er sem þekja á sorpurðunarsvæði. Verður hætt á skipulagstímabilinu. Vinnslusvæði metans.
	Samtals Akureyri		2,7	
E3	Náma við Daggarklett	Hrísey	0,8	Efnisnáma og efnislosun.
E4	Svæði við Lambhagaveg	Hrísey	0,2	Efnisnáma.
	Samtals Hrísey		1,0	
E5	Svæði austan norðurenda flugbrautar	Grímsey	0,3	Efnisnáma.
	Samtals Grímsey		0,3	

Tafla 11. Yfirlit yfir efnistökusvæði.

2.1.10 Frístundabyggð (F)

Almenn ákvæði:

Svæði fyrir frístundahús, tvö eða fleiri, og nærþjónustu sem þeim tengist, þ.m.t. orlofshús og varanlega staðsett hjólhýsi. Föst búseta er óheimil í frístundabyggðum. Skammtímaleiga er heimil á svæðum fyrir frístundahús þar sem aðstæður leyfa.

Sérákvæði: Á reitum merktum með * gilda sérstakar kvaðir eða heimildir.

Einstök svæði

Svæði fyrir frístundabyggð eru svæði ætluð fyrir frístundahús, þ.e. byggð sem er ekki ætluð til heilsársbúsetu. Gert er ráð fyrir að núverandi frístundabyggð sé viðhaldið og fest í sessi. Takmörkuð uppbygging verði innan svæðanna en ekki er gert ráð fyrir frekari stækkun þeirra.

Stök hús sem reist hafa verið utan aðalfrístundasvæðis fá að halda sér en ekki er gert ráð fyrir mannvirkjagerð utan svæðisins umfram það sem orðið er. Tveir fjallaskálar eru innan bæjarmarka Akureyrar. Auk þeirra er gert ráð fyrir svæði fyrir skátaskála skammt ofan við útivistarmiðstöð skáta að Hömrum. Í Hrísey eru tvær stakar lóðir fyrir frístundahús í nánd við íbúðarhúsið í landi Ystabæjar.

Merking	Heiti	Svæði	Stærð ha	Lýsing og sérákvæði reita
F1	Frístundahús við Búðargil	Suður-brekka	2,5	Svæði milli Búðargils og Þórunnarstrætis
F2	Frístundahús við Kjarnalund	Nausta-hverfi	4,2	Svæði norðan Kjarnalundar, beggja vegna væntanlegrar tengibrautar.
F3	Svæði við Hlíðarenda	Ofan byggðar	24,9	Svæði við Hlíðarfjallsveg
F4*	Svæði fyrir skátaskála	Ofan byggðar	1,4	Svæði ofan Hamra. <i>Sérákvæði: Á svæðinu er heimilt að reka ferðaþjónustu, hótél og orlofshús/frístundahús.</i>
F5	Frístundahús á Eyrarlandshálsi (hringtákn)	Ofan byggðar	-	Skátaskálar, Gamli og Fálkafell
F6	Hesjuvellir	Ofan byggðar	2,0	Svæði í landi Hesjuvalla
F7	Hrappsstaðir	Ofan byggðar	16,0	Land Hrappsstaða
	Samtals Akureyri		51,0	
F8	Svæði við Austurveg og Eyjabbyggð	Hrísey	5	Svæði fyrir frístundahús
F9	Svæði við Lambhagaveg	Hrísey	5	Svæði fyrir frístundahús
F10	Ystibær, tvö svæði (hringtákn)		-	Tvær stakar lóðir fyrir frístundahús
	Samtals Hrísey		10,0	
F11	Grímsey, svæði austan Holtagötu		1,2	Svæði fyrir sumarhús
	Samtals Grímsey		1,2	

Tafla 12. Yfirlit yfir frístundabyggð.

2.1.11 Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)

Almenn ákvæði:

Afþreyingar- og ferðamannasvæði eru einungis ætluð fyrir afþreyingu og móttöku ferðafólks, þ.m.t. þjónustumiðstöðvar, tjald- og hjólhýsasvæði og skemmtigarðar.

Sérákvæði: Á reitum merktum með * gilda sérstakar kvaðir eða heimildir.

Merking	Heiti	Svæði	Stærð ha	Lýsing og sérákvæði reita
AF1	Svæði við Þórunnarstræti	Suðurbrekka	1,6	Tjaldsvæði. Þróunarsvæði.
AF2	Tjaldsvæði Hömrum		41,9	Svæði fyrir tjöld og hjólhýsi. Útivistarmiðstöð skáta
	Samtals Akureyri		43,5	
AF3	Hrísey, svæði við Sjávangötu		0,5	Tjaldsvæði.
AF4	Hrísey, Stapavík		2,1	Ylströnd. Hugmyndir eru uppi um uppbyggingu ylstrandar við Stapavík. Forsenda ylstrandar er að nýta það umframvatn sem kemur frá borholu hitaveitu sem er á svæðinu. Á svæðinu er m.a. gert ráð fyrir þjónustumiðstöð með gístiaðstöðu, veitingaaðstöðu og heilsurækt. Vegna ylstrandar er þörf á uppbyggingu sjóvarnargarða við Stapavík.
AF5*	Hrísey, Selaklappir		0,8	Skemmtigarður.
	Samtals Hrísey		3,4	
AF6*	Fótarklappir		-	Útsýnisstaður. Hugmyndir eru uppi um uppbyggingu skemmtigarðs á svæði við Selaklappir, áður brennustæði.
AF7	Svæði við skóla		0,3	Tjaldsvæði
	Samtals Grímsey		0,3	

Tafla 13. Yfirlit yfir afþreyingar- og ferðamannasvæði.

2.1.12 Íþróttasvæði (ÍÞ)

Almenn ákvæði:

Íþróttasvæði er svæði fyrir landfreka íþróttaaðstöðu aðra en þá sem þjónar tilteknu hverfi svo sem skeiðvelli og hesthúsabyggð, akstursíþróttasvæði, skotæfingasvæði, golfvelli og stærri íþróttamiðstöðvar. Þar má reisa byggingar tengdar starfsemi, svo sem félagsaðstöðu o.fl. en íbúðir eru ekki heimilar.

Sérákvæði: Á reitum merktum með * gilda sérstakar kvaðir eða heimildir.

Merking	Heiti	Svæði	Stærð ha	Lýsing og sérákvæði reita
ÍÞ1	Skautasvæði	Innbær	2,4	Skautahöll og útisvæði
ÍÞ2*	Höepfnerssvæði og Leiruvegur	Innbær	5,4	Smábátahöfn, bátaskýli og aðstaða fyrir siglingaklúbb: <i>Sérákvæði: Heildarstærð landfyllingar innan svæðisins 10.500 m². Ekki eru afmarkaðir byggingarfletir en deiliskipulag svæðisins skal vinna í nánu samstarfi við nágranna, Hafnasamlag Norðurlands.</i>
ÍÞ3	Sundlaug Akureyrar	Suðurbrekka	1,1	Sundlaug, sundhöll og útivistargarður
ÍÞ4	Íþróttasvæði KA	Lundahverfi	4,6	Æfinga- og keppnisvellir, íþróttahús, félagsheimili
ÍÞ5	Íþróttasvæði Þórs	Hlíðarhverfi	9,7	Æfinga- og keppnisvellir, íþróttahús, félagsheimili
ÍÞ6*	Jaðarssvæði	Ofan byggðar	90,3	Golfvöllur, félagsheimili, hótél og önnur þjónusta. <i>Sérákvæði: Innan golfvallarins er heimild fyrir þjónustustarfsemi á svæði í tengslum við félagsaðstöðuna.</i>
ÍÞ7	Hlíðarholt, hesthúsasvæði	Ofan byggðar	28,9	Hesthús, æfinga- og keppnisbrautir, sérhæfð þjónusta
ÍÞ8	Breiðholt	Ofan byggðar	20,1	Hesthúsasvæði
ÍÞ9*	Hlíðarfjallsvegur	Ofan byggðar	112,5	Aksturs- og skotæfingasvæði. <i>Sérákvæði: Á svæðinu eru gamlar efnisnámur þar sem vinnslu er lokið en heimild er í deiliskipulagi til að nýta efni innan svæðisins.</i>
ÍÞ10	Hlíðarfjall	Ofan byggðar	Óskilgreint	Skíða- og útivistarsvæði
	Samtals Akureyri		275,0 +	
ÍÞ11	Ofan byggðar	Hrísey	29	Golfvöllur og frísbíggolfvöllur.
ÍÞ12	Hjallavegur	Hrísey	1,5	Íþróttasvæði
	Samtals Hrísey		30,5	
ÍÞ13	Vallargata	Grímsey	0,5	Sundlaug
ÍÞ14	Svæði við Holtagötu	Grímsey	1,0	Knattspyrnuvöllur
ÍÞ15	Svæði vestan miðju flugbrautar	Grímsey	3,2	Golfvöllur
	Samtals Grímsey		4,7	

Tafla 14. Yfirlit yfir íþróttasvæði.

2.1.13 Kirkjugarðar og grafreitir (K)

Almenn ákvæði:

Svæði fyrir kirkjugarða og grafreiti ásamt þjónustubyggingum. Getur tengst útivistarsvæðum.

Sérákvæði: Á reitum merktum með * gilda sérstakar kvaðir eða heimildir.

Merking	Heiti	Svæði	Stærð ha	Lýsing og sérákvæði reita
K1	Naustahöfði	Suðurbrekka	10,0	Kirkjugarður
K2*	Naustaborgir	Naustahvefi	20,0	Nýr kirkjugarður. <i>Sérákvæði: Gert er ráð fyrir fjórum aðskildum greftrunarsvæðum en klappasvæði milli þeirra tengjast opnum svæðum í nágrenninu og geta nýst til útivistar.</i>
K3	Lögmannshlíð	Ofan byggðar	4,3	Kirkjugarður
	Samtals Akureyri		34,3	
K4	Saltnes	Hrísey	0,6	Kirkjugarður
K5	Kirkjugarður	Grimsey	0,2	Kirkjugarður. Kirkjugarður í Grimsey telst með Miðgarðakirkju á korti.

Tafla 15. Yfirlit yfir kirkjugarða.

2.1.14 Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL)

Almenn ákvæði:

Svæði fyrir skógrækt og landgræðslu svo sem nytjaskógrækt, fjölnytjaskógrækt, landbótaskógrækt, skjólbelti, landgræðsluskógrækt, skipulagða landgræðslu og aðra uppgæðslu. Þar má reisa byggingar tengdar starfseminni svo sem félagsaðstöðu o.fl. en íbúðir eru ekki heimilar.

Sérákvæði: Á reitum merktum með * gilda sérstakar kvaðir eða heimildir.

Merking	Heiti	Svæði	Stærð ha	Lýsing og sérákvæði reita
SL1*	Eyjafjarðarbraut	Innbær	20,0	Trjáræktarsvæði frá Gróðrarstöð inn að Galtalæk. <i>Sérákvæði: Þar sem þessi skógur er mikilvægur til að binda jarðveg og snjó ofan byggðarinnar má ekki fella hann og grisjun skal taka mið af því að hann þjóni áfram þessum tilgangi. Einnig skal viðhalda honum með nýrækt eins og þörf krefur.</i>
SL2*	Aðalstræti/ Lækjargata	Innbær	10,4	Gömul trjárækt í brekku ofan húsráðar og upp með Lækjargili. <i>Sérákvæði: Þar sem þessi skógur er mikilvægur til að binda jarðveg og snjó ofan byggðarinnar má ekki fella hann og grisjun skal taka mið af því að hann þjóni áfram þessum tilgangi. Einnig skal viðhalda honum með nýrækt eins og þörf krefur.</i>

Merking	Heiti	Svæði	Stærð ha	Lýsing og sérákvæði reita
SL3	Hafnarstræti	Innbær	3,3	Gömul trjárækt í brekku ofan húsraðar Hafnarstræti 19-81. <i>Sérákvæði: Þar sem þessi skógur er mikilvægur til að binda jarðveg og snjó ofan byggðarinnar má ekki fella hann og grisjun skal taka mið af því að hann þjóni áfram þessum tilgangi. Einnig skal viðhalda honum með nýrækt eins og þörf krefur.</i>
SL4	Hörgárbraut	Hlíðahverfi/ Síðuhverfi	4	Trjábelti meðfram brautinni vestanverðri
SL5	Kjarnaskógur	Ofan byggðar	112,5	Skóglendi með útivistaraðstöðu og gönguleiðum
SL6	Gróðrarstöð Kjarna	Ofan byggðar	10,5	Gróðrarstöð
SL7	Græni trefillinn	Ofan byggðar	700	Skóglendi með útivistaraðstöðu og gönguleiðum
	Samtals Akureyri		860,7	
Merking	Heiti	Svæði	Stærð ha	Lýsing
SL8	Hjallavegur	Hrísey	2,0	Skógrækt og útivist
SL9	Austan þéttbýlis	Hrísey	5,4	Skógrækt og útivist
	Samtals Hrísey		7,4	

Tafla 16. Yfirlit yfir skógræktar- og landgræðslusvæði.

2.1.15 Opin svæði (OP)

Almenn ákvæði:

Svæði fyrir útivist með stígum, áningarstöðum og þjónustu sem veitt er á forsendum útivistar. Ekki er gert ráð fyrir annarri mannvirkjagerð en þeirri sem tengist notkun svæðis. Ekki er gert ráð fyrir búsetu eða atvinnustarfsemi. Nýtast fyrir snjósöfnun.

Lítill svæði innan íbúðarbyggðar, sem afmörkuð voru sem opin svæði í Aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018 en höfðu ekki neina sérstaka starfsemi eða sérákvæði, eru hér felld inn í íbúðarsvæðin og ekki merkt sérstaklega. Leiksvæði eru hér aðeins merkt með bókstafnum L.

Sérákvæði: Á reitum merktum með * gilda sérstakar kvaðir eða heimildir.

Merking	Heiti	Svæði	Stærð ha	Lýsing
OP1	Skátagil	Miðbær	0,4	Útivistarsvæði
OP2*	Umhverfi innbæjartjarnar	Innbær	4,7	Svæði með stígum, áningarstöðum og mannvirkjum vegna útivistar. <i>Sérákvæði: Landfylling að hámarki 4 ha. Engin mannvirki mega ná upp í skilgreindan hindranaflöt flugvallarins.</i>
OP3	Eiðsvöllur	Oddeyri	0,9	Skrúðgarður
OP4	Svæði við Hjalteyrargötu	Oddeyri	12,4	Skrúðgarður
OP5	Hamarkotstún	Norðurbrekka	2,1	Skrúðgarður

Merking	Heiti	Svæði	Stærð ha	Lýsing og sérákvæði reita
				<i>Sérákvæði: Núverandi verslunar- og þjónustubýgging í norðvesturhorni svæðisins haldi sér.</i>
OP6	Klapparstígur/ Brekkgata	Norðurbrekka	1,2	Mylluklöpp, klapparhóll. Útivistarsvæði með gönguleiðum, útsýnisstað, höggmynd og hátíðarsvæði
OP7	Andapollur	Suðurbrekka	0,6	Skrúðgarður
OP8	Lystigarður	Suðurbrekka	2,9	Skrúðgarður og grasagarður
OP9	Við Miðhúsabraut	Lundahverfi	1,2	Jólasveinabrekka
OP10*	Naust og umhverfi	Naustahverfi	6,2	Eldra landbúnaðarsvæði. <i>Sérákvæði: Heimilt er að nota þegar byggð hús á svæðinu til íbúðar en ekki er gert ráð fyrir nýbyggingum á svæðinu.</i>
OP11	Naust og umhverfi	Naustahverfi	3,6	Höggmyndagarður
OP12	Opið svæði við Skarðshlíð	Hlíðarhverfi	0,8	Skrúðgarður, Kvenfélagsreitur
OP13	Svæði Skarðshlíð/ Stekkjahlíð	Hlíðarhverfi	1,5	Garður/leiksvæði
OP14*	Svæði vestan Þórsvæðis	Hlíðarhverfi	1,5	Klapparhóll
OP15	Sunnan leikskóla	Síðuhverfi	0,3	Gæsluvöllur.
OP16	Við Síðubraut	Síðuhverfi	1,2	Leik- og útivistarsvæði
	Samtals Akureyri		41,5	
OP17	Innan þéttbýlis	Hrísey	2,0	Svæði sem hentar fyrir útivist
	Samtals Hrísey		2,0	
OP18	Hraun við hafnarsvæðið	Grímsey	2,3	Hraunsvæði
OP19	Sandvíkurtjörn	Grímsey	1,3	Fuglalíf
	Samtals Grímsey		3,6	

Tafla 17. Yfirlit yfir opin svæði.

2.1.16 Óbyggð svæði (ÓB)

Almenn ákvæði:

Undir þennan flokk falla *stærri* svæði með útivistargildi þar sem aðeins er gert ráð fyrir mannvirkjagerð í tengslum við útivist, öryggismál og fjarskipti. Ekki er gert ráð fyrir búsetu eða atvinnustarfsemi. Heimilt er þó að nota þegar byggð hús á svæðinu til íbúðar en ekki er gert ráð fyrir nýbyggingum á svæðunum.

Öll svæði, sem eru ekki skilgreind með annarri landnotkun, eru flokkuð sem óbyggð svæði. Óbyggð svæði eru ekki merkt sérstaklega á skipulagsuppdraetti og er ekki gerð grein fyrir þeim hverju um sig á sama hátt og öðrum landnotkunarreitum. Hluti opinna svæða eru jaðarsvæði umferðargatna sem að nokkru nýtast sem gönguleiðir. Náttúruverndarsvæði eru einnig skilgreind sem óbyggð svæði þar sem þar er ekki gert ráð fyrir neinum mannvirkjum öðrum en stígum og annarri lágmarksaðstöðu vegna útivistargildis þeirra. Afréttir og beitarlönd önnur en tún í Grímsey eru einnig skilgreind sem óbyggð svæði. Á nokkrum stöðum liggja húsagötur og safngötur um svæði sem merkt eru sem opin svæði á

aðalskipulagsupprætti og eru þær einungis sýndar sem hluti grunnkorts. Lega og útfærsla þeirra er skilgreind í deiliskipulagi viðkomandi hverfa og bæjarhluta.

2.1.17 Vötn, ár og sjór (V)

Almenn ákvæði:

Vatnsfletir núverandi og fyrirhugaðra vatna, fallvatna og sjávar, þar með talin lega þeirra vegna stífla, breytingu á árfarvegum og landfyllinga.

Almennt er ekki gert ráð fyrir deiliskipulagningu þessara svæða. Samkvæmt skipulagsreglugerð nr. 90/2013 skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m utan þéttbýlis og við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Í þéttbýli skal lögð áhersla á að almenningur geti komist að og meðfram vötnum, ám og sjó eftir því sem hægt er á viðkomandi svæði. Samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er óheimilt að setja niður girðingu á vatns-, ár- eða sjávarbakka þannig að hindri umferð gangandi manna. Hvers konar mengun í ár og vötn frá iðnfyrirtækjum eða af öðrum er óheimil innan skipulagssvæðisins.

Merking	Heiti	Lýsing
V1	Pollurinn	
V2	Leirur innan Leiruveggar	
V3	Tjarnir í Innbæ	
V4	Tjarnir í Krossanesborgum	
V5	Tjarnir í Naustaborgum	
V6	Lónsá	
V7	Glerá	
V8	Tjarnir og lækir í Glerárdal, Hlíðarfjalli og á Eyrarlandshálsi	

Tafla 18. Yfirlit yfir vötn, ár og sjó.

2.1.18 Strandsvæði (ST)

Almenn ákvæði:

Svæði innan netlaga og meðfram sjó, ám eða vötnum þar sem aðgengi almennings er tryggt og mannvirkjagerð er haldið í lágmarki. Varðveita skal Sílabás og önnur óröskuð svæði.

Strandsvæði eru verðmæt m.t.t. ýmissa þátta. Þau eru t.d. mikilvæg sem hafnaraðstaða, útivistarsvæði og búsvæði lífvera og víða við ströndina eru mikilvæg varpsvæði, t.d. kríu og æðarfugls. Þá er framleiðni sjávar mjög mikil á strandsvæðum.

Lífríki fjara og tjarna er víða mjög fjölbreytt og með fjölbreyttu fuglalífi. Útivistargildi strandlengjunnar er ótvírætt mjög mikið. Sveitarfélagið vill því stefna að því að á skipulagstímabilinu verði sett skýr markmið um að viðhalda náttúrulegu ástandi vatns.

Merking	Heiti	Stærð ha	Lýsing
ST1	Strandlengja Akureyrar		Öll strandlengjan frá sveitarfélagamörkum að Eyjarfjarðarsveit að sveitarfélagamörkum að Hörgársveit
ST2	Strandlengja Hríseyjar		Öll strandlengjan
ST3	Strandlengja Grímseyjar		Öll strandlengjan

Tafla 19. Yfirlit yfir strandsvæði.

2.1.19 Vatnsbólsvæði (VB)

Almenn ákvæði:

Vatnsverndarsvæði eru svæði sem heilbrigðisnefnd sveitarfélags hefur ákvarðað sem vatnsverndarsvæði umhverfis hvert vatnsból. Um vatnsverndarsvæði gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn nr. 536/2001 og reglugerð um mengun vatns nr. 796/1999. Samkvæmt reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns eru vatnsverndarsvæði flokkuð í eftirfarandi flokka:

I. flokkur. Brunnsvæði í næsta nágrenni vatnsbólins sem er algjörlega friðað nema fyrir nauðsynlegum framkvæmdum vatnsveitunnar. Brunnsvæði skulu vera afgirt.

II. flokkur. Grannsvæði sem er utan við brunnsvæði og er aðrennslissvæði grunnvatns. Stærð og lögun þess ræðst af stærð brunnsvæðis, jarðvegsþekju svæðisins og grunnvatnsstraumum sem stefna að vatnsbóli. Allar framkvæmdir á grannsvæði eru háðar ströngu eftirliti og samþykki heilbrigðisnefnda.

III. flokkur. Fjarsvæði sem greinist í tvennt, fjarsvæði A, sem er aðal ákomusvæði úrkomu fyrir grunnvatnsstrauma, og fjarsvæði B, sem er fyrst og fremst öryggissvæði og einnig viðkvæmt vegna yfirborðsvatns sem berst inn á grannsvæðið. Á þeim gilda ákvæði laga nr. 7/1998 m.s.br. um hollustuhætti og mengunarvarnir og takmarkanir á umsvifum í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.

Heilbrigðisnefnd getur, þar sem þörf krefur, krafist þess að brunnsvæði skuli girt mannheldri girðingu sem sé minnst 5 metra frá vatnsbóli.

Á grannsvæðum er óheimil notkun á hættulegum efnum og birgðageymslur slíkra efna bannaðar. Hér er m.a. átt við olíu, bensín og skyld efni, salt, eiturefni til útrýmingar á skordýrum eða gróðri og önnur efni, sem mengað geta grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn. Ekki skal leyfa nýjar byggingar, sumarhúsa eða þess háttar á grannsvæðum.

Vegalagnir, áburðarnotkun og önnur starfsemi innan svæðisins skal vera undir ströngu eftirliti.

Öll umferð vélknúinna ökutæka utan vega er bönnuð á grannsvæðum.

Þar sem vitað er um sprungur eða misgengi á fjarsvæði skal fyllstu varúðar gætt í meðferð efna svo sem olíu, bensíns og skyldra efna, salts, eiturefna til útrýmingar á skordýrum eða gróðri og annarra efna, sem mengað geta grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn. Stærri geymslur fyrir slík efni eru bannaðar á svæðinu.

Heilbrigðisnefnd getur gefið út frekari fyrirmæli varðandi umferð á þessu svæði svo og um byggingu sumarhúsa og annarra mannvirkja.

Öll umferð vélknúinna ökutæka utan vega er bönnuð á fjarsvæðum. Undanþága frá þessu er nauðsynleg umferð vegna framkvæmda og umhirðu við golfvöll.

Einstök svæði:

Vatnsból Akureyringa eru annars vegar í Hlíðarfjalli og utanverðum Glerárdal, svo kölluð Hesjuvalla- og Glerárdalsból, og hins vegar á Vaglaeyrum í Hörgárdal utan marka bæjarfélagsins og því ekki sýnd á aðalskipulagsupprætti. Brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði Hesjuvalla- og Glerárdalsbóla eru afmörkuð á sveitarfélagsupprætti.

Vatnsból Hríseyjar eru tvö og eru þau staðsett norðan þéttbýlisins en þar er ein borhola neysluvatns ásamt einum brunni.

Vatnsból Grímseyjar eru þrjár borholur við flugvöll. Þar sem þær eru mjög djúpar er aðeins sett grannsvæði vatnsverndar í 5 metra radíus út frá þeim.

Merking	Heiti	Svæði
VB1	Hesjuvallalindir	Hlíðarfjall, Akureyri
VB2	Glerárdalsból	Glerárdalur utanverður
	Vaglaeyrar	Hörgársveit, utan skipulagssvæðisins
VB3	Borhola	Hrísey, norðan þéttbýlis
VB4	Brunnur	Hrísey, norðan þéttbýlis
VB5	Borhola	Grímsey

Tafla 20. Yfirlit yfir vatnsbólsvæði.

2.1.20 Svæði undir náttúruvá (NV)

Svæði þar sem hætta er talin stafa af náttúruhamförum svo sem snjóflóðum, skriðuföllum, sjávarflóðum, vatnsflóðum, jarðskjálftum, eldvirkni eða veðurfari (ofviðri).

Í ljósi sögunnar eru þær tegundir náttúruhamfara, sem gætu dunið yfir Akureyri, fyrst og fremst ofanflóð á afmörkuðum svæðum, einkum úr brekkunum ofan Innbæjarins, og hafa þau valdið tjónum á húsum en ekki manntjóni svo vitað sé. Þekking sérfræðinga á eðli og framgangi náttúruhamfara og vöktunarkerfi eiga hins vegar að tryggja öryggi bæjarbúa komi til náttúruhamfara.

Ekki er talin hætta á sjávarflóðum á Akureyri enda eru mannvirki meðfram sjónum gerð í þeirri hæð að þau geta varið lægra land innan þeirra. Tryggja skal framrás leysingarvatns úr hlíðunum ofan Akureyrar til að komast hjá flóðum og skriðuföllum af völdum þess. Einnig ber að athuga hækkandi sjávarstöðu.

Skjálftasvæðum Íslands hefur verið skipt í sex hönnunarhröðunarsvæði þar sem taldar eru 10% líkur á jarðskjálfta af ákveðinni stærðargráðu á 50 ára tímabili. Grímsey og Hrísey eru á svæði þar sem gera má ráð fyrir stórum jarðskjálftum. Flóð og rof af völdum sjávar getur verið umtalsvert í eyjunum og tjón af völdum flóða. Gera þyrfti nánari könnun og skrá flóða- og rofhættu í eyjunum. Akureyri er í lægsta áhættuflokki.

Einstök svæði:

Í mati hættumatsnefndar Akureyrarkaupstaðar á hættu vegna ofanflóða eru afmörkuð svæði í lægsta hættuflokki ofan Aðalstrætis, Lækjargötu og Hafnarstrætis 19-81. Þessi svæði eru ekki afmörkuð hér í aðalskipulaginu en í kafla 2.1.14 Skógræktar- og landgræðslusvæði eru sett ákvæði um að hvorki megi fella tré ofan svæðanna né ofan Eyjafjarðarbrautar.

Skv. samgönguáætlun 2007-2010 var gert ráð fyrir eftirtöldum framkvæmdum við sjóvarnargarða í Hrísey:

- Styrking og hækkun sjóvarna við Selaklappir (160 m)
- Framlenging sjóvarna við Varir (50 m)

Framkvæmdum þessum var lokið sumarið 2009.

Skv. samgönguáætlun 2013-2016 er ekki gert ráð fyrir frekari byggingu eða styrkingu sjóvarnargarða í Hrísey eða Grímsey.

2.1.21 Varúðarsvæði (VA)

Almenn ákvæði:

Svæði þar sem heilsu eða öryggi kann að vera ógnað svo sem vegna hávaða, mengunar, hættulegra efna og annarra takmarkana sem setja þarf í varúðarskyni.

Ekki eru afmörkuð varúðarsvæði innan marka sveitarfélagsins.

2.1.22 Landbúnaðarsvæði (L)

Almenn ákvæði:

Á landbúnaðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir byggingum og starfsemi sem tengist búrekstri á jörðinni.

Landbúnaðarsvæði ná yfir allt land jarða eða lögbýla, sbr. ákvæði jarðalaga og ábúðarlaga um land sem nýtt er til landbúnaðar. Á Akureyri eru skráð 8 lögbýli, 1 í Hrísey. Enginn landbúnaður er stundaður frá þessum lögbýlum og þar með er ekkert svæði innan marka Akureyrar eða Hríseyjar skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Í Grímsey eru 14 lögbýli en landbúnaður aðeins stundaður frá þremur þeirra. Hér eru flest þau svæði skilgreind sem landbúnaðarsvæði sem eru skilgreind sem tún í eldra aðalskipulagi. Heiti stendur fyrir nöfnin á lögbýlunum.

Merking	Heiti	Stærð ha	Lýsing
L1	Syðri Grenivík	2,0	Tún syðst á eyjunni
L2	Austan Vallargötu	5,6	Tún austan Vallargötu
L3	Sveinagarðar	4,5	Tún austan Sveinagarðavíkur
	Samtals Grímsey	12,1	

Tafla 21. Yfirlit yfir landbúnaðarsvæði.

2.1.23 Menningarminjar

Minjaverndarsvæði taka til svæða þar sem eru friðlýstar fornleifar og friðaðar fornminjar, hús og mannvirki sem njóta verndar á grundvelli laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Almenn ákvæði:

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands. Friðun felur í sér sjálfkrafa verndun fornminja, húsa og mannvirkja á grundvelli aldurs þeirra, samkvæmt nánari fyrirmælum laga um menningarminjar nr. 80/2012. Friðlýsing felur í sér að gefið er út sérstakt friðlýsingarskjal og friðlýsing þinglýst sem kvöð á viðkomandi jörð eða lóð. Hús sem eru ekki friðuð en byggð árið 1925 eða fyrr eru umsagnarskyld til Minjastofnunar. Um allar þjóðminjar gilda ákvæði 21. greinar laga um menningarminjar nr. 80/2012 um að fornleifum megi enginn spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja án samþykkis Minjastofnunar Íslands. Samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 gefur Minjastofnun Íslands út skrá um friðlýstar fornleifar. Í lögunum er kveðið á um að þeim minjum, sem friðlýstar eru, skuli fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum fornleifa og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Komi minjar í ljós við framkvæmdir ber að stöðva verkið og tilkynna Minjastofnun Íslands sem úrskurðar hvort halda megi áfram og með hvaða skilmálum.

Friðlýstar fornminjar á Akureyri

Hringir, sem kallaðir hafa verið Dómhringir (65°40,749 N 18°09,854 V), voru friðlýstir með þinglýsingu árið 1980. Þeir eru neðst í gamla Lögmannshlíðartúninu, rétt austan við Hlíðarlækinn neðan (vestan) við hesthúsahverfið. Staðurinn og þar með garðarnir, sem mynda hringina, voru sléttaðir 1935. Samkvæmt lýsingum voru þarna um 13 garðar í hálfhring upp frá læknum, hver upp af öðrum. Nú sést örla fyrir tveimur eða þremur þeirra.

Í skrá um friðlýstar fornleifar (Minjastofnun) segir: „Lögmanshlíð (146953 291). Allar leifar af garð- og tóttarbrotum í hvamminum vestan við hæðarhrygginn "Beinrófu", um 300 m í n-a frá bænum Lögmanshlíð (146953 291-1). Nánari lýsing: Hið friðlýsta svæði er í skeifulaga laut eða hvammi og er um 100 m í þvermál. Þar heitir "Hringir" en mun áður hafa heitið "Dómhringir". Nafnið hefur verið dregið af 13 skeifulaga garðbrotum eða gördum, sem lágu hver inni í öðrum. Þessir "hringir" voru vel sýnilegir fram undir 1935 en þá var sléttað yfir svæðið. (Heimild: Örnefnalýsing Jóh. Óla Sæmundssonar). Nú er lítið sjáanlegt á yfirborði jarðar af þeim mannvirkjum sem greint er frá í örnefnalýsingu. Við nána athugun má þó greina leifar af ystu garðlögum í hringnum. Skjal undirritað af ÞM 13.11.1980. Þinglýst 08.12.1980.“

Engar minjar í Hrísey eða Grímsey eru friðlýstar.

Allar fornleifar á Íslandi eru friðaðar samkvæmt lögum.

Fornleifaskráning hefur verið gerð á einstökum svæðum innan sveitarfélagsins, sjá nánar í kafla 3.7.1.

Friðlýstar byggingar á Akureyri

28 hús eru friðlýst samkvæmt 31. grein laga um um menningarminjar: Akureyrarkirkja, Aðalstræti 4, Aðalstræti 14 (Gamli spítalinn), Aðalstræti 16, Aðalstræti 44 (Elínarbaukur), Aðalstræti 46 (Friðbjarnarhús), Aðalstræti 50, Aðalstræti 52, Aðalstræti 54A (Nonnahús), Aðalstræti 62, Aðalstræti 66, Aðalstræti 66A (Smíðjan), Bjarkarstígur 6 (Davíðshús), Eyrarlandsstofa, Strandgata 49 (Gránufélagshúsin), Hafnarstræti 11 (Laxdalshús), Hafnarstræti 18 (Túliníusarhús), Hafnarstræti 20 (Höphnershús), Hafnarstræti 57 (Samkomuhúsið), Hafnarstræti 94 (Hamborg), Hafnarstræti 96 (París), Hafnarstræti 98 (Hótel Akureyri), Lækjargata 2A (Frökenarhús), Eyrarlandsvegur 28 (Menntaskólinn), Minjasafnskirkjan, Norðurgata 17 og 17A (Gamla prentsmíðjan) og Eyrarlandsvegur 3 (Sigurhæðir).

Gerð er tillaga um friðlýsingu þriggja húsa auk framantalinna með því ákvæði að ekki verði heimilt að breyta útliti þeirra:

- Þingvallastræti 25 sem teiknað var af Sigurði Guðmundssyni arkitekt árið 1935 en hann var einn af frumkvöðlum á sviði byggingarlistar á sínum tíma.



Mynd 3. Þingvallastræti 25. Ljósmynd B.J.

- Eyrarlandsvegur 22. Byggt árið eftir teikningum Marons Sölvasonar. Steinsteypuklassík undir Jugendáhrifum (skreytistíls).

- Möðruvallastræti 2. Byggt árið 1936 eftir teikningum Sveinbjarnar Jónssonar. Mjög áhugaverður fulltrúi húsa í funkisstíl.

Eyjarlandsvegur 22 og Möðruvallastræti 2 eru hvort um sig verðugir fulltrúar mismunandi stíltegunda í byggingarlist og hafa fágætisgildi á Akureyri og þar með svæðisbundna þýðingu. Nánar er fjallað um þau í húsakönnun Minjasafns Akureyrar: Akureyrarbær, Menntaskólinn á Akureyri og aðliggjandi íbúðarsvæði. Húsakönnun 2016.



Mynd 4. Eyjarlandsvegur 22. Ljósmynd B.J.



Mynd 5. Möðruvallastræti 2. Ljósmynd B.J.

Í Hrísey eru tvö hús friðlýst: Gamla Syðstabæjarhúsið og Hríseyjarviti.

Í Grímsey er Miðgarðakirkja friðlýst.

Einnig eru öll hús og mannvirki sem eru 100 ára eða eldri friðuð samkvæmt 29. grein sömu laga, sjá kafla 3.1.5 í þessari greinargerð. Fyrir liggja hugmyndir um friðlýsingu fleiri húsa. Unnið verður áfram að húsaskráningu sem verður stefnumarkandi fyrir deiliskipulag eldri hverfa. Í því skyni að fá sem heillegasta mynd af húsum og hverfum, sem bera sérstök einkenni í byggingarsögu Akureyrar, er skrá yfir byggingar og svæði með varðveislugildi hluti af húsaskrá og ákvæði um hverfisvernd er meðal annars sett á grundvelli þeirra. Stefna í húsverndarmálum er hluti af aðalskipulaginu.

2.1.24 Friðlýst svæði

Almenn ákvæði:

Til að stuðla að markmiðum náttúruverndarlaga getur ráðherra friðlýst landsvæði, einstakar náttúrumyndanir, náttúruminjar í hafi, vatnasvæði og heildstæð vatnakerfi. Ákvarðanir um friðlýsingar skal ráðherra byggja á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár. Ráðherra er heimilt að ákveða friðlýsingu með samþykki landeiganda og viðkomandi sveitarfélags þótt ekki sé gert ráð fyrir henni á framkvæmdaáætlun. Áður skulu friðlýsingaráformin þó kynnt. Hvers konar athafnir eða framkvæmdir sem ganga gegn markmiði friðlýsingar og geta skaðað verndargildi friðlýstra náttúruminja eru óheimilar nema samkvæmt sérstakri undanþágu. Það varðar refsingu að spilla friðlýstum náttúruminum.

Friðlýst svæði skiptast í eftirfarandi flokka samkvæmt VIII. kafla náttúruverndarlaga nr. 60/2013:

Náttúruvé, óbyggð víðerni, þjóðgarðar, náttúruvætti, friðlönd, náttúruminjar í hafi og fólkvangar.

Friðlýst svæði innan Akureyrar

Einu friðlýstu svæðin innan Akureyrar eru fólkvangar.

Fólkvangar eru friðlýst landsvæði til útivistar og almenningsnota sem friðlýst eru að frumkvæði hlutaðeigandi sveitarfélags eða sveitarfélaga og að fengnu álitum Umhverfisstofnunar. Skal verndun svæðisins miða að því að auðvelda almenningi aðgang að náttúru og tengdum menningarminjum í nánd við þéttbýli til útivistar, náttúruskoðunar og fræðslu.

Krossanesborgir voru friðlýstar sem fólkvangur árið 2005. Markmiðið er að vernda svæðið til útivistar almennings, náttúruskoðunar og fræðslu. Auk þess er verndaður mikilvægur varpstaður fjölda fuglategunda, búsvæði sjaldgæfra plöntutegunda og sérstæðar jarðmyndanir og þannig stuðlað að varðveislu líffræðilegrar og jarðfræðilegrar fjölbreytni. (1) Krossanesborgir, Krossaneshagi, Brávellir, Blómsturvellir, Pétursborg og Sílastaðatangi. Að sunnan afmarkast svæðið af útjaðri túna í Ytra-Krossanesi, að vestan af þjóðvegi og túnum í Dvergasteini en Teigalæk og Efra-Lóni að norðan. (2) Sérkennilegt landslag, jökulminjar og votlendi. Hentugt útivistarsvæði í nágrenni þéttbýlis. Stærð fólkvangsins er 114,8 ha.

Glerárdalur var friðlýstur sem fólkvangur 2016. Markmið friðlýsingarinnar er að vernda Glerárdal og aðliggjandi fjalllendi til útivistar almennings, náttúruskoðunar og fræðslu. Friðlýsingin verndar auk þess land sem er að mestu ósnortið með fjölbreyttum jarðmyndunum og gróðurfari og er þannig stuðlað að því að varðveita líffræðilega fjölbreytni og breytilegar jarðmyndanir. Leggja skal sérstaka áherslu á verndun umhverfisins við virkjanaf framkvæmdir, vega- og veitulagnir.

Merking	Heiti	Stærð ha	Lýsing
FS1	Krossanesborgir	115	Friðlýst sem fólkvangur. Svæðið er alsett klettaborgum og stuttum klappaásam.
FS2	Glerárdalur	7400	Friðlýst sem fólkvangur. Afmörkun er eftir fjallstindum dalsins til austurs, suðurs og vesturs eða eftir sveitarfélagsmörkum Akureyrar.

Tafla 22. Yfirlit yfir svæði á Akureyri sem eru friðlýst sem fólkvangar.

Svæði á náttúruminjasrá innan Akureyrar

Náttúruminjasrá skiptist í þrjú hluta:

1. A-hluti: Skrá yfir friðlýst svæði, flokkuð eftir friðlýsingarflokkum, sbr. VIII. kafla og 54. og 55. gr., og friðaðar vistgerðir, vistkerfi og tegundir, sbr. 58. gr.
2. B-hluti: Framkvæmdaáætlun til næstu fimm ára, þ.e. skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum.
3. C-hluti: Skrá yfir aðrar náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa eða friða. Óheimilt er að raska svæðum eða náttúrumyndunum sem skráðar hafa verið á C-hluta náttúruminjasrár nema brýna nauðsyn beri til og sýnt þyki að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Skyld er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki, vegna framkvæmda sem hafa í för með sér slíka röskun. Áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og viðkomandi náttúruverndarnefndar nema fyrir liggi staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag þar sem umsagnir liggja fyrir. Sýna skal sérstaka aðgæslu gagnvart vistgerðum, vistkerfum og tegundum á C-hluta náttúruminjasrár til að koma í veg fyrir að náttúruleg útbreiðslusvæði eða búsvæði minnki og verndarstaða þeirra versni.

Engin svæði á Akureyri tilheyra A- eða B-hluta.

Svæði á náttúruminjaskrá C-hluti:

Glerárgil, milli Hlíðarbrautar og Borgarbrautar.

Glerárgil, frá Borgarbraut að Bandagerðisbrú. Gróðurrikt gil, skógarlundir, fjölbreyttar árrofsmyndanir, fossar, skessukatlar og skútar. Söguminjar.

Hólmarnir, Akureyri, Eyjafjarðarsveit (áður Öngulsstaðahreppur). Óshólmar Eyjafjarðarar ásamt fjörum og flæðimýrum beggja vegna árinna suður á móts við suðurodda Staðareyjar. Marflöt flæðilönd, árhólmar, kvíslar og leirur. Mikið fuglalíf, sérstætt gróðurfar.

Hrísey. Norðurhluti Hríseyjar, land Miðbæjar og Ystabæjar. Fjölskrúðugur gróður. Mikið fuglalíf.

Grimsey. Grimsey norðan Bása og Handfestargjár ásamt öllum fuglabjörgum á austurhluta eyjarinnar suður að Flesjum. Miklar og sérstæðar sjófuglabyggðir.

Merking	Heiti	Stærð ha	Lýsing
FS1	Krossanesborgir	115	Friðlýst sem fólkvangur. Svæðið er alsett klettaborgum og stuttum klappaásam.
FS2	Glerárdalur	7400	Friðlýst sem fólkvangur. Afmörkun er eftir fjallstindum dalsins til austurs, suðurs og vesturs eða eftir sveitarfélagsmörkum Akureyrar.

Merking	Heiti	Stærð ha	Lýsing
ÖN1	Glerárgil	17	Svæði milli Hlíðarbrautar og Borgarbrautar.
ÖN2	Glerárgil	4,2	Svæði frá Borgarbraut að Bandagerðisbrú.
ÖN3	Hólmarnir	173	Óshólmar Eyjafjarðarar.
ÖN4	Norðurhluti Hríseyjar		Land Miðbæjar og Ystabæjar.
ÖN5	Norðurhluti Grimseyjar		Svæði norðan Bása og Handfestargjár ásamt öllum fuglabjörgum á austurhluta eyjarinnar suður að Flesjum.

Tafla 23. Yfirlit yfir náttúruvætti og friðlönd á C-hluta náttúruminjaskrár.

2.1.25 Hverfisverndarsvæði

Almenn ákvæði

Ákvæði um hverfisvernd byggja á skipulagslögum nr. 123/2010 og skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Hverfisvernd er því ekki eiginleg friðlýsing heldur er um skipulagsákvæði að ræða. Um hverfisverndarsvæðin gilda þau almennu ákvæði að þar má ekki raska landi, spilla minjum eða breyta yfirbragði hverfa. M.a. skal meta ósnortin sérkenni landslags svo sem kletta, hraun og klappir ásamt manngerðum hleðslum. Séreinkenni hvers svæðis og gildi þeirra skal metið og heildarsvipmóti gróinna hverfa ekki raskað. Skilgreina skal ástæðu þess að byggingar eru varðveittar svo sem sögulegt eða listrænt gildi, hvar mælikvarða byggðar skuli haldið óbreyttum og hvers vegna, ekki verði heimilað að sameina lóðir, hækka hús né með öðrum hætti breyta yfirbragði byggðar. Nýbyggingar í þegar byggðum hverfum taki mið af hefðum og yfirbragði nærliggjandi byggðar.

Til þess að draga fram núverandi stöðu svæðanna eru þeim skipt upp í tvo flokka:
Hverfisverndarsvæði A: hverfisvernd óbyggðra svæða
Hverfisverndarsvæði B: hverfisvernd byggðar

Hverfisverndarsvæði A:

HV1 Langimelur.

Hlykkjótur malarvegur vestan og norðan Giljahverfis, stærð 2,9 ha. - *Hverfisverndarákvæði:* Jarðrask og efnistaka er með öllu óheimil. Skógur verði ekki ræktaður á melnum eða svo nálægt honum að hann hverfi eða verði ógreinilegur í umhverfinu.

HV2 Hlíðarfjall.

Afmörkun miðast við skíðasvæðið í Hlíðarfjalli, verndarsvæði vatnsbóla og hæfileg jaðarsvæði, stærð 1826 ha. - *Hverfisverndarákvæði:* Markmiðið er að tryggja vatnsvernd svo og ró, frið og öryggi útivistarfólks. Takmörkun á umferð vélknúinna farartækja. Umferð einungis heimil á vegum og sérmerktum leiðum auk nauðsynlegrar þjónustuumferðar starfsmanna á skíðasvæðinu skv. ströngum vinnureglum.

HV3 Naustafló.

Breiður og flatur flói og í honum dálítill tjörn, Hundatjörn. Hún er nú algróin fergini og stórstörum en þar vex einnig talsvert af blöðrunykru og er þar e.t.v. eini vaxtarstaður hennar í Eyjafirði. Búið er að stífla flóann og unnið er að endurheimt votlendis. - *Hverfisverndarákvæði:* Allt jarðrask og röskun á gróðurlendi óheimil. Framræsluskurðum á svæðinu hefur verið lokað.

HV4 Sílabás

Strandlengjan við Sílabás er eina ósnortna strandlengjan á Akureyri. - *Hverfisverndarákvæði:* Allt jarðrask og röskun á strandsvæðinu er óheimil.

HV5 Hrísey.

Allt landssvæði eyjunnar, stærð um 7,5 km². - *Hverfisverndarákvæði:*

- Allt fugladráp og eggjataka er bönnuð í Hrísey. Vegna þessa er mikið fuglalíf í Hrísey og eru þar m.a. margar tegundir anda og vaðfugla. Hægt er að veita undanþágur frá fugladrápi og veita heimild til dráps á vargfugli í sérstökum tilfellum.
- Aðeins er heimilt að drepa fugl á sjó við Hrísey ef hann er fjær landi en 200 m.
- Eitt þéttasta rjúpnarvop á Íslandi er í Hrísey en rjúpan er farfugl í eyjunni og dvelur uppi á fastalandinu á veturna. Sérstök áhersla er lögð á að rjúpa er alfriðuð í Hrísey en fuglinn skipar veigamikinn sess hjá eyjaskeggjum.
- Lausaganga hunda og katta er bönnuð í Hrísey.

HV6 Hrísey.

Votlendi umhverfis Lambhagatjörn í Hrísey, stærð um 42,8 ha. - *Hverfisverndarákvæði:*

- Í lögum um náttúruvernd kemur fram að aðgát skuli hafa við varplönd fugla. Mikið fuglalíf er á votlendissvæði umhverfis Lambhagatjörn og skal umferð um svæðið vera takmörkuð utan stíga og vega sem liggja um svæðið, sér í lagi á varptíma.
- Fuglaskoðunarhúsi hefur verið komið fyrir við tjörnina og má sjá þar margar tegundir af öndum og vaðfuglum. Helstu ástæður fyrir þessu óvenjumikla fuglalífi eru að allt fugladráp og eggjataka eru bönnuð í eyinni og þar finnast ekki refir, minkar, mýs eða rottur.
- Allar byggingarframkvæmdir eru bannaðar innan hverfisverndarsvæðis.

HV7 Hrísey.

Gömul náma og nágrenni ofan Eyjabyggðar, stærð um 0,5 ha. - *Hverfisverndarákvæði:*

- Halda skal í núverandi form gömlu námunnar og er allt rask á svæðinu óheimilt. Svæðið skal hreinsað upp eins og kostur er og er þar öll efnislosun óheimil.
- Gamla náman er norðan svæðis, sem skilgreint er sem frístundabyggð, og getur hún nýst sem útivistarsvæði frístundabyggðarinnar sem og annarra gesta og íbúa Hríseyjar.
- Allar byggingarframkvæmdir eru bannaðar innan hverfisverndarsvæðis.

HV8 Hrísey.

Langamýri, stærð um 2,0 ha. - *Hverfisverndarákvæði:*

- Í Löngumýri getur að líta gamlar svarðargrafir eða mógrafir en á þessu svæði var mótekja eyjaskeggja áður fyrr. Grafir eru á tveimur stöðum í mýrinni en síðast var mór þar tekinn um 1950. Óheimilt er að raska þessum svæðum í Löngumýri en mýrin flokkast sem fornleifar.
- Í lögum um náttúruvernd kemur fram að aðgát skuli hafa við varplönd fugla. Mikið fuglalíf er á votlendissvæði í og við Löngumýri og skal umferð um svæðið vera takmörkuð utan stíga sem liggja um svæðið, sér í lagi á varptíma.
- Allar byggingarframkvæmdir eru bannaðar innan hverfisverndarsvæðis.

Merking	Heiti	Stærð ha	Lýsing
HV1	Langimelur	2,9	Hlykkjóttur malarhryggur vestan og norðan Giljahverfis.
HV2	Hlíðarfjall	4,2	Skíða- og útivistarsvæðið í Hlíðarfjalli, verndarsvæði vatnsbóla og hæfileg jaðarsvæði.
Merking	Heiti	Stærð ha	Lýsing
HV3	Naustaflói	9,0	Svæði vestan golfvallar.
HV4	Sílabás	1,5	Tangi norðan Sandgerðisbótar.
HV5	Hrísey	750	Allt landsvæði eyjunnar.
HV6	Hrísey	42,8	Votlendi umhverfis Lambhagatjörn.
HV7	Hrísey	0,5	Gömul náma og nágrenni ofan Eyjabyggðar.
HV8	Hrísey	2,0	Langamýri.

Tafla 24. Yfirlit yfir hverfisverndarsvæði A.

Hverfisverndarsvæði B

Í húsaskráningu eru gerðar tillögur um hús sem mikilvægt er að vernda vegna sögulegs eða listræns gildis. Þar eru einnig gerðar tillögur um að hverfisvernda samstæðar húsaraðir eða þyrpingar sem bera einkenni ákveðinna tímabila í byggingarsögu bæjarins eða hafa einstakt listrænt eða fagurfræðilegt gildi, einkum í miðbænum og eldri bæjarhlutum. Hugað verður að almennu samræmi í byggð og að varðveislu menningarminja og mannvirkja um leið og tryggt verður að eðlileg framþróun eigi sér stað á sviði byggingarlistar. Þessi vernd þýðir að við allar óskir um breytingar þarf að viðhafa sérstaka gát. Skráning og húsakönnun mynda grundvöll fyrir deiliskipulag á þessu svæði.

Eftirfarandi byggðasvæði verða hverfisvernduð:

HV8 og HV9 Miðbærinn

Verndun húsa og götummyndar, Hafnarstræti 86-98, Strandgata 4 framhlið og Strandgata 7-13. -

Hverfisverndarákvæði: Ekki verði gerðar breytingar á ytra byrði eða umgjörð nema í því skyni að færa þau í átt að upprunalegri mynd. Breytingar skulu einungis gerðar í samráði við Minjasafn Akureyrar og við Minjastofnun Íslands ef um friðuð, friðlýst eða hús byggð 1925 eða fyrr er að ræða.



Mynd 6. Hafnarstræti 86-92. Ljósmynd B.J.



Mynd 7. Strandgata 7-13. Ljósmynd B.J.



Mynd 8. Strandgata 4. Ljósmynd B.J.

HV10 Innbærinn

Verndun byggðarinnar, sem er sú elsta í bænum, ásamt strandlengju á Oddeyri. - Sérstaklega skal fjallað um allar breytingar á húsum byggðum fyrir 1950 í skipulagsnefnd. Breytingar skulu einungis gerðar í samráði við Minjasafn Akureyrar og Minjastofnun Íslands ef um friðuð, friðlýst eða hús byggð 1925 eða fyrr er að ræða. Þær skulu í öllum tilvikum vera í samræmi við aðliggjandi byggð og götummynd. *Hverfisverndarákvæði:* Hverfisvernd á húsaröð við Hafnarstræti 23-41 felur í sér að ekki má breyta ytra útliti húsanna og ef gluggar eru endurnýjaðir skulu gluggapóstar vera í upprunalegri mynd.



Myndir 9 og 10. Hafnarstræti 23-41. Ljósmyndir B.J.

HV11, HV12, HV13 Oddeyrin.

Ákvæði um verndun byggðarinnar, sem er sú elsta í bænum, ásamt strandlengjunni í Innbænum. Sérstaklega skal fjallað um allar breytingar á húsum byggðum fyrir 1950 í skipulagsnefnd. Breytingar á húsum og nýbyggingar skulu í öllum tilvikum vera í samræmi við aðliggjandi byggð og götumynd og skal þess einkum gætt varðandi húsaröðina við Strandgötu.

Hverfisverndarákvæði: Húsaraðirnar Hríseyjargata 13-19, Ægisgata öll báðum megin og Norðurgata 43-53. Valmaþök eru einkennandi fyrir húsaraðirnar, sem bera einkenni bygginga í þeim stíl sem algengur var um miðbik síðustu aldar, og götumyndir eru mjög heillegar. Þakform húsa með valmaþak haldist óbreytt og ef þak er endurnýjað skal stærð kvista vera hófleg. Ekki má hækka húsin við Hríseyjargötu og Ægisgötu og viðbyggingar mega ekki spilla yfirbragði húsanna eða götumyndinni. Steyptar girðingar við Ægisgötu eru hluti af götumyndinni og æskilegt að þær haldist óbreyttar.



Mynd 11. Hríseyjargata. Ljósmynd B.J.



Mynd 12. Ægisgata. Ljósmynd B.J.



Mynd 13. Norðurgata. Ljósmynd B.J.

HV14, HV15, HV16 Norðurbrekka

Ákvæði um verndun byggðarinnar, húsasamstæður. Sérstaklega skal fjallað um allar breytingar eldri húsa byggðra fyrir árið 1950 í skipulagsnefnd. - *Hverfisverndarákvæði*: Húsaraðir Brekkugötu nr. 23-29, Oddeyrargötu nr. 26-36 og Munkaþverárstræti nr. 3-13 ásamt Hamarstíg 2-6. Heillegar og fallegar húsaraðir frá fyrri hluta síðustu aldar. Ekki má breyta útliti eða formi húsanna frá upprunalegu útliti og formi þeirra. Þar sem viðbyggingar eru leyfðar samkvæmt deiliskipulagi skulu þær vera í samræmi við húsið og götumyndina í heild sinni.



Mynd 14. Brekkugata 23-29. Ljósmynd B.J.



Mynd 15. Oddeyrargata 26-36. Ljósmynd B.J.



Mynd 16. Munkaþverárstræti 3-13. Ljósmynd B.J.



Mynd 17. Hamarstígur 2-6. Ljósmynd B.J.

HV17 og HV18 Norðurbrekka

Húsaraðir Munkaþverárstræti 19-27 og Munkaþverárstræti 26-32 ásamt 38-40. Valmaþök eru einkennandi fyrir húsaraðirnar, sem bera einkenni bygginga í þeim stíl sem algengur var um miðbik síðustu aldar, og götumyndir eru víða heillegar. - *Hverfisverndarákvæði*: Þakform húsa með valmaþak haldist óbreytt og ef þak er endurnýjað skal þess gætt að stærð kvista sé hófleg. Ekki má hækka húsin og viðbyggingar mega ekki spilla yfirbragði húsanna eða götumyndinni. Nýbygging á lóð nr. 36 skal falla að húsaröðinni.



Mynd 18. Munkaþverárstræti 38-40. Ljósmynd B.J. Mynd 19. Munkaþverárstræti 26-32. Ljósmynd B.J.



Mynd 20. Munkaþverárstræti 19-27. Ljósmynd B.J.

HV19 Norðurbrekka

Húsaraðir Helgamagrastræti 3-11 og 2-6. Hús byggð í anda funtionalismans (nýtistefnunnar). Heillegar götummyndir. - Hverfisverndarákvæði: Ytra form húsanna haldist óbreytt. Ekki má hækka húsinn og viðbyggingar mega ekki spilla yfirbragði húsanna eða götummyndinni.



Mynd 21. Helgamagrstræti 3-11. Ljósmynd B.J. Mynd 22. Helgamagrastræti 2-6. Ljósmynd B.J.

HV20, HV21 Suðurbrekka

Ákvæði um verndun byggðarinnar, húsasamstæður, byggingarsögulegt og listrænt gildi. Dæmi Eyrarlandsvegur. - Hverfisverndarákvæði: Húsaraðirnar við Eyrarlandsveg 12-24 og Eyrarlandsveg 27-

35. Ekki má breyta útliti eða formi húsanna frá upprunalegu útliti og formi þeirra. Þar sem viðbyggingar eru leyfðar samkvæmt deiliskipulagi skulu þær vera í samræmi við húsið og götumyndina í heild sinni. - Hvað varðar byggingarlistagildi húsanna við Eyrarlandsveg 12-24 er um að ræða tilkomumestu, heillegustu, samfelldustu og eina best varðveittu húsaröð steinsteypra húsa í klassískum stíl sem er að finna á Akureyri. Húsin eru byggð á svipuðu árabili og teiknuð af helstu byggingameisturum á Akureyri á þeim tíma sem klassískur byggingarstíll réð ríkjum.



Mynd 23. Eyrarlandsvegur 12-24. Ljósmynd B.J.



Mynd 24. Eyrarlandsvegur 27-35. Ljósmynd B.J.

Merking	Svæði	Lýsing
HV8	Miðbær	Húsaröð Hafnarstræti 86-96.
HV9	Miðbær	Strandgata 4, framhlið, Strandgata 7-13
HV10	Innbær	Húsaröð við Hafnarstræti 23-41
HV11	Oddeyri	Húsaröð við Hríseyjargötu 13-19
HV12	Oddeyri	Húsaraðir við Ægisgötu alla, báðum megin
HV13	Oddeyri	Húsaröð við Norðurgötu nr. 43-53
HV14	Norðurbrekka	Húsaröð við Brekkugötu nr. 23-29
HV15	Norðurbrekka	Húsaröð við Oddeyrargötu nr. 26-36
HV16	Norðurbrekka	Húsaröð við Munkaþverárstræti nr. 3-13 ásamt Hamarstíg nr. 2-6
HV17	Norðurbrekka	Húsaröð við Munkaþverárstræti 26-32 ásamt 38-40
HV18	Norðurbrekka	Húsaröð við Munkaþverárstræti 19-27
HV19	Norðurbrekka	Húsaraðir Helgamagrastræti 3-11 og 2-6
HV20	Suðurbrekka	Húsaröð við Eyrarlandsveg 12-24
HV21	Suðurbrekka	Húsaröð við Eyrarlandsveg 27-35

Tafla 25. Yfirlit yfir hverfisverndarsvæði B.

2.1.26 Vegir, götur og stígar

Almenn ákvæði:

Meginmarkmið í mótun gatnakerfis er að mæta þörfum samfélagsins um greiðar samgönguleiðir og jafnframt að tryggja umferðaröryggi allra vegfarenda, þ.e. akandi, gangandi, hjólandi og ríðandi. Stefnt er að því að halda áfram flokkun gatnakerfisins sem þýðir að götum er skipt í 4 meginflokkka: stofnbrautir, tengibrautir, safngötur og húsagötur. Stofnbrautir eru einkum til aksturs á tiltölulega löngum leiðum um þéttbýlissvæði og unnt á að vera að komast fljótt leiðar sinnar á þeim. Tengibrautir eru tiltölulega greiðfærir vegir sem tengja bæjarhluta við kerfi stofnbrautanna. Safnbrautir eru götur sem veita umferðinni inn að íbúðarhverfum og húsagötur eru götur innan íbúðarhverfa sem er ekki ætlað að taka við annarri umferð en þeirri sem á erindi um viðkomandi hverfi. Markmið flokkunar gatnakerfisins er að aðgreina innanbæjarumferð frá umferð á milli fjarlægari staða. Með þessu er stuðlað að öryggi vegfarenda og takmörkum á mengun af bifreiðaumferð.

Fylgjast þarf vel með hljóðvist og mengun við helstu umferðaræðar til að tryggja vellíðan íbúa og hefur verið unnið hljóðvistarkort ásamt aðgerðaráætlun í því skyni. Samkvæmt skipulagsreglugerð skulu skipulagsyfirvöld hafa hliðsjón af niðurstöðum hávaðamælinga og útreikninga við gerð svæðis-, aðal- og deiliskipulags. Við skipulag nýrra hverfa eða endurskipulagningu skal reikna líklegan umferðarhávaða samkvæmt 4. gr. reglugerðar nr. 1000/2005 um kortlagningu hávaða og aðgerðaáætlanir. Þar segir m.a. að kortleggja skuli hávaða á þéttbýlissvæðum við stóra vegi og meta hve margir verða fyrir áhrifum af völdum hans. Gert hefur verið hávaðakort fyrir vegi, þar sem umferð er meiri en þrjár milljónir ökutækja á ári, sem og fyrir þéttbýlissvæði. Í framhaldi af því verða unnar tillögur að mótvægisáðgerðum þar sem hávaði er yfir viðmiðunarmörkum.

Gatnakerfi og landnotkun:

Á skipulagsupprætti er gerð grein fyrir stofn- og tengibrautum, göngubrúum og undirgöngum. Veghelgunarsvæði eru skilgreind í vegalögum. Helgunarsvæði stofnbrauta skal miðast við 30 m til beggja hliða frá miðlínu vegar og helgunarsvæði tengibrauta allt að 15 m til beggja hliða frá miðlínu vegar. Utan helgunarsvæða er gert ráð fyrir mönnum eða hljóðtálmum ef þurfa þykir. Nákvæma legu og breidd helgunarsvæða skal ákveða í deiliskipulagi. Veghelgunarsvæði gatnamóta er í beinar línur milli punkta á miðlínu vega 40 m frá skurðpunkti. Jafnframt skal tekið tillit til þess rýmis sem sem þarf fyrir gangandi, hjólandi og ríðandi umferð.

Stofnbrautir:

Ein aðalstofnbraut liggur gegnum Akureyri, Hörgárbraut frá sveitarfélagamörkum Hörgársveitar, Glerárgata, framhald hennar sem verður að Drottningarbraut að sveitarfélagamörkum Eyjafjarðarsveitar. Auk þess er Leiruvegur stofnbraut. Hörgárbraut, Glerárgata, Drottningarbraut að Leiruvegi og Leiruvegur eru hlutar af Hringveginum, Þjóðvegi 1, og því mikilvæg samgönguæð í landshlutanum. Umferð um Glerárgötu er mest milli Þórunnarstrætis og Borgarbrautar, um 15 þúsund bílar á sólarhring, og spáð er aukningu í um það bil 20 þúsund bíla á sólarhring árið 2030. Þar sem brautin fer gegnum Miðbæinn er umferð nú tæpir 10 þúsund bílar á sólarhring og spáð er aukningu í um það bil 12 þúsund bíla á sólarhring. Við útfærslu götunnar á þessum kafla þarf bæði að huga að ásættanlegu umferðarflæði og öruggu og greiðu aðgengi að höfninni og Hofi.

Ein stofnbraut er í Hrísey og er það Lambhagavegur frá Norðurvegi að lóð einangrunarstöðvarinnar Hvatastaða.

Tengibrautir:

Tengibrautir eru nokkrar talsins. Ein tengibraut sem tengist stofnbrautinni er Síðubraut sem liggur frá hringtorgi nyrst í bænum til suðvesturs að Austursíðu. Í Aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018 var gert ráð fyrir lengingu hennar yfir í Lögmannshlíð en ekki er gert ráð fyrir þeirri tengingu á skipulagtímabilinu og fallið frá henni í þessu aðalskipulagi. Óðinsnes liggur frá sömu gatnamótum til suðausturs að Krossanesbraut. Hlíðarbraut liggur frá hringtorgi nokkru sunnar til suðvesturs, að hringtorgi við Þingvallastræti og Hlíðarfjallsveg. Til suðausturs liggur hún að Krossanesbraut. Undirhlíð liggur frá gatnamótum nokkru sunnar til norðausturs að Krossanesbraut. Borgarbraut liggur frá gatnamótum rétt sunnan Glerár til norðvesturs að Hlíðarbraut og áfram að Síðubraut. Tryggvabraut liggur til suðausturs frá sömu gatnamótum að Krossanesbraut/Hjalteyrargötu. Þórunnarstræti liggur frá gatnamótum nokkru sunnar til suðurs að Miðhúsabraut. Strandgata liggur frá Miðbænum til austurs að Hjalteyrargötu. Kaupvangsstræti liggur frá Miðbænum til vesturs yfir í Þingvallastræti að hringtorgi við Hlíðarbraut og Hlíðarfjallsveg. Loks liggur Miðhúsabraut frá gatnamótum innst í Innbænum til vesturs og norðurs yfir í Súluveg að Þingvallastræti.

Aðrar tengibrautir eru tvær. Krossnesbraut er tengibraut frá Óðinsnesi í norðri til suðurs yfir í Hjalteyrargötu sem heldur áfram sem tengibraut að Strandgötu. Nokkur umferð þungra ökutækja er um Krossanesbraut en stefnt er að því að beina henni á Þjóðveg 1. Vinna þarf öryggisaðgerðir í deiliskipulagi svæðisins, m.a. göngu- og hjólatengingar yfir/undir brautina. Dalsbraut liggur frá Borgarbraut neðan Háskólasvæðisins í norðri til suðurs að Miðhúsabraut.

Helsta breytingin frá núverandi gatnakerfi varðar gatnamót Þingvallastrætis og Súluvegar þar sem gert er ráð fyrir hringtorgi og færslu gatnanna til suðurs.

Helstu breytingar frá Aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018 eru þær að þar var gert ráð fyrir lengingu Síðubrautar yfir í Lögmannshlíð en ekki er gert ráð fyrir þeirri tengingu á skipulagtímabilinu og fallið frá henni í þessu aðalskipulagi. Samt sem áður er skilið eftir bil í íbúðarsvæði ÍB22 þannig að mögulegt sé að framlengja brautina yfir í Lögmannshlíð eða styttra verði síðar tekin ákvörðun um það. Jafnframt er kafli Hlíðarfjallsvegur frá Þingvallastræti/Hlíðarbraut að áður fyrirhuguðum gatnamótum við Síðubraut ekki lengur tengibraut. Önnur breyting er að Hjalteyrargata verður tengibraut alla leið að Strandgötu í stað Laufásgötu en hafnsækinni þungaumferð er beint á Laufásgötuna.

Ein tengibraut er í Hrísey og er það Hafnargata. Ein tengibraut er í Grímsey.

Stígar:

Haldið verður áfram að byggja upp göngu-, hjóla- og reiðstíganet bæjarins á grunni framkvæmdaáætlunar um þá uppbyggingu. Því er ætlað að tengja hverfin saman sem og að tengjast nágrannasveitarfélögunum. Af stofnstígum, sem ætlað er að vera megin göngu- og hjólaleiðir og tengja saman einstaka bæjarhluta, má helst nefna strandstíg sem tengir strandlengjuna allt frá Oddeyri að flugvelli. Af stofnstígum sem fyrirhugað er að tengi stíganet Akureyrar við nágrannasveitarfélög ber helst að nefna tengingu við Eyjafjarðarsveit með stíg vestan Eyjafjarðarbrautar, Svalbarðsströnd meðfram Leiruvegi og tengingu við Hörgársveit vestan Austursíðu um Sjafnargötu. Útivistarstígar eru stígar sem liggja um náttúruleg svæði utan byggðar og um aðliggjandi heiðar og fjalllendi og henta fyrst og fremst göngufólki. Ekki er gert ráð fyrir að útivistarstígar séu lýstir og þeir teljast ekki til stofnstíga.

Reiðstígar eru við athafnasvæði hestamannafélagsins og tengjast hesthúsasvæðum og áfram ofan byggðar til suðurs.

Í Hrísey eru þrjár merktir göngustígar og liggja þeir allir frá þéttbýlinu til norðurs og austurs. Um er að ræða hringleiðir en við þessa göngustíga eru upplýsingaskilti með ýmiss konar fróðleik um náttúru, jarðfræði og sögu Hríseyjar. Þá eru göngustígar frá Norðurvegi að fuglaskoðunarhúsi við Lambhagatjörn annarsvegar og að flugvellinum hinsvegar. Gert er ráð fyrir stíkaðri gönguleið frá núverandi göngustíg við Háeyjarstein og til norðurs eftir háeyjunni. Gönguleiðin mun liggja að Hríseyjarvita og áfram til norðurs að nyrsta og hæsta hluta eyjarinnar (110 m) sem heitir Bratti og eru skriður þar í sjó fram. Þá er einnig gert ráð fyrir stíkaðri gönguleið meðfram austurströnd Hríseyjar, frá Hvatastöðum og til norðurs að Hríseyjarvita. Þessar stíkuðu gönguleiðir mynda því nokkurs konar hringleið um norðurhluta Hríseyjar. Aðeins er gert ráð fyrir að þessar leiðir verði stíkaðar en ekki eiginlegir göngustígar og því er ekki gert ráð fyrir að leiðunum verði raskað á nokkurn hátt. Gönguleiðirnar munu liggja um land Ystabæjar sem er á náttúruminjaskrá vegna fjölskrúðugs gróðurs og mikils fuglalífs. Vegna þess skal aðgát höfð þegar farið er um svæðið og taka fyllsta tillits til fuglalífs, sér í lagi á varptíma.

Íbúar Grímseyjar telja æskilegt að göngustígar verði við hlið gatna.

Bifreiðastæði:

Bifreiðastæðabörf bygginga skal almennt vera leyst innan lóða. Víða er þó erfitt að uppfylla það skilyrði, einkum í eldri hverfum bæjarins. Gera þarf ráð fyrir byggingu bílastæðahúss eða bílastæðahúsa í miðbænum.

Í Samþykkt um þátttöku lóðarhafa í greiðslu kostnaðar við gerð bifreiðastæða á Akureyri segir í 1. grein að tilskilinn fjöldi bifreiðastæða á lóð skuli ákveðinn í deiliskipulagi eða skipulags- og byggingarskilmálum en sé svo ekki gildi eftirtaldar reglur: 1 bifreiðastæði skal vera fyrir hverja 50 ferm. í atvinnuhúsnæði og 1 stæði á hverja 75 ferm. íbúðarhúsnæðis, þó aldrei minna en 1,5 stæði fyrir hverja íbúð nema um sé að ræða eins herbergis íbúð, minni en 50 ferm., en fyrir hverja slíka íbúð reiknast eitt stæði. Miða skal við brúttóflatarmál húsa/íbúða með hlutdeild í sameign. Bæjarstjórn getur ákveðið sérstaklega kröfur um fjölda bifreiðastæða þar sem sérstök þörf er á vegna eðlis starfseminnar. Geti lóðarhafi ekki uppfyllt kröfur um fjölda bifreiðastæða á lóð skal honum skylt að taka þátt í kostnaði bæjarsjóðs við gerð almennra bifreiðastæða með greiðslu bílastæðagjalds. Sett eru lágmarksákvæði varðandi fjölda bílastæða og bílastæða fyrir fatlaða.

Samkvæmt lögreglusamþykkt fyrir Akureyri er ekki leyfilegt að leggja vörubifreiðum sem eru 5 tonn að leyfðri heildarþyngd eða meira og fólksflutningabifreiðum sem flytja meira en 10 farþega eða fleiri á götum eða almenningsbifreiðastæðum nema þau séu til þess ætluð. Bannið gildir einnig um hvers konar vinnuvélar og dráttarvélar án tillits til þunga þeirra. Akureyrarkaupstaður getur veitt undanþágu frá banni þessu og skal þá afmarka og merkja sérstaklega þá staði þar sem undanþága hefur verið veitt. Gera þarf ráð fyrir sérstökum stæðum vegna stórra atvinnutækja í deiliskipulagi hverfa. Nokkur slík stæði eru merkt í deiliskipulagi, m.a. í Naustahverfi við Kjarnagötu norðan Tjarnarhóls. Bannað er að leggja stórum bílum inni í íbúðarhverfum nema á þar til gerðum stæðum, sbr. 19. grein lögreglusamþykktar fyrir Akureyrarkaupstað.

Almenningssamgöngur:

Strætisvagnar Akureyrar sjá um almenningssamgöngur innan bæjarins. Leiðakerfi strætisvagna er unnið með það að leiðarljósi að þjóna markvisst sem flestum íbúum bæjarins og auka þannig notkun strætisvagna. Akstur í grennd við Háskólann á Akureyri og íþróttamannvirki í bænum er aukinn verulega og sömuleiðis þjónusta við grunn- og framhaldsskóla. Einnig verður leiðin að Sjúkrahúsinu á Akureyri greiðari. Leiðakerfið er byggt á fjórum vögnum sem fara sex mismunandi leiðir. Tvær leiðanna eru gagnstæðar hringleiðir sem tengja alla bæjarhluta. Hinar fjórar leiðirnar tengja norður-

og suðurhluta bæjarins með viðkomu í miðbæ. Auk þessara leiða er skólavagn sem gengur þá daga sem kennsla er í MA og VMA. Ókeypis er árið 2017 fyrir farþega að ferðast með strætisvögnum Akureyrar. Mikilvægt er að tengja almenningsvagnakerfið við markmið um þróun byggðar og atvinnusvæða.



Uppdráttur 1. Leiðakerfi Strætisvagna Akureyrar 2017.

Ferjusiglingar til og frá Hrísey og Grímsey eru grundvallarforsenda byggðar og framþróunar í eyjunum. Þar sem ferjan er þjóðvegur á sjó og í raun aðalaðkomuleiðin til eyjanna er mikil áhersla lögð mjög hátt þjónustustig ferjusiglinga. Vegna fjarlægðar Grímseyjar frá landi er flug auk þess mjög mikilvægur þáttur. Þörf er á samgöngubótum til eyjarinnar.

Hvað varðar almenningssamgöngur til annarra landshluta eru þær á höndum Strætó BS sem er m.a. með reglulegar ferðir milli Akureyrar og Reykjavíkur.

Vistgötur

Vistgata er gata þar sem umferð gangandi vegfarenda og hægfara faratækja (t.d. reiðhjóla, hjólaskauta eða hjólabretta) hefur forgang fram yfir bílaumferð. Venjulega er hraði takmarkaður við gönguhraða og gangandi vegfarendum, börnum að leik o.s.frv. er heimilt að nota götuna til jafns við bíla. Slíkar götur eru hannaðar með því augnamiði að minnka hraða bifreiða, t.d. með hraðahindrunum og með því að hafa bílastæði til skiptis öðrum hvorum megin götunnar. Hafnarstræti frá Kaupvangsstræti til og með Ráðhústorgs er vistgata. Gert er ráð fyrir að allar húsagötur í þéttbýlinu í Hrísey (hellulagðar götur) verði skilgreindar sem vistgötur með 15 km/klst. hámarkshraða.

2.1.27 Veitur: Fráveita, vatnsveita, hitaveita, rafmagn, fjarskipti.

Fráveita:

Ekki er allt fráveituvatn Akureyrar hreinsað nú sem stendur en fer í eina útrás í Sandgerðisbót og er veitt 90 metra út frá ströndinni. Á næstunni verður byggð dælu- og hreinsistöð og þegar búið verður að taka stöðina í notkun verður skólp grófhreinsað í stöðinni þar sem grófa efnið verður eftir, því pakkað og það svo fært til urðunar. Vökvanum verður dælt út á 40 metra dýpi 400 metra frá ströndinni þar sem skólp dreifist innan þynningarsvæðis. Eftir að framkvæmdum lýkur ætti skólp því aldrei að komast að ströndinni þannig að draga mun um úr magni kokka og gerla, m.a.

saurkóligerla, í sjónum við strendur Akureyrar. Jafnframt verður ástandið vaktað með reglulegu millibili samkvæmt vöktunaráætlun. Stefnt er að því að hreinsistöðin með nýrri útrás verði tekin í notkun síðla árs 2018.

Tvær útrásir eru fyrir þéttbýlið í Hrísey og er önnur þeirra austast á hafnarsvæðinu og hin við höfnina. Fráveitukerfið er einfalt, íbúaskolp og regnvatn blandast saman í fráveitunni og er leitt til sjávar. Núverandi útrásir fráveitunnar uppfylla ekki skilyrði reglugerðar um lengd og losunardýpi. Stefnt er að því að endurbæta fráveitukerfið á skipulagstímabilinu. Sú aðgerð felst helst í byggingu dæluhúss fráveitu við núverandi útrásir. Rotþrær eru við a.m.k. 12 hús í jaðri byggðarinnar í Hrísey sem ná ekki inn á lagnirnar eða þar sem aðstæður eru erfiðar. Þá eru hús utan þéttbýlis með rotþrær. Norðurorka annast rekstur fráveitunnar.

Fráveitumál Grímseyjar þarfnast úrbóta en þar rennur fráveituvatn stystu leið til sjávar. Stefnt er að því að setja rotþrær syðst á eyjunni og hreinsa annað skólþ.

Vatnsveita:

Vatnsból Akureyrar eru í Hesjuvallarlindum (Hlíðarfjalli), Sellandslindum (Glerárdal) og að Vöglum á Hörgáreyrum á Þelamörk þar sem fjórtán borholur eru. Vatnsból Hríseyjar er norðan þéttbýlisins þar sem tvær borholur eru. Ein borhola er í Grímsey og gott kalt vatn er í eyjunni. Norðurorka er rekstraraðili vatnsveitunnar nema í Grímsey þar sem Akureyrarkaupstaður sér um reksturinn. Vatnsveita Akureyrar hlaut gæðavottun árið 1998 og samkvæmt gæðakerfi Norðurorku er í gildi sérstakur samningur við Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra um reglubundið eftirlit með veitunni, vatnslindum o.s.frv. Þetta felur m.a. í sér reglubundna sýnatöku í vatnslindum og víðar í veitukerfinu.

Hitaveita:

Borholur hitaveitu fyrir Akureyri eru í þremur sveitafélögum á eftirfarandi stöðum:

- Akureyri: Á Glerárdal
- Eyjafjarðarsveit: Við Syðra Laugaland, Ytri Tjarnir, Botn og Hrafnagil
- Hörgársveit: Við Laugaland á Þelamörk og á Hjalteyri

Borhola hitaveitu í Hrísey er á vesturströnd Hríseyjar, sunnan Stapavíkur. Heitt vatn hefur ekki fundist í Grímsey en með bættri bortækni er möguleiki á að leita frekar að heitu vatni í eyjunni.

Metan

Metangasi er safnað frá gamla urðunarstaðnum á Glerárdal að efri geymi hitaveitunnar við Súluveg. Lagnir þar á milli geta verið hættulegar við framkvæmdir.

Rafmagn:

Raforka er leidd til bæjarins að tengivirki á Rangárvöllum. Þangað liggja tvær 132 kV háspennulínur Landsnets sem eru hluti af svokallaðri byggðalínu Landsnets, Rangárvallalína 1 frá Varmahlíð og Kröflulína 1 frá Kröfluvirkjun sem báðar eru loftlínur. Fyrir línurnar er skilgreint 40 m breitt helgunarsvæði. Landsnet áformar að byggja nýja 220 kV háspennulínu, Blöndulínu 3, að Kífsá eða Rangárvöllum og Hólasandslínu 3 frá Rangárvöllum til Hólasands í Þingeyjarsýslu. Að sögn Landsnets liggur ekki endanlega fyrir hvort Blöndulína 3 tengist Kífsá eða Rangárvöllum.

Rangárvallalína 1 var tekin í notkun 1974 og að sögn Landsnets ræðst framtíð hennar af uppbyggingu flutningskerfisins á Norðurlandi.

Kröflulína 1 var tekin í notkun 1977 og líftími áætlaður 50-60 ár. Landsnet gerir ráð fyrir að hún verði í notkun enn um sinn, en ekki liggur fyrir hvort þurfi að endurnýja hana að líftíma liðnum né með hvaða hætti það verði gert. Nauðsynlegt er að leggja hana í jörð í bæjarlandinu vegna

öryggishagsmuna, m.a. vegna flugöryggis, útivistarsvæða, tjaldsvæða og atvinnustarfsemi við Rangárvelli.

Hugsanlegt er að framkvæma það samhliða jarðstrengslögn vegna Hólasandslínu 3.

Deiliskipulag fyrir Hamra og Kjarnaskóg kveður á um að Kröflulína 1 verði aflögð fyrir árið 2020.

Deiliskipulag Rangárvalla kveður einnig á um að Kröflulína 1 verði lögð í jörð.

Akureyrarkaupstaður gerir þá kröfu að Kröflulína 1 og Hólasandslína 3 verði lagðar í jörð, vegna hagsmuna flugöryggis og nálægðar við þéttbýli og útivistarsvæði.

Rangárvallalína 2, 132 kV, liggur sem jarðstrengur að verksmiðju Becromal í Krossanesi.

Helgunarsvæði jarðstrengja er 8- 14 metrar, háð spennu og útfærslu. Ef verksmiðja Becromal verður stækkuð er gert ráð fyrir annarri sambærilegri línu meðfram fyrirhugaðri Síðubraut, Rangárvallalínu 3. Laxarlína 1 er 66 kV loftlína sem liggur frá Laxárvirkjun að Rangárvöllum. Hún á eftir 7 ára líftíma en hverfur þegar Hólasandslína 3 kemur. Hún er sýnd sem loftlína sem verður fjarlægð á skipulagtímanum. Frá Rangárvöllum til Dalvíkur liggur Dalvíkurlína1 sem er 66kV loftlína í eigu Landsnets. Helgunarsvæði línanna er 25 metrar.

Frá Rangárvöllum liggja 2 66 kV jarðstrengir Norðurorku. Annar að aðveitustöð í Þingvallastræti og hinn að aðveitustöð við Kollugerði. Milli aðveitustöðvanna tveggja liggur einnig 66 kV strengur. Allir strengirnir eru lagðir sem 3 einleiðarar.

Dreifikerfi Rarik fyrir nærliggjandi sveitarfélög tengist Rangárvöllum. Til norðurs liggur 11 kV loftlína yfir í Kræklingahlíð og jarðstrengur yfir í þéttbýlið við Lónsá. Einnig liggja tveir 11 kV jarðstrengir til suðurs. Annar þeirra tengist loftlínu sunnan við Hlíðafjallsveg sem liggur suður að tjaldsvæðinu á Hömrum þar sem jarðstrengir taka aftur við. Jarðstrengirnir liggja síðan annars vegar suður í gegnum Kjarnaskóg og hins vegar austur undir flugbrautina og Eyjafjarðará.

Stefna Akureyrarkaupstaðar er að raflínur verði almennt lagðar í jörð, með áherslu á allar línur þvert á stefnu flugbrauta flugvallarins.



Mynd 25. Spennistöð Akureyrar. Arkitekt Sigvaldi Thordarson. Ljósmynd B.J. (Mynd verður skipt út).

Fallorka áformar að reisa 3,3 MW vatnsaflsvirkjun á Glerárdal en tilgangur virkjunarinnar er að framleiða raforku inn á dreifikerfi Norðurorku hf fyrir Akureyrarkaupstað. Markmiðið er sala á raforku frá endurnýjanlegum orkugjöfum á hagkvæmu verði í sátt við umhverfið.

Sæstrengur liggur frá Árskógssandi til Hríseyjar. Kemur strengurinn í land norðan hafnarinnar og liggur þaðan að spennistöð/aðveitustöð (1-2) við Syðri-Lambhagavík. Dreifikerfið er í jörðu fyrir utan tvær 11 kV loftlínur að Kríunesi og norður fyrir Ystabæ-Miðbæ.

Rarik rekur rafveituna í Hrísey og Grímsey. Í Grímsey er rafmagn framleitt með dísilrafstöð. Norðurorka annast rekstur rafveitunnar á Akureyri.

Sími og önnur fjarskipti:

Fjarskipti á Akureyri eru gegnum fjarskiptanet Tengis og Mílu. Ljósleiðarahringurinn í kringum Ísland, sem Míla rekur, liggur í gegnum Akureyri. Ljósleiðari Orkufjarskipta, sem liggur yfir Sprengisand og áfam austur á land, liggur einnig í gegnum bæinn. Tengir og Míla eiga auk þess ljósleiðara sem liggja frá Akureyri í nærliggjandi sveitir.

Míla og Tengir reka fjarskiptakerfi í jörðu innan Akureyrar. Ekki eru öll hús bæjarins enn komin með tengingu. Í nýjum hverfum, t.d. Hagahverfi, er eingöngu lagður ljósleiðari inn í nýbyggingar. Tengir hefur lagt heimtaugar ljósleiðara inn í fjölmörg íbúðahús í mörgum eldri hverfum. Míla hefur lagt ljósleiðara í götuskápa í öllum eldri íbúðahverfum en nýtt hefðbundna símastrengi sem heimtaugar inn í íbúðarhús. Ljósleiðari hefur einnig verið lagður í fjölmörg fyrirtæki og stofnanir og eldri fjölbýlishús.

Hrísey og Grímsey tengjast með örbylgjukerfum við meginfjarskiptakerfi landsins. Tvö fjarskiptamöstur vegna síma eru í Hrísey og eitt í Grímsey. Míla rekur fjarskiptakerfi í jörðu í Hrísey og Grímsey. Hrísey tengist til Dalvíkur og Grenivíkur og Grímsey til Siglufjarðar og Húsavíkur.

2.1.28. Úrgangsmál

Á Akureyri er sorp flokkað í lífrænt sorp og ólífrænt sorp. Lífrænt sorp er að hluta notað í moltugerð eða eldsneyti en að hluta flutt til urðunar á Sölvabakka við Blönduós. Ólífrænt sorp er flokkað til endurvinnslu héraðs og erlendis en fer einnig til urðunar. Gerðar hafa verið tilraunir með að vinna olíu úr afgangsplasti í fyrirtæki innan bæjarins. Þá eru hér endurvinnslufyrirtæki fyrir flokkun og endurvinnslu úrgangs.

Síðustu ár hafa kröfur aukist verulega bæði fyrir skip og hafnir. Skemmtiferðaskip flokka um borð þann úrgang sem fer í land og þurfa að gefa upp með komuskjali það magn sem fer í land í hverri höfn. Ef ekkert fer í land í viðkomandi höfn þarf skipið samt að skila núll-skýrslu. Hafnir þurfa að fylgjast með að þessar skýrslur berist og stemmi og kalla jafnframt eftir kvittun frá móttökuaðila í landi. Hafnir þurfa árlega að senda Umhverfisstofnun yfirlit yfir þann úrgang sem á land fer. Eftir þessu er farið í höfnum Hafnasamlags Norðurlands bs.

Ekki er gert ráð fyrir sorpförgunarsvæðum í Hrísey. Á nokkrum stöðum í þéttbýlinu eru flokkunarstöðvar þar sem íbúar flokka það sorp sem fellur til frá heimilum. Sorpið er flokkað í úrgang og almennt sorp. Jarðgerðarstöð fyrir lífrænan úrgang hefur verið í Hrísey síðan árið 2004 en í hana fer allur lífrænn úrgangur sem fellur til frá heimilum í Hrísey. Í jarðgerðarstöðinni er lífræna úrganginum breytt í gróðurmold sem nýtt er áfram í Hrísey. Sorp sem fer ekki í jarðgerðarstöðina er flutt til Akureyrar og það sorp, sem flokkað er til endurvinnslu, fer til meðferðar hjá Gámaþjónustu Norðurlands ehf. Það sorp, sem ekki er hægt að flokka, er flutt eins og annað sorp frá Akureyri til urðunar á nýjum urðunarstað í Stekkjarvík norðan Blönduósbæjar.






Sorp er brennt í Grímsey.

2.1.29. Ákvæði fyrir alla landnotkunarflokk

Næturklúbbar

Rekstur næturklúbba á skipulagssvæðinu er með öllu óheimill nema þar sem gert er ráð fyrir þeim í deiliskipulagi viðkomandi svæða, sbr. skilgreiningu í 9. gr. laga um veitinga- og gistaði nr. 67/1985.

ADALSKIPULAG AKUREYRAR 2018-2030 SVEITARFÉLAGSUPPDRA'TTUR



- SKYRNINGAR**
LANDSKYRNINGAR
- Samgönguvegur
 - Landvegur Akureyrar
 - Svartir álfgróðisla
 - Flóttakryggur (F)
 - Öryggi svæði (ÖS)
 - Veiði- og laxi (V)
 - Brúsvæði (B)
 - Félagsvæði (FS)
 - Hvíldisvæði (H)
 - Hvíldisvæði, innviðin og stíla
 - Væðingarsvæði (V)
 - Væðingarsvæði, innviðin
 - Væðingarsvæði
- BYGGINGAR**
- Stærri og minni
 - Félags
 - Almennar
- ALMENNAR SKYRNINGAR**
- Stærri og minni
 - Félags
 - Almennar

TILLAGA Í VÍNNSLU

Skjalnúmer: Akureyri, 2018-2030
Sveitarfélagsuppdráttur
Útgáfudagur nr. 001
Dagur: 27. júní 2017

Uppdráttur 3. Aðalskipulag Akureyrar, þéttbýli og uppland.

AÐALSKIPULAG AKUREYRAR 2018-2030

SÉRUPPDRÁTTUR

HRÍSEY

SKYRNINGAR

LANDMARKUR



- Svartfjallagöngu
- Hlíðfjallagöngu
- Íbúðabyggð (B)
- Miðsvæði (M)
- Varskipti og þróun (V)
- Samfélagsþróun (S)
- Aðalhvæði (A)
- Úndasvæði (U)
- Eftirlit og stjórnunarsvæði (E)
- Frítíðabyggð (F)
- Aðreyning- og ferðamannasvæði (AF)
- Þráttasvæði (Þ)
- Kjölgættir og grættir (K)
- Opin svæði (OP)
- Flugvæði (FV)
- Hálfarsvæði (H)
- Landnámsvæði (L)
- Skammtir og landgræðingarsvæði (SL)
- Önguþvæði (Ö)
- Vörn, ár og ský (V)
- Staðsvæði (ST)
- Fjallafjall svæði (FS)
- Önnur náttúrusvæði (ON)
- Hæðisvæði (H)
- Fjallafjall svæði
- Væðingarsvæði (V)
- Væðingarsvæði
- Væðingarsvæði

ÞJÓNUSTUKERFI

- Skólaúti
- Torgúti
- Aðrar götur
- Göngu- og öðra hjólaðleið
- Ráðgjafi
- Umráðandi
- Flutningaflutningaþjónusta (flutninga)
- Flutningaflutningaþjónusta (þjónusta)
- Aðrir flutningaþjónusta
- Útskið
- Dæturð þjónusta

ALMENNAR SKYRNINGAR



- Hæðisvæði (20 m)
- Byggingar



Skýpingspögn
 Aðalskipulag Akureyrar 2018-2030
 dags. xx. xx. xxx. xxx. xxx. xxx. xxx.
 Grænagerð
 Sveitarstjórnarstjórn
 Séruppdráttur fyrir Akureyrar-Deilifjökki
 Séruppdráttur fyrir Hrísey og Grímsey

Grænagerð
 Umhverfis- og mannviðvarðun Akureyrar
 Mennskaftur laubellinga
 Hólabæli Landeyri
 Hraðbúðin ISNET 93

GRÍMSEY



Aðalskipulag Akureyrar 2018-2030 sem ályktar hefur verið samkvæmt 16. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 125/2010 var samþykkt í seðinni Akureyrar þingi.

Aðalskipulag þetta var staðfest af Skipulagsstjórn þingi.

Aðalskipulag Akureyrar 2018-2030 er staðfest með lýrnum um raðstöfur mats- og umhverfisáhrifa þessi framkvæmda sem hefur verið með á umhverfisáhrifa samkvæmt lögum nr. 199/2000.

TILLAGA Í VINNSLU

Utvarð af Skipulagsvæði Akureyrarþingar
 Úppdráttur og tölur Landeyri

Aðalskipulag Akureyrar 2018-2030
 Séruppdráttur - Hrísey, Grímsey
 Úppdráttur nr. 003
 Dags: 27. júní 2017

Uppdráttur 4. Aðalskipulag Akureyrar, Hrísey og Grímsey.

2.3 SAMRÆMI VIÐ SVÆÐISSKIPULAG EYJAFJARÐAR 2012 - 2024.

Helstu þættir svæðisskipulagsins

Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024 nær til allra sveitarfélaganna við Eyjafjörð. Suðurmörk skipulagssvæðisins eru við mörk svæðisskipulags miðhálandisins en hluti Eyjafjarðarsveitar er innan marka þess. Heildarflatarmál skipulagssvæðisins er um 3.450 km². Eftirtalin sveitarfélög eru aðilar að Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012-2024: Fjallabyggð, Dalvíkurbyggð, Hörgársveit, Akureyrarkaupstaður, Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsstrandarhreppur og Grýtubakkahreppur.

Í Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012-2024 er sett fram sameiginleg stefna aðildarsveitarfélaganna um byggðaþróun og þá þætti landnotkunar sem talin er þörf á að samræma vegna sameiginlegra hagsmuna sveitarfélaganna. Líta ber á áætlunina sem leiðarljós í þeim efnisflokkum sem teknir eru til umfjöllunar.

Eftirtaldir efnisþættir eru teknir til umfjöllunar í Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012-2024: byggðaþróun, samgöngur, iðnaðarsvæði, nýting landbúnaðarlands, efnistökusvæði, vatnsverndarsvæði, meðhöndlun úrgangs, strandsvæði Eyjafjarðar og veitukerfi.

Efnisþáttunum er skipað í eftirtalda kafla: Byggðaþróun og byggðamynstur, landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi og afmörkun á landnotkun.

Svæðisskipulaginu er ætlað að marka stefnu um byggðaþróun og tiltekna og afmarkaða þætti landnotkunar. Staðbundin ákvæði um landnotkun eru einungis sett um stór iðnaðarsvæði utan þéttbýlis, nýjar hafnir yfir ákveðnum stærðarmörkum utan þéttbýlis og áform um ný jarðgöng auk ákvæða um vatnsverndarsvæði og flokkun sjávar í samræmi við reglugerð um varnig gegn mengun vatns nr. 796/199. Gerð er grein fyrir legu/staðsetningu staðbundinna ákvæða með viðeigandi nákvæmni á uppdráttum í greinargerð skipulagsins.

Tilgangur með gerð svæðisskipulagsins er að stuðla að því að byggðamynstur í Eyjafirði verði hagkvæmt í fjárhagslegu og rekstrarlegu tilliti. Byggingarsvæði eru ekki skilgreind á skipulagsuppdrætti svæðisskipulagsins. Leggja skal áherslu á hagkvæmt byggðamynstur sem dregur úr þörf fyrir bílaumferð og bætir forsendur fyrir almenningsamgöngur svo og gangandi og hjólandi vegfarendur. Ný íbúðarbyggð á að tengjast beint þeirri byggð sem fyrir er. Gert er ráð fyrir framtíðarvexti Akureyrar út með vesturströnd Eyjafjarðar og skal taka mið af því við skipulag og uppbyggingu á svæðinu.

Lögð er áhersla á að Eyjafjörður sé eitt atvinnusvæði og að unnið verði að víðtækri atvinnuþróunaráætlun fyrir Eyjafjarðarsvæðið. Taka skal mið af markmiðum um varðveislu góðs landbúnaðarlands við staðarval og skipulag byggðar. Ekki er talin ástæða til þess að merkja náttúruminjasvæði í svæðisskipulagi þar sem umfjöllun og ákvarðanatáka um náttúruvernd er hjá viðkomandi sveitarstjórnnum annars vegar og hjá Umhverfisstofnun og Alþingi hins vegar.

Framtíðarsýn svæðisskipulagsins er að Eyjafjarðarsvæðið verði öflug heild í heilnæmu umhverfi með traustu atvinnulífi, sterkum innviðum og fjölbreyttum búsetukostum. Íbúar hafi jöfn tækifæri til að nýta sér kosti og möguleika svæðisins, óháð búsetu.

Markmið svæðisskipulagsins eru m.a. góð búsetuskilyrði og fjölbreyttir búsetukostir á skipulagssvæðinu og hagkvæmt byggðamynstur. Ekki er gert ráð fyrir uppbyggingu nýrra þéttbýlisstaða.

Taka skal mið af markmiðum um varðveislu góðs landbúnaðarlands við staðarval og skipulag byggðar. Íbúðarbyggð í dreifbýli, smábýli og búgarðabyggð er háð skilgreiningu í aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Í svæðisskipulaginu er gert ráð fyrir tveimur stórum iðnaðarsvæðum (stærri en 50 ha.) utan þéttbýlis í Eyjafirði, þ.e. á Árskógssandi og Dysnesi. Gert er ráð fyrir vöruhöfn í tengslum við athafna- og iðnaðarsvæði á Dysnesi.

Áhersla er lögð á góðar og öruggar vegasamgöngur innan svæðis og við aðra landshluta. Gert er ráð fyrir jarðgöngum á nokkrum stöðum og að göngu- og hjólaleiðir verði milli sveitarfélaganna á skipulagssvæðinu, þar sem kostur er, auk tenginga við nærliggjandi héruð. Reiðleiðir (stofnleiðir) verði milli sveitarfélaganna á skipulagssvæðinu, þar sem kostur er, auk tenginga við nærliggjandi héruð.

Tryggja skal stöðu Akureyrarflugvallar sem millilandaflugvallar og miðstöðvar flugsamgangna á Norðurlandi. Mannvirkjagerð allri skal haga þannig að flugöryggi verði ekki skert á neinn hátt og Akureyrarflugvöllur geti ætíð staðist þær öryggiskröfur sem gerðar eru til millilandaflugvalla að teknu tilliti til landslags og legu. Lega og gerð flutningslína raforku skal taka mið af umhverfi, flugöryggi og verndun góðs ræktunarlands.

Tryggt skal að neysluvatni og möguleikum á öflun þess verði ekki spillt með mannvirkjagerð eða öðrum athöfnum. Nokkur fjarsvæði vatnsbóla ná yfir sveitarfélagamörk auk þess sem vatnsverndarsvæði í einu sveitarfélagi geta nýst því næsta.

Eyjafjörður verði skilgreindur sem „síður viðkvæmur viðtaki“ fráveitu miðað við skilgreiningar í reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999 en Pollurinn innan Oddeyrartanga verði þó skilgreindur sem „viðkvæmur viðtaki“. Unnin verði vöktunaráætlun undir stjórn Umhverfisstofnunar í samræmi við lagaákvæði þar sem m.a. verði gerð grein fyrir mælingum og tíðni þeirra.

Áhrif á aðalskipulag Akureyrar

Svæðisskipulagið er í meginráttum stefnumarkandi, m.a. fyrir byggðamynstur, samgöngur og veitukerfi. Þau markmið sem þar eru sett fram ættu að endurspeglast í yfirmarkmiðum aðalskipulags Akureyrar. Varðandi byggðapróun gerir svæðisskipulagið ráð fyrir framtíðarvexti Akureyrar út með vesturströnd Eyjafjarðar og skuli taka mið af því við skipulag og uppbyggingu. Aðalskipulag Akureyrar 2018-2030 miðar að því að taka þéttingarsvæði og nýbyggingarsvæði í norðurhluta bæjarins til uppbyggingar á undan hverfum í suðurhlutanum, þ.e. Naustahverfi, og er það í samræmi við svæðisskipulagið.

Þá gerir svæðisskipulagið ráð fyrir tveimur stórum iðnaðarsvæðum (stærri en 50 ha.) utan þéttbýlis í Eyjafirði, þ.e. á Árskógssandi og Dysnesi ásamt vöruhöfn í tengslum við athafna- og iðnaðarsvæði á Dysnesi. Þetta mun leysa þörf fyrir uppbyggingu stórra iðnaðarsvæða á Akureyri auk þess sem vöruflutningar sjóleiðis til Akureyrar munu fara að mestu þar um.

Þá má nefna að göngu- og hjólaleiðir eiga að vera milli sveitarfélaganna á skipulagssvæðinu ásamt reiðleiðum. Í Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 er lögð áhersla á flugvöllinn, að raflínur skerði ekki öryggi hans og að hann standist reglur fyrir alþjóðaflugvelli og er það í samræmi við svæðisskipulagið. Ákvæði svæðisskipulagsins varðandi neysluvatn og fráveitu eru í fullu samræmi við aðalskipulagið.

2.4 SAMRÆMI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

2.4.1 Landsskipulag

Í skipulagslögum nr. 123/2010 er kveðið á um að vinna skuli landsskipulagsstefnu til tólf ára og skal hún lögð fram í formi þingsályktunar innan tveggja ára frá alþingiskosningum. Þingsályktun um landsskipulagsstefnu 2015-2026 var samþykkt á Alþingi 16.03.2016. Sveitarfélög skulu taka mið af landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlana eða breytinga á þeim og, eftir því sem við á, samræma þær landsskipulagsstefnu innan fjögurra ára frá samþykkt hennar. Telji sveitarstjórn að ekki beri að taka mið af samþykktri landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlunar skal hún gera rökstudda grein fyrir því og skal rökstuðningurinn fylgja með tillögu að skipulagsáætlun þegar hún er send Skipulagsstofnun.

Landsskipulagsstefnan felur í sér:

1. Stefnu um skipulag á miðhálandi Íslands.

Þýðing fyrir Akureyri:

Snertir ekki aðalskipulag Akureyrar.

2. Stefnu um skipulag í dreifbýli.

Hér eru taldir upp þættir er varða skipulagsgerð sveitarfélaga. Miðað er að því að styðja og styrkja samfélag viðkomandi byggðarlags með því að beina vexti að þeim kjörnum sem fyrir eru. Í dreifbýli tengist fjölgun íbúða fremur búrekstri eða annarri staðbundinni landnýtingu eða atvinnustarfsemi. - Skipulagsákvæðanir um staðsetningu og hönnun nýrra mannvirkja í dreifbýli taki mið af byggingarhefðum, landslagi og staðháttum. Um leið verði gætt að hagkvæmni varðandi samgöngur og veitur og að byggð gangi ekki að óþörfu á svæði sem eru verðmæt til landbúnaðar eða vegna náttúruverndar. Við skipulag frístundabyggðar verði almennt stefnt að afmörkuðum en samfelldum frístundabyggðarsvæðum. - Leitast verði við að varðveita náttúru- og menningargæði sem hafa staðbundið, eða víðtækara, gildi út frá sögu, náttúrufari eða menningu. - Skipulagið stuðli að eflingu ferðaþjónustu í dreifbýli um leið og gætt verði að því að varðveita þau gæði sem eru undirstaða ferðaþjónustu. - Skipulagið gefi kost á að nýta orkulindir í dreifbýli með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi. Jafnframt gefi skipulagið kost á uppbyggingu flutningsmannvirkja raforku sem tryggir örugga afhendingu raforku. Mannvirki vegna orkuvinnslu og orkuflutnings falli sem best að landslagi og annarri landnotkun. - Stuðlað skal að greiðum samgöngum innan skilgreindra vinnusóknar- og þjónustusvæða meginljúna með styrkingu byggðar að leiðarljósi. Skilgreindar verði meginleiðir ferðamanna, gangandi, ríðandi og hjólandi. Gerð verði grein fyrir og mörkuð stefna um aðra vegi en þjóðvegi í aðalskipulagi í samræmi við lög um náttúruvernd. - Skipulagið gefi kost á uppbyggingu fjarskiptamannvirkja til að tryggja örugg fjarskipti um leið og gætt verði að áhrifum á náttúru og landslag. - Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði tekið tillit til þeirrar hættu sem stafar af náttúruvá, svo sem snjóflóðum, skriðuföllum, vatnsflóðum, eldgosum, jökulhlaupum og jarðskjálftum.

Þýðing fyrir Akureyri:

Hér eru byggðakjarnarnir Hrísey og Grímsey og er aðalskipulag þeirra fellt að þeim stefnumiðum sem hér koma fram. Fjölgun íbúða tengist þó fremur styrkingu þéttbýliskjarnanna en búrekstri.

3. Stefnu um búsetumynstur og dreifingu byggðar.

Hér eru taldir upp þættir er varða skipulagsgerð sveitarfélaga. Skilgreindir verði meginljúna í hverjum landshluta og vinnusóknar- og þjónustusvæði þeirra. Uppbyggingu, þar á meðal samgangna, verði hagað þannig að hún sé til þess fallin að styrkja kjarnana sem sjálfbæra burðarása viðkomandi nærsamfélags. - Í aðalskipulagi verði vaxtarmörk þéttbýlisstaða skilgreind með það fyrir augum að efla viðkomandi þéttbýlisstað og standa vörð um verðmæt náttúrusvæði og landbúnaðarland. Skýr

skil verði milli þéttbýlis og dreifbýlis. - Almennit verði haft að leiðarljósi að þetta byggð og blanda atvinnustarfsemi, verslun og þjónustu. - Sérstaklega verði hugað að gæðum hins byggða umhverfis og sett fram stefna og ákvæði um mælikvarða byggðar, byggðamynstur og samspil byggðar, bæjarrýma og ferðamáta. Einnig verði sérstaklega hugað að almenningssamhengi og útivistarsvæðum með það að markmiði að hvetja til útiveru og hreyfingar, matjurtaræktunar og náttúruupplifunar og varðveita verðmæt náttúrusvæði. Jafnframt verði tekið tillit til sögulegs samhengis í þróun byggðar og menningararfurinn nýttur til að styrkja sérkenni og staðaranda. - Stuðlað verði að uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar með áherslu á gæði í hinu byggða umhverfi og öflugum innviðum. Sérstaklega verði hugað að fjölbreytni atvinnulífs með tilliti til þols gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum. - Skipulagsákvæðanir um raforkuflutningsmannvirki geri kleift að tryggja örugga afhendingu raforku um leið og tekið er tillit til áhrifa á landslag og aðra landnotkun. - Við skipulag byggðar og samgangna verði miðað við að sem flestir íbúar komist til næsta meginkjarna á innan við einni klukkustund. Skipulag feli einnig í sér stefnu um almenningssamgöngur. Jafnframt verði mótuð stefna um tengingar milli helstu meginkjarna í samræmi við samgönguáætlun. Gatnaskipulag og gatnahönnun miði að því að skapa bæjarrými og umferðarrými fyrir akandi, hjólandi og gangandi vegfarendur. - Skipulag gefi kost á uppbyggingu fjarskiptamannvirka til að tryggja örugg fjarskipti um leið og gætt verði að umhverfisáhrifum. - Hugað verði að því hvernig megi með skipulagsaðgerðum draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Jafnframt verði tekið tillit til áhrifa loftslagsbreytinga, svo sem vegna hækkunar sjávarborðs, og náttúruvár, svo sem snjóflóða, skriðufalla, vatnsflóða, eldgosa, jökulhlaupa og jarðskjálfta með það að markmiði að varna slysum á fólki og tjóni á mannvirkjum.

Þýðing fyrir Akureyri:

Stefnumið sem hér koma fram eru í samræmi við markmið aðalskipulags þessa sem hér er sett fram. Þar má til dæmis nefna gæði búsetuumhverfis og náttúrulegs umhverfis, þéttingu byggðar, fjölbreytni atvinnulífs, samgöngur, þ.m.t. göngu- og hjólastíga ásamt almenningssamgöngum, ásamt umhverfismálum almennit.

4. Stefna um skipulag á haf- og strandsvæðum.

Skipulag nýtingar á haf- og strandsvæðum grundvallist á heildarsýn á málefni hafsins þar sem viðhaldið verði heilbrigði, líffræðilegri fjölbreytni og framleiðslugetu hafsins. Skipulagsákvæðanir um staðbundna nýtingu á haf- og strandsvæðum byggist á vistkerfisnálgun og stuðli þannig að viðhaldi vistkerfa og sjálfbærri nýtingu auðlinda. - Komið verði á fót svæðisbundinni skipulagsgerð fyrir haf- og strandsvæði næst landi sem veiti grundvöll fyrir nýtingu haf- og strandsvæða, taki mið af mismunandi hagsmunum og samþættingu nýtingar og verndar við ströndina þar sem gæta þarf samræmis milli skipulags á landi og hafi.

Þýðing fyrir Akureyri:

Akureyrarbær ásamt Hrísey og Grímsey hafa aðgang að strönd og er skipulag strandsvæðanna í samræmi við þau stefnumið sem hér koma fram.

2.4.2 Samgönguáætlun og vegaáætlun.

Samgönguáætlun er til 12 ára og tekur til fjáröflunar og útgjalda til allra greina samgangna, þ.e. flugmála, vegamála og siglingamála, þ.m.t. almenningssamgangna, hafnamála, sjóvarna, öryggismála og umhverfismála samgöngugreina. Þar skal skilgreina það grunnkerfi, sem ætlað er að bera meginþunga samgangna, og gera skal grein fyrir ástandi og horfum í samgöngum í landinu. Við gerð samgönguáætlunar skal m.a. byggja á þeim meginmarkmiðum að samgöngur séu greiðar, hagkvæmar, öruggar og umhverfislega sjálfbærar auk þess sem þær stuðli að jákvæðri byggðapróun og dragi úr þörf fyrir einkabílinn. Í samgönguáætlun fyrir árin 2011 - 2022 er m.a. áhersla á að

almenningsgangandi um allt land verði stórefldar og fólki auðveldað að komast leiðar sinnar gangandi eða á reiðhjóli. Unnið er að nýrri samgönguáætlun fyrir árin 2015-2026.

Í samgönguáætlun til 4 ára skal gerð grein fyrir fjáröflun til vegamála og útgjöld sundurliðuð á einstakar framkvæmdir, rekstur, þjónustu og viðhald eftir því sem við á í samræmi við uppsetningu samgönguáætlunar.

Þýðing fyrir Akureyri.

Þessar áætlanir skipta máli fyrir aðalskipulag Akureyrar þar sem þar kemur fram áætlun um framkvæmdir Vegagerðarinnar á stofnbrautum. Í samgönguáætlun 2015-2018 er lagt til að unnið verði við öryggisaðgerðir á Hringvegi á Akureyri á árunum 2016 og 2017. Um er að ræða aðgerðir á gatnamótum og gönguþverunum.

2.4.3 Náttúruverndaráætlun

Umhverfisráðherra skal leggja fram náttúruverndaráætlun eigi sjaldnar en á 5 ára fresti. Í náttúruverndaráætlun skulu vera sem gleggstar upplýsingar um náttúruminjar, þ.e. náttúruverndarsvæði og lífverur, búsvæði þeirra, vistgerðir og vistkerfi sem ástæða þykir til að friðlýsa. Skal í áætluninni lýst sérkennum minjanna og þýðingu þeirra í náttúru landsins. Áætlunin skal m.a. taka til helstu tegunda vistgerða og vistkerfa hér á landi svo og jarðmyndana. Við gerð hennar skal m.a. taka tillit til menningarlegrar og sögulegrar arfleifðar, nauðsynjar á endurheimt vistgerða, nýtingar mannsins á náttúrunni og ósnortinna víðerna. Í náttúruverndaráætlun 2009 - 2013 er kveðið á um að unnið skuli að friðlýsingu 13 svæða til þess að stuðla að traustri verndun íslenskrar náttúru og framkvæmd alþjóðlegra samninga um náttúruvernd hér á landi. Tilgangurinn er að koma upp neti verndarsvæða til að tryggja verndun landslags, náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni, þess sem sérstætt er í náttúru landsins, fágætt eða í hættu og að friða náttúruleg landsvæði til náttúruverndar, vísindarannsókna, vöktunar og útivistar.

Þýðing fyrir Akureyri.

Í Náttúruverndaráætlun eru ekki talin nein svæði til friðlýsingar innan Akureyrar og hefur áætlunin því eingöngu þýðingu varðandi almenna stefnumörkun aðalskipulagsins.

2.4.4 Kerfisáætlun

Í raforkulögum er kveðið á um að flutningsfyrirtæki raforku skuli árlega leggja fyrir Orkustofnun til samþykktar kerfisáætlun um uppbyggingu flutningskerfisins sem feli í sér 10 ára langtímaáætlun og framkvæmdaáætlun sem tekur til næstu þriggja ára. Í kerfisáætlun Landsnets til árana 2015-2024 er að finna yfirlit yfir áætlaða þróun notkunar og framleiðslu raforku tengdri flutningskerfinu auk þeirrar uppbyggingar sem ráðgerð er í flutningskerfinu til næstu ára. Einnig er gerð grein fyrir helstu eiginleikum flutningskerfisins svo sem aflgetu, áreiðanleika, töpum, styrkleika á afhendingarstöðum, líkum á aflskorti og helstu takmörkunum flutningskerfisins. Meginvalkostum flutningskerfisins er skipt upp í tvo meginvalkosti, Hálendisleið með tengingu yfir hálendið, þ.e. milli Suður- og Norðausturlands, og Byggðaleið sem felur í sér byggingu nýrra 220 kV lína meðfram núverandi byggðalínu að stærstum hluta. Innan beggja eru nokkrir undirvalkostir.

Svæðisflutningskerfi Norðausturlands er nokkuð umfangsmikið 66 kV kerfi og liggur út frá Rangárvöllum á Akureyri allt norðaustur á Kópasker og þaðan tengist Laxárvirkjun flutningskerfinu. Einnig liggur 66 kV lína frá Rangárvöllum til Dalvíkur. Tvær flutningslínur þarf frá vinnslueiningu á Norðausturlandi þar sem núverandi 132 kV flutningskerfi er mjög veikt og getur ekki flutt mikið umframafli.

Landsnet hefur um nokkurn tíma undirbúið lagningu Blöndulínu 3, 220 kV línu frá Blöndu til Akureyrar, sem talin er mikilvægt skref í að ná því markmiði að styrkja flutningskerfið á Norður- og Norðausturlandi. Framkvæmdin hefur farið í gegnum umhverfismat en strandað á skipulagsmálum síðustu ár.

Í drögum að Kerfisáætlun 2016-2025 er Hólasandslína 3, frá Akureyri að Hólasandi, ein af þeim línuleiðum sem eru sameiginlegar þeim fjórum valkostum sem taldir eru uppfylla markmið raforkulaga. Í áætluninni er ráðgert að framkvæmdir við línuna hefjist árið 2019. Um er að ræða nýbyggingu 220 kV raflínulínu. Línuleiðin er 70 – 80 km, mislöng eftir valkostum, og er að miklu leyti samhliða núverandi Kröflulínu 1.

Þýðing fyrir Akureyri.

Allir valkostir kerfisáætlunar gera ráð fyrir styrkingu kerfisins gegnum Akureyri. Útfærsla og lega raflínanna í bæjarlandinu skiptir hinsvegar máli, þ.e. hvort byggðar verða nýjar loftlínur eða lagðir jarðstrengir. Þrír valkostir eru til skoðunar, tvær leiðir fyrir jarðstrengi og ein fyrir loftlínu.

Þar sem þessar flutningsleiðir liggja gegnum þéttbýli og áhrifasvæði flugvallar, er gerð krafa um jarðstrengi, sem er í samræmi við samþykktu stefnu stjórnvalda um lagningu raflína.

2.4.5 Áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.

Markmið verndar- og orkunýtingaráætlunar er að tryggja að nýting landsvæða, þar sem er að finna virkjunarkosti, byggist á langtímasjónarmiðum og heildstæðu hagsmunamati þar sem tekið er tillit til verndargildis náttúru og menningarminja, hagkvæmni og arðsemi ólíkra nýtingarkosta og annarra gilda, sem varða þjóðarhag, svo og hagsmuna þeirra sem nýta þessi sömu gæði með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Í áætluninni eru virkjanakostir flokkaðir í þrjú flokka: nýtingarflokk, biðflokk og verndarflokk. Flokkunin byggir á tillögum í skýrslu verkefnisstjórnar um rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Í verndarflokk verndar- og nýtingaráætlunar ættu að falla virkjunarhugmyndir sem ekki væri talið rétt að ráðast í og landsvæði sem ástæða væri talin til að friðlýsa gagnvart orkuvinnslu. Í nýtingarflokk færu virkjunarhugmyndir sem talið væri að ráðast mætti í að uppfylltum öðrum skilyrðum. Í biðflokk féllu virkjunarhugmyndir sem talið væri að þyrftu frekari skoðun með betri upplýsingum svo meta mætti hvort þær ættu að raðast í nýtingarflokk eða verndarflokk.

Þýðing fyrir Akureyri.

Fallorka ehf. áformar að reisa 3,3 MW vatnsaflsvirkjun á Glerárdal en tilgangur virkjunarinnar er að framleiða raforku inn á dreifikerfi Norðurorku hf fyrir Akureyri. Markmiðið er sala á raforku frá endurnýjanlegum orkugjöfum fyrir bæjarbúa á hagkvæmu verði í sátt við umhverfið.

2.4.6 Áætlanir sveitarfélagsins

Af áætlunum sveitarfélagsins sem snerta aðalskipulagsgerðina beint má nefna skólastefnu, atvinnumálafestefnu, ferðamálastefnu, menningarstefnu, velferðarstefnu, jafnréttisfestefnu, byggingarlistafestefnu, Staðardagskrá 21 og umhverfis- og samgöngustefnu Akureyrar. Af áætlunum sem snerta aðalskipulagið óbeint má nefna langtíma fjárhagsáætlun, þar sem mörkuð er stefna um fjárfestingar, og áætlanir um þátttöku sveitarfélagsins í ýmsum kostnaði. Þessar stefnur ásamt fleiri sambærilegum eru innbyggðar í aðalskipulagið.

3. FORSENDUR

3.1 AFMARKANDI ÞÆTTIR

3.1.1 Lög og reglugerðir

Aðalskipulag Akureyrar 2018 - 2030 byggir á skipulagslögum nr. 123/2010 og skipulagsreglugerð nr. 90/2013 ásamt lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Ýmis fleiri lög og reglugerðir snerta skipulagið og má þar nefna lög um menningarminjar nr. 80/2012, lög um náttúruvernd nr. 60/2013 og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

Samkvæmt skipulagslögum er landið allt skipulagsskylt. Sveitarstjórn ber ábyrgð á að gert sé aðalskipulag fyrir sveitarfélagið og í aðalskipulagi skal fjallað um allt land innan marka þess. Í aðalskipulagi skal t.d. gera grein fyrir áhrifum áætlunarinnar á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag, m.a. með samanburði þeirra kosta sem til greina koma. Deiliskipulag og bygging húsa og annarra mannvirkja ofan jarðar og neðan og aðrar framkvæmdir og aðgerðir, sem hafa áhrif á umhverfið og breyta ásýnd þess, skulu vera í samræmi við aðalskipulag.

Þar sem skipulagsáætlanir fjalla um og hafa áhrif á ýmsa þætti samfélagsins, svo sem náttúruvernd, samgöngur o.fl., verður að taka mið af ýmsum fleiri lögum svo sem lögum um mat á umhverfisáhrifum, náttúruverndarlögum, lögum um menningarminjar, lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, vegalögum, vatnalögum, sveitastjórnarlögum og stjórnarsýslulögum.

Í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 eru skilgreindir landnotkunarflokkar, sett ákvæði fyrir hvern flokk sem sveitarfélagið ber að fylgja eftir því sem við á. Aðalskipulagið fylgir þeirri skiptingu en þar sem við á eru ákvæði aðalskipulagsins ítarlegri en lágmarksskilgreiningar skipulagsreglugerðarinnar og er það í samræmi við markmið aðalskipulagsins í kafla 1.2 hér að framan.

Mat á umhverfisáhrifum mismunandi landnotkunarkosta og skipulagstillögunnar í heild eiga að tryggja að sem mest tillit sé tekið til umhverfissjónarmiða í skipulagstillögunni. Í lögum um menningarminjar segir m.a. að skrá skuli fornleifar, hús og mannvirki og að friðlýstar menningarminjar skuli færðar á skipulagskort. Þetta þýðir að skylt er að fornleifaskráning og húsaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess. Ef innan marka skipulagssvæðis eru mannvirki, húsaþyrpingar, náttúruminjar eða trjágróður, sem æskilegt er talið að varðveita vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis án þess að um lögformlega friðun sé að ræða, skal setja í viðkomandi skipulagsáætlun ákvæði um hverfisvernd.

3.1.2 Lögsagnarumdæmi

Stærð lögsagnarumdæmis Akureyrarkaupstaðar er alls um 130 km², þar af er Akureyri með upplandi um 117 km², Hrísey um 7,5 km² og Grímsey um 5,3 km².

Austurmörk Akureyrar eru miðlína Eyjafjarðar og miðkvísl Eijafjarðarár. Suðurmörk eru frá kvíslinni til vesturs yfir hólma Eyjafjarðarár og síðan landamerki Hvamms og Kjarna upp í Súlutind. Vesturmörk eru fjallseggin suður frá Súlum fyrir botn Glerárdals og síðan fjallsbrún Hlíðarfjalls norður í Hrappsstaðaskálar til móts við upptök Hrappsstaðaár. Norðurmörk eru síðan Hrappsstaðaá sem rennur í Lónslæk og þaðan Lónslækurinn til sjávar.

3.1.3 Eignarhald á landi

Akureyrarkaupstaður er eigandi mestalls lands innan lögsagnarumdæmisins. Auk nokkurra byggingalóða í einkaeign innan núverandi byggðar eru 15 skráðar jarðir í einkaeign í umdæmi Akureyrar.

3.2 MANNFJÖLDI OG HÚSNÆÐISMÁL

3.2.1 Íbúaþróun

Varðandi þörf fyrir nýbyggingarsvæði og þjónustu þarf að skoða væntanlega íbúaþróun. Út frá henni þarf svo að áætla þörf fyrir íbúðarhúsnæði, umfang og afmörkun svæða, þannig að sú grunngerð sem fyrir hendi er nýtist sem best.


Í aðalskipulaginu 2005 var gert ráð fyrir að Akureyringar yrðu á bilinu 18 til 27,5 þúsund við lok skipulagstímabilsins árið 2018. Lágspáin miðaði við að jöfnuður yrði í að- og brottflutningi og aukning um 0,6% á ári en háspáin að aðflutningur umfram brottflutning yrði um 125 íbúar á ári og aukning um 5% á ári.

Þann 1. janúar 2016 var íbúafjöldi á Akureyri 18.074 manns, Hrísey og Grímsey ekki þar með taldar. Íbúum hafði þá fjölgað um 19,8% síðan 1998 eða að meðaltali um **1,10% á ári**. Fjölgunin var nokkuð stöðug á því tímabili, ýmist örlítið meiri eða örlítið minni en frávik aldrei mikil. Þó má greina uppsveiflu árin 2007-2009 en eftir það er þróunin hægari. Miðað við að þessi þróun haldist óbreytt má gera ráð fyrir að íbúar Akureyrarkjarnans gæti orðið um 21 þúsund árið 2030 og verður það hér notað sem viðmiðunarspá. Síðustu ár hefur þróunin verið mun hægari og ef miðað er við þróunina frá 2010 til 2016 er hún 0,56% á ári. Má því búast við að íbúafjöldi verði nálægt 20.000 í lok skipulagstímabilsins 2030 og verður það hér notað sem lágspá.

Á landinu öllu fjölgaði íbúum á tímabilinu 1998 - 2016 um 21,6% eða um 1,14% að meðaltali á ári. Á tímabilinu fjölgaði íbúum höfuðborgarsvæðisins um 29,8% eða rúmlega 1,5% á ári en íbúum utan þess um 10,3%. Íbúafjölgun Akureyrar er því örlítið undir landsmeðaltali og telur fjölgun á höfuðborgarsvæðinu þar mest en hún er langt yfir fjölgun á landsbyggðinni utan höfuðborgarsvæðisins. Af þessu má draga þá ályktun að Akureyri standi föstum fótum sem öflugt vaxtarsvæði utan höfuðborgarsvæðisins.

Í miðspá mannfjöldaspár Hagstofunnar 2016 er gert ráð fyrir að dragi úr fjölgun á landinu á næstu árum og verði hún í kringum 1% á ári. Miðspáin byggist á gildandi þjóðhagsspá Hagstofu Íslands um verga landsframleiðslu og þróun atvinnuleysis til næstu fimm ára. Í háspá Hagstofunnar er gert ráð fyrir tvöföldum hagvexti miðað við þjóðhagsspá og minna atvinnuleysi. Háspáin gerir ráð fyrir mun meiri fjölgun en miðspáin eða um 25% fjölgun íbúa fram til 2030 eða um 1,8% að meðaltali á ári en hægari fjölgun síðar eða u.þ.b. 1,3% á ári að meðaltali 2016-2060. Erfitt er að setja háspá fyrir Akureyri út frá þessum tölum og ekkert í atvinnuforsendum eða mannfjöldapróun síðari ára bendir til að mannfjöldapróun næstu ára verði nokkuð í takt við háspá Hagstofunnar. Þó er hugsanlegt að ýmsir ófyrirsjáanlegir þættir gætu stuðlað að meiri fjölgun, svo sem aukinn fjöldi innflytjenda. Ef miðað er út frá vexti höfuðborgarsvæðisins og 2/3 af þeim vexti bætt við miðspá landsins í heild fæst að íbúafjölgun á Akureyri gæti orðið um **1,35% á ári** en þá yrðu íbúar Akureyrar um 21.700 árið 2030 og er það hér notað sem háspá.

Hér að neðan má sjá íbúaþróunina 1998-2016 ásamt línulegri nálgun fram til ársins 2030.



Línurit 1: Íbúapróun Akureyrar 1998-2016 ásamt línulegri nálgun fram til ársins 2030.

Íbúum Hríseyjar hefur fækkað nokkuð jafnt og þétt á þessu tímabili. Þann 1. janúar 1998 var þar 241 íbúi en 1. janúar 2016 var íbúafjöldinn kominn niður í 154 íbúa.


Í Grímsey var íbúafjöldinn nokkuð stöðugur frá 1998, þegar þar bjuggu 99 íbúar 1. janúar, fram til 2008 þegar þar bjuggu 103 íbúar þann 1. janúar. Frá þeim tíma hefur fækkað jafnt og þétt og þann 1. janúar 2016 bjuggu þar 66 íbúar.

3.2.2 Aldursskipting

Þegar litið er á aldurshópa á Akureyri er fjölgun íbúa mjög ójöfn.


Í aldurspýramídanum hér að neðan sést samanburður á hlutfallslegum fjölda í hverjum árgangi af heildarfjölda Akureyringa árin 1998 og 2015. Hlutfallsleg fækkun er í aldurshópnum 0-19 ára, körlum hefur fjölgað hlutfallslega en konum fækkað örlítið í aldurshópnum 20-24 ára. Báðum kynjum hefur fækkað hlutfallslega í aldurshópnum 25-44 ára en báðum kynjum fjölgað hlutfallslega í aldurshópnum þar fyrir ofan og mest í hópnum 50-69 ára. Við mat á íbúðapörf og dreifingu verður litið til þessara þátta sem gefa vísbendingu um að þörf verði á íbúðum fyrir eldri borgara en hugsanlega muni draga úr hraða uppbyggingar íbúða fyrir yngra fólk.

Aldursdreifing



Stöplarit 1: Samanburður á hlufallslegum fjölda í hverjum árgangi af heildarfjölda Akureyringa árin 1998 og 2015.

Sé aldursskiptingin borin saman við höfuðborgarsvæðið annars vegar og landsbyggðina hins vegar sést að aldursskiptingu Akureyrar 1998 svipar meira til höfuðborgarsvæðisins en árið 2015 svipar henni hins vegar meira til landsbyggðarinnar, þ.e. árgangarnir 20-24 ára eru tiltölulega fjölmennir og sér í lagi 50 ára og eldri.



Stöplarit 2 og 3: Aldursskipting á höfuðborgarsvæðinu og aldursskipting á landsbyggð. Heimild: Hagstofa Íslands, Landshagir.


Sé breyting á aldursskiptingu Akureyrar skoðuð nánar sést að aldurshópurinn 0-19 ára er hlutfallslega fjölmennur, 5.165 manns árið 2016. Í honum hefur fækkað hlutfallslega síðan 1998. Þá taldi hann rúm 32% íbúa en árið 2016 tæp 29% íbúa og hafði fjölgunin verið um 6% eða 0,3% á ári. Eldri árgangar þessa aldurshóps gætu verið á leið inn á íbúðamarkaðinn, lauslega áætlað um 3.600 manns. Fjölgun á skipulagstímabilinu gæti verið um 200 manns.

Aldurshópurinn 20-49 ára er einnig hlutfallslega fjölmennur, 7.039 manns árið 2016. Einnig hefur fækkað hlutfallslega í honum síðan 1998. Þá taldi hann tæp 44% íbúa en árið 2016 aðeins 39% íbúa. Fjölgunin síðan 1998 hafði verið tæp 7% eða 0,4% á ári. Þetta er sá aldurshópur sem líklegastur er til að byggja eða fjárfesta í nýju húsnæði. Líklegt er að á skipulagstímabilinu fram til 2030 muni um 3.300 manns úr aldurshópnum færast yfir í næsta aldursflokk.

Aldurshópurinn 50-69 ára var hlutfallslega ekki jafn fjölmennur og hinir, 4.065 manns árið 2016. Þar hefur fjölgunin verið langmest síðan 1998. Það ár taldi hann tæp 16% íbúa en árið 2016 tæp 23% íbúa. Fjölgunin síðan 1998 hefur verið 71% eða 3,9% á ári. Þetta er sá aldurshópur sem er líklegur til að eiga sitt húsnæði og ekki hafa mikil áhrif á íbúðamarkaðinn. Líklegt er að á skipulagstímabilinu fram til 2030 muni um 2.800 manns úr aldurshópnum færast yfir í næsta aldursflokk.

Aldurshópurinn 70+ er tiltölulega fámennur, 1.772 manns árið 2016. Einnig hefur fjölgað mikið í honum. Árið 1998 taldi hann rúm 8% íbúanna en 2016 tæp 10%. Fjölgunin síðan 1998 hafði verið 43% eða 2,4% á ári. Þetta er sá hópur sem koma mun inn á markaðinn fyrir íbúðir ætlaðar eldri borgurum. Á skipulagstímabilinu fram til 2030 munu um 1600 úr hópnum ná 85 ára aldri, líklegt verður að telja að það nálgist þá tölu sem yfirgefa muni hópinn á því tímabili.

Á línuritinu hér að neðan má sjá þróun aldurshópanna 1998-2016.



Línurit 2. Þróun aldurshópanna á Akureyri árin 1998-2016.

Sé aldurdreifingin skoðuð fyrir Hrísey sést að í aldurshópnum 0-19 ára hefur fækkað úr 83 í 34 íbúa á tímabilinu eða um meira en helming. Í aldurshópnum 20-49 hefur fækkað úr 98 í 47 eða um réttan helming. Í aldurshópnum 50-69 ár hefur fækkað úr 50 í 43 en í aldurshópnum 70+ hefur fjölgað úr 10 í 30 íbúa. Mest fækkun hefur þannig orðið í aldurshópnum 0-49 ára eða helmings fækkun en eldri borgurum hefur fjölgað.

Sé aldurdreifingin skoðuð fyrir Grímsey sést að í aldurshópnum 0-19 ára hefur fækkað úr 39 í 18 íbúa á tímabilinu eða um rúman helming. Í aldurshópnum 20-49 hefur fækkað úr 42 í 21 eða um réttan helming. Í aldurshópnum 50-69 ár hefur fjölgað úr 16 í 20 og í aldurshópnum 70+ hefur fjölgað úr 2 í 6 íbúa. Fækkunin hefur þannig eingöngu verið í aldurshópnum 0-49 ára, helmings fækkun.

3.2.3 Þörf fyrir nýtt íbúðarhúsnæði

Miðað við niðurstöður í kafla 3.2.1 er líklegt að íbúum Akureyrar fjölgi frá 2.000 (lágspá) til 3.000 (viðmiðunarspá) og allt að 3.700 (háspá) á tímabilinu 2017-2030. Út frá þessum tölum má áætla þörf fyrir íbúðir á skipulagstímabilinu. Samkvæmt upplýsingum Þjóðskrár eru nú um það bil 7.730 íbúðir á Akureyri. Þar af eru 11,4% í eigu fjárfesta, félagasamtaka, ferðaþjónustuaðila eða annarra sem eru ekki með skráð lögheimili á Akureyri. Þetta þýðir að um það bil 6.850 íbúðir á Akureyri eru í eigu heimamanna, búseturéttarfélaga eða annarra með heilsársbúsetu. Reiknað út frá íbúafjölda þýðir það 2,6 íbúar á hverja íbúð fólks með fasta búsetu. Frá árinu 1998 til ársins 2008 fækkaði íbúum á hverja íbúð en talan hefur staðið í stað síðan þá. Má þar eflaust um kenna áhrifum samdráttartímabils síðan 2008. Ef reiknuð er árleg meðaltalsfækkun íbúa á hverja íbúð allt tímabilið og framreiknað til ársins 2030 gæti tala íbúa á íbúð orðið um 2,3 íbúar á íbúð árið 2030.

Miðað við íbúaspánnar og 2,3 íbúa á hverja íbúð árið 2030 ætti þörfin fyrir nýjar íbúðir á skipulagstímabilinu að vera 1.850 íbúðir samkvæmt lágspá, 2.250 samkvæmt viðmiðunarspá og 2.550 samkvæmt háspá. Þetta þýðir 140 íbúðir á ári samkvæmt lágspá, 170 íbúðir á ári samkvæmt viðmiðunarspá og 190 íbúðir á ári samkvæmt háspá. Ef gert er ráð fyrir að sama hlutfall íbúða verði í eigu annarra en Akureyringa með heilsársbúsetu verður heildarfjöldinn **2.100** íbúðir eða **160** íbúðir á ári samkvæmt lágspá, **2.500** íbúðir eða **195** íbúðir á ári samkvæmt viðmiðunarspá og **2.900** íbúðir eða **220** íbúðir á ári samkvæmt háspá.

Það ber þó að taka þessar tölur með fyrirvara þar sem margir óvissuþættir eru í þessum reikningum. Mikill vöxtur hefur verið í útleigu íbúða síðustu ár með auknum straumi ferðamanna. Þar er hugsanlega um skammtímasveiflu að ræða og mikilvægt að dreifing nýbygginga verði sem jöfnust yfir árin til að forðast hagsveiflur sem ýmist geta leitt til skorts á vinnuafli eða atvinnuleysis í byggingariðnaðinum.

Ekki er talin teljandi þörf fyrir nýtt húsnæði í Hrísey og Grímsey umfram það sem eldra skipulag gerir ráð fyrir. Þó má gera ráð fyrir að nokkuð af húsnæði sé í eigu fólks sem hefur þar sumardvöl eða leigir til ferðamanna.

3.2.4 Aldursdreifing fyrir nýtt húsnæði

Miðað við tölurnar hér að ofan gætu um 3.600 manns í hópnum 20-49 ára komið inn á húsnæðismarkaðinn á skipulagstímabilinu fram til 2030 en 3.300 manns yfirgefið hópinn. Fjölgun í þeim hópi væri þá um 300. Stór hluti þessa hóps þyrfti eigið húsnæði á tímabilinu. Aldurshópurinn 50-69 ára er sem fyrr segir ekki mjög virkur á húsnæðismarkaði þar sem flestir í þeim hópi hafa þegar eignast sitt eigið húsnæði. Þar sem líklegt er að fjölga muni í þeim hópi verður að reikna þá fjölgun vegna aðflutnings úr öðrum landshlutum eða erlendis frá. Fjölgunin gæti verið um 800 manns sem þá þurfa eigið húsnæði. Loks er hópurinn 70+ en hugsanlegt er að í honum fjölgi um 1.200 manns.

Augljóst er að enginn þessara hópa leysir húsnæðisþörf sína algjörlega með kaupum á eldra húsnæði en erfitt er að spá um hver skiptingin verður milli hópanna hvað varðar nýtt húsnæði. Þar sem íbúar Akureyrar eru hlutfallslega að eldast er þó augljóst að huga þarf að nýjum íbúðum sem henta eldri borgurum. Margt eldra fólk býr í of stóru húsnæði og vill hugsanlega minnka við sig en getur ekki þar sem nýrra og minna húsnæði er hlutfallslega dýrara en eldra húsnæði sem það býr í. Bygging fyrir eldri borgara á hóflegu verði gæti losað ódýrt eldra húsnæði sem hentar yngra fólki með stærri fjölskyldur og minnkað með því þörfina á nýbyggingum fyrir þann aldurshóp. Það er virkur þáttur í þéttingu byggðar.

Með því að byggja hagkvæmar íbúðir sem henta eldri borgurum mætti stuðla að vellíðan og betri heilsu þeirra og minnka álag á stofnanir sem veita þjónustu við þá, t.d. elliheimili o.fl. Nálægð við verslanir, veitingastaði, þjónustu og bæjarlíf almennt er nauðsynleg. Þar má nefna Akureyrarvöll sem lagt er til að verði miðbæjarsvæði.

3.2.5 Landrýmisþörf fyrir íbúðarhúsnæði

Gera má ráð fyrir að meirihlutinn af nýju húsnæði verði í fjölbýlishúsum, m.a. íbúðum fyrir eldri borgara. Þéttleiki byggðar er reiknaður út frá hlutfallstölu íbúðargerða. Ef sem dæmi er tekið að 20% verði einbýlishús, 40% íbúða í raðhúsum og 40% íbúða í fjölbýlishúsum fæst meðalþéttleiki u.þ.b. 35 einbýlishús og íbúðir á hektara. Þá fæst landrýmisþörfin 60 hektarar (lágspá) til 72 hektarar (viðmiðunarspá) og allt að 82 hektarar (háspá) byggingarlands á skipulagstímabilinu.

Fram kom að íbúðarþörfin á skipulagstímabilinu væri um 2.500 íbúðir á skipulagstímabilinu samkvæmt miðspánni, með vikmörkum niður í 2.100 upp í 2.900 íbúðir samkvæmt lágspá og háspá. Þéttingarsvæði og nýbyggingarsvæði gætu rúmað um 3.060 - 3.200 íbúðir og gætu þannig rúmað allan þennan fjölda. Af þessu sést að ekki ætti að vera þörf fyrir stærra nýbyggingarsvæði en skipulagið gerir ráð fyrir á skipulagstímabilinu.

3.3 MIÐBÆRINN

Miðbær Akureyrar hefur vaxið út frá Oddeyrinni og gömlu Akureyrinni. Um tíma munu menn hafa velt fyrir sér að gera miðbæ á Barðsnefi, þar sem Samkomuhúsið var reist, og er það nú hluti miðbæjarsvæðisins. Í miðbænum eru nokkur af elstu húsum bæjarins og halda þarf í einkenni gamalla húsa í miðbænum og gera það í samræmi við reglugerðir um húsvernd. Fyrir nýbyggingar og viðbyggingar í samfelldum húsaröðum svo sem við Hafnarstræti gilda þær reglur að útlit og hæðir húsanna skuli vera í samræmi við byggð á aðliggjandi svæði. Í aðalskipulaginu eru afmörkuð svæði þar sem ástæða þykir til að vernda yfirbragð byggðar. Svæði þessi eru afmörkuð sem hverfisverndarsvæði og þar er nánar skilgreint hvaða breytingar á húsum er leyfilegt að gera. Sjá nánar kafla 2.2.25: Hverfisvernd.

Miðbær Akureyrar er miðstöð opinberrar þjónustu á Akureyri og verður eflur sem þungamiðja mannlífs og menningar á Akureyri sem getur þjónað Norðurlandi öllu. Miðbærir hafa almennt félagslegt, listrænt og menningarsögulegt gildi og þar eru yfirleitt rætur bæja með gamlar byggingar. Það er því mikilvægt að hlúa að miðbæ Akureyrar og gæta uppruna hans og umhverfis. Byggingar í miðbænum mynda aðlaðandi borgarumhverfi og bæjarrými sem einkennast af góðri byggingarlist þar sem tekið er tillit til minja og sögu, landslags og nálægðar við sjóinn.

Markmið skipulagsins er að í miðbæ Akureyrar sé mikið og fjölbreytt framboð verslunar og þjónustu og þar sé líflegt mannlíf og menningarstarfsemi sem laði að bæði íbúa og ferðamenn. Áhersla er lögð á sérvörverslanir auk veitinga- og kaffihúsa sem laða að jafnt heimamenn sem gesti. Allt rými á jarðhæð í miðbænum verði nýtt fyrir verslun, veitingahús og þjónustu en stefnt skal að aukinni íbúðarbyggð í miðbænum, m.a. á efri hæðum húsa við Skipagötuna þar sem verslanir og þjónusta verði á jarðhæðum. Í Grófargili (Listagili) verður lögð áhersla á menningar- og listatengda starfsemi.

Gert er ráð fyrir fjölgun íbúða og auknu atvinnuhúsnæði sem stuðli að blöndun íbúa og atvinnustarfsemi. Einn megintilgangur skipulagsins er að nýta það opna landrými sem er á milli miðbæjarins og Pollsins. Með þessu er hægt að stækka miðbæinn og stuðla að góðum tengslum við höfnina og Pollinn með nýjum húsaröðum á svæðinu milli Skipagötu og Glerárgötu. Eðlilegt er að þéttleiki byggðar í miðbæjum sé meiri en í öðrum hverfum og er það einnig svo í miðbæ Akureyrar og er því lagt til að þétt byggð verði milli Skipagötu og Drottningarbrautar.

Hóflegur fjöldi hótela og gistiheimila í miðbænum er æskilegur. Þau skapa forsendur fyrir kaffihús og veitingastaði ásamt ferðamannaverslunum en draga ekki íbúa Akureyrar í miðbæinn. Þau taka einnig pláss frá íbúðum og þjónustustarfsemi í miðbænum og fækka þannig þeim íbúum sem búa eða starfa í miðbænum.

Í aðalskipulaginu er svæði miðbæjarins stækkað og nær það nú til svæðisins neðan Samkomuhússins og Akureyrarvallar. Með því eru auknir möguleikar á nýtingu þessara svæða, meðal annars með því að skapa tengingu milli miðbæjarins og Glerártorgs og gera útisamkomusvæði. Nýting og útfærsla svæðanna er þó ekki viðfangsefni aðalskipulagsins en verður ákvörðuð í deiliskipulagi svæðanna. Unnið er að endurgerð Hafnarstrætis frá Kaupvangsstræti til Ráðhústorgs með það að markmiði að gera götuna vistlegri og bæta rýmisupplifun hennar.

Margt fólk notar strætisvagna eða gengur og hjólar í miðbæinn. Það hentar þó ekki öllum og fer eftir árstíðum. Bílastæði eru því nauðsynleg í miðbænum og staðsetning þeirra, leyfileg tímallengd á klukkustæði og kostnaður skipta máli. Of stuttur tími á klukkustæðum hefur í för með sér að fólk hefur ekki þann tíma sem þarf til að versla, setjast á kaffihús og jafnvel skoða listviðburði í leiðinni. Ekki ætti heldur að dreifa bílastæðunum um of þannig að það skapist ekki óþarfa umferð milli fjarlæggra hluta miðbæjarins í leit að bílastæðum. Skoða þarf hvaða áhrif uppbygging íbúða, verslana

og þjónustu á Skipagötureit hefur á bílastæðapörf í miðbænum. Til skoðunar er að byggja bílastæðahús í miðbænum og með hóflegri gjaldtöku gæti það verið góð lausn. Með uppbyggingu á Skipagötureitnum skapast hugsanlega þörf fyrir bílastæðahús, eitt stórt eða fleiri smærri, fyrir að minnsta kosti 150 bíla.

Stefnt skal að því að bæta öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda um og yfir Glerárgötu án þess að skerða umferðarflæði um götuna.

3.4 ATVINNUMÁL

3.4.1 Atvinnugreinar

Akureyri

Akureyri er rótgróinn iðnaðar- og verslunarbær frá fornu fari. Verslun hófst seint á 18. öldinni með afnámi einokunarverslunarinnar. Hingað sigldu danskir kaupmenn og reistu verslunarhúsnæði og hófu ýmiskonar starfsemi tengda því. Á síðari hluta 19. aldarinnar hófst hér einnig iðnaður og útgerð. Upp úr miðri 20. öldinni kom mikill vöxtur í iðnaðarstarfsemi og bera verksmiðjur KEA og Sambands íslenskra samvinnufélaga þar hæst. Með vaxandi útgerð varð hér mikil fiskvinnsla og má þar nefna Hraðfrystihús Útgerðarfélags Akureyringa og Niðursuðuverksmiðju K. Jónssonar. Segja má að Akureyri hafi verið sjálfbær að langmestu leyti, hér var framleitt flest það sem bæjarbúar þörfuðust, allt frá matvöru og fatnaði upp í skip og báta.

Á seinni hluta 20. aldarinnar fór að halla undan fæti í mörgum þessara greina vegna harðnandi samkeppni þegar innflutningur var gefinn frjáls. Verksmiðjur Sambandsins og KEA voru lagðar niður í kringum 1980-1990. Á síðustu áratugum hefur samsetning atvinnulífsins breyst úr iðnaðar- og fiskvinnslustörfum í hátækni-, verslunar- og þjónustustörf og á Akureyri er nú fjölbreytt atvinnulíf. Tilkoma og vöxtur Háskólans á Akureyri ræður miklu um það. Á síðustu árum má svo nefna mikinn vöxt í ferðaþjónustu.

Vegna stöðu Akureyrar í landsfjórðungnum og þróunar samfélags og atvinnuvega almennt má gera ráð fyrir áframhaldandi vexti þjónustugreina. Það kallar á að skipulag atvinnusvæða miðist í auknum mæli við þjónustugreinar. Einhver hluti þeirrar starfsemi á best heima í miðbæ eða á miðsvæðum og er því ástæða til nýta þessa þróun til að styrkja miðbæinn. Vöxtur í þjónustugreinum gæti enn fremur þýtt að gera megi ráð fyrir meiri blöndun íbúðabyggðar og atvinnustarfsemi en hefur verið gert síðustu áratugi þar sem neikvæð áhrif ýmiss konar þjónustustarfsemi á íbúðarbyggð gætu verið minni en áhrif dæmigerðrar iðnaðarstarfsemi.

Erfitt er að spá fyrir um hver þróunin verði á næstu árum en reynt verður að meta þörfina fyrir ný athafna- og iðnaðarsvæði og hversu mikið muni byggjast innan marka sveitarfélagsins. Það er m.a. gert með því að sveitarfélagið stendur fyrir formlegum samráðsvettvangi fulltrúa sveitarfélagsins og atvinnulífsins. Á þeim vettvangi fer fram greining á stöðu einstakra atvinnugreina og atvinnulífs í heild. Á samstarfsfundum með fulltrúum atvinnulífsins hefur komið fram að mikil áhersla er á að samgöngukerfið sé greiðfært og góð tengsl milli ólíkra samgöngumáta. Fyrirtæki þurfa góðar samgöngur og mikilvægt er að stofn- og tengibrautir séu greiðfærar. Mikilvægt er að tengingar vegakerfisins við höfnina séu góðar eins og tengsl flugvallarins við strætisvagnleiðir og leigubíla. Einnig var minnst á þörf fyrir göngu- og hjólaleiðir. Þá var mikilvægi flugvallarins ofarlega í huga. Fram kom að hugsa þurfi vel um hafnarsvæðið, meðan starfsemi á Dysnesi er ekki hafin, og þrengja ekki að því. Æskilegt að íbúðarbyggð fari ekki neðar en að Laufásgötu. Fram kom að tryggja þurfi nægilega raforku fyrir fyrirtækin.

Hrísey

Atvinnulíf í Hrísey hefur löngum byggt á fiskveiðum og fiskvinnslu og er mjög viðkvæmt ef fyrirtæki hætta starfsemi sinni í eyjunni. Margar hugmyndir eru uppi um eflingu atvinnulífs og nýsköpun.

Nýta þarf tækifæri Hríseyjar þegar kemur að ferðaþjónustu og allri afþreyingu fyrir ferðamenn. Efla þarf samvinnu og gera Hrísey sýnilegri í markaðssetningu. Sérstaða Hríseyjar sem áfangastaðar ætti að vera meginþema í ferðaþjónustunni og tengjast þannig heilbrigðum lífsstíl með áherslu á náttúru eyjarinnar. Einnig hafa komið fram hugmyndir um eflingu atvinnu á sviði fjarvinnslu og símsvörunar, starfa án staðsetningar, framleiðslu á afurðum sem byggja á hreinleika eyjarinnar og fleira. Á

Íbúafundi 2016 kom m.a. fram að til að efla byggð í Hrísey þurfi að nýta betur mikla sérstöðu eyjarinnar, bæði til markaðssetningar og nýsköpunar en líka til þess að laða að nýja íbúa. Mikilvægt sé að stuðla að fjölbreytni í atvinnulífi í eyinni auk þess að standa vörð um innviðina og alla grunnþjónustu. Svæðið við höfnina er það sem gestir Hríseyjar koma fyrst að þegar komið er í land. Möguleiki er fyrir uppbyggingu verslunar og þjónustu á svæðinu, sér í lagi í tengslum við ferðaþjónustu. Þá er gert ráð fyrir að safnastarfsemi geti byggst upp við Sjávargötu.

Hrísey er þátttakandi í verkefninu Brothættum byggðum en það er samstarfsverkefni Byggðastofnunar, Akureyrarkaupstaðar, Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar og Eyþings. Í aðgerðaáætlun verkefnisins er sett fram framtíðarsýn og þrjú meginmarkmið: Aðlaðandi og aðgengilegt eyjasamfélag, fjölbreytt atvinnulíf og sterkir innviðir.

Nokkur starfsmarkmið eru þar sett:

Tryggt verði áframhaldandi aflamark (Byggðastofnunar) til næstu ára. Fundnar verði leiðir til að auka fullvinnslu sjávarafurða í Hrísey. Skilgreindar verði reglur um notkun á merki Hríseyjar í handverki og iðnaði. Smáiðnaður, matvælaiðnaður, minjagripaframleiðsla og allskyns handverk geti notað sameiginlegt markaðsefni, merki Hríseyjar. Athugaður verði áhugi þeirra starfsmanna Akureyrarbæjar, sem það geta, á að búa og vinna í Hrísey. Teknar verði saman upplýsingar um laust íbúðar- og atvinnuhúsnæði í Hrísey, hvort heldur er til leigu eða sölu, og upplýsingarnar gerðar aðgengilegar. Veitinga- og/eða kaffihús taki til starfa í Hrísey. Tekið verði saman yfirlit yfir möguleika á fleiri störfum í fjarvinnu, úthringingum eða gagnavinnslu með tilliti til bættra fjarskipta í Hrísey. Frumkvöðla- og nýsköpunarstarf verði eft. Athugað verði hvort grundvöllur sé fyrir heilsutengdri ferðaþjónustu í Hrísey. Ferðaþjónusta í Hrísey verði efl.

Grímsey

Aðalatvinnuvegur í Grímsey er sjávarútvegur, fiskveiðar og fiskvinnsla. Nokkur landbúnaður var áður stundaður en úr honum hefur dregið fyrir utan fjárbúskap. Vilji er fyrir að einhver landbúnaður verði stundaður þar áfram. Ferðaþjónusta er vaxandi en að mestu bundin við sumarið. Hún hefur þó aukist síðustu ár.

Ástandið í atvinnulífinu í Grímsey er brothætt og staðan erfið. Á undanförunum árum hefur kvótinn dregist mikið saman þrátt fyrir að hvorki bátar né kvóti hafi verið seldir úr eyjunni. Þetta hefur haft verulegar afleiðingar fyrir byggðina sem er farin að standa völtum fótum. Ef fram heldur sem horfir fækkar enn störfum í útgerð og fiskvinnslu.

Grímsey er einnig þátttakandi í verkefninu Brothættum byggðum og á íbúabingi kom fram að fiskveiðar og útgerð væru forsenda byggðar í Grímsey og því mikilvægast að styrkja þessa þætti ásamt öðrum þeim atvinnugreinum sem þegar eru í eyinni.

Samgöngur eru mjög mikilvægar fyrir íbúana en um leið þeirra Akkilesarhæll. Vegna fjarlægðar Grímseyjar frá landi er ekki mögulegt fyrir íbúa að sækja vinnu út fyrir svæðið og erfiðar samgöngur skerða einnig möguleika til ferðaþjónustu. Íbúar hafa kallað eftir fjölgun ferjuferða, sérstaklega yfir sumartímenn, og lækkun á flutningskostnaði og fargjöldum.

Grímseyingar sjá tækifæri í ferðaþjónustu en telja að bæta þurfi innviði. Stórbæta megi aðstöðu til fuglaskoðunar, þróa minjagripa úr efniviði úr eyinni og huga að markaðssetningu Grímseyjar sem áfangastaðar fyrir ferðamenn. Áhugi er á að efla viðburði í eyinni og búa til fleiri viðburði fyrir heimafólk og gesti.

Í Grímsey er enn kynt er með olíu og þarf að leita nútímalegri og sjálfbærari lausna. Á íbúabýgingu var kallað eftir tilraunaborunum eftir heitu vatni og viðraðar hugmyndir um vindmyllu.

3.4.2 Þarfir atvinnulífsins

Almennt má flokka þarfir atvinnulífsins í eftirfarandi þætti:

- staðbundna rekstrarþætti svo sem landgæði, framboð á húsnæði og/eða lóðum til nýbygginga, orkuframboð, gæði gatnakerfis, veitukerfa o.þ.h.
- samgöngur: aðgang að stofnvegakerfi, flugvelli, höfn og fjarskiptakerfum.
- nálægð eða tengsl við fyrirtæki með svipaða starfsemi, nálægð við þjónustufyrirtæki.
- aðgang að rannsóknarstofnunum og háskóla,
- skýr skipulagsákvæði sem taka tillit til þarfa fyrirtækjanna.
- ytri ímynd, gott umhverfi o.fl.

Þær atvinnugreinar sem flokka má saman eftir ytri þörfum eru eftirfarandi.

1. Frumgreinar: Landbúnaður, útgerð og fiskveiðar. Útgerð og fiskveiðar eiga heima á hafnarsvæðum.
2. Framleiðslugreinar: Iðnaður, þ.m.t. fiskiðnaður, matvælaíðnaður, efnaiðnaður, gler- og steinefnaiðnaður, málmiðnaður, pappírsiðnaður og útgáfustarfsemi, rafmagns- og rafeindaiðnaður, textíl- og fataiðnaður, vélsníði og vélaviðgerðir. Framleiðslugreinar eiga ýmist heima á athafnasvæðum eða iðnaðarsvæðum og fer það eftir umhverfisáhrifum þeirra.
3. Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð. Tengist engum sérstökum landnotkunarflokki.
4. Veitustarfsemi. Á heima á iðnaðarsvæðum.
5. Samgöngur og flutningar. Eiga helst heima á athafnasvæðum.
6. Verslun, fjármálaþjónusta, fasteignaviðskipti. Eiga heima á miðbæjarsvæðum og verslunar- og þjónustusvæðum.
7. Ferðaþjónusta. Á heima á miðbæjarsvæðum og verslunar- og þjónustusvæðum.
8. Opinber þjónusta, samfélagsþjónusta, heilbrigðisþjónusta (læknar, tannlæknar o.fl.). Slík þjónusta á heima á miðbæjarsvæðum, verslunar- og þjónustusvæðum og svæðum fyrir samfélagsþjónustu.
9. Rannsóknir og sérfræðiþjónusta, tölvutækni, sprotafyrirtæki og nýsköpun, hátækni- og þekkingariðnaður (líf- og læknávísindi), menntamál (fræði og vísindi), upplýsingatækni. Eiga helst heima á athafnasvæðum, verslunar- og þjónustusvæðum.
10. Hönnun og listsköpun, tónlistarflutningur. Eiga helst heima á miðbæjarsvæðum, verslunar- og þjónustusvæðum.

3.4.3 Ferðaþjónusta

Akureyri

Akureyri er meðal vinsælustu áfangastaða ferðafólks á landinu. Kannanir sýna að Akureyri er vinsælasti vetraráfangastaðurinn meðal íslenskra ferðamanna. Umhverfis Akureyri má finna fjölmörg útivistarsvæði þar sem finna má fjölbreyttar gönguleiðir og útivistarmöguleika. Mörg tækifæri eru í afþreyingu á Pollinum og meðfram strandlengjunni. Tryggja þarf að mengunarvarnir séu til fyrirmyndar og að aðgengi að svæðinu sé gott. Samkvæmt upplýsingum úr vetrarkönnunum Ferðamálastofu sækir um helmingur ferðamanna menningar- og sögutengda afþreyingu.

Fjöldi skemmtiferðaskipa heimsækir Akureyri og um 60-70% farþega skemmtiferðaskipa á Akureyri kaupa sér skipulagðar ferðir á meðan viðdvöl þeirra á Akureyri stendur. Samkvæmt könnun sem Cruise Iceland lét vinna má áætla að efnahagsleg áhrif þessara skipakoma til Akureyrar og Grímseyjar séu um 1,9 milljarður króna og komur þeirra skapi um 80 heilsársstörf.

Hrísey

Hrísey skartar mikilli sérstöðu og er gjarnan kölluð „Perla Eyjafjarðar“. Í Hrísey er u.þ.b. 154 manna byggð í snyrtilegu sjávarþorpi með fallegum gömlum húsum, hellulögðum götum og einstöku útsýni. Norðurhluti Hríseyjar, Ystabæjarland, er alfriðað land í einkaeigu. Til Hríseyjar gengur ferjan Sævar frá Árskógssandi.

Grimsey

Grimsey er hluti Akureyrarkaupstað eftir sameiningu árið 2009. Í Grimsey búa um 66 manns og byggist atvinna að megninu til á fiskveiðum og fiskverkun. Fastar flugferðir eru til Grimseyjar frá Akureyri og ferjuferðir frá Dalvík allt árið. Þar að auki hafa ferðaþjónustuaðilar boðið upp á sérferðir yfir sumartímann. Sömuleiðis hefur minni skipum, sem hafa viðkomu bæði á Akureyri og í Grimsey, fjölgað.

Helstu snertifletir ferðaþjónustu og aðalskipulagsins:

Mikilvægt er að styrkja stöðu Akureyrarflugvallar sem millilandaflugvallar þannig að unnt sé að koma á reglubundnu millilandaflugi allt árið um Akureyrarflugvöll. Áfram verði þrýst á uppbyggingu flugvallarins þannig að hann verði enn betur til þess fallinn að taka á móti stærri flugvélum.

Samgöngur til og frá og innan Akureyrar verði bættar með tilliti til ferðatíma, fjölbreytni og öryggi. Skoðað verði umfang og staðsetning samgöngumiðstöðvar þar sem allar helstu samgönguleiðir á landi til og frá Akureyri eru látnar mætast á einum stað. Almenningsamgöngukerfi innan Akureyrar verði tekið til endurskoðunar. Þrýst verði á aukið öryggi og styttingu vegalengda á Þjóðvegi 1 á milli Akureyrar og Reykjavíkur. Tryggt verði áframhaldandi öryggi í innanlandsflugi og sjúkraflugi milli Akureyrar og Reykjavíkur. Aðgengi að helstu ferðamannastöðum verði tryggt allan ársins hring. Áframhaldandi eftirlit verði með aðilum sem þjóða leyfisskylda þjónustu. Á öllum útivistarsvæðum sveitarfélagsins og helstu gönguleiðum verði fræðslu- og upplýsingaskilti um viðkomandi svæði.

Ferðaþjónustufyrirtæki verði hvött til að spegla metnaðarfulla umhverfisstefnu Akureyrarkaupstaðar og miðla til ferðamanna upplýsingum um flokkun sorps í sveitarfélaginu. Unnið verði að því að kynna Akureyri sem vistvænt og kolefnishlutlaust sveitarfélag. Græn ásýnd bæjarins verði styrkt með áframhaldandi uppbyggingu garða og útivistarsvæða í bæjarlandinu.

Sjávartengd afþreying er vaxandi þáttur í ferðaþjónustu. Stefna ber að auknu framboði á sjávartengdri afþreyingu næstu ár. Mengunarvarnir og skolpmál verði eins og best verður á kosið. Unnið verði að enn frekari uppbyggingu strandlengjunnar meðfram Pollinum. - Útivistarvalkostum í bæjarlandinu verði fjölgað auk þess sem unnið verði að því að bæta þá sem fyrir eru. Hlíðarfjall verði þróað sem heilsárs útivistarsvæði. Sérstök áhersla verði á að kynna gönguleiðir bæjarins með því að hafa aðgengileg kort og GPS punkta yfir leiðirnar. Samfara byggingu virkjunar í Glerárdal verði unnið að því að kynna og þróa dalinn sem útivistarsvæði. Aðstaða til fuglaskoðunar í sveitarfélaginu verði bætt með frekari stígagerð og byggingu skýla.

Hrísey

Leggja ber áherslu á sérstöðu Hríseyjar sem perlu Eyjafjarðar. Unnið verði að hönnun eyjarinnar sem áfangastaðar í samráði við íbúa. - Fjöldi afþreyingarmöguleika verði aukinn og þjónusta bætt. Unnið verði áfram að því að þróa sjóundaðstöðuna og sundlaugina með aukna samnýtingu í huga. – Unnið verði að fjölgun ferðamanna og markaðssetning aukin þar sem lögð verði áhersla á sérstöðu eyjarinnar. Þrýst verði á bættar samgöngur til Hríseyjar með sérstaka áherslu á að komu- og brottfarartímar ferju og áætlanarbíla vinni saman auk þess að strætisvagn aki niður að ferjuhöfn.

Grímsey

Unnið verði að hönnun og uppbyggingu Grímseyjar sem áfangastaðar í samráði við íbúa en Grímsey er vinsæll áfangastaður og þekkt fyrir að vera nyrsta byggða ból Íslands. Hlutfall gesta sem dvelja lengur en dagspart í Grímsey verði aukið. Þrýst verði á fjölgun áætlunarferða til Grímseyjar allt árið og þá sérstaklega í apríl til september. Sérstaklega verði unnið að því að komu- og brottfarartímar ferju og áætlunarbíla vinni saman. Unnið verði að því að bæta aðstæður á tjaldsvæðinu svo það verði raunhæfur valkostur gesta sem vilja dvelja yfir nótt. - Störfum í ferðaþjónustu verði fjölgað og tekjur íbúa af ferðaþjónustu hækki.

3.4.4 Atvinnusvæði

Akureyri

Iðnaðarsvæði, þar sem gert er ráð fyrir þyngri iðnaði sem getur haft neikvæð umhverfisáhrif, eru aðskilin frá íbúðarbyggð og eru þau einkum í útjaðri eða utan byggðarinnar. Nýbyggingarsvæði í þessum flokki eru í norðurhluta bæjarins, norðan Krossaness. Erfitt er að segja fyrir um framtíðarþörf fyrir slík svæði vegna óvissu í hagsveiflum og þróun atvinnuhátta en miðað við núverandi eftirspurn er líklegt að þau nægi út skipulagstímabilið. Þörfin þarfnast endurskoðunar við næstu endurskoðun aðalskipulagsins.

Athafnasvæði, þar sem lítil hætta er á mengun og umhverfisáhrif eru þar af leiðandi minni, eru nær íbúðarbyggðinni. Nokkur þeirra svæða sem næst eru íbúðarbyggð, svo sem svæði á Gleráreyrum, þarfnast endurnýjunar og mögulegt er að blanda þau íbúðarbyggð. Nýbyggingarsvæði í þessum flokki eru einnig í norðurhluta bæjarins, norðan Krossaness, og ættu að nægja út skipulagstímabilið.

Hrísey og Grímsey

Búist er við að atvinnusvæði samkvæmt eldra aðalskipulagi dugi út skipulagstímabilið.

3.5. UMHVERFISMÁL

3.5.1 Umhverfismál í aðalskipulaginu

Stefna Akureyrarkaupstaðar er að sveitarfélagið verði áfram í fremstu röð þegar kemur að umhverfismálum. Sameiginlega mun umhverfis- og samgöngustefnan stuðla að betri lífsgæðum íbúa bæjarins hvað báða þætti varðar. Gott og stöðugt upplýsingaflæði auðveldar íbúum að taka upp umhverfisvænni lífsstíl. Akureyrarkaupstaður mun leggja áherslu á að kynningarefni sé ávallt uppfært og aðgengilegt.

Loftgæði: Akureyrarkaupstaður skuldbindur sig með undirritun loftgæðastefnu til að vinna að minnkun gróðurhúsalofttegunda og leggja þannig sitt af mörkum í þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem Ísland hefur undirgengist. Akureyrarkaupstaður nálgist markmið sitt um kolefnishlutlaust samfélag.

Stefnt er að því að minnka svifryk í andrúmslofti og upplýsingar um svifryk í andrúmslofti skulu aðgengilegar á rauntíma hverju sinni á vef bæjarins. Götur séu sópaðar eftir þörfum. Takmarka skal notkun malarefna til hálkvarna eins og kostur er til að lágmarka myndun svifryks. Nota skal salt til blöndunar í hóflegu hlutfalli og önnur efni sé þess kostur. Stefnt skal að því að draga úr notkun nagladekkja til að minnka svifryk í andrúmslofti.

Orka og auðlindir: Stefnt er að því að auka meðvitund íbúa um nýtingu náttúruauðlinda og hækka hlutfall bifreiða sem ganga fyrir vistvænum orkugjöfum. Teknar skulu saman upplýsingar um vistvæna orkugjafa í eigu bæjarfélagsins, einstaklinga og fyrirtækja. Draga skal úr ljósmengun og auka myrkurgæðin ásamt því að draga úr orkunotkun. Fengnar verða tölulegar upplýsingar um aðkeyptan akstur og þjónustu á vegum bæjarfélagsins svo hægt sé að vinna með þær í áframhaldandi verkefnum tengdum vistvænum orkugjöfum. Þeir bílar sem uppfylla kröfur um vistvæna orkugjafa og eru auðkenndir sem slíkir fá forgang í bílastæði miðbæjarins. Allir strætisvagnar bæjarins skulu að hluta eða öllu leyti ganga fyrir vistvænu eldsneyti árið 2020.

Úrgangsmál: Mikið hefur áunnist á síðustu árum í umhverfismálum bæjarins. Virkja skal bæjarbúa til að flokka úrgang á enn betri hátt sem og að hvetja nærliggjandi byggðir til að gera slíkt hið sama. Með upplýsingagjöf til neytenda um notkun vistvænna og margnota umbúða er hægt að draga úr notkun plastefna. Akureyri verði plastpokalaust sveitarfélag.

Fræðsla til íbúa verði aukin um mikilvægi bættrar nýtingar og leiðir til að draga úr sóun. Stefnt skal að því að gera flokkun sorps auðveldar í nýbyggingum og nýbyggingar verði skipulagðar með viðunandi endurvinnsluáðstöðu í huga. Einnig verður stefnt að því að auka flokkun á endurvinnanlegu efni í orlofsíbúðum og gerð verði krafa til leigusala orlofsíbúða um að rétt flokkun sé hluti af leiguskiðmálum. Auka skal flokkun á endurnýtanlegum úrgangi í miðbæ. Þá skal stefnt að því að auka flokkun á endurnýtanlegum úrgangi svo sem dagblöðum, pappír og plasti og að lágmarka fjölpóst, minnka það magn dagblaða og auglýsingapósts sem berst inn á heimilin. Stofnanir bæjarfélagsins skulu flokka allan sinn úrgang. Vitundarvakning verði gegn því að henda rusli á almannafæri. Akureyri taki þátt í Evrópsku nýtnivíkunni (European Week for Waste Reduction (EWWR)). Notkun á moltu verði aukin og hún nýtt sem jarðvegsbætir, dregið verði verulega úr notkun tilbúins áburðar í bæjarlandinu. Dregið verði úr matarsóun, meðvitund aukin um umhverfisáhrif matvælaframleiðslu og hvatt til bættrar nýtingar á mat úr héraði.

Græn svæði og umhverfi: Unnið verði að því að bæta græn svæði í bæjarlandinu í þágu íbúanna og áhersla lögð á verndun náttúru og lífríkis í þeim náttúruperlum sem finna má í bænum. Áhersla verði lögð á skógrækt í bænum og í kraða umhverfis hann, Græna treflinum, til að auka útivistarmöguleika,

kolefnisjöfnun og skjólsæld. Haldið verði áfram með gróðursetningu trjáplantna á svæðinu umhverfis bæinn, meðal annars af því að skógur bindur kolefni, 4-10 tonn á ári á ha, og er endurnýjanleg auðlind.

Gerð verði áætlun um tilhögun verndunar á náttúrulegu lífríki og jarðmyndum í bæjarlandinu. Unnið verði markvisst gegn útbreiðslu ágengra plantna, t.d. skógarkerfils (bjarnarklói), alaskalúpínu og tröllahvannar í öllu bæjarlandinu.

Gömlu brýrnar yfir Eyjafjarðará nálgast að verða 100 ára gamlar og eru merkilegar í samgöngusögu okkar. Stefnt verði að því að auka aðgengi og nýtingu Óshólma Eyjafjarðarár sem útivistarparadísar. Mikilvægt er að gengið verði frá endanlegu deiliskipulagi af svæðinu í samvinnu við Eyjafjarðarsveit. Í framhaldi verði hafin vinna við stígagerð og áningastaði ásamt merkingum. Fuglatalning í samvinnu við Eyjafjarðarsveit og Isavia fari fram á 10 ára fresti, næst árið 2020.

Stefnt verði að því að auka aðgengi og nýtingu Naustaborga sem útivistarparadísar. Vinnu við endurheimt Hundatjarnar verði haldið áfram. Upplýsingaskilti verði hönnuð og sett upp innan svæðisins. Fuglavöktun verði haldið áfram og mun fuglatalning fara fram á tveggja ára fresti, næst vorið 2018.

Stefnt verði að því að vernda lífríkið í Pollinum og að strandsvæðið sé hreint og hæft til útivistar. Fráveitumálum bæjarins verði komið í viðunandi horf til að koma í veg fyrir mengun strandsvæðis og bæta upplifun þeirra sem fara þar um. Tryggt verði óheft aðgengi íbúa að strandlengju bæjarins utan hafnarvæða. Unnið verði að verndum ósnortinnar strandlengju bæjarins við Sílabás.

Hrísey

Unnið er að því að koma upp einni flokkunarstöð við gömlu jarðgerðarstöðina og mun hún leysa minni stöðvar af hólmi.

Staða úrgangsmála verði yfirfarin með það að markmiði að bæta flokkun ef þörf er. Almennur hreinsunardagur verði á hverju ári.

Gerð verði áætlun um úrbætur í fráveitumálum með það að markmiði að uppfylla tilskipun 91/271/EBE.

Aðstaða gangandi og hjólandi vegfarenda sé til fyrirmyndar. Stefnt skal að því að draga úr umferðarhraða og umferð ökutækja. Settar verði sérstakar reglur um hámarkshraða á almennum götum og vistgötum. Hellulagðar götur verði skilgreindar sem vistgötur. Áfram verði unnið að uppbyggingu göngustíga og gönguleiða. Bætt verði við upplýsingaskiltum við gönguleiðir og áhugaverða staði.

Upplýsingamiðstöð ferðamanna verði eflað og aðstaða og upplýsingaefni bætt. Unnið verði áfram með Ferðamálafélagi Hríseyjar að þróun sjálfbærrar ferðaþjónustu og endurskoðað samstarf um það málefni.

Strandlengjan í Hrísey verði hreinsuð reglulega. Séð verði til þess að fyrirtæki fari að settum reglum varðandi losun úrgangs.

Leitað verði leiða til að útrýma skógarkerfli úr eyinni og takmarka hvönn og lúpínu. Einnig verði reynt að endurheimta náttúrulegan gróður á þeim svæðum sem skógarkerfillinn hefur lagt undir sig.

Grimsey

Gróðurfar í Grímsey er mótað af legu landsins á Norðurheimskautsbaug. Aðalgróðurinn er gras og túngróður, auk trjáa og runna í görðum. Skarfakál sem vex við sjávarklettana er þekkt fyrir lækningamátt og ríkt af C-vítamíni.

3.5.2 Daglegt umhverfi

Hið daglega umhverfi tekur bæði til búsetuumhverfis og náttúrlegs umhverfis utan byggðar. Mat á því er að nokkru leyti huglægt og ýmsar kenningar eru til um samspil forms og rýmis, skala og hlutföll. Byggðarlandslag er skilgreint sem samspil bygginga, náttúru, samgöngumannvirkja og fleiri þátta í tíma og rúmi.

Aðgangur að ósnortinni náttúru er mikilvægur kostur í margra augum sem og aðgangur að útivistarsvæðum, veðursæld, náttúrufegurð, nálægð við náttúruperlur, tengsl við horfna menningu, sögustaði og margt fleira. Hluti þessa umhverfis er manngert með skógrækt, landgræðslu og ýmsum framkvæmdum. Rannsóknir sýna að aðgengi að náttúrusvæðum og grænum svæðum almennt er talið hafa góð áhrif á heilsu og vellíðan fólks.

Kjarnaskógur, skógurinn í brekkunni ofan við húsín í Fjörunni og hluti af umhverfi Glerár auk nokkurra klappa eru þau náttúrusvæði sem eftir eru innan byggðar en stutt er í náttúrusvæði utan byggðarinnar. Huga verður að grænum svæðum í bæjarlandinu svo sem Eiðsvellinum sem er eina græna svæðið á Oddeyrinni. Einnig má nefna Hamarkotstún á Norðurbrekkunni, Lystigarðinn á Suðurbrekkunni auk ípróttasvæða og útivistarsvæða annars staðar í bænum.



Nynd 26. Kjarnaskógur.

Með umhverfis- og minjavernd ásamt góðri umgengni við landið eru varðveitt tengsl við sögu og menningu sem eru mikilvæg fyrir umhverfi bæja og sveita. Mikil verðmæti eru oft fólgin í eldri byggð og mikilvægt er að varðveita samfellda byggð sem heild og halda þar með þeim einkennum sem myndað hafa ramma um líf fyrri tíma. Jafnframt því að hafa menningarsögulegt gildi getur þetta haft efnahagslegt gildi í tengslum við ferðaþjónustu sem er að verða mikil tekjulind sveitarfélaga. Varðveisla menningarumhverfis er því einn af þeim þáttum sem eru mikilvægir fyrir byggðaðróun.

Sjálfbær þróun er hér mikilvæg. Markmiðið er að hver kynslóð skilji við umhverfi sitt í a.m.k. jafn góðu ástandi og hún tekur við því. Í því felst m.a. skynsamleg nýting óendurnýjanlegra náttúruauðlinda, endurnýting þar sem þess er kostur, að reynt sé að koma í veg fyrir hvers kyns mengun og góð umgengni við land og náttúru.

Bæjarstæði Akureyrar er fagurt og trjágróður prýðir það í ríkum mæli. Bæjarbúar meta veðursæld Akureyrar mikils. Mengun er lítil en helst má telja rykmengun og hávaðamengun við umferðargötur. Íbúar Hríseyjar og Grímseyjar meta náttúruna og lífsstíl eyjabúa mikils.

3.5.3 Landslag, náttúrufar og náttúruvá

3.5.3.1 Landslag og jarðfræði

Akureyri

Berggrunnurinn undir Akureyri eru 10 milljón ára gömul basaltlög frá tertíertímanum. Í Krossanesborgum og þar fyrir sunnan sést víða í þessi berglög en eftir því sem innar dregur hverfa þau undir þykk setlög frá jökultíma sem eru þykkust næst sjónum. Líparítmyndanir eru hátt til fjalla og eru Súlur m.a. úr líparíti. Meðfram ströndinni sunnan Glerár er brattur sjávarbakki sem nefnist Akureyrarbrekkur, sem hafa myndast við rof á þessum setlögum, en nyrsti hluti brekknanna eru há klapparholt. Brekkan er gamall marbakki frá jökultíma þegar sjór stóð miklu hærra en nú. Brekkurnar hækka til suðurs og eru hæstar við sunnanvert Búðargil neðan kirkjugarðsins á Höfðanum, allt að 60 metra háar. Víða eru þær brattar og að miklu leyti huldar trjágróðri.

Áður gekk sjór víðast alveg að brekkurótunum en umfangsmiklar landfyllingar mynda nú undirlendi meðfram sjónum. Þær landfyllingar hafa að mestu sótt efni sitt í brekkurnar.

Lækjarfarvegir og skorningar eru nokkuð víða og jafnvægi brekkunnar hefur verið raskað með efnistöku til uppfyllinga og húsbygginga, sérstaklega á svæðinu frá norðanverðu Aðalstræti norður undir Brekkugötu.

Jarðvegur og jarðvegsdýpt eru víðast hvar fremur hentug til húsbygginga. Fyrir ofan brekkurnar er þó víða mýrlent, djúpur svörður og jarðvegsdýpi meira. Á Norðurbrekkunni draga göturnar víða nafn sitt af þessu. Um 1950 voru gerðar tilraunir með að láta húsin fljóta ofan á mýrinni og eru þau sumstaðar illa sprungin og missigin vegna þess. Í Naustahverfinu er jarðvegur með sama móti og þarf að vanda grundun húsa sem þar eru byggð.

Hrísey

Hrísey er flatlend en er hæst að norðan þar sem hún nær um 100 metra hæð. Berggrunnur er úr 10-11 milljón ára gömlum hraunlögum. Yfirborð eyjunnar er mótað af rofi ísaldarjökla í ávalar hæðir sem að mestu eru huldar lyngmóum. Þunn setskán finnst víða í hvilftum undir þunnri jarðvegskápu á sunnanverðri eyjunni en þykkur setlagabunki frá ísaldarlokum þekur eyjuna norðanverða. Kortlögð hafa verið nokkur hraunlög og stendur byggðin á yngsta hraunlaginu. Jarðvegur og jarðvegsdýpt á byggðarsvæðinu eru víðast hvar fremur hentug til húsbygginga. Öflugir jarðskjálftar verða á Tjörnesbeltinu og þeirra gætir í Hrísey.

Grímsey

Grímsey liggur á landgrunnsskaga sem gengur norður úr skaganum milli Eyjafjarðar og Skjálfanda. Grímsey er hæst að austan og er þar þverhnipt bjarg, 80-100 metra hátt. Að vestan er flatlendisræma og ströndin lág og klettótt. Grímsey er gerð úr síðtertíerum misþykkum blágrýtislögum. Á milli þeirra er víða gosmóberg og allmikil setlög. Jarðvegur og jarðvegsdýpt á byggðarsvæðinu eru víðast hvar fremur hentug til húsbygginga. Öflugra jarðskjálfta á Tjörnesbeltinu gætir mikið í Grímsey.

3.5.3.2 Veðurfar

Akureyri

Veðurlag á Akureyri er mjög ólíkt milli árstíða, hlýir sumardagar og vetrarríki. Ársúrcoma á Akureyri er fremur lítil eða tæplega 500 mm að meðaltali miðað við 800 mm að meðaltali í Reykjavík. Vormánuðir eru oft þurrir en mest úrkoma í vetrarbyrjun. Há fjöll skýla bænum svo mikið er um stillur. Heitast verður á sumrin og fer hitinn þá oft dögum saman upp í 17-20°C. Frjókornagreining úr steingerðum trjábútum úr hinum forna Glerárdalsskógi sýna að þar hafa vaxið tré sem nú þrífast aðeins á suðlægari slóðum sem bendir til þess að til forna hafi veðurfar verið hér mun hlýrra en nú er. Búast má við að loftslag haldi áfram að breytast og hraðfara breytingar eiga sér nú stað á norðurslóðum. Loftslagsbreytingar og aðrar meðfylgjandi náttúrubreytingar geta haft áhrif á samfélagið, bæði efnahag og daglegt umhverfi.

Algengustu vindáttir eru frá S-SA og N-NV. Suðlægir vindar eru hlýir og þurrir eftir að miðhálandið losar þá við úrkomu. Á hinn bóginn eru norðanvindar kaldir og úrkomusamir með rigningu á sumrin og ýmist snjó eða rigningu á veturnum. Á sumrin eru vindar hægari en meðalvindhraði ársins er 4 m/s.

Norðlæg hnattstaða veldur því að um sumarsólstöður er dagsljós allan sólarhringinn en dagsbirta aðeins um 4 klukkustundir um jólaeytið og þá sér vart til sólar vegna fjallahringsins. Á sumrin er sólarhæð mest 47° og geta skuggar því orðið langir.

Veður er tekið á þremur stöðum á Akureyri, flugvelli, lögreglustöð og við Krossanesbraut. Opinberar athuganir eru við lögreglustöð og Krossanesbraut. Veðurstöðin við Krossanesbraut er sjálfvirk og mælingar gerðar á 10 mínútna fresti. Veðurstöðin á lögreglustöðinni er mönnum skeytastöð og athuganir gerðar á 3 klukkustunda fresti.

Veður hefur verið tekið við lögreglustöðina síðan 1968. Galli þar er að þar er mikið af malbiki sem hitnar í sólskini. Einnig getur byggð kringum lögreglustöðina haft áhrif á mælingarnar. Veður við Krossanesbraut er dæmigert fyrir allstórt svæði. Þar er hiti lægri á sólardögum vegna hafgölu en stöðin er vel staðsett með tilliti til vinda. Mælingar á Flugvallarstöðinni miðast við flugið og stöðin hefur þann ókost að þar er öðruvísi uppsetning á mælitækjum en á hinum stöðunum. Þar verður einnig kaldara á veturnum en á hinum stöðunum. Vegna samfellu er mikilvægt að halda mælingum áfram við lögreglustöðina en samkvæmt Veðurstofunni þarf að huga að fleiri mælistöðum. Nefndir hafa verið mögulegir staðir sunnar á Brekkunni, Naustasvæði, nágrenni Verkmenntaskólans og Eiðsvöllur en staðir inn með Drottningarbraut koma einnig til greina. Mikilvægt er að hafa samvinnu við Veðurstofuna við staðarval.

Mikil þörf er hér á landi á rannsóknum á loftslagsbreytingum sem geta legið til grundvallar aðlögun samfélagsins að þeim. Allir þessir þættir eru óvissu háðir og eftirlit með náttúrukerfum er því nauðsynlegt til að geta lagt mat á breytingar og áhrif þeirra á samfélagsleg kerfi.

Hrísey

Veður í Hrísey er svipað og á Akureyri. Eyjan er þó nokkru opnari fyrir vindum en Akureyri sem nýtur meira skjóls af umlykandi fjöllum. Getið er um gjörningaveður í Hrísey árið 1884.

Grimsey

Veðurfar í Grimsey er kaldtemprað, sumur fremur svöl en vetur mildir. Hafís getur þó haft áhrif á hitafar á veturnum. Eyjan er mun opnari fyrir vindum en Akureyri og Hrísey sem njóta skjóls af umlykandi fjöllum.

3.5.3.3 Loftgæði, vatnsgæði og mengun

Loftmengun er einkum meðfram aðalumferðaræðum bæjarins. Þar er um að ræða rykmengun sem stafar af notkun sands sem hálkvarnar og mikilli notkun nagladekkja á vetrum. Ekki liggja fyrir miklar upplýsingar um iðnaðarmengun en nokkur mengun er frá skipum, meðal annars skemmtiferðaskipum sem eru stór og koma mest að sumri. Horfa þarf til rafvæðingar til að sporna við þessu. Núverandi brennsla á dýrahæjum fellur innan viðmiðunarmarka en stefnt er að sameiginlegri brennslu fyrir Norðurland á skipulagstímanum. Huga þarf að nágrenni við íbúðir og viðkvæma starfsemi þar sem nokkur loftmengun fylgir brennslunni. Brennt er við 750°C að lágmarki þannig að lyktarmengun er ekki teljandi.

Varðandi skólþ er Eyjafjörður skilgreindur sem „síður viðkvæmur viðtakandi“ en Pollurinn og nokkuð til norðurs er þó skilgreindur í óvissu m.t.t. vatnatilskipunar. Nota má síun sem er eins þreps hreinsun og jafngildir grófhreinsun. Þetta er undanþáguákvæði en þarf að vakta og endurnýja á 4 ára fresti. Skólpi er nú dælt óhreinsuðu út í Eyjafjörð 90 metra frá ströndinni. Nú er að hefjast bygging hreinsistöðvar í Sandgerðisbót. Þegar búið verður að taka stöðina í notkun verður skólþ grófhreinsað þar sem grófa efnið verður eftir, því pakkað og það svo fært til urðunar. Vökvanum verður dælt út á 40 metra dýpi 400 metra frá ströndinni þar sem skólpið dreifist innan þynningarsvæðis. Fjarlægð er metin á grundvelli gerladreifingar og hreinsunarog reiknuð þynning frá útrás að strönd. Skólþ ætti því aldrei að komast að ströndinni eftir að framkvæmdum lýkur og því ætti að draga úr magni saurkóligerla í sjónum við Akureyri. Jafnframt verður ástandið vaktað með reglulegu millibili samkvæmt vöktunaráætlun. Landbúnaðarmengun er nokkur í Eyjafjarðará. Glerá er metin í óvissu m.t.t. vatnatilskipunar vegna sorphauganna og steypustöðvar. Steypustöðin losar úr bílum og bílar eru þvegnir og einnig er mikil rykmengun frá henni. Í staðinn þarf að gera tjarnir og uppistöðulón. Þá er hægt að endurvinnna sand og vatnspörf minnkar.

Mengun frá skíðasvæðinu m.t.t. notkunar skíðaáburðar og áhrifa á vatnsverndunarsvæði hefur ekki verið skoðuð. Vakta þarf snjótroðara og nota þarf jurtaolíu á þá í stað ólíuglussa. Á Bláfjallasvæðinu eru reglur um hvar má geyma olíu og setja þarf samsvarandi reglur fyrir Hlíðarfjall.

Jarðvegsmengun í Glerárdal er nokkur vegna sorphauga sem þar voru. Ef iðnaðarsvæði eru tekin undir íbúðabyggð þarf að skoða hugsanlega mengun í jarðvegi. Bensínstöðvar eru mengunarvaldar en dreifing í jarðvegi er takmörkuð vegna niðurbrots olíunnar. Olía fer ekki undir grunnvatnsyfirborð og mengun leitar til sjávar, t.d. með Glerá við Tryggvabraut. Gamli hústankar liggja víða í jörðu og jarðvegur gæti verið mengaður.

Hávaðamengun er víða yfir viðmiðunarmörkum meðfram umferðaræðum og fellur að miklu leyti saman við loftmengun.

3.5.3.4 Náttúruvá

Samkvæmt skilgreiningu í skipulagsreglugerð eru svæði undir náttúruvá svæði þar sem hætta er talin stafa af náttúruhamförum, s.s. snjóflóðum, skriðuföllum, sjávarflóðum, vatnsflóðum, jarðskjálftum, eldvirkni eða veðurfari.

Í aðalskipulagi skal auðkenna og gera grein fyrir svæðum undir náttúruvá, staðsetningu þeirra, hvaða landnotkun er fyrirhuguð á svæðunum og hvaða reglur gilda á hverju þeirra um umgengni og mannvirkjagerð. Gera skal grein fyrir núverandi og fyrirhuguðum varnarvirkjum vegna ofanflóða, sjávarflóða og vatnsflóða. Einnig skal gera grein fyrir hvaða landnotkun er fyrirhuguð á svæðum undir náttúruvá ásamt nærliggjandi svæðum og hvernig hún fellur að reglum sem gilda á hverju svæði.

Akureyri

Veðurstofa Íslands framkvæmdi ofanflóðahættumat fyrir Akureyri árið 2010. Helstu niðurstöður þess eru að hætta er á snjóflóðum og aurskriðum úr Akureyrarbrekkum innan þéttbýlisins. Ekki er talin

hætta á stórfelldu hruni eða framskriði úr brekkunum. Hættan er tiltölulega lítil miðað við ofanflóðahættu í flestum þéttbýlisstöðum hérlendis þar sem talin er hætta á ofanflóðum og er því einungis skilgreint hættusvæði A skv. skilgreiningu Reglugerðar nr. 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats: „Á hættusvæðum A er heimilt að reisa nýtt íbúðar- og atvinnuhúsnaði, svo og skála sem ætlaðir eru til næturgistingar á skíðasvæðum. Skóla, leikskóla, sjúkrahús, samkomuhús, fjölbýlishús með fleiri en 4 íbúðum og önnur sambærileg hús er heimilt að reisa enda séu þau styrkt til að standast ástreymisþrýsting.“

Á svæðinu undir Akureyrarbrekkum er hætta á aurskriðum og snjósksriðum. Í janúar 1926 féll skriða á húsíð Aðalstræti 20 í asahláku og sterkri sunnanátt og í september 1946 féll skriða úr Höfðanum ofan við Aðalstræti 70 og fram á götu í óhemju rigningarveðri. Einnig féll þá skriða úr brekkunni austan Akureyrarkirkju þar sem núna stendur Hafnarstræti 81. Óljósar sagnir eru um að skriða hafi fallið úr brekkunni ofan við Hafnarstræti 29 árið 1965. Í desember 1972 féll skriða úr brekkunum við Aðalstræti 28 og eitthvað mun hafa losnað um jarðveg í bröttum brekkum annars staðar svo sem ofarlega í Búðargili. Í apríl 1990 féll mikil aurskriða úr brekkunni ofan Aðalstrætis 18. Hún féll á húsíð og eyðilagði það. Í maí sama ár féll skriða úr bröttum kanti við Spítalaveg og varð að loka honum um tíma. Þá kom einnig í ljós að um svipað leyti hafði jarðvegur ofan við húsinn Hafnarstræti 33-41 rifnað utan af brekkunni og hrúgaðist upp að húsveggjum. Í desember 1994 féll aurskriða syðst í Aðalstræti.

Á svæðinu eru 21 íbúðarhús, tvö samkomuhús, hótél, safnahús, geymsluhús og þrjár óbyggðar lóðir auk minni skúrbygginga. Trjágróður dregur úr hættu á að snjóflóð fari af stað og er tekið tillit til þess við afmörkun hættusvæða. Ef skógurinn er felldur þarf að stækka hættusvæðið. Veðurstofan mælir með því að óstyrkt atvinnu- eða íbúðarhúsnaði verði ekki reist á skilgreindum svæðum undir Akureyrarbrekkum nema að vel athuguðu máli. Einnig sé óráðlegt að skipuleggja nýja byggð innan slitinna hættulína ef annað landrými er tiltækt.

Einnig gerir hættumatið grein fyrir snjóflóðum í Hlíðarfjalli og Glerárdal sem geta skapað hættu á skíðasvæðum og útivistarsvæðum. Sérstakt snjóflóðahættumat hefur verið unnið fyrir skíðasvæðið í Hlíðarfjalli.

Ekki hefur verið mikið um snjóflóð úr Akureyrarbrekkum. Í heimildum er getið um snjóflóð ofan Hafnarstrætis 53 eða þar um bil. Í apríl 1919 sprakk fram fylla úr brekkunni ofan Friðbjarnarhúss og í mars 1930 sprungu snjóhengjur víða fram úr brekkunni. Í janúar 1939 féll hengja úr brekkunni fyrir ofan Aðalstræti 24. Í febrúar 1943 féll snjóflóð úr brekkunni syðst í Fjörunni á Akureyri. Klofnaði það um Aðalstræti 63 og hlóðust upp þriggja mannhæða háar hrannir umhverfis það.

Vatnsflóð hafa orðið á Akureyri, m.a. 1956 þegar flóð féll úr öllum norðanverðum Hlíðarhryggnum og náði niður í Glerá. Í febrúar 1974 urðu mikil flóð á Akureyri og m.a. hljóp Naustalækurinn úr farvegi í asahláku og bar með sér óhemju magn af aur og eðju og olli miklu tjóni á lóðum Aðalstrætis 64 og 66. Við vorleysingarnar 1995 féll mikil skriða í Núpá við Þormóðsstaði í Sölvadal. Mikið efni barst með flóðbylgju niður Núpá og síðan í Eyjafjarðará og með henni alla leið til ósa á Leirunum. Í desember 2006 kom mikið flóð í Eyjafjarðará þegar mikil hlýindi, hvassviðri og rigning komu í kjölfar mikils fannfergis.

Einnig má nefna óveður sem gekk yfir landið dagana 10. til 11. september árið 2012. Þá gerði mikið hríðarveður, ísing og hvassviðri sleit raflínur og einnig urðu miklar samgöngutrufanir.

Hrísey og Grímsey

Hvað varðar sjávarflóð er helst hættu á þeim í Grímsey og einnig nokkur hættu í Hrísey þegar saman fara há sjávarstaða og hvass vindur. Með hækandi sjávarstöðu eykst þessi hættu. Varnargarðar hafa verið byggðir í eyjunum. Öflugir jarðskjálftar verða á Tjörnesbeltinu eins og áður er getið en þeirra gætir óverulega inni á Akureyri, þeirra gætir meira í Hrísey og þó einkum í Grímsey.

Þýðing fyrir aðalskipulagið

Þýðing alls þessa fyrir aðalskipulagið er að gæta þarf varúðar við byggð á hættusvæðum ofanflóða og forðast að taka ný svæði á hættusvæðum undir byggð. Mikilvægt er að halda í þann trjágróður sem bindur jarðveg og snjó ofan húsaða í Innbænum. Þá ætti að gæta varúðar á skíða- og útivistarsvæðum þegar veður eru válynd. Varnargarðar eru nauðsynlegir í Hrísey og Grímsey. Ekki eru til reglur um hæð bygginga yfir sjávarmáli en reikna þarf stórstraumsflóð. Til að gæta öryggis ætti ekki að reisa nýbyggingar í lægri hæð en 4 m yfir meðalsjávarmáli í Hrísey og Grímsey.

Veðurstofan hefur í samvinnu við siglingasvið Vegagerðarinnar hafið vinnu við gerð áhættumats vegna sjávarflóða á Íslandi. Tekið er tillit til áhrifa loftlagsbreytinga, landriss og landsigs og þeim svæðum, þar sem framvæma þarf áhættumat, forgangsraðað. Áætlað er að listi með forgangsröðun svæða muni liggja fyrir í ársbyrjun 2018.

3.5.3.5 Gróðurfar

Gróðurskilyrði eru fjölbreytileg og gróður mikill og fjölskrúðugur. Talið er að við landnám hafi skógur náð allt upp undir 700 metra hæð og nú er trjágróður mikill og einkennandi fyrir bæjarmyndina.

Víðáttumesta gróðurlendið er votlendi, ýmist hallandi, fremur þurrar starungs- og elftingarmýrar eða flatir fífluflóar. Þá var mólendi útbreitt, bæði lyng- og fjalldrapamóar, en mjög hefur gengið á þá hin síðari ár, einkum sunnan Glerár. Fögur blómlendi eru í brekkum og hvömmum Glerárgils, víða vallendislautir og brekkur. Gróðri ofan við Akureyri og í Glerárdal hnignaði um skeið vegna ofbeitar en með fækkun sauðfjár og breyttri hagagöngu hrossa er gróður þar aftur að taka við sér. Samfelldur gróður nær upp undir 700 metra hæð í Hlíðarfjalli. Alls hafa fundist 285 tegundir háplantna í bæjarlandinu.

Óshólmar Eyjafjarðarar eru flæðimýrar með elftingarbökkum og víðirunnum.

Hrísey

Gróðurfar í Hrísey einkennist af víðáttumiklu mólendi en tæplega helmingur eyjunnar telst til þess. Graslendi setur einnig svip á gróðurfar, einkum um suðurhluta eyjunnar. Nokkurt votlendi er á suðvestanverðri eyjunni svo og í Löngumýri upp af suðausturströndinni. Kjarrlendi er á nokkrum blettum, aðallega meðfram vesturströndinni. Gerð var gróðurkortlagning í Hrísey árið 2007.

Grímsey

Grímsey er öll gróin vallendisgróðri og vaxa þar um 115 tegundir háplantna. Aðalgróðurlendi er mólendi og graslendi en lyng og runnagróður sést ekki. Mosi er víða mikill en mýrar mjög litlar. Trjágróður á erfitt uppdráttar en helst eru vissar tegundir víðis í húsagörðum. Uppblástur er nær enginn í Grímsey.

Dýralíf

Akureyri

Mikið fuglalíf er í óshólmum Eyjafjarðarár og norðan gamla Þjóðvegarsins yfir óshólmana hafa alls verið skráðar 27 tegundir varpfugla. Í Krossanesborgum má finna um 500 til 600 pör af mörgum tegundum, sem verpa þar, samkvæmt talningum frá 2003, a.m.k. 27 tegundir fugla. Í Naustaborgum verpa um 30 tegundir fugla.

Auk húsdýra og búfænaðar er nokkrar dýrategundir að finna í náttúrunni og lausar í bænum.

Hrísey

Fuglalíf er auðugt í Hrísey og alls er vitað um 41 tegund varpfugla í Hrísey síðustu 50-60 ár.

Grímsey

Á sumrin er Grímsey heimili nánast allra helstu vaðfugla, mófugla og sjófugla sem heimsækja Ísland á ári hverju. Fuglalífið í Grímsey er einstakt og eru fjölmargar tegundir á eyjunni. Stutt er í ríkar veiðilendur, engar rottur eða mýs og veiði á fuglum og eggjasöfnun hefur verið mjög verið takmörkuð með tímanum.

3.6. SAMGÖNGUR

3.6.1 Umhverfissvænar og samgöngur

Mikið hefur áunnist á síðustu árum í samgöngumálum með nýtingu á endurnýjanlegum orkugjöfum og mikilvægt er að halda þeirri stefnu af sama eða auknum metnaði. Nýta ber rafmagn, metan og lífdísil eins og kostur er í samgöngum. Þáttur í samgöngumálum er að koma upp samgöngumiðstöð þar sem öllum helstu samgönguleiðum á landi, til og frá Akureyri, er beint að einum stað.

Almenningssamgöngur skulu njóta aukins forgangs í umferðinni og götukafar hannaðir í þágu þeirra. Stuðlað skal að því að fjölbreyttum ferðaþörfum íbúa sé mætt og að samgöngu- og leiðakerfið nýtist sem best. Komið verði upp þjónustumiðstöð fyrir almenningssamgöngur og auka skal sýnileika biðstöðva og veita betri upplýsingar um strætisvagnleiðir. Auka skal gæði og þægindi í almenningssamgöngum og þegar settar eru upp nýjar hraðahindranir eða gamlar lagfærðar skal miða að því að þær hægi almenna umferð en strætisvagnar geti farið óhindrað yfir þær, sbr. svokallaða “kodda” eða þrengingar. Strætisvagnar haldist áfram gjaldfrír. Þétting byggðar er einnig mikilvægur þáttur sem forsenda góðs aðgengis að almenningssvögnum og betra umferðarflæðis.

Unnið skal að því að auka hlutdeild hjólandi og gangandi vegfarenda. Hjólreiðar verði öruggur og aðgengilegur kostur í samgöngum í bæjarfélaginu allt árið um kring og gerðar verði reiðhjólbrautir/hjólareinar með það að markmiði að aðskilja gangandi og hjólandi umferð á stofnbrautum. Rík áhersla skal lögð á að tengja og leggja göngu-, hjóla- og útivistarstíga og göngu- og hjólastígar verði tengdir við útivistarsvæði, nágrennasveitarfélög og áhugaverða áningarstaði. Tryggja skal, frá upphafi skipulagsferils, hjólreiðar, göngur og almenningssamgöngur í skipulagi nýrra hverfa og uppbyggingu eldri hverfa. Þær götur sem geta borið umferð hjólandi vegfarenda verði merktar sérstaklega fyrir hjólarein beggja megin götunnar til að skapa aðskilda umferð gangandi, hjólandi og akandi vegfarenda með tilliti til umferðaröryggis. Stefnt skal að því að Akureyrarkaupstaður fái vottunina Bicycle Friendly Community og geti því auðkennt sig þannig í markaðssetningu bæjarins gagnvart hjólreiðafólki. Staðsetning gangbrauta og tenging stíga skal miða að því að hafa leiðir sem stýstar og hagkvæmastar fyrir gangandi vegfarendur. Stefnt verði að því að auka öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda og skapa sátt milli mismunandi samgöngumáta. Öryggi gangandi vegfarenda í kringum verslanir, þjónustuhúsnæði og stofnanir verði aukið.

3.6.2 Gatnakerfi

Áhrif umferðar er flestum ofarlega í huga. Annars vegar má líta á gatnakerfið sem nauðsynlegt þjónustukerfi, það þjónar fólki til að komast leiðar sinnar til vinnu, til innkaupa, þjónustu, menningar, frístunda, náms, ferðalaga, búferlaflutninga og svo mætti lengi telja.

Það þjónar einnig fyrirtækjum til að flytja til sín hráefni, hafa ýmis samskipti við stjórnvöld, fjármagnsstofnanir, önnur fyrirtæki o.fl. ásamt því að flytja vinnuafli til fyrirtækisins og flytja vörur og þjónustu á markað.

Gatnakerfi Akureyrar er mjög greiðfært og er þjónustustig á vegum á Akureyri nokkuð gott. Hér eru til að mynda margar tengibrautir, sem hægt er að velja um, þannig að umferðin dreifist milli þeirra sem minnkar umferðarálag á einstakar götur. Eitthvað er þó um tafir á háannatíma og má þar helst nefna nokkur gatnamót tengd Glerárgötu. Samkvæmt spá um umferð við lok skipulagstímabils aðalskipulagsins mun umferð á Akureyri aukast um 23% eða að jafnaði 1,5% á ári út tímabilið. Helst mun umferðin aukast á tengibrautum og má þar helst nefna Þórunnarstræti og Borgarbraut.

Framkvæmd var greining á afköstum gatnakerfisins árið 2016 og 2030 með því að reikna mettunarhlutfall gatna. Mettunarhlutfall er hlutfallið milli afkasta og flæðis þar sem hlutfall milli 0,75-

1,0 gefur til kynna að hætta sé á miklum töfum. Samkvæmt greiningunni er hvergi hætta á því að afkastageta gatna muni nálgast þolmörk árið 2030 á Akureyri. Þó má vænta að einhverjar tafir verði á biðskyldugatnamótum meðfram Þórunnarstræti, Borgarbraut og Glerárgötu á háannatíma. Einnig gæti þurft að gera breytingar á ljósagatnamótum við Glerártorg.

Þrátt fyrir þá kosti sem fylgja þessu gatnakerfi fylgja því einnig ókostir og ber þar helst að nefna slys og óhöpp og neikvæð umhverfisáhrif svo sem loftmengun og hljóðmengun.

Athygli hefur frá upphafi beinst að öryggismálum en á síðustu áratugum hafa umhverfismálin verið sífellt meira í brennidepli. Nú er unnið mikið að því að gera samgöngur vistvænar (sustainable transportation).

Þessar aðgerðir miða m.a. að því að draga úr áhrifum einkabílsins og minnka vægi flugsamgangna með aukinni áherslu á járnbrautir, skipasamgöngur, göngu- og hjólaleiðir.

Nokkur umferð þungaflytninga fer í gegnum bæinn og verður áfram unnið að því í samvinnu við Vegagerðina að bæta umferðaröryggi og draga úr hávaða- og loftmengun á nokkrum helstu stofn- og tengibrautum. Aðgerðir þessar taka fyrst um sinn til gatnamóta við Hörgárbraut, Glerárgötu, Tryggvabraut og Hjalteyrargötu.

Mikilvægt er að gert sé ráð fyrir snjólosunarsvæðum í deiliskipulagi.

3.6.2.1 Stofnbrautir

Stofnbrautum er ætlað að flytja umferð yfir lengri vegalengdir. Þar eru hönnunarkröfur miklar, hindranir sem minnstar eða engar, beygjuradíusar stórir, bratti lítill og aðstæður til hraðaksturs þar með góðar. Skilyrði er að umferð sem hefur annan tilgang sé þar í lágmarki.

Stofnbrautir eiga helst ekki að vera innan byggðar, þar sem hjá því verður komist, og þá helst með mislægum gatnamótum. Þar sem ekki verður hjá því komist verður að tryggja flæði og öryggi með mislægum göngu- og hjólreiðatengingum til að gangandi fólk þurfi ekki að fara yfir þær. Þar er einnig þörf á hljóðmönnum til að tryggja viðunandi hljóðvist.

3.6.2.2 Tengibrautir

Tengibrautum er ætlað að tengja safngötur við stofnvegakerfið. Hönnunarkröfur eru miklar en þó minni en á stofnbrautum. Skilyrði er einnig hér að umferð, sem hefur annan tilgang, sé þar í lágmarki. Tengibrautir geta verið innan byggðar en eiga ekki að vera í þéttri byggð ef hjá því verður komist. Þar þarf helst að gera svipaðar ráðstafanir og á stofnbrautum.

3.6.2.3 Safngötur


Safngötur eru götur innan bæja og borga sem hafa það hlutverk að safna umferð frá húsagötum, flytja umferðina yfir lengri vegalengdir innan borganna eða tengja hana við tengibrautir. Safngötur eru innan byggðar en þar á að velja samfelldar götur þar sem gegnumstreymi umferðar er mögulegt og byggð ekki þétt upp að götunum. Erfitt getur verið að hafa þar mislægar stígatengingar og tryggja viðunandi hljóðvist.

3.6.2.4 Húsagötur


Húsagötur eru götur innan íbúðar- eða atvinnusvæða. Þar eru hönnunarkröfur mun lægri enda ekki ætlast til hraðaksturs þar vegna umferðaröryggis fyrir íbúa, starfsfólk og aðra sem vistast í hverfunum. Einkum er hér litið til öryggis barna. Hraðahindranir af ýmsu tagi og þrengingar eru algengar á húsagötum en eiga síður heima á safngötum og ekki á tengibrautum og stofnbrautum.

3.6.2.5 Umferðarspá

Með reiknilíkani umferðar er áætlað umferðarmagn á stofn- og tengibrautir til grundvallar fyrir aðgerðir til að mæta markmiðum um flæði umferðar, umferðaröryggi og hljóðvist. Það verður einnig notað til að áætla umferð á innri umferðarmannvirkjum, m.a. við skóla. Á meðfylgjandi kortum má sjá umferð ársins 2016 á helstu götum og áætlaða umferð ársins 2030 ásamt áætlaðri aukningu umferðar á þeim götum.



Umferð árið 2016.



Áætluð umferð árið 2030.

Eins og hér má sjá er meðal annars gert ráð fyrir að umferðin aukist á þeim götum þar sem hún er þyngst nú. Á Glerárgötu við Hofsbót eykst hún t.a.m. um 2.400 bíla á sólarhring eða úr 9.700 í 12.100. Í Kaupvangsstræti eykst hún um 1.500 bíla á sólarhring eða úr tæplega 6.300 í rúmlega 7.700. Þá má nefna Þórunnarstræti, þar sem umferðin eykst um 2.200 bíla á sólarhring eða úr 7.300 í 9.500, og Borgarbraut þar sem umferðin eykst mest um 2.600 bíla á sólarhring eða úr 8.000 í 10.600.

Helstu niðurstöður umferðarreikninga samkvæmt höfundum umferðarreiknilíkansins eru þær að miðað við óbreytt ástand í gatnamálum sé gatnanetið á Akureyri nokkuð vel í stakk búið til að taka við umferðaraukningu til ársins 2030. Þó séu allar líkur á að einhver vandamál fari að koma upp á ákveðnum stöðum þegar líða tekur á skipulagstímabilið, þá einna helst á Þórunnarstræti, Borgarbraut og Glerárgötu. Þórunnarstrætið er íbúðargata, með umferðarþyngstu götum bæjarins, mengun af umferð er þar mikil og mun umferðin þar þyngjast enn samkvæmt umferðarspánni. Íbúðarbyggð er einnig nálægt öðrum tengibrautum, þar sem spáð er umferðaraukningu, og má þar nefna Krossanesbraut, Borgarbraut og Borgarsíðu. Á þessum götum má því búast við aukinni hljóð- og loftmengun og skertu umferðaröryggi nema eitthvað verði að gert.

Þetta kallar á aðgerðir varðandi þessar götur en með fyrirsjáanlegri fjölgun rafbíla og fækkun fólksbíla með sprengihreyfli er þó ljóst að loftmengun í formi útblásturs bíla muni minnka á skipulagstímabilinu. Rafbílavæðing mun einnig hafa jákvæð áhrif á hljóðmengun. Svifryksmengun af völdum nagladekkjanotkunar mun hins vegar líklega verða í samræmi umferðarmagn og því aukast. Við þetta má bæta að gangi markmið um að aðrar samgöngur en einkabíllinn verði góður valkostur fyrir íbúana svo sem almenningssamgöngur, göngur og hjólreiðar, má búast við að umferðaraukning verði a.m.k. nokkru minni en reiknilíkanið segir til um. Einnig standa vonir til að mengunarvarnir verði bættar á skipulagstímabilinu.

3.6.3 Göngu-, hjólreiða- og reiðstígar

Stefna Akureyrarkaupstaðar er að vera meðal vistvænustu sveitarfélaga landsins. Með aukinni umhverfis- og heilsuvitund hafa hjólreiðar og göngur aukist. Við hönnun og skipulag gatnakerfis þarf sérstaklega að huga að samgöngukostum sem geta verið valkostir við einkabílinn og stuðlað að minni loftmengun og betri hljóðvist í bænum.

Stígar eru ætlaðir til að flytja gangandi, hjólandi og ríðandi umferð. Þeir eiga helst að vera aðskildir frá gatnakerfinu af öryggisástæðum ásamt þægindum, svo sem að vera fjarri umferðarhávaða og mengun. Stígar eru oft nauðsynlegir til að tryggja örugga leið skólabarna til og frá skóla, til íþróttar og útivistar. Stígar gegna einnig miklu hlutverki á útivistarsvæðum, í ósnortinni náttúru og annars staðar þar sem bílaumferð á ekki heima.

Akureyrarkaupstaður á að gera íbúum kleift að nýta sér reiðhjól sem samgöngutæki með því að útfæra reiðhjólbrautir/hjólareinar sem samgönguleiðir. Útfæra skal samfelld, vandað og öruggt stígakerfi um bæjarlandið allt, þar á meðal útivistarsvæði og opin svæði, og verði það tengt stígakerfum nágrannasveitarfélaga.

Stefnt skal að því að auka hlutdeild gangandi vegfarenda á styttri leiðum innan bæjarins allan ársins hring og nýta þau sóknarfæri sem felast í göngu og höfða sérstaklega til foreldra að láta börn sín ganga eða hjóla í skóla. Ganga er ferðamáti sem höfðar til flestra og ef fleiri byggju í göngufæri við vinnustaði sína myndi hlutdeild gangandi vegfarenda að öllum líkindum aukast. Því skal stefnt að enn meiri þéttingu og blöndun byggðar hér á Akureyri. Staðsetning gangbrauta og tenging stíga skal miða að því að hafa leiðir sem stýstar og hagkvæmastar fyrir gangandi vegfarendur.


Tryggja skal, frá upphafi skipulagsferils, hjólreiðar, göngu og almenningssamgöngur í skipulagi nýrra hverfa og uppbyggingu eldri hverfa. Við hönnun gönguleiða og annarra samgöngumannvirkja skal taka tillit til þarfa fólks með skerta færni, svo sem fatlaðs fólks, aldraðra, blindra og sjónskertra. Komið skal upp hjólagrindum víðs vegar um bæinn og stuðlað að jafnræði á milli allra samgöngumáta. Leggja skal aðlaðandi útivistarstíga sem draga að sér gangandi og hjólandi vegfarendur. Árið 2025 skulu innviðir fyrir göngu og hjólreiðar vera orðnar að samfelldu kerfi sem er notendavænt og aðlaðandi.

Ekki er gerður greinarmunur á stígum í byggingarreglugerð frá 2012 en rétt er þó að hafa ákveðin viðmið um gerð þeirra. Stígar, sem ætlað er að vera megin göngu- og hjólaleiðir og tengja saman einstaka bæjarhluta, upplandið og nágrannasveitarfélög, ættu að öðru jöfnu vera 3 - 3,5 metra breiðir og lagðir bundnu slitlagi og því hentugir jafnt fyrir reiðhjól, göngufólk og hjólastóla. Þeir skulu vera upplýstir og þar sem þeir skera stofn- og tengibrautir skal gert ráð fyrir undirgöngum, göngubrúum eða að minnsta kosti gangbrautum með gönguljósum. Aðskilja skal gangandi og hjólandi umferð á þessum stígum.

Stígar, sem eru þvertengingar milli hverfa og þjónustu og til styttingar á leiðum, eru ýmist hellulagðir, lagðir bundnu slitlagi eða malarstígar og getur breidd þeirra verið 2,0-3,0 m. Stígar sem liggja að skólum og þjónustu skulu vera upplýstir. Á leiðum að skólum skal gert ráð fyrir gangbrautum með gönguljósum.

Útivistarstígar eru stígar sem liggja um náttúruleg svæði utan byggðar. Útivistarstígar geta verið merktir í landinu með stikum eða vörðum og eru því einungis mjó einstigi sem markast í landið undan fótum ferðalangsins. Þar sem við verður komið skulu þeir fylgja gömlum þjóðleiðum. Útivistarstígar gefa fólki kost á að komast út af megin gönguleiðum til að njóta náttúrulegra svæða á þægilegan máta. Útivistarstígar henta fyrst og fremst göngufólki. Ekki er gert ráð fyrir að útivistarstígar séu lýstir.

Reiðleiðir verða aðskildar frá öðrum stígum. Þær götur eiga að vera malarlagðar og 4-5 m breiðar. Bundið slitlag hentar þar ekki. Í tengslum við athafnasvæði hestamanna verður reiðleiðanetið þéttast og tryggja þarf tengingu við nágrennasveitarfélögin.



Kort yfir helstu stíga og reiðleiðir.

3.6.4 Almenningsamgöngur

Strætisvagnakerfi Akureyrar er rekið af Strætisvögnum Akureyrar og frá og með árinu 2007 voru ferðir gerðar gjaldfrjálssar og fjölgaði farþegum um rúm 60% eftir það.

Með eflingu almenningsamgangna er dregið úr umhverfislegum og fjárhagslegum kostnaði við uppbyggingu samgöngumannvirkja í bænum og tekið tillit til möguleika á að efla almenningsamgöngur í stað þess að bæta gatnakerfið í þágu einkabílsins. Almenningsamgöngur skulu njóta aukins forgangs í umferðinni og enn fleiri vegkaflar hannaðir í þágu þeirra. Huga þarf að tengingu atvinnusvæða og nýbyggingarsvæða við strætisvagnakerfið og lýst hefur verið eftir betri tengingu við ýmsa staði svo sem flugvöllinn og tjaldsvæðið að Hömrum.

Bæta skal skilyrði almenningsamgangna svo að þær verði samkeppnishæfur valkostur við einkabílinn með tilliti til tíma og þæginda, meðal annars með hönnun skilta, leiðakerfa og biðstöðva. Mikilvægt er að tryggja að leiðarkerfi strætisvagnanna taki mið af þörfum bæjarbúa almennt. Kerfið þarf að vera einfalt og biðtími sem stytur. Strætisvagnar haldist áfram gjaldfrír. Biðstöðvar skulu vera vistlegar og skjólgóðar eftir fremsta megni, útbúnar kortum með skýrum upplýsingum sem gefa upp komutíma vagna.

3.6.4 Umferðaröryggi

Lögð er áhersla á umferðaröryggismál og aðgerðir til að draga úr neikvæðum áhrifum bílaumferðar. Akureyrarkaupstaður er í samvinnu við Vegagerðina um aðgerðir til að bæta öryggi á helstu umferðaræðum og hefur látið vinna skýrslu um umferðaröryggi við skóla sem verður grundvöllur aðgerða til úrbóta. Uppbygging samgöngumannvirkja tryggir góðar og greiðar samgöngur milli bæjarhluta og nágrannasveitafélaganna.

Þegar gatnamót eru hönnuð verður réttur akstur að vera sem auðveldastur, náttúrulegastur og í samræmi við umferðarreglur. Rangur akstur á að vera erfiður og óaðlaðandi. Ökumenn verða að fá að taka eina ákvörðun í einu, í réttri röð og hafa tíma til að bregðast við.

Nokkur lykilatríði eru: Minnka svæði þar sem aksturslínur skerast. Hafa sem fæsta skurðpunkta. Í hverjum skurðpunkti sé aðeins eitt atríði að bregðast við. Í skurðpunktum sé umferðarréttur vel skilgreindur. Sé akreinin þrengd við skurðpunktinn leiðir það til minni hraða ökutækjanna.

Meirihluti umferðarslysa á sér stað á gatnamótum. Mikilvægt er því að draga úr hraða ökutækja á gatnamótum. Með miðeyjum er hægt að gera akstursleiðir á gatnamótum skýrari. Þar sem vinstribeygjuumferð af aðalvegi veldur töfum er mælt með að stefnugreina gatnamót með vinstribeygjuvösum, miðeyjum og vegmerkingum. Í stað krossgatnamóta er æskilegt að hafa tvenn T-gatnamót eða hringtorg. Við stærri gatnamót henta hringtorg vel til að lækka hraðann, auka umferðaröryggi og auðvelda aðgengi umferðar að og frá hliðarvegum. Í tengslum við hringtorg eru settar miðeyjar á arma þeirra og gönguleiðir í hæfilegri fjarlægð frá hringtorgi. Þar sem breytingar verða á leyfilegum hámarkshraða við þéttbýlismörk þarf að vekja athygli ökumanna á breyttu umhverfi og akstursskilyrðum. Mælt er með sérstökum þéttbýlishliðum sem eru áberandi hliðstólpar beggja vegna vegarins og hraðatakmarkandi hliðrun á umferð á leið inn í þéttbýli.

Gangandi og hjólandi vegfarendur eru í mestri hættu í umferðinni. Hraði ökutækis skiptir öllu máli fyrir það hve alvarlegar afleiðingar slys á þeim hefur. Rannsóknir benda til að 90% gangandi vegfarenda lifi af ákeyrslu ef hraði ökutækis við ákeyrslu er 30 km/klst. Við 40 km/klst hraða eru 60-70% líkur á að óvarinn vegfarandi lifi áreksturinn af. Þegar hraði er 50 km/klst eru aðeins 20% líkur á að óvarinn vegfarandi lifi árekstur af. Mikilvægt er að aðgreina leiðir óvarinna vegfarenda og ökutækja eins og kostur er þar sem hámarkshraði er 40 km/klst eða hærri.

Tilgangur hraðahindrana og hraðatakmarkana við 30 km/klst er að hægja á umferð, draga úr líkum á gegnumakstri, sem á ekki erindi í hverfið, og minnka slyshættu og ónæði af umferð. Mikilvægt er að draga úr hraða í 30 km hverfum en reynslan hefur sýnt að raunhraði þar er oft nærri 40 km/klst og þar er lítil þungaumferð. Þar er því minni hættu á slysum og afleiðingar slysa ekki eins alvarlegar. Aðskilnaður óvarinna vegfarenda annars vegar og umferðar ökutækja hins vegar er veigamikill þáttur í umferðaröryggi og mikilvægt er að stígar séu meðfram þjóðvegum í þéttbýli.

Til að þveranir óvarinna vegfarenda á þungar umferðargötur verði sem öruggastar er mælt með eftirfarandi: Að hafa fáar þveranir og þær þannig að óvarinn vegfarandi þurfi aðeins að þvera einn straum umferðar í einu. Sé gatan breið, sem farið er yfir, ættu að vera miðeyjar að lágmarki 2 m breiðar til að vegfarandi geti staðið öruggur á miðeyjunni og til að hún rúmi t.d. barnavagn eða reiðhjól. Að hafa víxlgrindur á stíg áður en komið er að vegi, þannig að vegfarandi snúi á móti þeim umferðarstraumi sem hann á eftir að þvera. Að hafa hliðfærða gönguleið í miðeyju með þeim hætti að vegfarandi snúi á móti þeim umferðarstraumi sem hann á eftir að þvera. Að hafa sterka og annarskonar lýsingu við gangbrautir. Best er að nota gula lýsingu þar sem hvít lýsing er á vegi og öfugt. Að forðast að hafa þverun fyrir óvarða vegfarendur í plani þar sem tvær eða fleiri akreinar eru í

sömu átt. Hafa brú eða undirgöng og að lágmarki gangbrautarljós þar sem aðstæður eru með þessum hætti. Að girða götu af þannig að vegfarendur freistist ekki til að fara yfir götu við óæskilegar aðstæður. Girðingu af viðurkenndri gerð má t.d. setja á miðeyju skerði hún ekki sýn ökumanna.

3.6.5 Hljóðvist

Í reglugerð um hávaða nr. 724/2008 eru skilgreind viðmiðunarmörk fyrir leyfilegan hávaða frá ökutækjum. Mörk utan við húsvegg gilda fyrir utan opnanlega glugga. Viðmiðunarhæð þar sem annað er ekki tiltekið er 2 m. Fyrir íbúðarhúsnæði á íbúðarsvæðum, dvalarrými á þjónustustofnunum þar sem sjúklingar eða vistmenn dvelja yfir lengri tíma og leik- og grunnskóla á hljóðstig ekki að fara yfir 55 dB. Minni kröfur eru fyrir íbúðarhúsnæði á verslunar-, þjónustu- og miðsvæðum eða 65 dB en meiri kröfur fyrir frístundabygging, 45 dB.

Hljóðvistarreikningar eru gerðir út frá umferðarmagni samkvæmt reiknilíkani umferðar og aksturshraða á viðkomandi götu. Út frá þeim er framkvæmdum við hljóðvarnir forgangsraðað.

3.6.6 Hafnir

Akureyri

Aðalhafnarsvæði Akureyrar er á Oddeyrartanga. Þar er stór flutninga-, farþega- og fiskihöfn. Þar eru skipasmíðar, dráttarbraut fyrir 1.000 þungatonn og flotkví fyrir 5.000 þungatonn. Lengd bryggjukanta er alls 1.600 metrar og mesta dýpi við kant 11 metrar á 100 metra kafla.

Í Oddeyrarbót (Hofsbot) eru tvær flotbryggjur og bráðabirgða þjónustubyggingar fyrir hafnsækna ferðaþjónustu. Einnig leggjast erlendar skútur og skemmtibátar við þessar bryggjur.

Á svæði við Leiruveg, áður suðurhluta svæðis Siglingaklúbbsins Nökkva, er gert ráð fyrir smábátahöfn. Stærð landfyllingar getur orðið allt að 30.000 m². Hluti hennar verði í beinu framhaldi flugbrautar til að rúma ljósakrossa fyrir aðflug. Vegna nálægðar við flugbraut er ekki gert ráð fyrir mannvirkjum sem ná upp í öryggisflöt flugbrautar.

Í Sandgerðisbót við Óseyri er smábátahöfn og í Krossanesi er fiskihöfn og olíubirgðastöð. Í Torfunefshöfn eru viðlegukantar og aðstaða fyrir smábáta og skemmtibáta og þar er skipulögð aðstaða fyrir ferðaþjónustu, einkum hvalaskoðunarfyrirtæki. Einnig má nefna svæði nálægt því sem Höepfnarsbryggja var áður en þar er nú smábátahöfn, bátaskýli og aðstaða fyrir siglingaklúbb.

Hrísey

Höfnin í Hrísey þjónar sem flutningahöfn, fiskihöfn og ferjuhöfn. Ferjan Sævar gengur til Árskógssands og ferjan Sæfari til Grímseyjar og Dalvíkur. Bryggjukantar eru alls 272 metrar og mesta dýpi við kant 5 metrar á 58 metra kafla. Þar er einnig smábátahöfn.

Grímsey

Höfnin er lífæð Grímseyjar, og þjónar sem flutningahöfn, fiskihöfn og ferjuhöfn. Bryggjukantar eru samtals 200 metrar og mesta dýpi við kant 7 metrar. Dýpi í innsiglingu er 5m. Á Ytri höfninni er 100 metra kantur. Innri höfnin er fyrir smábáta, tvær bryggjur, 40 metra og 60 metra kantar, og 17 metra flotbryggja.

3.6.7 Flugvöllur

Akureyri

Akureyrarflugvöllur er einnar brautar flugvöllur staðsettur á landfyllingu á leirunum við ósa Eyjafjarðarár.

Áætlunarflug er til Reykjavíkur og fleiri staða innanlands. Leiguflug er í boði til ákvörðunarstaða innanlands og erlendis, meðal annars til Grænlands. Sjúkraflugi er sinnt frá vellingum allan sólarhringinn. Flugkennsla er starfrækt á vegum Flugskóla Akureyrar.

Akureyrarflugvöllur er millilandaflugvöllur og því eru auknar kröfur um hindranafleti vallarins, bæði lóðrétt og lárétt, en þar mega ekki vera nein mannvirki sem hindra flug eða skapa hættu. Í gildi eru skipulagsreglur fyrir Akureyrarflugvöll frá 2011 þar sem eru m.a. fyrirmæli um svæði utan flugvallar þar sem rétt er að setja takmörkun á hæð mannvirkja og annarra hluta eða takmörkun á meðferð fasteigna. Skipulagsreglurnar eru settar samkvæmt 59. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998. Mikilvægt er meðal annars að raflínur í að- og fráflugsfleti nái ekki upp í hindranaflet. Hljóðspor vélanna takmarkar ekki staðsetningu nýbygginga.

Hrísey

Hríseyjarflugvöllur er einnar brautar flugvöllur fyrir minni vélar, gerður árið 1965. Hann var síðan lengdur til suðurs og malbikaður að hluta árið 1980.

Grímsey

Grímseyjarflugvöllur er einnar brautar flugvöllur og hófust framkvæmdir við hann árið 1954. Völlurinn var stækkaður og malbikaður 2005 og byggð við hann flugstöðvarbygging. Af vellingum er flug til Akureyrarflugvallar.

3.7 MINJAVERNND

3.7.1 Fornminjar og náttúruminjar

Samkvæmt skipulagslögum getur sveitarstjórn sett fram stefnu og skilyrði varðandi vernd náttúruminja, menningarsögulegra svæða eða bygginga vegna náttúrulegs eða menningarlegs gildis. Þau svæði eru skilgreind sem hverfisvernduð svæði án þess að um lögformlega friðun sé að ræða. Í aðalskipulagi skal þá gera grein fyrir hvaða þættir í umhverfi viðkomandi svæðis skulu njóta forgangs og tiltekinnar verndar. Ennfremur skal tilgreint hvaða réttindi og kvaðir eru samfara hverfisvernd fyrir stjórnvöld og íbúa varðandi landnotkun og framkvæmdir.

Í aðalskipulaginu er gerð tillaga um hverfisvernd vegna verndunar sérkenna eldri byggðar, annarra menningarminja eða náttúruminja.

Í kafla 4.22 í skipulagsreglugerð nr. 441/1998 er gerð grein fyrir gildi þeirra og sérákvæðum um vernd þar sem það á við. Allar framkvæmdir eða breytingar á hverfisverndarsvæðum eru háðar umfjöllun í umhverfisnefnd, skipulags- og byggingarráðs sem og staðfestingu bæjarstjórnar, sbr. skipulagslög.

Ráðherra gefur út náttúruminjaskrá á fimm ára fresti og birtir með auglýsingu í Stjórnartíðindum þegar Alþingi hefur samþykkt þingsályktun um framkvæmdaáætlun. Ráðherra getur ákveðið að í auglýsingunni verði vísað til rafrænnar útgáfu greinargerðar um ítarupplýsingar um minjar á skránni. Birta má hvenær sem er ákvarðanir um nýskráningu náttúruminja á skrána og ákvarðanir um friðlýsingu eða friðun.

Tengsl við sögu og menningu eru mikilvæg fyrir umhverfi bæja og sveita. Skilningur fólks hefur vaknað fyrir því að mikil verðmæti eru oft fólgin í eldri byggð og minjum um búsetuhætti fyrri tíma. Fornleifar hafa menningarsögulegt gildi og rannsóknir á þeim geta varpað ljósi á horfin tímabil og verið innlegg í kennslu á því sviði. Auk þess geta þær haft efnahagslegt gildi í tengslum við ferðapjónustu. Akureyri vill viðhalda tengslum kynslóðanna við menningarsögulega fortíð sína og uppruna með skráningu og varðveislu fornleifa.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri :

- a) búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b) vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c) tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d) vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e) virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f) þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

- g) áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h) haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i) skipsflök eða hlutar þeirra.

Allar fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands. Friðun felur í sér sjálfkrafa verndun fornminja, húsa og mannvirkja á grundvelli aldurs þeirra samkvæmt nánari fyrirmælum laga um menningarminjar nr. 80/2012. Um friðun og verndun kirkjugripa fer samkvæmt lögum um Þjóðminjasafn Íslands nr. 140/2011.

Friðlýsing fornleifa, húsa og mannvirkja er sértæk aðgerð sem getur falið í sér kvöð sem þinglýst er á fasteign og hefur þann tilgang að tryggja sem best varðveislu menningarminja. Friðlýsa má fornleifar og getur friðlýsing náð til nánasta umhverfis hins friðlýsta minjastaðar, húss eða mannvirkis. Friðlýsa má samfelld svæði þar sem fleiri en einn minjastaður teljast hafa sérstakt menningarsögulegt gildi.

Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Stofnunin hefur rétt til að láta rannsaka fornleifar með greftri eða á annan hátt og gera það sem þarf til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en gera skal landeiganda eða ábúanda viðvart um það áður.

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi.

Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar.

Fornleifaskráning var unnin árið 2001 fyrir eftirtalin svæði á Akureyri: Deiliskráning Naustahverfis, Fornleifar í landi Nausta, Hamra og Kjarna, Deiliskráning í Krossaneshaga, Fornleifar í landi Stóra-Eyjarlands og Kotár og Fornleifar í landi Akureyrar norðan Glerár. Þá var einnig unnin fornleifaskráning fyrir Hrísey. Þessar skráningar byggja á GPS mælingum sem eru ekki nákvæmar, m.a. truflaði her Bandaríkjanna GPS sendingar frá gervitunglum 1998-2003 á tímum Kuwait stríðsins. Yfirfara þarf hnitasetningu þessara skráninga auk þess sem lög um menningarminjar gera aðrar kröfur um skráningu en eldri lög. Einnig er núna unnið með mælingar í Ísneti sem gefur mun nákvæmari mælingar en GPS.

Síðan hafa verið unnar skráningar fyrir Lögmanshlíð (2015) og Melgerðisás (2016) auk nokkurra minni svæða, einkum í tengslum við þéttingu byggðar. Auk þess voru grafnir könnunarskurðir við Naust (2015).

Fornleifaskráning var gerð fyrir Hrísey 1998.

Fornleifaskráning var gerð fyrir Grímsey 2007.

Þessara greinargerða er getið í heimildaskrá aðalskipulagsins.

3.7.2 Verndun húsa og hverfahluta

Við varðveislu eldri byggðar er mikilvægt að varðveita samfellda byggð sem heild og halda þar með þeim einkennum sem myndað hafa ramma um líf fyrri tíma. Stuðla ber að varðveislu, verndun eða friðun sérkenna í húsagerð og skipulagi auk annarra staðbundinna umhverfispátta þannig að ímynd

bæjarfélagsins styrkist. Akureyri státar af tiltölulega mörgum gömlum íbúðarhúsum sem ljá eldri bæjarhlutum hlýlegan blæ. Mikilvægt er að viðhalda og leggja rækt við elstu hluta bæjarins, þ.e. Innbæinn, elstu hluta Oddeyrarinnar og elstu hluta Brekkunnar. Sama máli gegnir um elstu byggingar í Hrísey og Grímsey.

Heilsteypt, vel varðveitt umhverfi frá fyrri tímum vekur oft áhuga ferðamanna, einkum ef hægt er að tengja það menningarsögu staðanna eða sögulegum atburðum. Vel varðveitt menningarumhverfi er því einn af þeim þáttum sem eru mikilvægir fyrir byggðapróun og í lögum um menningarminjar er lögð áhersla á skráningu menningarlandslags og minjaheilda. Akureyrarkaupstaður vill viðhalda tengslum kynslóðanna við menningarsögulega fortíð sína og uppruna með varðveislu og friðun byggingararfsins. Einnig ber að huga að húsum sem hafa listrænt gildi en frumkvöðlar meðal arkitekta hafa teiknað nokkur hús í bænum. Þar má fyrst nefna nokkur hús Guðjóns Samúelssonar húsameistara ríkisins en hann teiknaði m.a. Akureyrarkirkju, Landsbankann, upphaflegt hús Barnaskóla Akureyrar og upphaflegt hús Húsmæðraskólans við Þórunnarstræti. Einnig má nefna Sigurð Guðmundsson sem teiknaði m.a. húsið Þingvallastræti 25 á mynd hér að framan en lagt er til að ytra útlit þess verði friðlýst. Þeir Guðjón og Sigurður unnu reyndar saman að mörgum húsum Guðjóns. Þá má nefna Spennistöð Akureyrar sem Sigvaldi Thordarson teiknaði.

Til byggingararfs teljast hús og önnur mannvirki og einstakir hlutar þeirra sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi, svo sem:

- a) stök hús eða hlutar þeirra og húsasamstæður, hvort sem er til íbúðar eða menningar- og atvinnustarfsemi í þéttbýli eða dreifbýli, húsaþyrpingar og götumyndir,
- b) kirkjur og bænhús ásamt tilheyrandi mannvirkjum, svo sem klukkuturnum, garðhleðslum og sáluhliðum, klaustur, samkomuhús, skólahús og nánasta umhverfi þeirra, aðrar opinberar byggingar, íþróttamannvirki og sundlaugar,
- c) brýr og hvers konar samgöngumannvirki, virkjanir, stíflur, dælustöðvar og önnur orkumannvirki, hafnarmannvirki, vind- og vatnsmyllur, vitar, slippir, hjallar, manngerðir hellar og réttir.

Öll hús og mannvirki sem eru 100 ára eða eldri eru friðuð. Óheimilt er að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Minjastofnun Íslands er heimilt að afnema friðun sem byggist á aldursákvæðum þessarar greinar. Eigendum húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa.

Friðlýsing húsa og mannvirkja getur falið í sér kvöð sem þinglýst er á fasteign og hefur þann tilgang að tryggja sem best varðveislu þeirra. Við gildistöku laga um menningarminjar nr. 80/2012 1. janúar 2013 féllu lög um húsafriðun nr. 104/2001 úr gildi. Samkvæmt þeim lögum voru öll hús á Íslandi friðuð sem byggð eru fyrir 1850 og allar kirkjur sem byggðar eru fyrir 1918. Friðun samkvæmt eldri lögum samsvarar friðlýsingu í gildandi lögum. Auk þess hafði ráðherra að tillögu húsafriðunarnefndar friðað yngri byggingar sem taldar voru hafa sérstakt menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi.

3.8. SAMFÉLAGSÞJÓNUSTA

3.8.1. Fræðslumál


Hugmyndir hafa komið fram um að samnýta/sameina leik- og grunnskóla. Þá yrði um að ræða einn skóla, leik- og grunnskóla. Þannig yrði til ein eining fyrir 1-15 ára börn. Fyrirsjáanleg er lokun einhverra leikskóla og að í staðinn komi aðstaða í nærliggjandi grunnskólum. Sjá nánari forsögn í köflum 3.8.1.1 og 3.8.1.2.

3.8.1.1 Grunnskólar.

Í Akureyrarkaupstað eru 10 grunnskólar með 2.615 nemendur í 1 - 10. bekk í ársbyrjun 2017. Skólaskrifstofa hefur unnið áætlun um fjölda grunnskólanema á Akureyri og er taflan hér að neðan byggð á gögnum úr þeirri vinnu.

Nafn skóla	Nemendur 2016/2017	Nemendur 2019/2020	Hámarksfjöldi nemenda
Brekkuskóli	501	480	500
Oddeyrarskóli	195	185	210
Glerárskóli	302	334	450
Lundarskóli	455	416	450
Síðuskóli	400	403	450
Naustaskóli	367	377	500
Giljaskóli	391	392	450
Hlíðarskóli	20	20	20
Hríseyjarskóli	14	18	40
Grimseyjarskóli	6	4	20
Samtals	2651	2629	

Tafla 26. Nemendafjöldi í grunnskólum Akureyrarkaupstaðar 2016, áætlaður fjöldi 2020 og hámarksfjöldi miðað við núverandi aðstæður.



Uppdráttur 5. Skólasvæði grunnskóla Akureyrar.

Í skólabyggingum í nýjum hverfum þarf að skoða frekari möguleika til skólaþróunar og nýbreytni. Ný skólanámskrá kallar á meiri þörf fyrir aðstoðu til verk- og listgreinakennslu í grunnskólum sem kallar á endurskoðun á rýmispörf. Áhersla er lögð á að aðstoða til íþróttakennslu sé við alla skóla sem auðveldar mjög allt skipulag skólastarfsins auk þess að lágmarka flutning nemenda á skólatíma.

2017 eru starfræktar sérdeildir í Giljaskóla og Síðuskóla en umfang og eðli sérdeilda getur breyst með nýjum aðstæðum. Þá er starfræktur sérskóli í Hlíðarskóla. Ekki er ólíklegt að skoða verði sérstaklega þarfir fyrir fleiri sérúrræði fyrir grunnskólanemendur í vaxandi sveitarfélagi.

Huga þarf í tíma að fyrirkomulagi skólamála, jafnt á nýbyggingar- sem þéttingarsvæðum. Æskilegt er að ekki sé lengra en 500 m frá skóla að jaðri skólahverfis eða 6-8 mínútna gangur en hámark um það bil 800 metrar.

Börn á grunnskólaaldri eru rúm 50% af aldurshópnum 0-19 ára. Sé tekið mið af meðaltalsfjölgun þeirra frá 1998-2015 eða 0,3% (sjá kafla 3.3.2) má gera ráð fyrir að grunnskólabörnum fjölgi um rúmlega 100 á skipulagstímabilinu eða úr um það bil 2.615 í 2.715. Það ber þó að endurskoða þessa tölu á skipulagstímabilinu þar sem lítil eða engin fjölgun hefur verið á síðustu árum. Þar sem stefna skipulagsins er að þetta byggð í stað þess að byggja á nýjum svæðum er þörf fyrir nýjar skólabyggingar ekki augljós. Hugsanlega þyrfti þó að huga að betri nýtingu eða stækkun einhverra af núverandi grunnskólum.

3.8.1.2 Leikskólar.

Á Akureyri eru starfandi 10 leikskólar. Í Hrísey og Grímsey eru leikskólar og grunnskólar reknir saman. Í apríl 2016 voru um það bil 1.100 börn á leikskólaaldri, þ.e. 2ja-5 ára gömul börn á Akureyri.

Leikskóli	Hverfi	Fjöldi 2017	Áætlaður fjöldi 2023	Deildir	Fjöldgun vegna þéttingar
Pálmholt*	Gerðahverfi	136	0	5	Þéttingarsvæði
Hlíðaból*		0	0	2	
Hulduheimar	Holtahverfi/ Síðuhverfi	97	97	4	Þéttingarsvæði/ Nýbyggingarsvæði
Hólmasól	N Brekka	144	144	6	Lítill þétting
Iðavöllur	Oddeyri	90	90	4	Nokkur þétting
Kiðagil	Giljahverfi	96	96	4	
Krógaból	Síðuhverfi	99	99	5	Lítill þétting
Lundarsel	Lundahverfi	90	90	4	Lítill þétting
Naustatjörn	Naustahverfi	136	136	6	Þéttingarsvæði
Tröllaborgir	Giljahverfi	93	93	4	
Glerárskóli*	Hlíðahverfi				Þéttingarsvæði
Grímsey		4		1	
Hrísey		7		1	
Samtals		992	845		

Tafla 27. Nemendafjöldi í leikskólum Akureyrar 2016, áætlaður fjöldi 2023 og hámarksfjöldi barna miðað við núverandi aðstæður.

* Samkvæmt upplýsingum frá fræðsluráði er gert ráð fyrir að leikskólarnir Pálmholt og Hlíðaból verði lagðir niður á fyrrihluta skipulagstímabilsins. Börn frá Pálmholti verði flutt í nýjan leikskóla við Glerárskóla.

Dreifing barna á leikskólaaldri (1-5 ára) er misjöfn eftir aldri hverfa. Í eldri hverfum eru þau mun færri en í nýbyggðum hverfum þótt það sé ekki algilt. Til að mynda eru bæði Síðuhverfi og Giljahverfi með hlutfallslega fleiri leikskólabörn búandi í hverfinu en nýjasta hverfið, Naustahverfi. Jafnframt er Oddeyrahverfi nú með svipaðan hlutfallslegan fjölda leikskólabarna og Naustahverfið. Vert er að leita skýringa á því. Með þéttingu byggðar gæti hlutfallið jafnað sig út eða snúist við á skipulagstímabilinu. Börn á leikskólaaldri eru um 21% af aldurshópnum 0-19 ára og má gera ráð fyrir að börnum á leikskólaaldri fjölgi um rúmlega 40 á skipulagstímabilinu eða úr rúmlega 1.100 í um það bil 1.140. Þörf fyrir nýjar leikskólabyggingar er ekki augljós. Hugsanlega þyrfti þó að huga að stækkun einhverra leikskóla eða betri samnýtingu með einhverjum af núverandi grunnskólum.

3.8.1.3 Aðrir skólar

Tónlistarskólinn á Akureyri var stofnaður árið 1946. Skólinn er nú staðsettur í Menningarhúsinu Hofi í Strandgötu 12 og eru nemendur hans um 400 talsins. Við skólann starfa fjórar deildir skv. aðalnámskrá tónlistarskóla og er kennt á fjölmörg hljóðfæri við skólann og áhersla lögð á að nemendur hljóti sem víðtækasta tónlistarmenntun. Tónlistarskólinn heyrir undir fræðsluráð Akureyrar og vinnur í nánú samstarfi við grunn- og leikskólana í bænum en skólinn er með starfstöðvar innan veggja grunnskólana og styður við tónmenntakennslu þeirra. Vilji er fyrir aukinni starfsemi og stefnt er að diploma námi við skólann.

Upphaf Menntaskólans á Akureyri má rekja til Möðruvallaskóla í Hörgárdal sem stofnaður var árið 1880. Árið 1902 brann skólahúsið á Möðruvöllum og var skólinn þá fluttur um set til Akureyrar og var

þá kallaður Gagnfræðaskólinn á Akureyri. Fyrstu tvö árin á Akureyri hafði hann aðsetur í Hafnarstræti 53 en fluttist svo inn í hið nýja Gagnfræðaskólahús við Eyrarlandsveg haustið 1904. Á árunum 1924-1927 fór svo fram menntaskólakennsla í fyrsta sinn í skólanum og árið 1930 var skólinn gerður að fullkomnum menntaskóla. Fjöldi nemenda við skólann hefur aukist, einkum eftir árið 1970 þegar inntökureglur voru rýmkaðar. Nú stunda um 750 manns nám við Menntaskólann og skólinn útskrifar rúmlega 150 stúdenta á ári hverju. Jafnframt hefur húsakostur aukist og Heimavist Menntaskólans verið stækkuð með nýbyggingu milli skólans og eldri byggingar Heimavistarinnar. Heimavistin er nú sameiginleg fyrir Menntaskólann og Verkmenntaskólann.



Mynd 26. Hús Menntaskólans á Akureyri, Gamli skóli, byggt 1905. Ljósmynd B.J.

Verkmenntaskólinn á Akureyri tók til starfa árið 1984. Fyrsta skólaárið voru nemendur 780 en eru nú rúmlega 1.300. Að auki stunda 400-500 nemendur nám í fjarnámsdeild skólans á hverju skólaári. Við skólann starfa hátt í 200 starfsmenn. Í boði er nám fyrir alla nemendur með áherslu á fjölbreytt nám, bæði iðn- og tækninám ásamt hefðbundnu bóknámi. Nemendur geta lokið stúdentsprófi á þremur eða þremur og hálfu ári.

Háskólinn á Akureyri var stofnaður árið 1987 og hefur frá þeim tíma verið í stöðugri uppbyggingu og þróun sem ein af megin menntastofnunum landsins. Háskólinn mun til framtíðar byggja á fjölbreyttu námsframboði í sveigjanlegu námi. Tæplega 2.000 nemendur stunda þar nám, þar af helmingur staðarnemar og helmingur fjarnemar. Ekki er ráðlegt að gera ráð fyrir mikilli stækkun skólans fram til 2030 og mun hún rúmast innan þess svæðis sem afmarkað er Háskólanum í aðalskipulaginu. Þó má gera ráð fyrir að allt að 2.500 nemendur muni stunda nám við skólann í sveigjanlegu námi ef tekst að ná tæknifræði inn sem námsgrein. Framtíðarsýn 2018 til 2023 er að háskólinn verði alþjóðlegur norðurslóðaháskóli, aukin áhersla verður á rannsóknir, þróun og nýsköpun sem verða lykilþættir í starfsemi skólans innan tímaramma aðalskipulagsins. Væntanlega mun skólinn fá leyfi til að útskrifa nemendur með doktorsgráðu á tímabilinu. Stúdentagarðar háskólans eru á þremur stöðum á Akureyri en einnig leigja nemendur sér húsnæði víðsvegar um bæinn.

Háskólinn er landfræðilega vel staðsettur en er engu að síður nokkurs konar eyland í miðju bæjarlandsins. Að mati skólans eru þrjú megin verkefni sem vinna þarf að til að háskólinn geti orðið að kjarna uppbyggingar til að skapa öflugra þekkingarsamfélag á Akureyri: Betri landfræðileg tenging við aðra helstu kjarna bæjarins, uppbygging aðstöðu fyrir frumkvöðla og tengingar þessara svæða með góðum og tíðum samgöngum.

Í ljósi þessa er mikilvægt að tengja Háskólann við stofnanir sem sinna hátækni og rannsóknum, einkum Sjúkrahúsið á Akureyri og Verkmenntaskólann. Einnig er mikilvægt að tengja Háskólann betur við aðra stóra atvinnu- og þjónustukjarna, miðbæinn (ásamt Hofi) og Glerártorg en á öllum þessum fimm svæðum sækir fólk daglega atvinnu sína, nám eða þjónustu. Ein leið til að ná betri

landfræðilegri tengingu og auðvelda samskipti á milli þessara svæða er að þetta byggð í kringum þau og á milli þeirra. Þannig mætti t.d. stefna að því að íbúðir fyrir stúdenta byggist upp við mörk Háskólans og einnig mundi þétting byggðar milli Háskólans og Dalsbrautar tengja háskólasvæðið betur við Glerártorg ásamt því að minnka fjarlægð nemenda frá miðbæ Akureyrar.

Atvinnusvæðið í kringum Glerártorg og nágrenni gæti vel hentað fyrir frumkvöðlakjarna með aðgengi að ódýru en jafnframt sérhæfðu húsnæði fyrir nýsköpunarfyrirtæki og er fjallað nánar um það í kafla 3.4 um atvinnumál. Jafnframt þyrfti að bæta tengingar gangandi og hjólandi umferðar milli Háskólans, Glerártorgs og miðbæjarins til að auka flæði milli þessara svæða. Slíkt skipulag mundi stuðla að öflugri samskiptum og samvinnu á milli skólastiga, opinberra stofnana og fyrirtækja.

3.8.2. Félagsþjónusta

Félagsþjónustan á Akureyri heyrir undir fjölskyldusvið. Þjónustan stendur íbúum Akureyrar til boða og einnig hafa nágrannasveitarfélögin Hörgársveit, Eyjafjarðarsveit, Grýtubakkahreppur og Svalbarðstrandahreppur gert samninga við Akureyrarkaupstað um ráðgjafarþjónustu. Sérhæfð þjónusta fyrir fatlaða er einnig veitt íbúum Dalvíkurbyggðar skv. sérstökum þjónustusamningi við velferðarráðuneytið.

Markmið með félagslegri aðstoð er að koma einstaklingum og fjölskyldum til aðstoðar. Beitt er félagslegri ráðgjöf og tiltækum félagslegum úrræðum. Þegar um fatlað fólk og fjölskyldur fatlaðra barna er að ræða er aðstoð oft til lengri tíma og markmið með þeirri þjónustu er að fatlaðir njóti sömu tækifæra og lífsgæða og aðrir.

Félagsþjónustan veitir þjónustu samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, barnaverndarlögum, lögum um málefni fatlaðs fólks, grunnskólalögum og lögum um leikskóla. Tekið er á móti og unnið úr umsóknum um fjárhagsaðstoð, veitt félagsleg ráðgjöf og unnið að því að tryggja börnum viðunandi uppeldisskilyrði. Sérhæfð þjónusta við fatlaða felst í ráðgjöf til fatlaðra og fjölskyldna þeirra m.a. með stuðningsviðtölum og samhæfingu á þjónustu og fræðslu. Jafnframt fer fram greining, meðferð og þjálfun fatlaðra barna. Tekið er á móti umsóknum um stuðningsfjölskyldur fyrir fötluð börn og umönnunarbætur vegna þeirra afgreiddar. Einnig er tekið á móti umsóknum um leiguíbúðir Öryrkjabandalags Íslands á Akureyri. Fjölskyldusvið veitir íbúum bæjarins ýmiss konar búsetuþjónustu. Ennfremur sinnir deildin þjónustu við íbúa nokkurra annarra sveitarfélaga samkvæmt samningum þar að lútandi. Með búsetuþjónustu er átt við þjónustu sem miðar að því að styðja við sjálfstæða búsetu fólks og/eða skapa fólki aðstæður til að lifa sem eðlilegustu lífi á heimili sínu þrátt fyrir skerðingu á færni og breytingu á högum sem kunna að verða samfara hækkingu aldri, fötlun eða veikindum.

Undir fjölskyldusvið heyrir:

- Heimþjónusta Akureyrarkaupstaðar
- Búseta með þjónustu fyrir fatlað fólk
- Áfangaheimili fyrir fólk með geðröskun
- Félagsleg liðveisla
- Skammtíavistun fyrir fatlað fólk
- Skólavistun
- Ráðgjöf iðjuþjálfar
- Þjónustumiðstöð aldraðra
- Mat á þörf fyrir ferliþjónustu fatlaðra

Félagslegt húsnæði getur verið tekjutengt fyrir fatlaða, aldraða, fólk í neyslu og fólk með geðraskanir. Íbúðakjarnar og sambýli fyrir fatlað fólk er á 14 stöðum.

Í upphafi skipulagstímans eru eftirfarandi sambýli, þjónustu- og íbúðakjarnar starfrækt. Ártalið í sviga vísar til þess hvenær viðkomandi eining var tekin í notkun.

- Herbergjasambýli Hafnarstræti 16, fimm herbergi (1995).
- Herbergjasambýli Jörvabyggð 14, fimm herbergi (1995).
- Þjónustukjarninn Þrastarlundi 3. Fimm íbúðir, tvö herbergi með baði og sameiginlegu rými, auðvelt að breyta í tvær íbúðir (1995, breytt 2012).
- Sambýli Snægili 1, sex herbergi með baði, lagnir fyrir litla eldhúseiningu (1996).
- Þjónustukjarni Skútagili 2, fimm íbúðir og sameiginlegt rými (1997).
- Þjónustukjarni Klettatúni 2/Kjarnagötu, sjö íbúðir og sameiginlegt rými (2005).
- Íbúðasambýlið Geislatúni 1, fimm íbúðir og sameiginlegt rými (2006).
- Þjónustukjarni Vallartúni 2, fimm íbúðir og sameiginlegt rými (2006).
- Áfangaheimili fyrir geðfatlað fólk í Hamratúni 2, fimm íbúðir og sameiginlegt rými (2009).
- Þjónustukjarni Kjalarsíðu 1, sjö íbúðir leigðar af FÉSTA (2011).
- Þjónustukjarni Hafnarstræti 28 og 30, samtals átta íbúðir (2012).
- Þjónusta í Hvammshlíð, fjórir einstaklingar í þjónustu, húsnæði ekki á vegum Akureyrarkaupstaðar (2012).
- Borgargil 1, sex íbúðir og sameiginlegt rými (bygging hófst 2013).

Eftirtalin þjónusta er til stuðnings sjálfstæðri búsetu (frekari liðveisla) sambætt við félagslega heimaþjónustu, húsnæði í eigu hagsmunasamtaka fatlaðs fólks eða bæjarfélagsins:

- Þjónustukjarni Eiðsvallagötu, sex íbúðir (2000).
- Akursíða, fimm íbúðir (2006).
- Hjallalundur, fjórar íbúðir (1995, 1998 og 2011).
- Skammtímavistun fyrir 10 – 20 ára í Þórunnarstræti 99 (2014).
- Félags- og þjónustumiðstöð aldraðra í Víðilundi (1991) og Bugðusíðu (2005).
- Starfsaðstaða heimaþjónustu í Höllinni (2008) og Bugðusíðu (2000).

Þörf fyrir félagslegt húsnæði fer vaxandi. Öldruðum fjölgar og fjölmennir árgangar fatlaðra einstaklinga með mismunandi þjónustuþarfir koma inn í þjónustu. Gert er ráð fyrir að á gildistíma aðalskipulagsins verði fleiri íbúðir teknar í notkun til viðbótar. Almennar íbúðir á vegum búsetudeildar skulu dreifast sem mest um hverfi bæjarins og þjónustuíbúðum verður komið fyrir sem næst núverandi þjónustukjörnum þar sem samlegðaráhrif þjónustukjarna er mikil. Gert er ráð fyrir stækkun Skógarlundar eða byggingu nýrrar einingar á svæðinu.

Undir samfélags- og mannréttindadeild heyra æskulýðs- og forvarnamál, tómstundir, íþróttamál, félagsmiðstöðvar, menntasmiðjur, fjölskyldustefna, jafnréttismál og önnur mannréttindamál.

- Félagsstarf fyrir eldri borgara sem nú fer að mestu fram í Víðilundi og Bugðusíðu.
- Félagsstarf fyrir alla aldurshópa sem er á Punktinum í Rósenborg
- Tómstundastarf fyrir grunnskólabörn og ungmenni. Þetta starf fer fram í Rósenborg og í félagsmiðstöðvum í sumum skólum bæjarins. Felst í opnu starfi, námskeiðum, fræðslu, aðstoð í erfiðleikum í miklu samstarfi við skólana, fjölskyldu- og búsetusvið og nokkrar ríkisstofnanir s.s. Vinnumálastofnun.

Fyrir allt þetta gildir að nauðsynlegt er að íbúar á öllum aldri eigi kost á að auðga líf sitt með góðu tómstundastarfi. Aðstaða til þess þarf að vera bæði í hverfum eða nágrenni fólks, bæði í stofnunum og byggingum innanhúss og opnum svæðum (leiksvæði, sparkvellir, opin græn svæði).

Mjög mikilvægt er að allir samgöngumáttar taki einnig mið af því að fólk geti sótt á þá staði þar sem boðið er upp á starf og tómstundir. Hvort sem um er að ræða börn, unglínga eða t.d. eldra fólk. Almenningsamgöngur þurfa að vera greiðar að húsnæði fatlaðra og aðgengi þeirra að strætisvögnum skal vera fullnægjandi.

3.8.3 Heilbrigðisþjónusta

Akureyri er mikilvæg þjónustumiðstöð á sviði heilbrigðismála fyrir Norður- og Austurland og raunar landið allt. Þar er starfrækt eina aðalvarasjúkrahús landsins, Sjúkrahúsið á Akureyri (SAK) og rekin öflug heilsugæslustöð sem þjónustar átta sveitarfélög í Eyjafirði og Fnjóskadal. Auk þess er þar miðstöð sjúkraflugs fyrir land allt.

Sjúkrahúsið á Akureyri veitir almenna og sérhæfða heilbrigðisþjónustu þar sem áhersla er lögð á bráðþjónustu og helstu sérgreinameðferðir. Þar eru skurðlækningadeild, lyflækningadeild, háls-, nef- og eyrnadeild, kvennadeild, fæðingardeild, bæklunardeild, bráðamóttaka og gjörgæsludeild, þar starfar næringarráðgjafi og þar er í boði trúarleg þjónusta.

Sjúkrahúsið er kennslusjúkrahús og þekkingarstofnun með væntingar um að verða háskólasjúkrahús, það er annað tveggja sérgreinasjúkrahúsa landsins og gegnir lykilhlutverki í almannavörnum. Þar er miðstöð sjúkraflugs í landinu.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra hefur eftirlit með matvælafyrirtækjum, þjónustufyrirtækjum og fyrirtækjum sem valdið gætu mengun og heldur skrá yfir eftirlitsskylda starfsemi á starfssvæðinu. Auk þess sér Heilbrigðiseftirlitið um útgáfu starfsleyfa fyrir leyfisskylda starfsemi og hefur með höndum þjónustu við íbúa svæðisins, fyrirtæki og sveitarfélög hvað varðar fræðslu og upplýsingar, svör við fyrirspurnum og fleira. Starfssvæði Heilbrigðiseftirlitsins nær yfir 12 sveitarfélög. Þau eru: Dalvíkurbyggð, Hörgársveit, Akureyri, Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsstrandarhreppur, Grýtubakkahreppur, Þingeyjarsveit, Skútustaðahreppur, Norðurþing, Tjörneshreppur, Langanesbyggð og Svalbarðshreppur.

Heilbrigðisstofnun Norðurlands er með starfsstöð á Akureyri og í Grímsey. Heilsugæsluþjónusta nær yfir almennar lækningar, hjúkrun, heilsuvernd og forvarnir, bráða- og slysamóttöku og aðra heilbrigðisþjónustu sem veitt er á vegum heilsugæslustöðva. Þar er meðal annars skipuleg móttaka læknis og hjúkrunarfræðings, slysaþjónusta vegna smáslysa, símaráðgjöf, vaktþjónusta hjúkrunarfræðinga og lækna, mæðravernd, ungbarnavernd, skólaheilsuvernd, heilsuvernd aldraðra, blóðsýnataka og reglubundnar ónæmisaðgerðir.

Akureyrarkaupstaður rekur auk þess hjúkrunar- og dvalarheimilið Hlíð og hjúkrunarheimilið Lögmanshlíð með samningum við ríkið. Öldrunarþjónusta og dagvist fyrir aldraða tengist hjúkrunarheimilum.

3.8.4. Menning

Menningarstefna fyrir Akureyri leggur megináherslu á að áfram verði unnið metnaðarfullt og kraftmikið starf í skapandi greinum en undir þær flokkast sviðslistir, tónlist, myndlist, ritlist, ljósmyndun, hönnun, nytjalist, kvikmyndagerð, listdans og fleira. Lögð er áhersla á áframhaldandi samvinnu við skipuleggjendur viðburða, fyrirtæki, stofnanir og einstaklinga. Grasrótinni og þátttöku barna og unglínga í sviðslistum, tónlist og fleiri listgreinum verði gefinn sérstakur gaumur og lögð er

áhersla á menningarstarf með börnum. Formlegt samstarf er við ríkið og í gildi er samningur milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Akureyrarkaupstaðar.

Hafin er vinna við gerð safnastefnu fyrir sveitarfélagið. Stefnt verði meðal annars að því að auka gæði og fjölbreytni menningarviðburða fyrir ferðamenn.

Aðstaða menningar og lista er víðsvegar um bæinn en einkum í Miðbænum og Innbænum.

Menningarhúsið Hof er aðalvettvangur sviðslista og tónlistar. Þar er aðsetur Akureyrarstofu sem er menningar-, markaðs- og ferðamálastofa Akureyrarkaupstaðar. Þar er tónleikasalur og ein helsta fundaraðstaða bæjarins. Þar er einnig tónlistaskóli og upplýsingamiðstöð ferðamála.

Þar sem áður voru verksmiðjur Kaupfélags Eyfirðinga og fleiri, svo sem Mjólkursamlagið og Sápuverksmiðjan Sjöfn, eru nú vinnustofur, gallerí og heimili fólks sem tengist myndlist. Gilið, eða Kaupfélagsgilið, nefnist nú Listagilið. Þar er meðal annars Listasafnið á Akureyri, sem er miðstöð sjónlista í bænum, Myndlistaskólinn á Akureyri og Deiglan, sýningarsalur sem Akureyrarkaupstaður á. Þarna er einnig fornbókaverslun og myndlistafólk býr í þremur íbúðum.

Samkomuhúsið er eitt helsta kennileiti Akureyrar. Þar eru leiksýningar og ýmsir minni viðburðir. Þarna hafa verið leiksýningar samfleytt í heila öld og í húsinu hefur átt sér stað merkur kafli í leiklistarsögu Íslendinga. Á flötinni sunnan og neðan við Samkomuhúsið eru ýmsar upptökur, hljómleikar og fleira.



Mynd 27. Samkomuhúsið, byggt 1906. Ljósmynd B.J.

Sigurhæðir, hús litlu norðar og uppi í brekkunni, var heimili séra Matthíasar Jochumssonar. Þar eru sýningar tileinkaðar ljóðlist og þjóðskáldinu.

Amtsbókasafnið var formlega stofnað árið 1827 og var það þá staðsett á heimili bókavardarins í Laxdalshúsinu, Hafnarstræti 11, sem er elsta hús bæjarins. Eftir viðkomu í nokkrum húsum er það nú að Brekkugötu 17.

Hlutafélagið Nýja bíó hóf kvikmyndasýningar árið 1926 í Skjaldborg að Hafnarstræti 67. Nokkru síðar var Nýja bíó byggt við Strandgötu austan Ráðhústorgs.

Minjasafnið er í Kirkjuhvoli, Aðalstræti 58, glæsilegu húsi í Innbænum. Þar eru auk þess Minjasafnskirkjan sem var flutt þangað frá Svalbarðseyri en þar stóð áður fyrr eldri kirkja. Í Nonnahúsinu, áður oft nefnt Svarta húsið, voru bernskustöðvar Jóns Sveinssonar eða Nonna sem skrifaði barnabækur sem þekktar urðu víða um heim. Neðan hússins er Zontahúsið, Aðalstræti 54, og þar er lítill samkomusalur. Minjasafnstjórnin er mögulegur vettvangur fyrir afþreyingu.

Prentsmiðja Björns Jónssonar var sú fyrsta á Akureyri, stofnuð 1853. Hún var þá staðsett að Aðalstræti 50.

Safnasvæðið á Krókeyri er framtíðar safnasvæði bæjarins. Þar eru nú lðnaðarsafn og Mótorhjólasafn og þar eru gamlar menningarminjar svo sem gamla Gróðrarstöðin. Rætt hefur verið að setja skilmála í deiliskipulag varðandi húsagerð á safnasvæðinu og fleira og huga að frekari safnastarfsemi á svæðinu.

Davíðshús við Bjarkarstíg uppi á Brekkunni var heimili þjóðskáldsins Davíðs Stefánssonar frá Fagraskógi. Það er eins og þegar Davíð yfirgaf það og þar er safn um skáldið.

Lystigarðurinn var opnaður formlega árið 2012 og er ein af perlum bæjarins.

Í Hrísey er hús Hákarla-Jörundar. Þar er nú byggðasafn.

Í Hrísey er einnig húsið Sæborg, sem nú er í eigu Leikfélags Hríseyjar, og þar er nú leikhústarfsemi. Húsið þarfnast mikilla endurbóta.

Ölduhús í Hrísey var heimili Öldu Halldórsdóttur sem var mikil góðgerðarkona Hríseyinga. Hún lagði peninga inn á reikning hjá öllum nýfæddum Hríseyingum. Þetta er heimili handavinnu- og alþýðukonu og er eins og hún yfirgaf það.

Í Grímsey er félagsheimilið Múli sem er jafnframt grunnskóli.

3.8.5. Íþróttir og útivist

Á Akureyri eru stundaðar fjölbreyttar íþróttir. Frjáls félagasamtök bera starfið uppi og hafa þau sýnt í verki að þeim er treystandi til að halda uppi öfluggu og fjölbreyttu íþróttastarfi. Hlutverk íþróttastefnu Akureyrarkaupstaðar er að styðja við og efla þetta góða starf í bæjarfélaginu, jafnt almenningsíþróttir sem keppnis- og afreksíþróttir. Tilgangurinn er að fjölga tækifærum íbúa og gesta til reglulegrar hreyfingar sem mikilvægrar forvarnar og vinna þar með að auknu heilbrigði í samfélaginu og efla félagsauð þess. Með íþróttastefnu sinni vill Akureyrarkaupstaður styrkja og þróa aðstöðu til íþróttaiðkunar og stuðla að aukinni fjölbreytni og gæðum.

Stóru íþróttafélögin tvö, Þór og KA, hafa byggt upp eigin aðstöðu. Þór er með íþróttahús, stúku og velli við Melgerðisás en KA er með félagsheimili, íþróttahús og velli við Dalsbraut.

Mörg minni félög eru með aðstöðu víða um bæinn. Ungmennafélag Akureyrar er með æfingasvæði á Þórssvæðinu en það félag þarf rýmri æfingaaðstöðu fyrir sumar af sínum greinum eins og kastgreinar. Uppbygging á Þórssvæðinu miðast að því að efla enn frekar þá rekstrareiningu sem þar er og samnýta aðstöðu sem þar verður í boði.

Akureyrarvöllur er grasvöllur í miðbæ Akureyrar. Nýting á honum er mjög lítil á hverju sumri og engin yfir vetrartímamann. Þar er aðstaða fyrir 715 manns í stúku. Stefnt er að því að bæta aðstöðu til knattspyrnu á KA svæði og fella niður Akureyrarvöll í þeirri mynd sem hann er nú. Svæðið er verðmætt vegna staðsetningar sinnar en þar mætti gera útivistarsvæði með aðstöðu fyrir hátíðahöld og samkomur, íbúða- og þjónustubyggingar.

Milli Hlíðarfjallsvegur og Glerár er svæði tileinkað akstursíþróttum og skotfimi.

Bílaklúbbur Akureyrar er með hluta svæðisins og er þar félagsheimili, ökugerði og keppnissvæði. Keppnissvæðið hýsir götuspyrnur, sandspyrnur, torfærukeppni, auto-x, og -kart og fleira. KKA akstursíþróttafélag er með félagsheimili og æfingasvæði fyrir mótorhjóla og vélsleða í þremur brautum. Skotfélag Akureyrar eru með aðstöðu efst á svæðinu meðfram Glerá. Þar er félagsheimili,

leirdúfuvöllur og riffilbraut. Skotfélagið með skotbraut sem fylgir nokkur hávaðamengun. Öryggissvæði vegna skotæfinga er í kringum svæðið.

Golfklúbbur Akureyrar er með aðstöðu á Jaðarsvelli sem er 18 holu golfvöllur ásamt æfingasvæði. Þar er félagsheimili en Skotfélagið og Golfklúbburinn eru með aðstöðu í kjallara Íþróttahallarinnar við Skólastíg. Golfklúbburinn er með golfherma, púttvöll og bása þar sem slegið er í net og góða félagsaðstöðu.

Keppnissvæði hestamanna í Létti er við hesthúsahverfið Hlíðarholt ofan Akureyrar. Annað hesthúsahverfi, Breiðholt, er sunnan Glerár og er þörf á að bæta tengingu reiðmanna milli hverfanna til að nýting reiðhallar og þeirrar aðstöðu, sem byggð hefur verið upp, nýtist sem flestum. Aðbúnað í Breiðholti þarf að bæta en það er gamalt hverfi og uppfyllir ekki þær kröfur sem nú eru gerðar.

Á Akureyri eru tvær sundlaugar, Sundlaug Akureyrar og Glerárlaug, og sundlaugar eru í Hrísey og Grímsey. Æfingar og keppnir sundfélaga fara illa saman með heilsubótasundi hjá almennum borgurum. Því væri að mati margra æskilegt að byggja æfinga- og keppnissundlaug á Akureyri.

Hjólreiðafélagið er ungt félag sem á sér ekki svæði fyrir æfingar og keppni en nýtir göngu- og hjólastíga sem þurfa að vera meira sýnilegir.

Fimleikafélag Akureyrar æfir í nýlegu fimleikahúsi við Giljaskóla. Akur og Eik eru íþróttafélög þroskaheftra og fatlaðra. Draupnir er júdófélag með aðstöðu í Sunnuhlíð. Karatefélagið leigir húsnæði í KA höllinni. Skautafélag Akureyrar er með aðstöðu í Skautahöllinni og aðstaða fyrir snjóbretti er sunnan við höllina. Svifflugfélag Akureyrar er með aðstöðu á flugvelli. Margir skólar hafa eigið íþróttahús og handknattleikur er æfður í Íþróttahúsi Síðuskóla. Kraftlyftingafélag Akureyrar er með aðstöðu í Sunnuhlíð.

Skíðafélag Akureyrar er öflug aðildarfélag ÍBA með það að markmiði að efla skíðaíþróttina og stendur fyrir æfingum á skíðasvæðinu í Hlíðarfjalli fyrir alla aldurshópa. Heildarskipulag er til fyrir Hlíðarfjall, m.a. er uppi hugmynd um nýtt skíðahótel, fleiri lyftur og fleiri bílastæði.

3.8.6. Kirkjur, kirkjugarðar, trú- og lífsskoðunarfélög

Kirkjur og söfnuðir.

Á Akureyri starfa fjölmörg trúfélög og söfnuðir og búast má við að fjöldi þeirra fari vaxandi með auknum fjölda innflytjenda frá ólíkum menningar- og trúarsamfélögum.

Lögmannshlíðarkirkja er elsta kirkja bæjarins. Hún var vígð árið 1860. Þá tilheyrði hún Glæsibæjarhreppi en nú Akureyri.

Fyrsta kirkjan á sjálfri Akureyri var vígð árið 1863. Hún stóð í fjörunni þar sem nú er Minjasafnskirkjan. Hún var ekki vel byggð og var rifin árið 1942 en þá hafði Akureyrarkirkja verið vígð.

Akureyrarkirkja var vígð árið 1940 og er hún aðalkirkja Akureyrarsóknar. Þar eru guðspjónustur, helgihald og ýmsar athafnir tengdar því. Mörg undanfarin ár hefur verið sérstök þjónusta við ferðamenn, ferðamannakirkjan, og sérstakur prestur starfar yfir sumartímann til að taka á móti ferðamönnum, svara fyrirspurnum og veita fræðslu um kirkjuna.



Mynd 28. Akureyrarkirkja, teiknuð af Guðjóni Samúelssyni húsameistara ríkisins. Kirkjutröppurnar eru einnig eignaðar honum. Ljósmynd B.J.

Safnaðarheimili kirkjunnar er mjög smekklega byggt inn í efsta stallinn sunnan við kirkjutröppurnar og þar eru salur og aðstaða fyrir móttökur.

Æskilegt væri að skapa meiri tengsl milli Listagilsins og kirkjunnar þar sem jafnframt því að vera trúarstofnun hefur kirkjan menningarlegt og listrænt gildi og hana heimsækja margir ferðamenn.

Gleráarkirkja er safnaðarkirkja Lögmannshlíðarsöfnuðar og tilheyrir Glerárprestakalli ásamt Lögmannshlíðarkirkju. Þar er einnig safnaðarheimili og aðstaða fyrir móttökur.

Péturskirkja, Hrafnagilsstræti 2, er kirkja kaþólska safnaðarins, St. Péturssóknar. Safnaðarheimili kirkjunnar er í næsta húsi, Eyrarlandsvegi 26.

Kapella Karmelsystra af hinu guðlega hjarta Jesú er að Álfabyggð 4.

Sjöunda dags aðventistar hafa aðsetur í Gamla Lundi, Eiðsvallagötu 14.

Hvítasunnusöfnuðurinn hefur kirkju að Skarðshlíð 4.

Hjálpræðisherinn er trúfélag með aðstöðu að Hvannavöllum 10.

Sjónarhæðarsöfnuðurinn hefur aðsetur að Sjónarhæð, Hafnarstræti 63.

KFUM tilheyrir þjóðkirkjunni og er með félagsheimili að Sunnuhlíð.

Zíon kristniboðsfélagið hafði aðsetur að Hólabraut 13, Zíon-húsinu en er ekki lengur starfandi á Akureyri.

Gyðingar höfðu áður söfnuð á Akureyri en sá söfnuður er ekki lengur starfandi.

Vottar Jehóva eru með kirkju og safnaðarheimili að Sjafnarstíg 3 en hafa hug á að minnka við sig og byggja nýtt hús annars staðar í nágrenninu.

Múslimar hafa fengið aðstöðu í safnaðarheimili Akureyrarkirkju.

Siðmennt er lífsskoðunarfélag sem heldur meðal annars fermingar. Starfssvæði félagsins er Norður- og Austurland. Félagið hefur aðstöðu í Hofi.

Eftir bestu upplýsingum hafa önnur trúfélög eins og Búddistar, Bahai og Ásatrúarfolk ekki verið með aðstöðu á Akureyri en með vaxandi hópi innflytjenda frá frá ólíkum menningar- og trúarsamfélögum má búast við að þörf fyrir slíkt muni aukast.

Grafreitir

Kirkjugarður Akureyrar er að Naustahöfða ofan Innbæjar. Þar fara allflestar graftranir fram og þar er líkhús bæjarins. Þar er rými fyrir ólík trúfélög. Einnig fara fram graftranir í Lögmannshlíðarkirkjugarði.

Ljóst er að svæði kirkjugarðsins á Höfðanum mun ekki endast út skipulagstímabilið og í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir nýjum kirkjugarði að Naustaborgum. Þar verður einnig rými fyrir hin ýmsu trúfélög og hugmyndin er að tengja kirkjugarðinn við aðliggjandi útivistarsvæði.

HEIMILDIR

Ritaðar heimildir,

Akureyrarbær: Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018.

Akureyrarbær, Menntaskólinn á Akureyri og aðliggjandi íbúðarsvæði. Húsakönnun 2016.

Árni Ólafsson arkitekt faí: Drottningarbrautarreitir - Hafnarstræti, Akureyri. Húsakönnun 2012.

Albert Skarphéðinsson: Umferðarspá, drög til umsagnar. Mannvit, verkfræðistofa 2017.

Byggðasafn Skagafjarðar: Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Lögmannshlíð í Kræklingahlíð. 2015.

Byggðasafn Skagafjarðar: Fornleifaskráning vegna deiliskipulags - Melgerðisás og umhverfi, Akureyri. 2016.

Efla verkfræðistofa 2017: Hólasandslína 3, 220 kV háspennulína frá Akureyri að Hólasandi. Efla 2017.

Fornleifastofnun Íslands: Fornleifar í Eyjafirði. Fornleifar í Hrísey. 1999.

Fornleifastofnun Íslands: Fornleifar í Grímsey. Aðalskráning 2007.

Fornleifastofnun Íslands: Fornleifarannsókn á Naustum, Akureyri 2015. Könnunarskurðir.

Grímseyjarhreppur: Aðalskipulag Grímseyjar 1996-2016.

Hagfræðideild Landsbankans: Íslendingar farnir að þjappa sér meira saman – fjöldi íbúa pr. íbúð eykst. Hagsjá – Fasteignamarkaður, 8. júlí 2016.

Hagstofan: Landshagir.

Halldór G. Pétursson og Jón Skúlason: Hrun og skriðuhætta úr Akureyrarbrekkum og Húsavíkurbökkum. Unnið fyrir Ofanflóðasjóð 2005.

Helgi Daníelsson ritstjóri: Grímsey og Grímseyingar. Akrafjallsútgáfan 2003.

Hríseyjarhreppur: Aðalskipulag Hríseyjar 1988-2008.

Hættumatsnefnd Akureyrarbæjar: Mat á hættu vegna ofanflóða á Akureyri. 2010.

Jón Hjaltason: Saga Akureyrar I-V. Akureyrarbær 1990-2009.

Katrín Gunnarsdóttir: Fornleifaskýrsla vegna Torfunefsbyggju Akureyri. Akureyrarbær 2016.

Klemens Jónsson: Saga Akureyrar. Akureyrarkaupstaður 1958.

Landsnet: Kerfisáætlun 2015-2024. Landsnet 2015.

Rannveig Thoroddsen, Guðmundur Guðjónsson og Borgþór Magnússon: Gróðurkortlagning Hríseyjar 2007. Unnið fyrir Akureyrarbæ 2007.

Steindór Steindórsson: Akureyri. Höfuðborg hins bjarta norðurs. Bókaútgáfan Örn og Örlygur 1993.

Sverrir Pálsson: Saga Akureyrarkirkju. Sóknarnefnd Akureyrarsóknar 1990.

Sverrir Thorstensen, Ævar Petersen, Þórey Ketilsdóttir og Snævarr Örn Georgsson: Fuglalíf í óshólmum Eyjafjarðarár. Könnun 2010 með samanburði við fyrri ár. Unnið fyrir umhverfisnefnd Akureyrarbæjar 2010.

Svæðisskipulagsnefnd Eyjafjarðar: Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024.

Þjóðskrá.

Auk þess vefsíður ýmissa stofnana.

Rannsóknir, kynningar á ráðstefnu European Regional Science Association 2016:

Ioulia Ossokina & Cohen Tellings: The Urban Economics of Retail.

Hans Koster, Ilias Pasidis & Jos van Ommeren: On shopping externalities, Should we subsidize shops in city centers?

Jos van Ommeren: The external cruising cost of parking.

Aleid Brower, Jacko De With, Eva Kibbele & George De Kam: Ageing in place. Municipal characteristics and the need for informal care.

Katia Delbiaggio & Gabrielle Wanzenried: Living space: Objective consumption vs. subjective needs.- Empirical evidence from Switzerland.

Hans Kramer & Florian Strohmayer: Are smart cities more resilient to economic crises? An empirical Evidence.

Natalie Crutzen, Rama Krishna Reddy Kummitha: How do we understand smart city? An Evolutionary Perspective.

Assaf Shwartz: On the ecological and social benefits of conserving urban biodiversity.

Marion Le Texier, Geoffrey Caruso: On the ability to validate green mismatch.

Munnlegar heimildir 2016:

Eyjólfur Guðmundsson, rektor Háskólans á Akureyri.

Ólafur Jónsson, Tryggvi Þórðarson og Þorsteinn Jóhannsson, Umhverfisstofnun.

Sigrún Karlsdóttir, Veðurstofu Íslands.

Svavar Alfrið Jónsson, sóknarprestur Akureyrarkirkju.

Trausti Baldursson, Náttúrufræðistofnun Íslands.

Trausti Jónsson, Veðurstofu Íslands.

Innan bæjarkerfisins meðal annarra:

Ellert Örn Erlingsson, íþróttafulltrúi Akureyrar.

Guðrún Sigurðardóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs Akureyrar.

Soffía Lárusdóttir, framkvæmdastjóri búsetudeildar Akureyrar.

Soffía Vagnsdóttir, fræðslustjóri Akureyrar.

Þórgnýr Dýrfjörð, forstöðumaður Akureyrarstofu.

Starfsfólk skipulagssviðs og umhverfis- og mannvirkjasviðs.

Allur texti og ljósmyndir: Bjarki Jóhannesson. Yfirlestur og ábendingar: Anna Bragadóttir og Leifur Þorsteinsson skipulagssviði, Tryggvi Már Ingvarsson, Helgi Snæbjarnarson, Ólína Freysteinsdóttir, Sigurjón Jóhannesson, Edward Huijbens og Jón Þorvaldur Heiðarsson skipulags- og byggingarráði.

Kortavinnsla Landslag ehf.